

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

8. HEFTI

RITSTJÓRAR

KRISTJÁN EIRÍKSSON

RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR

ÞÓRÐUR HELGASON

REYKJAVÍK

2010

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

Kristján Eiríksson

Drafnarstíg 2 – 101 Reykjavík

Sími: 551 0545. Netfang: kriseir@hi.is

Rósa Þorsteinsdóttir

Bárugötu 37 – 101 Reykjavík

Sími: 562 7067. Netfang: rosat@hi.is

Þórður Helgason

Hamraborg 26 – 200 Kópavogi

Sími: 891 6133. Netfang: thhelga@hi.is

RITNEFND

Kristján Árnason og Ragnar Ingi Aðalsteinsson

YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

*Kristján Árnason, Kristján Eiríksson,
Rósa Þorsteinsdóttir og Þórður Helgason*

PRENTLÖGN

Pétur Ýngvi Gunnlaugsson

PRENTUN OG BÓKBAND

Litlaprent

© *Höfundar*

MYND Á KÁPU

Þórður Helgason

ISSN 1670–3723

Efni

Sónarljóð	4
Til lesenda	5
Höfundar efnis	6
Þorgeir Sigurðsson: <i>Þróun dróttkvæða og vísuorðhlutar að hætti Hans Kuhn</i>	9
Ingunn Snædal: <i>Fimm ljóð</i>	22
Heimir Pálsson: <i>Fyrstu leirskáldin</i>	25
Eyþór Árnason: <i>Fjögur ljóð</i>	38
Haukur Þorgeirsson: <i>Hlíðarenda-Edda</i>	41
Konstantinos Kavafis: <i>Tvö ljóð</i>	44
Úlfar Bragason: <i>Mirsa-vitran; Rímur kveðnar af Hólmsfríði Indriðadóttur á Hafralæk</i>	47
Hólmsfríður Indriðadóttir: <i>Rímur af Mirsa-vitran</i>	53
Þórður Helgason: <i>Thekla leggur land undir fót</i>	71
Stefán Snævarr: <i>Sjö ljóð</i>	90
Jón B. Guðlaugsson og Kristján Eiríksson: „ <i>Smíður bæði á orð og verk</i> “	95
Stephan G. Stephansson: „ <i>Eloi lamma sabakhthani!</i> “	113
Gunnar Skarphéðinsson: <i>Um ljóðið „Eloi lamma sabakhtani!“ eftir Stefán G.</i>	117
Bjarni Gunnarsson: <i>Níu ljóð</i>	132
Kristján Árnason: <i>Um formgildi og tákngildi íslenskra ljóðstafa</i>	137
Iskra Peneva: <i>Tvö ljóð</i>	170
Benedikt Hjartarson: <i>Af þralátum dauða og upprisum framúrstefnunnar</i>	173

Sónarljóð

Október 2010

eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur

I

Hryssingur í loftinu
laufin hrynja af trjánum
sólin horfin og máninn
falinn bakvið ský

II

Kirkjurnar falla
hver af annarri
Haustvindar gnauða
í galtómum blokkum

III

Þeir hafa aflýst dansleiknum
Slagorðin fjúka um torgið

Til lesenda

Áttunda hefti Sónar kemur nú út þegar sólargangur er hvað stystur á Íslandi og gleður vonandi lesendur sína með hækkanði sól enda aldrei verið eins efnismikið og fjölþætt. Sónarskáld þessa heftis er ljóð-skáldið og þýðandinn Ingibjörg Haraldsdóttir.

Segja má að þetta hefti fjalli einkum um skáldskap fornaldar og ljóðagerð á níttjándu öld og í upphafi þeirrar tuttugustu. Fyrstu þrjár greinarnar snúast allar um fornan skáldskap, dróttkvæði og Eddu Snorra. Næstu fjórar greinar eru hins vegar um skáld seinni tíma. Úlfar Bragason ritar inngang að Rímum um Mírsvitran eftir Hólmsfríði Indriðadóttur á Hafslæk sem uppi var á 19. öld og Þórður Helgason rekur nokkuð áhrif Shillers á íslenskan ljóðskap. Þá eru greinar um austfirski hagyrðinginn Gísli Wium og ljóð Stephans G. Stephanssonar „Eloi lamma sabakhthani!“. Kristján Árnason tengir svo tímuna tvönnu í grein sinni „Um formgildi og tákngildi íslenskra ljóðstafa“ þar sem hann íhugar reyndar gildi stuðla í skáldskap allt fram til dægurlagasmiða nútímans. Þá fjallar Benedikt Hjartarson um nýstefnur í ljóðlist í lokagrein Sónar sem nefnist „Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefnunnar“. Hann rekur þar sögu „framúrstefnunnar“ í Evrópu síðustu hundrað árin og endar á að rýna nokkuð í hvernig „stefnan“ birtist um þessar mundir hjá þeim skáldum íslenskum sem kenna sig við Nýhil.

Fimm skáld eiga nú frumsamin ljóð í ritinu og hafa þau öll áður gefið út ljóð sín á bók nema níttjándu aldar skáldið Hólmsfríður Indriðadóttir en eftir hana birtast nú í fyrsta skipti Rímur af Mírsvitran. Auk þess eru í heftinu ljóð tveggja erlendra skálda, serbnesku skáldkonunnar Iskra Penevu, í þýðingum Kristians Guttesen, og gríska skáldsins Konstantinos P. Kavafis í þýðingu Atla Harðarsonar. Af þessu má sjá að efni þessa heftis er allfjölbreytt og er það von okkar, sem að ritinu stöndum, að lesendur allir finni þar sitthvað hnýsilegt.

Fyrir hönd Sónarsinna,

Kristján Eiríksson

Höfundar efnis

Sónarljóð

Ingibjörg Haraldsdóttir (f. 1942) er skáld og þýðandi.

Höfundar greina

Þorgeir Sigurðsson (f. 1957) er verkfræðingur og með MA próf í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands. Hann er fagstjóri hjá Geislavörnum ríkisins.

Heimir Pálsson (f. 1944) lauk kandidateprófi frá Háskóla Íslands 1969 og dósentprófi frá Uppsalaháskóla 2009. Hann hefur lengst af starfað að menntamálum og bókaútgáfu og stundar nú sem eftirlaunamaður rannsóknir á Snorra-Eddu.

Haukur Þorgeirsson (f. 1980) er doktorsnemi í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.

Úlfar Bragason (f. 1949) er Ph.D. í Norðurlandafræðum frá Kaliforníuháskóla í Berkeley. Hann er rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand.mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Jón B. Guðlaugsson (f. 1959) er menntaður í frönsku og frönskum bókmenntum, fjölmiðlun og fleiru. Hann er verkefnisstjóri hjá Markaðstofu Austurlands.

Kristján Eiríksson (f. 1945) er cand.mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Gunnar Skarphéðinsson (f. 1947) er cand.mag í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann kennir íslensku við Verzlunarskóla Íslands.

Benedikt Hjartarson (f. 1972) er aðjunkt í almennri bókmenntafræði og menningarfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur um nokkurra ára skeið unnið að rannsóknum á íslenskri og evrópskri framúrstefnu í bókmenntum og listum.

Höfundar og þýðendur ljóða

Ingunn Snædal (f. 1971) er með B.ed. próf frá Kennaraháskóla Íslands og lagði stund á írskunám við háskólann í Galway á Írlandi 1996–1997. Eftir Ingunni hafa komið út fjórar ljóðabækur. Hún kennir við Grunnskólann í Brúarási á Jökuldal.

Eyþór Arnason (f. 1954) útskrifaðist úr Leiklistarskólanum 1983. Hann hefur undanfarin ár einkum unnið að sviðstjórn í sjónvarpi. Ljóðabók hans, *Hundgá úr annarri sveit*, kom út 2009.

Atli Harðarson (f. 1960) er með MA próf í heimspeki og starfar sem aðstoðarskólameistari við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Konstantinos P. Kavafis (1863–1933) bjó lengst af í Alexandríu í Egyptalandi, en þar var allfjöldmennur grískumælandi minnihluti á 19. öld. Hann er jafnan talinn með helstu brautryðjendum nútímalegrar ljóðlistar meðal Grikkja. Safn ljóða hans, sem gefið var út árið 1935, hefur haft talsverð áhrif á ljóðagerð seinni tíma bæði í Grikklandi og utan þess.

Hólmifríður Indriðadóttir (1802–1885) húsfreyja á Hafralæk í Aðaldal. Hún var vel hagamelt og auk rímnanna sem hér eru birtar orti hún meðal annars *Rímur um Parmes loðinbjörn* og *Blómsturvallarímur*.

Stephan G. Stephansson (1853–1927) skáld.

Stefán Snævarr (f. 1953) er prófessor í heimspeki við Háskólann í Lillehammer í Noregi.

Bjarni Gunnarsson (f. 1968) er menntaður íslenskukennari. Hann starfar nú við þýðingar og bókaútgáfu. Hann hefur sent frá sér þrjár ljóðabækur: *Lúþímublámi* 2002, *Blóm handa þabba* 2007 og *Moldarauki* 2010. Bjarni er búsettur á Akranesi.

Kristian Guttesen (f. 1974) er skáld og rithöfundur. Eftir hann liggja nokkrar ljóðabækur og ein þýðing, en fyrir hana var hann tilnefndur til Íslensku þýðingarverðlaunanna árið 2007. Hann stundar nám í heimspeki við Háskóla Íslands.

Iskra Peneva (f. 1980) stundar nám í stærðfræði við Háskólann í Belgrað. Hún hefur sent frá sér þrjár bækur: *Níu hliða kassinn* (2002), *Eldurinn og fiðrildið* (2004) og *Vegirnir að handan* (2006, safnbók). Ljóð hennar hafa verið þýdd á ensku, makedónsku, búlgörsku, albönsku og sænsku.

Porgeir Sigurðsson

Þróun dróttkvæða og vísu- orðhlutar að hætti Hans Kuhn

Inngangur

Í lýsingu sinni á dróttkvæðum hætti í Snorra-Eddu, skipti Snorri Sturluson sérhverri dróttkvæðri vísu í tvo helminga, fjóra fjórðunga og átta vísuorð. Hans Kuhn (1983:89) gekk lengra og skipti hverju vísuorði í tvo hluta og þar með hverri vísu í 16 vísuorðhluta með kenningu sinni um braghvöld, *Zäsurgesetz*.

Helsta röksemd Kuhns fyrir þessari kenningu var sú að stökum vísuorðum mætti jafnan skipta í tvennt þannig að í báðum hlutum kæmu fyrir skothending og stuðull. Hann fullyrkti að ekki væru til örugg dæmi frá því fyrir 1200 um vísuorð sem vikju frá þessari reglu. Þessari fullyrðingu hefur ekki verið andmælt en efasemdir hafa engu að síður verið settar fram um að gagnlegt sé að skipta sérhverju vísuorði, samanber umfjöllun Kristjáns Árnasonar (1991:144) og Kari Ellen Gade (1995:52–55).

Hér verður staðfest sú athugun Hans Kuhn að tiltekin gerð vísuorða komi ekki fyrir í dróttkvæðum. Þetta þýðir að mögulegt er að skipta stökum vísuorðum í tvo hluta á þann hátt sem Kuhn hugsaði sér, en þó er það engin nauðsyn. Til að lýsa þróun dróttkvæða verður engu að síður rökstutt að það geti verið til einföldunar að gera ráð fyrir skilum í stökum vísuorðum sem líkjast skilum á milli stakra og jafnra vísuorða.

Eftirfarandi er sett fram til að skýra röksemdafærslu Hans Kuhn:

Vegna þess að hefðbundin dróttkvæð vísuorð enda jafnan á hendingu í hnígandi tvílið, koma aðeins til greina eftirtaldir þrjár raðir af stuðlum og skothendingum.

- (1) Stuðull, Skothending, Stuðull, Skothending t.d.
Brunnu beggja kinna Korm., lv. 2
- (2) Skothending, Stuðull, Stuðull, Skothending t.d.
Kinna beggja brunnu Tilbúið dæmi
- (3) Stuðull, Stuðull, Skothending, Skothending t.d.
Beggja brunnu kinna Tilbúið dæmi

Vísuorðum með röð (1) og (2) má skipta í tvo hluta með stuðli og skothendingu í báðum en þannig er ekki hægt að skipta vísuorðum með röð (3).

Kuhn taldi að röðin í (3) kæmi aldrei fyrir en þó að það sé rétt, þýðir það ekki að öll stök vísuorð skiptist í tvennt með skothendingu og stuðli í hvorum hluta. Það sést á því að eins má halda því fram að skil komi jafnan á eftir skothendingu og á undan stuðli en þá lenda báðir stuðlarnir sömu megin í röð (2). Vísuorðum með stuðlum og skothendingum eins og í röð (3) er ekki heldur hægt að skipta samkvæmt þessari nýju tilgátu. Hún á það sameiginlegt með skiptingu Kuhns að skilin koma á breytilegum stöðum í vísuorðum en ekki eftir tiltekinn fjölda atkvæða og þau eru að því leyti ólík skilum á milli vísuorða.

Til að komast hjá því að tala um skil í vísuorðum er hér sett fram regla um að í dróttkvæðum hafi alltaf komið stuðull á milli skothendinga. Til hægðarauka er þessi regla kölluð **millireglan**. Hún leyfir röð stuðla og skothendinga eins og í (1) þar sem einn stuðull er á milli skothendinga og í (2) þar sem þeir eru tveir, en ekki eins og í (3) þar sem stuðul vantar. Millireglan nær til vísuorða með einum stuðli en slík vísuorð koma fyrir í tugdrápum.

Millireglan kann að virðast ólík öðrum bragreglum og efast má um að skáldin og áheyrndur þeirra hafi getað heyrt að vísa, sem ekki fylgdi reglunni, væri rangt kveðin. Það verður þó sennilegra ef því er veitt eftirtekt að seinni skothendingunni fylgir jafnan ljóðstafur (þ.e. höfuðstafur í upphafi næsta vísuorðs) og þess vegna mætti orða regluna þannig að báðum skothendingum hafi jafnan fylgt ljóðstafur.

Venja er að gera ráð fyrir þremur risum í hefbundnum dróttkvæðum vísuorðum. Þriðja risið var í næstsíðasta atkvæði vísuorðs og þar var jafnan seinni skothendingin. Þess vegna er aðeins hægt að brjóta milliregluna á einn hátt; með stuðlum í 1. og 2. risi og með skothendingum í 2. og 3. risi.¹ Í fyrsta hluta þessarar greinar verður sannreynt að slík vísuorð hafi ekki komið fyrir í fornum kvæðum. Í

¹ Í hefbundnum kvæðum eru skothendingar ekki aftar í vísuorði en í atkvæðastöðu 3 og 5 (risum 2 og 3). Þó eru til fáeinar vísur þar sem þær eru í atkvæðastöðu 4 og 5. Dæmi um slíkt er í hættinum *stamhent* hjá Snorra og í vísuorðunum „þá kreppi guð gyðju“ eftir Þorvald víðförla, „stór fingum ben brynju“ eftir Gísli Súrsson og í nokkrum vísnum hjá Kormáki. Í þessum dæmum voru stuðlar einnig í 4. og 5. stöðu, en dæmi með annarri stuðlasetningu eru: „es oxamat ótum“ eftir Sighvat og „syni Áleifs bauð síðan“ um Hákon Þórisfóstra eftir Óþekktan höfund. Í öllum þessum dæmum er stuðull á milli skothendinga.

framhaldinu verður því lýst hvernig minna frjálsræði í setningu stuðla og skothendinga gerði milliregluna óvirka og athyglinni er beint að þróun dróttkvæða og skiptingu vísuorða.

1 Dæmi um frávík frá millireglunni

Í dróttkvæðum hætti eru vísuorð með stuðlum í fyrsta og öðru risi mjög algeng:

- (1.1) **brunnu** **beggja** **kinna** Kormákur, lausavísa 2,
þjört ljós á mik **drósar** vísuorð 1 (955–970)

Skothendingar í öðru og þriðja risi eru sömuleiðis algengar,² eins og í eftirfarandi:

- (1.2) slegit hefr **þogn** á **þegna** Sighvatur, Bersöglisvísur 12,
þingmenn nös sum **stinga**. vísuorð 7 (um 1038)

Hrynjandin í (1.1) og í (1.2) er sú sem algengust er í dróttkvæðum, með risum og hningum á víxl. Vísuorð með stuðlasetningu eins og í (1.1) og með skothendingum eins og í (1.2) myndu hafa þessa sömu hrynjandi. Ef ekkert bannaði slík vísuorð og þau væru hlutfallslega jafnmörg og aðrar gerðir vísuorða mætti búast við þeim í hundradatali í þeim þúsundum vísna sem varðveist hafa frá því fyrir 1400 (sjá Kuhn 1983:89).

Örugg dæmi um umrædda samsetningu stuðla og skothendinga eru vandfundin í fornum kveðskap en þau má hinsvegar víða finna í vísnum skálda á seinni öldum sem ort hafa undir dróttkvæðum háttum. Til skýringar eru hér tekin tvö dæmi frá Jónasi Hallgrímssyni.

Í *Leiðarljóði til herra Jóns Sigurðssonar, alþingismanns* eftir Jónas eru stuðlar í orðunum *Autt* og *enn* (ris 1 og 2) og skothendingar eru í orðunum *enn* og *mönnum* (ris 2 og 3).

- (1.3) **Autt** er **enn** að **mönnum** Jónas Hallgrímss.,
Alþingi, – talslyngra úr 6. vísu Leiðarljóðs
hölda, hvað mun **valda**?
Hafa reiðir tafizt?

² Eins og kemur fram í kafla 2 urðu þær sjaldgæfar undir lok dróttkvæðatímabils.

Annað dæmi er í þriðja vísuorði í 16. vísu í *Grátittlingnum*:

- (1.4) **Lítill** fugl skauzt úr **lautu**, Jónas Hallgrímss.,
lofaði guð mér **ofar**. Grátittlingurinn, 16. vísa
Sjálfur sat ég í **lautu**
sárglaður og með **tárum**.

Í dróttkvæðaútgáfu Finns Jónssonar, *Den norsk-islandske skjaldedigtning* eru vísuorð eins og þessi hlutfallslega mjög fá en þar má þó finna að minnsta kosti 8 dæmi. Þessi dæmi verða nú rædd en þau eru merkt (1.5), (1.6), (1.7), (1.8), (1.9), (1.10), (1.11) og (1.12).

Eftirfarandi er upphaf vísu eftir Stefni Þorgilsson sem er varðveitt í Ólafssögu eftir Odd munk.

- (1.5) **Ek** skil **ærit** gǫrla, Stefni, lausavísa,
erumk leið fǫður **reiði** vo. 1–2 (um 1000)

Af dæmunum átta er þetta trúverðugasta dæmið um brot á millireglunni. Það er þó ekki mjög traust þar sem innrím í vísunni er ekki fyllilega reglulegt og hún er eitthvað brengluð, samanber að innrím vantar í fimmta vísuorð og orðið *leið* er leiðrétting fyrir orðið *leiðr* í aðalhandriti en ekkert annað gamalt handrit er til samanburðar.

Í tveimur vísum eftir Kormák Ögmundarson eru vísuorð með stuðlum og skothendingum í umræddri röð:

- (1.6) **Skjótt** munum **Skarði herðnir**, Kormákur, lausavísa 36,
vo. 1 (955–970)
- (1.7) **Hins** mun **hǫr-Gefn** spyrja, Kormákur, lausavísa 52,
vo. 1 (955–970)

Varðveist hafa 65 lausavísur eftir Kormák, fleiri en eftir nokkurt annað fornskáld. Margar þeirra eru því miður brenglaðar og hvergi varðveittar nema í Möðruvallabók. Vísurnar sem vitnað er til að ofan eru meðal þeirra sem brenglast hafa mest. Í 36. lausavísu er vísuorð án stuðla og í 52. vísu er vísuorð með þremur atkvæðum í stað sex.

Í eftirfarandi vísu eftir Einar Skúlason frá 12. öld er millireglan brotin í útgáfu Finns Jónssonar sem styðst við afrit frá 17. öld af Kringlu, fornri skinnbók sem brann.

- (1.8) **ǫld** beið **ǫll** með **stíll**, Einar Skúlason, Sigurðar-
dóttir I, vísa 3, vo. 7.

Í þremur skinnhandritum frá 14. öld sem Finnur Jónsson vitnar einnig til um þessa vísu er orðunum *ǫld* og *ǫll* víxlað og þar er því millireglan ekki brotin. Útgefendur kvæðisins hafa þó allir fylgt for-dæmi Finns, nú síðast Kari Ellen Gade (2009:540) í nýrri heildarútgáfu dróttkvæða.

Eftirfarandi fjögur dæmi um brot á millireglunni má finna í B-hluta dróttkvæðaútgáfu Finns Jónssonar (1912–1915). Þau eru hinsvegar öll án stuðnings þeirra handrita sem farið er eftir og prentuð eru í A-hlutanum. Þessi dæmi eru:

- (1.9) **ǫrr** vas **auðs** við **hríðir** Björn Hítðalakappi, lausa-
vísa 9, vo. 3 (um 1019)
- (1.10) **skógs** þó at **skúrir** þyrrit, Sighv. um Erling Skjálgss.
v. 4, vo. 3 (1028–1029)
- (1.11) **Golli Gautrekr** þótti Rögnv. kali, Háttalykill,
vísa 28a, vo. 1 (12. öld)
- (1.12) **fekk** an **fyr** af **harra** Harmsól, vísa 49,
vo. 5 (12. öld)

Texti (1.9) í aðalhandriti er „Adur var Auds víð hridir“ og eru engin lesbrigði við þann texta í öðrum handritum. Hér eru þrjú rímatkvæði í vísuorði. Í bragfræði sinni kallar Finnur Jónsson (1892:30) slík vísuorð *þríhend* og segir að þau finnist ósjaldan. Engu að síður leiðréttir hann hér fyrsta rímorðið. Í fornritaútgáfu Sigurðar Nordal (1938:144) og Guðna Jónssonar á Bjarnar sögu Hítðalakappa er næsta rímorð leiðrétt og textinn verður: *áðr vask odds við hríðir* sem ekki brýtur milliregluna.

Texti aðalhandrits „Scærs þo at scurir þyRit“ (1.10) er sömuleiðis með þremur rímatkvæðum. Við textann eru nokkur lesbrigði og Finnur hefur skipti á fyrsta rímorðinu við orðið *skógs* í öðrum handritum. Aðrir útgefendur hafa fylgt aðalhandriti.

Í aðalhandriti (1.11) stendur „Giættu at Gautrekr þotti“. Enn sem fyrir er um að ræða þríhent vísuorð. Finnur hefur leiðrétt fyrsta orðið

án stuðnings af handriti. Jón Helgason (1941:79) skrifaði um þessa leiðréttingu Finns: „Formelt blev linjen ikke uantagelig derved da rimet kunde være *Gaut*:- *þótt*-, selv om *Gætt*:- *þótt*- er bedre. Men selvfølgelig vil man helst undgaa en rettelse, der indfører et ord, der slet ikke ligner det overleverede.“ Jón taldi samkvæmt þessu að skothendingar í (1.11) gætu staðist en hann taldi þó ekki rétt að breyta jafnmiklu og Finnur hafði hér gert.

Texti (1.12) er í aðalhandriti „feck enn fyrr af söckua“ sem ekki brýtur milliregluna og er ekkert annað handrit til frásagnar. Aðrir útgefendur hafa ekki tekið upp leiðréttingu Finns.

Ekkert framangreindra dæma telst vera öruggur vitnisburður gegn millireglunni. Dæmin sýna hinsvegar að millireglan er ekki augljós og að hún er ekki almennt þekkt meðal fræðimanna þrátt fyrir að Kuhn hafi lýst sams konar reglu í tengslum við kenningu sína um braghvöld og skiptingu vísuorða. Ástæðan er líklega sú að braghvöldarkenning hans hefur verið umdeild.

Snorri Sturluson lýsti engri reglu sem bannar röð stuðla og skothendinga eins og að ofan er lýst í kennslubók sinni Snorra-Eddu. Samtímaskáld hans á 13. öld virtu milliregluna engu að síður. Engin dæmi voru hér tekin frá 13. og 14. öld vegna þess að engin vísuorð fundust sem brutu gegn reglunni.

2 *Minnkandi frjálsræði í stuðla- og hendingaskipan*

Í elstu kvæðum virðast skáldin óhikað hafa nýtt sér alla leyfilega möguleika við setningu stuðla og skothendinga að teknu tilliti til millireglunnar. Þetta breyttist þegar á leið. Skáldin tóku smám saman að forðast ýmsa stuðla- og hendingaskipan sem hafði verið algeng áður, þar á meðal að nota 3. atkvæðastöðu undir fyrri skothendinguna, og þess vegna verður með tímanum sífellt ólíklegra að frávik finnist frá millireglunni.

Í lausavísu Egils Skallagrímssonar er meira en fjórðungur stakra vísuorða með fyrri hendingu í 3. atkvæðastöðu eins og til dæmis bæði stöku vísuorðin í eftirfarandi vísufjórðungi:

- | | | |
|-------|--|---|
| (2.1) | Hvarfak <i>blindr</i> of <i>branda</i> ,
biðk eirar Syn geira
þanns berk <i>harm</i> á <i>hvarma</i>
hnitvolum mér sitja, | Egill Skallagrímsson,
45. lausavísa, fyrri hl. |
|-------|--|---|

Í Velleklu eftir Einar skálaglamm sem var samtíða Agli á 10. öld eru 40 af 100 stökum vísuorðum³ með fyrri skothendingu í 3. atkvæðastöðu. Á tólftu öld orti Einar Skúlason kvæðið Geisla, langt og vel varðveitt kvæði. Í því eru 15% af 264 stökum vísuorðum⁴ með fyrri skothendingu í 3. atkvæðastöðu. Á 14. öld orti Einar Gilsson kvæði um Guðmund góða. Í því eru aðeins 7% af 159 stökum vísuorðum með fyrri skothendingu á þessum stað.

Þessi þróun hélt áfram næstu aldir. Árið 1597 voru Guðspjallavísur Einars Sigurðssonar í Eydölum prentaðar á Hólum. Í þeim eru meira en 400 stök vísuorð en aðeins tvö þeirra eru með fyrri skothendingu í 3. stöðu. Langoftast er fyrri hendingin í 1. stöðu (sú síðari er jafnan í 5. stöðu).

Í *Töflu 1* er ofantalið tekið saman. Í töflunni koma fram venjuleg tölfræðileg öryggisbil (95% líkur eru á að hlutföllin séu innan öryggisbils). Hægt er að reikna hlutföll með mikilli vissu í löngum kvæðum en öryggisbilið verður mjög stórt ef reynt er að gera það fyrir einstakar vísur eða kvæði með fáum vísuorðum. Samkvæmt töflunni er ekki hægt að fullyrða að hlutfallið hafi verið annað í Geisla Einars Skúlasonar en í drápu Einars Gilssonar þar sem viðkomandi öryggisbil skarast.

Tafla 1 • Hlutfall stakra vísuorða með innrími í 3. atkvæðastöðu með 95% öryggisbilum

<i>Skáld</i>	<i>Kvæði</i>	<i>Hvenær ort</i>	<i>Hlutfall með skothendingu í 3. atkvæðastöðu með 95% CI</i>	
Einar skálaglamm	Vellekla	10. öld	~ 40%	30% – 50%
Einar Skúlason	Geisli	12. öld	~ 15%	11% – 20%
Einar Gilsson	Drápa um G.A.	14. öld	~ 7%	4% – 12%
Einar í Eydölum	Guðspjallavísur	16. öld	< 1%	0% – 2%

Samhliða þeirri þróun sem kemur fram í *Töflu 1* minnkaði frjálsræði í staðsetningu stuðla. Hlutfall vísorða með annaðhvort fyrri eða síðari stuðli í 3. atkvæðastöðu jókst mikið á kostnað annarra gerða vísuorða.

³ Aðeins eru talin vísuorð sem hafa bæði stuðla og skothendingar. Nokkur álitamál koma jafnan upp í talningu á 100 vísuorðum.

⁴ Vísuorð í stefjum eru aðeins talin einu sinni.

Ekki er auðvelt að svara því af hverju þessi þróun varð. Þó er líklegt að hún tengist ósk um aukna reglufestu samfara tilkomu hrynhends háttar. Í hrynhendum hætti enda stök vísuorð jafnan á fjórum atkvæðum sem afmörkuð eru með stuðli, fyrri skothendingin er jafnan í risi á undan þessum stuðli. Þetta er hér kölluð **hrynhenduending** vísuorða.

Þróun dróttkvæða má lýsa þannig að í þeim hafi orðið æ algengara að stök vísuorð hefðu hrynhenduendingu. Kveðskaparsmekkurinn gæti hafa krafist þess að sem flest stök vísuorð enduðu á sama hátt. Til skýringar er eftirfarandi vísuþjórðungur úr Lilju (fjórða erindi, fyrsti fjórðungur):

(2.2) Fyrri *mem*, er || fræðin *kunnu* || forn ok klók af heiðnum bókum,

Hér er hrynhenduendingin; *fræðin kunnu* afmörkuð með tákningu ||. Í þessu dæmi er stuðull í fyrsta risi en hinn möguleikinn í stuðlasetningu hrynhendu er stuðull í síðasta risi: (annað erindi Lilju, fyrsti fjórðungur):

(2.3) *Æskig* þína || miklu *miskunn*, || mér veitiz, ef ek eptir leita

Slíkar hrynhenduendingar urðu með tímanum sífellt fleiri í stökum vísuorðum hefðbundinna dróttkvæða sem leiddi til þess að skothendingum fækkaði í 3. atkvæðastöðu á meðan stuðlum fjölgaði á sama stað. Til skýringar er vísa eftir Sighvat Þórðarson (*Víkingarvísur*, 6. erindi):

(2.4) *Rétt's*, at || sókn vas en *sétta* || (snarr þengill bauð Englum
at) þars || *Áleifr sótti* || (*Yggs*) Lundúna bryggjur ;
 sverð bitu || *vólusk*, en *vórðu* || víkingar þar diki,
 áti || sumt í sléttu || *Súðvirki* lið búðir.

Í hrynhendum hætti reynir ekki á milliregluna og eftir því sem sams konar endingar og voru í hrynhendum urðu algengari í stökum vísuorðum dróttkvæða, reyndi æ sjaldnar á milliregluna í þeim. Í Guðspjallavísu Einars í Eydölum eru meira en 90% stakra vísuorða með hrynhenduendingu.

3 *Vísuorðhlutar*

Kenning Hans Kuhn um braghvöld í hverju vísuorði hefur verið gagnrýnd fyrir að leiða til óeðlilegrar skiptingar setninga. Kuhn (1983: 133) svaraði slíkri gagnrýni með því að benda á að skipting kvæða í vísuorð leiddi einnig til óeðlilegra setningaskila í mörgum kvæðum. Kuhn tók dæmi um þetta úr eftirfarandi vísufjórðungi í Ragnarsdrápu þar sem hægri hönd Þórs lendir á milli vísuorða:

Hamri fórsk í hægri
hønd, þás allra landa,

Bragi Boddason,
Ragnarsdr. vísa 15. vo. 1–2

Kenningu Kuhns mætti einnig gagnrýna fyrir að skipta vísuorðum á breytilegum stöðum í vísuorði en þar sem breytileiki í staðsetningu rímeininga (hendinga og stuðla) er sérstakt einkenni dróttkvæða er líklega ekki við öðru að búast.

Þó að skipting vísuorða gagnist ekki til að afmarka setningarhluta eða tiltekinn fjölda atkvæða getur hún verið gagnleg að öðru leyti, til dæmis við að draga fram einkenni dróttkvæðs háttar og til að sýna breytingar á honum.

Í inngangi þessarar greinar var bent á að unnt væri að leiða milli-regluna af tveimur tilgátum um skiptingu vísuorða. Kuhn taldi rétt að skipta vísuorðum þannig að einn stuðull og ein skothending lenti hvoru megin en annar möguleiki er að skipta þeim á milli skothendingar og eftirfylgjandi stuðuls. Ef seinni vísuorðhlutinn er látinn hefjast á þessum stuðli, líkist sá möguleiki skiptingu vísufjórðunga í vísuorð vegna þess að sú skipting kemur jafnan á milli skothendingar og ljóðstafs (þ.e. höfuðstafs). Þessi skipting afmarkar hrynhenduendingar í dróttkvæðum sem áður var lýst.

Í stað þess að segja að hrynhenduendingum hafi fjölgað með tímanum í dróttkvæðum hætti má segja að notkun vísuorðhlutaskila framan við 3. atkvæðastöðu hafi aukist á kostnað slíkra skila annars staðar. Þetta leiddi meðal annars til þess að skothendingum fækkaði mikið í 3. atkvæðastöðu, samanber *Tóflu 1*. Breytingin sem varð á hlutfalli hrynhenduendinga er þó enn greinilegri, samanber að engin skörun er á öryggisbilum í *Tóflu 2*. (Þetta þýðir að munur er á öllum kvæðum í *Tóflu 2* sem ólíklegt er að stafi af tölfræðilegum breytileika.)

Tafla 2 • Hlutfall stakra vísuorða með hrynhendu-
endingu með 95% öryggisbilum

Skáld	Kvæði	Hvænær ort	Hlutfall með hrynhendu- endingu ásamt 95% CI
Einar skálaglamm	Vellekla	10. öld	~ 20% 13% – 29%
Einar Skúlason	Geisli	12. öld	~ 53% 46% – 59%
Einar Gilsson	Drápa um G.A.	14. öld	~ 84% 77% – 89%
Einar í Eydölum	Guðspjallavísur	16. öld	~ 94% 92% – 96%

Í einstaka vísu, til dæmis í (2.4), eru hrynhenduendingar í öllum stökum vísuorðum. Í slíkum vísu má segja að skil í vísuorðum hafi sams konar einkenni og skil á milli stakra og jafnra vísuorða. Skilin koma í báðum tilvikum á eftir hnígandi tvílið með skothendingu og á undan ljóðstaf. Fastur fjöldi atkvæða er á undan báðum skilum.⁵ Annars vegar eru tvö atkvæði á undan fyrri skilum og hins vegar eru fjögur á undan þeim næstu.

Erfitt er að yrkja heil kvæði þar sem öll erindi eru eins og (2.4),⁶ til dæmis komast mörg þriggja atkvæða orð illa fyrir í stökum vísuorðum og þau yrði að setja í jöfnu vísuorðin (sjá orðin *súðvirki* og *víkingar* í (2.4)). Þetta gæti skýrt, að minnsta kosti að hluta, þá tilhneigingu sem Kristján Árnason (1991:144) hefur komið auga á, að hrynjandi er oft önnur í jöfnum vísuorðum dróttkvæða en í stökum. Kristján notaði vísu Sighvats sem dæmi um þetta; í stökum vísuorðum skiptast á ris og hnig en í jöfnum vísuorðum standa tvö ris fremst.

Með tveimur atkvæðum til viðbótar í hrynhendunni áttu skáldin auðveldara með að yrkja vísur með skilum á undan 3. atkvæðastöðu (þ.e. með endingu í stökum vísuorðum eins og í hrynhendum hætti) eins og tíðarandinn virðist hafa krafist eftir árið 1000.

Í *Töflu 3* er sýnt hversu hlutfall hrynhenduendinga eða skila á undan þriðja atkvæði jókst mikið í hefðbundnum dróttkvæðum hætti um það leyti sem hrynhendan kom fram.

Elsta kvæði ort undir hrynhendum hætti, sem varðveist hefur, er

⁵ Ris og hnig geta verið klofin og tvö atkvæði gilda þá sem eitt, sbr. *bitu* og *vas en* í (2.4). Sjá um klofningu Kristján Árnason (1991:126–129).


⁶ Kvæðið Rekstefja sýnir þó að það er hægt. Í því eru 35 erindi þar sem öll stök vísuorð eru með skjálhendum sem segja má að séu sérstök gerð vísuorða með hrynhenduendingum.

eftir Arnór jarlaskáld frá því skömmu fyrir miðja 11. öld. Eftir Arnór liggja brot úr mörgum hefðbundnum dróttkvæðum og nokkuð er einnig varðveitt eftir föður hans, Þórð Kolbeinsson, bæði kvæði og lausavísur. Þórður keppti við Björn Hítðalakappa sem var 15 árum yngri en hann, um ástir móður Arnórs. Björn var náfrændi Egils Skallagrímssonar. Í sögum Egils og Bjarnar eru varðveittar margar lausavísur þeirra.

Tafla 3 • Hlutfall stakra vísuorða með hrynhenduendingu með 95% öryggisbilum

Skáld	Fæðingarár	Vísuorð (fjöldi)	Hlutfall með hrynhenduendingu með 95% CI
Egill Skallagrímsson	~ 900	145	~ 30% 22% – 38%
Þórður Kolbeinsson	~ 975	101	~ 44% 34% – 54%
Björn Hítðalakappi	~ 989	83	~ 55% 44% – 66%
Arnór jarlaskáld	~ 1012	222	~ 62% 55% – 68%

Mynd 1 • Myndræn framsetning á tölum í Töflu 3



Tölurnar í Töflu 3 eru dæmigerðar. Hlutfall í lausavísu og kvæðum heidinna skálda er svipað og hjá Agli, um 30%.⁷ Hjá skáldum á 11. öld er hlutfallið um og yfir 50%.

Ekki er vafamál að hlutföll milli fjölda ýmissa gerða vísuorða breyttust með tímanum í dróttkvæðum. Það er hins vegar hvorki auðvelt að lýsa hvaða breytingar urðu né svara því hvers vegna. Notkun skila í vísuorðum gerir það hugsanlega einfaldara.

Vísuorð í dróttkvæðum enda jafnan á hnígandi tvílið sem gerir

⁷ Byggt á athugun á kveðskap þeirra skálda á 9. 10. og 11. öld sem skilið hafa eftir sig 20 eða fleiri vísur.

hrynjandi dróttkvæða reglulegri en hrynjandi eddukvæðanna sem voru eldri. Með tímanum virðist hafa komið upp krafa um enn reglulegri hrynjandi. Í hrynhendum hætti má segja að séu tveir hnígandi tvíliðir í lok stakra vísuorða sem eru afmarkaðir með skilum eins og hér var lýst. Í hefðbundnum dróttkvæðum fjölgar hlutfallslega vísuorðum með slíkum tvíliðapörum með tímanum, hugsanlega vegna þess að þau hafi þótt hljóma vel. Ástæðan fyrir því að vísuorð með skothendingu í 3. atkvæðastöðu verða fágæt, eins og t.d.: „slegit hefr **þogn** á **þegna**“ væri þá sú að þótt slík vísuorð endi á tveimur hnígandi tvíliðum koma skil á milli þeirra

Lokaorð

Hér hefur verið sýnt að í dróttkvæðum hætti gildi regla, sem hér er kölluð millireglan, um að alltaf komi stuðull á milli skothendinga. Hans Kuhn notaði samskonar reglu sem rökstuðning fyrir kenningu sinni um braghvíld í vísuorðum en hún virðist ekki hafa orðið almennt kunn meðal fræðimanna. Af millireglunni leiðir að staðsetning skothendinga og stuðlaskipan tengjast.

Þau augljósu líkindi eru með ljóðstöfum og skothendingum að í báðum er stuðst við samsvörum samhljóða, sbr. umfjöllun höfundar (2001). Með þeim eru einnig þau augljósu líkindi að nokkurt frjálrsræði gildi um staðsetningu þeirra beggja. Samkvæmt millireglunni setja ljóðstafir og skothendingar hvort öðru skorður í þessu frjálrsræði, þannig að ekki er unnt að lýsa rétttri staðsetningu stuðla án þess að vita staðsetningu skothendinga og öfugt. Þetta þýðir að líta þarf á skothendinga- og stuðlaskipan sem eina heild.

Samkvæmt millireglunni fylgir alltaf stuðull fyrri skothendingunni og þar sem höfuðstafir fylgir alltaf þeirri seinni má líta svo á að í hverjum vísuorðungi séu tvær rímeiningar með skothendingu og eftirfylgjandi ljóðstaf (stuðli eða höfuðstaf). Mögulegt er að láta þar báðar marka bragfræðileg skil, annars vegar milli vísuorða og hins vegar innan þeirra.

Í þessari grein hafa slík skil verið notuð til að lýsa þróun sem varð til þess að dróttkvæður háttur tók að líkjast hrynhendum hætti þar sem skil innan stakra vísuorða eru alltaf á sama stað og afmarka tvo hnígandi tvíliði.

HEIMILDASKRÁ

- Einar Sigurðsson í Eyðölum. 2007. *Ljóðmæli*. Útg. Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Finnur Jónsson. 1892. *Stutt íslensk bragfræði*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Finnur Jónsson. 1912–1915. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*. København: Gyldendalske Boghandel; Kristiania: Nordisk Forlag.
- Gade, Kari Ellen. 1995. *The Structure of Old Norse Dróttkvætt Poetry*. Ithaca; London: Cornell University Press.
- Gade, Kari Ellen. 2009. *Scaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages. Volume II: Poetry from the Kings' Sagas*. Turnhout: Brepols.
- Jón Helgason. 1941. *Háttalykill enn forni*. (Bibliotheca Arnarnagæana 1). Hafnía: Munksgaard.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar. 1. Ljóð og lausamál*. Útg. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Kristján Árnason. 1991. *The Rhythms of Dróttkvætt and other Old Icelandic Metres*. Reykjavík: University of Iceland, Institute of Linguistics.
- Kuhn, Hans. 1983. *Das Dróttkvætt*. Heidelberg: Winter.
- Sigurður Nordal og Guðni Jónsson. 1938. *Borgfirðinga sögur*. (Íslensk fornrit III). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Snorri Sturluson. 2003. *Snorra-Edda*. Útg. Heimir Pálsson. Reykjavík: Mál og menning.
- Þorgeir Sigurðsson. 2001. Rímstuðlar. Um tengsl ríms, atkvæðaskiptingar og stuðla í íslenskum kveðskap. *Íslenskt mál* 23:215–227.

Ingunn Snædal

Fimm ljóð

í fjallakofa

rasskuldi
hringsnúist í fleti
í púpulaga svefnpoka
dregnum saman undir hökunni
hrímað nef og vindurinn ýlir
við veðrað húshorn

köld sól brotnar á rúðunni
geislarnir falla fölrir og örmagna til jarðar

óhugsandi langt út á kamar

horft

opna augu mín upp á gátt
rýf vegginn
svo þú getir horft beint inn
baksviðs

á loforð mín
fyrirheit
séð hvað mig dreymir
og hvar vætlar enn úr
ógrónum sárum

opna augu mín
horfi beint í þín
sé ekkert nema
óljósa spegilmynd

veðurhorfur næsta sólarhring

í lægðardragi
norðaustan átt
átján metrum á sekúndu

í þrjúhundruð og fimmtíu metra hæð
yfir sjávarmáli
skýjuðu með köflum
úrkomu í grennd

er verið að hugsa um þig

mynd þín á fésbók

þú ert í ljósum múslínkjól
með eldrauðan varalit
bylgjur í síðu hárinu eins og
kvikmyndastjarna frá gömlum tíma
horfir beint á mig gegnum
hvít blúndugluggatjöld og allt
í einu er sem enginn tími hafi
liðið og ég býst hálfpartinn við
að þú ávarpir mig þar sem
ég sit í grænum sófa með
tölvuna í kjöltunni vöðvabólgu í
öxlunum og kalt kaffi í bolla

veturinn

ekki hvítur
heldur sítrónugul birta í austri
blá ísrönd á himnum
bleik og græn norðurljós
æðandi á undan mér
í auðninni

ekki heldur kaldur
heitur
eins og augnaráð mitt
á úlpuklæddu baki þínu

eins og blóðið sem dunar
í eyrum mér
þegar þú þrýstir hönd mína
gegnum lopavettling

ekki dimmur
lýsandi bjartur
eins og bláminn í augum þínum
brothættur spegill

Heimir Pálsson

Fyrstu leirskáldin

Sturla Þórðarson var bara sex ára og hefur væntanlega alls ekki verið viðstaddur þegar útrásarvíkingurinn Snorri Sturluson, föðurbróðir hans, náði fari frá Eyjum og upp á Bakkafjörur. Hann var að koma heim síðhausts árið 1220 eftir ævintýralega höfðingjaheimsókn til Noregs og Gautlands. Hann varð síðbúinn frá Noregi, segir Sturla svo sem til skýringar á að Snorri hreppir illvíg haustveður úti fyrir Austfjörðum og lætur siglutré sitt þar.¹ Má reikna með að það hafi verið barningur að komast til Eyja, þaðan sem síðan verður að fá flutning á bátum. Skipið er nýtt, gjöf frá Skúla hertoga Bárðarsyni, auk fimmtán stórgjafa sem Sturla upplýsir ekki nánar um.² Kannski hefur þó sú tylft skjalda sem Snorri og förunautar hafa þegar þeir koma í Skálaholt, verið hluti gjafanna.³

Skáld höfðingja

Hér er ástæða til að staldra við. Áður en Snorri fer utan árið 1218 hefur hann ort lofkvæði, að því er bækur herma, um Sverri konung Sigurðarson⁴ (d. 1202), Inga konung Bárðarson, Hákon jarl galin Fólkvíðarson (d.1214) og Kristínu ekkju hans, sem nú var gift Áskeli (Eskil) lögmanni, bróður Birgis jarls, þess sem talinn er faðir Stokk-hólms og stundum kallaður hafa stofnað sænska ríkið. Hákon galinn, sem greinlega hafði mætur á höfðingjaskáldinu Snorra, hafði pantað kvæði um konu sína, en lést þegar Snorri ætlaði að heimsækja þau hjón árið 1214. Varð ekkert af utanför þá, en nú hafði Snorri fært

¹ Þessi síðbúna sigling dugir reyndar líka ágætlega til skýringar á að lofkvæðið um Skúla hefur borist á undan skáldinu heim til Íslands.

² Um öll þau efni sem hér er fjallað um er raunar aðeins ein heimild, *Íslendinga saga* Sturlu Þórðarsonar. Þótt Sturlu liggi ekki alltaf gott orð til frænda síns er engin ástæða til að væna hann um meiri háttar rangfærslur.

³ *Sturlunga saga* 1988:264.

⁴ Eina heimild um þetta eru afritin af Skáldatali úr Kringlu. Skáldatal í DG 11 4to getur ekki um Snorra sem skáld Sverris.

Kristínu kvæðið Andvöku til Gautlands „og tók hún sæmilega við Snorra og veitti honum margar gjafir sæmilegar. Hún gaf honum merki það er átt hafði Eiríkur Svíakonungur Knútsson.⁵ Það hafði hann þá er hann felldi Sörkvi konung á Gestilsreyni.“⁶ Auk þessara kvæða hafði Snorri ort eitt lofkvæði um Hákon, hinn unga Noregskonung, og tvö um verðandi tengdaföður hans, Skúla jarl Bárðarson.⁷ Svo merkilegt sem það er, hefur ekkert varðveist af þessum kvæðum nema það eina klofastef sem hér ræðir á eftir. Er það þeim mun sérkennilegra sem einhver þeirra hafa áreiðanlega verið ort á bókfell og send úr landi. Mætti þá vænta að einhver drög hefðu orðið eftir á Íslandi. Kvæðin um Skúla og Hákon hafa vísast aldrei komið til Íslands í heilu líki. Hins vegar sýnir frásögn *Sturlungu* að einhverjir hlutar lofkvæðis um Skúla hafa borist til Íslands á undan skáldi sínu.

Það þarf ekki að koma á óvart að skáldið, sem síðar stærði sig af að hafa notað 100 bragarhætti á Háttatal, skyldi velja bragþraut á eitt af kvæðum sínum, nefnilega annað lofkvæðið um Skúla, þar sem var drápa með klofastefi. En klofastef eru með þeim ósköpum ger að vera t.d. þrjár braglínur sem ekki stuðla saman og binda þess vegna ljóðstafi þriggja annarra. Klofastefið á hins vegar að hafa sjálfstætt og samhangandi efni. Svo er um klofastefið í Skúlakvæði:

Harðmúlaðr var Skúli
ramblíks framast miklu
gnaphjarls skapaðr jarla.

Blasir við að fyrsta lína krefst stuðla á *h*, næsta á *r* og hin þriðja *g*. Eru þá ekki margir kostir lausir!

Reyndar er klofastefið merkilegt um fleira. Snorri vill gera vel við vin sinn Skúla og kannast áreiðanlega við fleiri höfðingjakvæði þar

⁵ Eiríkur helgi var afi Kristínar og Eiríks Knútssonar.

⁶ Það má þykja dálítið sérkennilegt að Sturla er hér eini heimildaramaður um að Eiríkur Knútsson hafi verið foringi annars liðsins við Gestilren. Hins vegar er ekki ljóst hvaðan hann getur haft nöfnin og staðarheitið nema frá Snorra frænda sínum, sem vissulega heimsótti dótturdóttur Eiríks helga og systkinabarn við Eirík Knútsson! – Um orustuna við Gestilren er margt á huldu og þá m.a. um staðinn. – Snorri heimsótti Kristínu og Áskel á Gautlandi. Engin leið er að vita hvar þau bjuggu og sú sögn að það hljóti að hafa verið í Skörum (Skara) verður því miður ekki rökstudd (sjá Óskar Guðmundsson 2009:172).

⁷ Ég hef enga trú á þeirri hugmynd sem Óskar Guðmundsson (2009:66 o.á.) endurvekur í ævisögu Snorra, að hann hafi kornungur ort Noregskonungatal til heiðurs fóstura sínum í Odda.

sem svo er gert. Við þurfum ekki annað en hugsa til „Nú liggur hæst und hraustum / hreinbraut Aðalsteini“ eftir fyrri bónda á Borg og fagurlega er rímað á móti nafni höfðingjans. En nú er dálítið þröngt um. Það eru afskaplega fá orð sem ríma á móti *Skúli* í íslensku og flestöll neikvæðrar merkingar: *fúli*, *múli*, *túli* ... líklega hefði verið skást að nota *súla*! En Snorri kýs að búa til lýsingarorðið *harðmúlaðr* og er auðvelt að fallast á orð Finns Jónssonar í *Lexicon poeticum*: „brugt om mænd får udtrykket noget parodisk ved sig.“⁸ Paródískur er kurteist orð.⁹

Þó er bara hálf sagan sögð. Ef reynt er að taka klofastefið saman (því það á að vera hægt) aukast vandræðin. Engin leið virðist að komast framhjá því að „Skúli var miklu framast jarla skapaðr“ í einhverju tilliti og þá leyfa orðmyndir varla annað en „skapaðr harðmúlaðr rambliks gnaphjarls.“ *Harðmúlaðr* gæti merkt ‚grimmur‘ og allt kunnáttufólk veit að það er vinsælt að klifa á að höfðinginn sé grimmur gulli, silfri eða öðrum auðæfum. Og þá þykjast góðviljaðir skýr- endur sjá glitta í dýra málma: *ramblik* gæti verið öflugt ljós og þá vantar bara sjóinn eða vatnið svo fari að birta af silfri eða gulli. Vandinn er sá að *hjarl* merkir ‚land‘ en ekki sjór. Og *gnaphjarl* ætti helst að merkja hamrabelti! En ég sé ekki betur en útgefendur hallist nauðugir viljugir að björgunartilraun Finns: ‚*opragende land*‘, *eller måske rettere ’havets land*‘, d.v.s. *havet*, *g-s ramblik*, *havets stærke glans*, *guld* ... Þetta er gert af góðum vilja, en svo er kíkirinn settur fyrir blinda augað. *Harðmúlaðr* ætti að taka með sér þágufall, alls ekki eignarfall, *harðmúlaðr einhverjum*, ekki **harðmúlaðr einhvers*, og þar með gengur dæmið ekki upp! – Samt virðist sennilegast að Snorri hafi hugsað á þessum nótum. En góður kveðskapur verður það ekki.¹⁰

⁸ Sveinbjörn Egilsson 1913-1916:229.

⁹ Hér er þó skylt að taka fram að við höfum enga hugmynd um hvernig hirðmenn í Noregi skildu þetta orð. Kannski fannst þeim þetta ágætis lýsing á Skúla og bara skemmtilegt tilbrigði við að vera t.d. *harðr í tungu*!

¹⁰ Ég vil ekki stinga undir stól bráðskemmtilegri hugmynd sem Helgi Skúli Kjartansson hefur skotið að mér og orðar svona: „að **ramblik** eigi ekki beint saman frekar en **dalmiskunn** Egils: **ramm** sé nafnorð, skylt dönskunni **ramme** og **ram** = **hrítur** og eigi við brimið sem stangar hamrana, og **blík** hafsins sé þannig **gull** eftir allt saman.“ Þótt ég trúi ekki fyrirvaralaust á þessa skýringu er hún nógu skemmtileg.

Heilsað með níði

Það var hvasst undan Austfjörðum, en það var annarskonar hregg sem mætti Snorra þegar hann kom í land. Hér er óþarfi að rekja ástæður þeirrar tortryggni sem Oddaverjar hafa um þessar mundir gegn öllum sem hafa átt samningaviðræður við Noregskonung. Ormur Jónsson hafði verið veginn og Björn Þorvaldsson, tengdasonur hans, verður til að tala hreint út við Snorra:

Og kom svo að Björn gekk í berhögg við Snorra og spurði hvort hann ætlaði að sitja fyrir sæmdum þeirra of eftirmál Orms en Snorri duldi þess. Björn lét sér það ekki skiljast og hélt þar við heitan. Magnús biskup átti hlut að með þeim en þó skildu þeir heldur stuttlega.¹¹

Áður en þessi árekstur verður hefur þó annað gerst og merkilegra vegna efnis þessa greinarstúfs. Þegar Snorri tekur land er tekið fram að „Sunnlendingar drógu spott mikið að kvæðum þeim er Snorri hafði ort um jarlinn og snöru afleiðis.“ Þessu til áréttingar kemur svo níðvísan fræga:¹²

Þóroddur í Selvogi hafði keypt geldingi að manni að þetta orti:

Oss líst illr að kyssa
jarl sá er ræðr fyrir hjarli.
Vörr er til hvöss á harra,
harðmúlaðr er Skúli.
Hefir fyrir horska jöfra
hrægamms komið sævar,
þjóð finnr löst á ljóðum,
leir aldregi meira.

Þessi vísa er alkunn og margrædd, en þó einkum fyrri parturinn. Hann er auðskilinn og að mati miðaldamanna ágætlega svívirðilegur. Aðdróttunin um að Snorri hafi stundað kjáleika við jarlinn er gróft níð og engin undur að Snorri reiðist því. Spurningin er hins vegar hvort hann hafði ástæðu til að reiðast seinni partinum ekki síður.

¹¹ *Sturlunga saga* 1988:264.

¹² *Sturlunga saga* 1988:264.

Samantekt er ekki sérlega flókin: „Aldregi hefir komið fyrir horska jöfra meira hrægammis sævar leir. Þjóð finnr löst á ljóðum.“ *Hrægammis sævar leir* virðist eðlilegast að túlka sem *tnesis*, slitru, sem stundum er kölluð. Því má lesa: *hræ-sævar-gammis leir* og *hræsær* er blóð en *blóðgammur* örn og því stendur þarna *arnarleir*. Þetta hefur lengi verið ljóst og svo hafa menn bara vísað til *Eddu*.¹³

En málið er ekki alveg einfalt. Í aðalhandriti *Snorra-Eddu* Konungsbók (Gks 2367 4to) segir svo um flug Óðins í arnarlíki inn yfir Ásgarð:

... en er Óðinn kom inn of Ásgarð, þá spýtti hann upp miðinum í kerin, en honum var þá svá nær komit at Suttungr myndi ná honum at hann sendi aptr suman mjöðinn, ok var þess ekki gætt. Hafði þat hverr er vildi, ok köllum vér þat skáldfifla hlut. En Suttunga mjöð gaf Óðinn Ásunum ok þeim mönnum er yrkja kunnu.¹⁴

Hér er með öðrum orðum ekki minnst á *arnarleir*. Það hafði hins vegar að minnsta kosti eitt dróttkvæðaskáld gert, næstum öld fyrr. Þórarinn stutfeldur orti niðvísu um Árna fjöruskeif (*Morkinskinna*). Fyrri helmingur var svohljóðandi samkvæmt *Skaldic poetry 2009*:

Fullvíða hefr fræðum
fjöruskeifr of her veifat
lystr ok leiri kastat
lastsamr ara ins gamla.

Útgefandinn í SKALD II.2, Kari Ellen Gade, skýrir *leiri ara ins gamla* með

‘the dung of the ancient eagle [BAD POETRY]’: This refers to the amusing myth about Óðinn who, in the shape of an eagle, brought the mead of poetry from the giants back to the gods in Ásgarðr. When he came over that stronghold and was spitting the mead into containers, Suttungr, the giant who pursued him (also in the shape of an eagle), was so close that Óðinn inadver-

¹³ Hér verður að hafa í huga að *leir* virðist hafa verið hvort heldur er hvorug- eða karlkyns í fornu máli.

¹⁴ Faulkes 1998:5.

tedly excreted some of the mead from his rear end, and that became the bad poets' share of the mead.¹⁵

Síðan vísar Gade í útgáfu Faulkes af *Gylfaginningu* þar sem fylgt er texta Konungsbókar og *arnarleir* ekki nefndur, aðeins *skáldfjfla hlutr*. Og í skáldskap finn ég ekki að *arnarleir* komi fyrir aftur fyrr en í *Guðmundardrápu* Arngríms Brandssonar og er þá komið fram á fjórtánda öld. Arngrímur vísar til *Eddu* með þessari fallegu afsökunarvísu:¹⁶

Rædda ek lítt við reglur Eddu
ráðin mín ok kvað ek sem bráðast
vísur þær er vil ek ei hrósa,
verkinn erat sjá mjúkr í kverkum;
stirða hefir ek ár til orða
ekki má af slíku þekkjaz
arnar leir hefig yðr at færa
emka ek fróðr hjá skáldum góðum.

Þrjú dæmi í kveðskap á hálfri þriðju öld. Séu þau tekin alvarlega og því trúað að þar séu öll kurl komin til grafar virðist mega staðhæfa að fyrstu *vottuðu* leirskáld í vesturnorrænum sið hafi verið Árni fjöruskeifur og Snorri Sturluson. Síðar verða hins vegar *arnarleir* og *leirskáld* svo hversdagsleg í íslensku máli að enginn virðist taka eftir að orðin vantar í *Eddu*, aðalheimildina um þau!

Nú er það þó svo að allt frá útgáfu Rasks (1818) á *Eddu* hefur verið neðanmálgrein sem segir að í *U* standi *arnarleir*. Þetta handrit, sem hefur einkennisstafina DG 11 og er vistað í háskólabókasafninu í Uppsölum barst eins og fleiri handrit frá Brynjólfi biskupi til Danmerkur. Þar hafnaði það hjá vini hans Stephaniusi rektor á Saurum, og þar var það þegar rektor dó frá snauðu búi. Bækur og handrit voru seld og er af því ýmisleg saga, en kaupandi að handritakistu var Magnus Gabriel de la Gardie, auðkýfingur og menningarpostuli í Svíþjóð og lauk svo að handritið kom í eigu háskólabókasafnsins. Þar urðu vissulega ýmsir til að nota sér textann, en eiginlega virðast fræðimönnum hafa fallist hendur þegar þeir gerðu sér grein fyrir hve afbrigðilegt handritið er. Menn sögðu sem sagt bara: Merkilegt, en

¹⁵ SKALD II.2:481.

¹⁶ Skj. AII:348–9, normalisering mín.

ekki nothæft í útgáfur. Finnur Jónsson sagði í formála sínum að *Eddu* 1931 að þetta væri eitt allra merkilegasta handritið en ýtti því síðan út af borðinu því það var ógerningur að koma textanum inn í þá ættaskrá sem hann vildi. Meira að segja Anthony Faulkes gafst upp á að skýra DG 11 og stöðu þess í veröldinni.

En nú er að hyggja að því sem stendur á þessum örlagastað í DG 11. Það er svohljóðandi:

Óðinn spýtti miðinum í kerin, en sumum reпти hann aptr, er honum varð nær farit, ok hafa þat skáldfífl **ok heitir arnarleir**. En Suttungamjöðr þeir er yrkja kunna.¹⁷

Þarna er þá allt í einu komin heimild um orðið arnarleir í prósa frá upphafi 14. aldar. Það birtist í handriti sem hefur öll einkenni þess að vera sprottið úr Sturlungaætt. Það inniheldur ættartölu Sturlunga, Skáldatal þar sem Snorri er með yngstu skáldum, Lögsögumannatal, sem beinlínis endar með honum. Og nú liggur fyrir að kanna hvort sennilegt er að skrifari þess handrits hafi bætt inn orðinu *arnarleir*.

Hvenær varð Edda til?

Þegar Elias Wessén skrifaði formála sinn að ljósprentun Gks 2367 4to, Konungsbókar *Snorra-Eddu*, árið 1940 dró hann upp afar skáldlega mynd af því hvernig Snorri hefði getað séð *Eddu* fyrir sér. Fyrir Wessén var það augljóst að *Edda* væri heildstætt listaverk sem hefði verið hugsað í einu lagi.¹⁸ Þessi skáldsýn varð ráðandi í rannsóknnum. Anne Holtsmark gerði hana að rómantísku ævintýri í formálanum að *Eddu*-efni í *Nordisk Filologi* árið 1950. Það hlýtur hún að hafa gert með samþykki meðritsjóra síns, Jóns Helgasonar, og þar með var tónninn gefinn fyrir norræna háskólastúdenta. Lýsing Holtsmark er allt of löng og ýtarleg til þess að unnt sé að birta hana í heild hér, en í stuttu máli gengur hún út á að Snorri kom heim frá Noregi 1220 og hóf skömmu síðar að yrkja Háttatal. Þá skildi hann að enginn myndi skilja kvæðið nema hann skrifaði skýringarnar (þ.e.a.s. þær sem fylgja með erindum Háttatals). Og þegar það var búið varð að skrifa Gylfaginningu til að skýra skýringarnar og loks formálann til að af-

¹⁷ Grape et al. 1977:37.

¹⁸ Wessén 1940.

saka Gylfaginningu. En þá sneri hann sér að því að skrifa Skáldskaparmál. Þau áttu að verða rammafrásögn eins og Gylfaginning, en Snorri sprakk á limminu.¹⁹

Þetta er líklega grundvallarmisskilningur. Við höfum engin rök til að telja *Snorra-Eddu* hugsaða sem heildstætt verk frá höfundarins hendi. Til þess að búa til Gylfaginningu þurfti hann að safna fjölda goðsagna og upplýsinga, kvæða og þulna. Til þess að búa til Skáldskaparmál þurfti hann 200–300 vísur og vísuparta, sem síðan þurfti að flokka. Sé nú um einn höfund að ræða og þá þann sama og skrifaði eða sagði fyrir *Heimskringlu* þá notaði hann þar líka nokkur hundruð vísur, en þær voru að allramestu leyti aðrar en þær sem hann notaði í *Eddu*. Höfundatalið var ekki sérlega ólíkt, en sjálfur korpusinn var geróflkur.

Skynugir fræðimenn eins og Sverrir Tómasson hafa bent á að *Edda* er þróunarverk, *a work in progress*.²⁰ Það er sífellt verið að endurvinnna hana og breyta. Þetta passar reyndar afskaplega vel við að hún er námsefni, *kennslubók*. Og kennslubækur er alltaf verið að endurvinnna og endurskrifa. Hver kennari vill sitt.

Áratug áður en Anne Holtsmark skrifaði formálann sem áðan var nefndur skrifaði Bjarni Aðalbjarnarson sinn gagnmerka formála að *Heimskringlu* I í *Íslenskum fornritum*. Þar benti hann á að einmitt á fyrstu árunum í Reykholti, og þó einkum eftir að ljóst var að ekki yrði af heimsókn til Hákonar galins, 1214, hefði Snorri haft gott tóm til fræða og hefði vel mátt semja *Eddu* nema Háttatal.²¹ Þetta er auðvitað hugleikur, en árið 1953 skrifaði Sigurður Nordal í *Nordisk kultur* VIII B:

Edda (Snorra-Edda) er det eneste af Snorris skrifter, der tilskrives ham i et bevaret haandskrift af selve bogen. Dens sidste del er Háttatal, afsluttet i vinteren 1222–23. At *Edda* er fuldført omkring denne tid, *men paa grundlag af ældre forarbejder* [leturbreyting mín], kan betragtes som nogenlunde sikkert.²²

Þetta virðist afskaplega skynsamleg ályktun. Það hlýtur að hafa tekið langan tíma að safna efninu og þó að *Edda* í þeirri mynd sem við þekkjum hana best úr útgáfum sé kannski ekki eldri en 1224–

¹⁹ Holtsmark 1950.

²⁰ Svo skil ég fróðlega greinargerð hans í Nýsköpun eða endurtekning? 1996.

²¹ ÍF XXVI:xxiv.

²² Sigurður Nordal 1953:219.

1225,²³ þá er ekkert því til fyrirstöðu að stórir hlutar hennar eða drög að þeim séu áratug eldri.

Vandinn er að við eigum ekkert fornt handrit. Bæði *Konungsbók* og *Uppsalaedda* virðast vera frá fyrstu áratugum 14. aldar. Forrit *Trektar-bókar* líklega frá svipuðum tíma. Brotin í AM 748 4to líka. *Ormsbók* mun yngri. En þá er líka hægt að fara í fleiri hugleiki.

Hér segir af hein

Heinar voru merkilegar að fornu. Það var hverjum sláttumanni nauðsyn að eiga gott brýni og meira að segja sagðar goðsögur af því hvernig *heinaberg* séu tilkomin. Í frægum bardögum er kastað eða skylmst með hein²⁴ og hún gegnir lykilhlutverki í goðsögunni um skáldamjöðinn í Eddu. Í frásögn *Konungsbókar* hittir Óðinn fyrir nú þræla og „tekr ... hein af belti sér“ og brýnir en notar síðan heinina til að espa þrælana hvern gegn öðrum svo allir liggja dauðir. Hér ber *Uppsala-Eddu* nokkuð saman við *Konungsbók* í meginatriðunum, nema að í hinni fyrrnefndu er frásögnin svona:

Hann fór [þa]r sem voru nú þrælar ok slógu hey. [H]ann bauð at brýna ljá þeirra. Hann tók [he]in úr pússi sínum ok gáfu þeir við höfuð sín. Síðan brá hverr ljánum á háls öðrum.²⁵

Nú er það kannski bitamunur en ekki fjár, hvort Óðinn hefur heinina við belti eða í pússi (poka, vasa). En það vill svo til að orðasambandið „taka hein úr pússi sínum“ kemur líka fyrir annars staðar. Sturla Þórðarson segir svo frá heimsókn Sighvats Sturlusonar til bróður síns, Snorra, í Stafaholt, þegar Sighvatur gerist friðarpostuli og vill tryggja að Snorri sláist ekki í lið með Lofti biskupssyni gegn frændum Björns Þorvaldssonar:

Snorri var heldur ófrýnn er Sighvatur kom í Stafaholt en þó samdisk vel með þeim bræðrum og skildu við það að lokið var liðveislu við Loft.

²³ Síðasti atburður sem nefndur er í Háttatali virðist vera eldri en 1223.

²⁴ Í *Snorra-Eddu* hefur jötunninn Hrungrnir hein að vopni (Faulkes 1998:21) og í *Víga-Glúms sögu* dreymir hetjuna að hann berjist við fjandmann sinn með *harðsteini*, sem mun einmitt vera brýni (*ÍF IX:70*).

²⁵ Grape et al. 1977:37; samræming mín.

En er Sighvatur kom vestur í Dala spurðu vinir hans hversu farið hefði með þeim bræðrum.

En Sighvatur segir að Snorri hefði öxi reidda um öxl svo hvassa að hann ætlaði að hvetvetna mundi bíta þá er þeir fundust. „Síðan tók eg hein úr þússi mínum ok reið eg í eggina svo að öxin var svo slæ að hló á móti mér áður við skildum.“²⁶

Hér hlýtur maður að syrja sig: Er það tilviljun að Sighvatur notar sama orðalag og við finnum í Uppsalaþók: „tók eg hein úr þússi mínum“? Í fyrra skiptið varð heinin manna bani heldur margra, í seinna skiptið dró hún allt bit úr öxinni.

Skáld í heiftarhug

Sumarið eftir heimkomu Snorra hefur Sturla um hann þau orð að „Líkaði honum illa spott það er Sunnlendingar höfðu gert að kvæðum hans.“ Þessi hugur birtist reyndar afar vel í vísu sem lang eðlilegast er að eigna Snorra, þótt Sturla fari um það óljósum orðum. Björn Þorvaldsson hefur verið veginn með spjótinu Grásíðu. „Voru þá kveðnar í Stafaholti vísur nokkurar“ segir Sturla og heldur áfram:²⁷

Þessi var ein:

Björn frá eg brýndu járn,
bragð gott var það, lagðan,
gerði Guðlaugr fyrðum
geysihark, í barka.
Auðkýfingr lét ævi
óblíðr fyrir Grásíðu.
Hvöss var hún heldr að kyssa,
harðmúlaðr var Skúli.

Ugglaust er það Snorri sjálfur sem kveður svo, og þá leynir sér ekki haturshugurinn. Nú notar hann sjálfur stefínuna sem varð kveikja níðsins, reynir að vega andstæðinginn eigin vopnum hans. Það eru svo gráglettin örlög sem láta Snorra gera helmingafélag lífs síns við ekkju Bjarnar skömmu síðar.

²⁶ *Sturlunga saga* 1988:269–270.

²⁷ *Sturlunga saga* 1988:269.

Lokahugleikur

Hér verður ekkert sannað. En það merkir ekki að óleyfilegt sé að smíða tilgátur og reyna að leiða að þeim rök. Það skal nú gert.

Orðið *arnarleir* kemur aðeins fyrir í einu handriti *Eddu*, DG 11, sem skrifað var í upphafi 14. aldar. Í öðrum handritum er talað um skáldfíflahlut.

Ekkert er því til fyrirstöðu að Snorri Sturluson hafi smíðað orðið *arnarleir* eftir hugmynd frá Þórarni stutfeldi, sem talaði um *leir ara hins gamla*.

Það virðist augljóst að nafnleysinginn sem þá sauð fyrir að yrkja nið um Snorra þekkti vísu Þórarins stutfelds. Hins vegar er líka alveg ljóst að háðið varð miklu beittara ef áheyrendur vissu að Snorri hefði búið orðið *arnarleir* til.

Það er sálfræðilega séð afskaplega ósennilegt að Snorri hafi sett orðið *arnarleir* í *Eddu* eftir 1220, þegar það hafði verið notað til að níða hann.

Það sem við teljum okkur vita um skrifara og ritstjóra DG 11 bendir til að skrifarinn hafi verið nákvæmur og ekki bætt við frá eigin brjósti. Ritstjórnin er greinilega höll undir minningu Snorra og Sturlunga almennt. Það væri ótrúlegt að menn hefðu þá bætt inn orðinu sem kallaði á niðvísuna um Snorra. Hafi *arnarleir* hins vegar staðið í forriti væri mjög líklegt að það fengi að standa.²⁸

Goðsögnin um skáldamjöðinn er miklum mun frumstæðari (og almennt lakari) í DG 11 en í Gks 2367 4to. Ég hef annars staðar reynt að sýna að það sé fásinna að reikna með að sagan í DG 11 sé smíðuð með því að aflaga hina frábæru frásögn í Gks 2367 4to.²⁹

Bræðurnir Sighvatur og Snorri (?) nota báðir orðasambandið að „taka hein úr þússi sínum.“ Þeir eru ekki aldir upp saman svo það er varla gerandi ráð fyrir að þetta sé „Sturlungabrandari,“ en þekki Sighvatur til Eddugerðar eftir Snorra þar sem Óðinn er látinn skapa stríðsástand með því að taka hein úr þússi sínum, þá verður skopið í sjálfshóli hans enn beittara en ella.

Ef Snorri hefur samið drög að *Eddu* áður en hann hélt til Noregs árið 1218 og skilið eftir á Íslandi, hafa eflaust einhverjir byrjað að

²⁸ Um vissa drætti í skrifaraeðli DG 11 höfum við Lasse Mårtensson skrifað í *Scripta Islandica* 2008. Síðan hefur Lasse bætt ýmislegu við í rannsóknnum sínum.

²⁹ Heimir Pálsson 2010.

nota þau sem kennslubók. Þar með gátu einstakar sögur og kenningar breiðst út.

Þetta er ekki vettvangur til að útskýra (í allöngu máli) hvernig mér dettur í hug að drögin að *Eddu* hafi verið endurunnin þangað til kom að gerðinni sem við þekkjum í DG 11. Um það vísa ég sumpart til ritgerðar minnar á DIVA.³⁰

HEIMILDIR

- Faulkes 1998. *Edda: Skáldskaparmál*. Edited by Anthony Faulkes. 2 bindi. [London]: Viking Society for Northern Research.
- Faulkes 2005. *Edda: Prologue and Gylfaginning*. 2. útg. Edited by Anthony Faulkes. [London]: Viking Society for Northern Research.
- Finnur Jónsson 1931. *Edda Snorra Sturlusonar*. Udgivet efter håndskrifterne af Kommissionen for det Arnamagnæanske legat ved Finnur Jónsson. København: Gyldendal.
- Grape et al. 1977. *Snorre Sturlasons Edda. Uppsalahandskriften DG 11*. 2. bindi. Transkriberad text och paleografisk kommentar av Anders Grape, Gottfrid Kallstenius och Olof Thorell. Uppsala: Almqvist & Wiksell.
- Heimir Pálsson 2010. „Tertium vero datur – A study on the text of DG 11 4to.“ *DiVA Digitala Vetenskapliga Arkivet*. Uppsala Universitet. <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:uu:diva-126249>.
- Holtsmark 1950. *Edda: Gylfaginning og prosafortellingene av Skáldskaparmál*. Utgitt av Anne Holtsmark og Jón Helgason. København: Munksgaard. (Nordisk filologi; 1).
- ÍF = Íslensk fornrit.
- Íslensk fornrit IX: *Eyfirðingasögur*. Jónas Kristjánsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1956.
- Íslensk fornrit XXVI: *Heimskringla* 1. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1962.
- Mårtensson, Lasse og Heimir Pálsson 2008. „Anmärkningsvärda suspensioner i DG 11 4to (Codex Upsaliensis av Snorra Edda) – spåren av en skriven förlaga.“ *Scripta Islandica* 59:135–155.
- Óskar Guðmundsson 2009. *Snorri. Ævisaga Snorra Sturlusonar 1179–1241*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Rask 1818. *Snorra-Edda, ásamt Skáldu og þar með fylgjandi ritgjörðum eptir gömlum skinnbókum útgefin af R. Kr. Rask*. Stockhólm.

³⁰ Heimir Pálsson 2010.

- Sigurður Nordal 1953. „Sagalitteraturen.“ *Nordisk kultur VIII B: Litteraturhistorie. B. Norge og Island: 180-273*. Udgivet af Sigurður Nordal. Stockholm: Bonniers.
- SKALD = Skaldic poetry of the Scandinavian middle ages.
- Skaldic poetry of the Scandinavian middle ages II: *Poetry from the kings' sagas*. Edited by Kari Ellen Gade. 2 bindi. Turnhout: Brepols, 2009.
- Skj. = *Den norsk-islandske skjaldedigtning*. Udgiven af kommissionen for det Arnamagnæanske legat ved Finnur Jónsson. 4 bindi. København; Kristiania: Gyldendal, 1912-1915.
- Sturlunga saga* 1988. 1–3. Ritstjóri Örnólfur Thorsson. Ritstjórn Bergljót Kristjánsdóttir et al. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Sveinbjörn Egilsson 1913–1916. *Lexicon poeticum antiquæ linguae septentrionalis = Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*. Forøget og påny udgivet ved Finnur Jónsson. København: Det Kongelige nordiske oldskrift-selskab.
- Sverrir Tómasson 1996. Nýsköpun eða endurtekning? *Gudamjöður og arnarleir*. Safn ritgerða um eddulist. Ritstj. Sverrir Tómasson. Bls. 1–64. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Wessén 1940. *Codex Regius of the Younger Edda MS. no. 2367 4to in the Old Royal Collection in the Royal Library of Copenhagen*. CCIMÆ XIV. With an introduction by Elias Wessén. Copenhagen: Munksgaard.

Eyþór Árnason

Fjögur ljóð

Unuhús

Ég geng oft framhá Unuhúsi

Einn daginn stoppaði ég,
hallaði mér upp að
rauðmáluðum fjölnum,
gróf mig inn í viðinn og hlustaði,
leit samt öðru hvoru upp til að vita
hvort snillingarnir köstuðu
ekki út bréfkúlum með andagift
sem þeir væru hættir að nota

Þarna dvaldi ég lengi,
fólk gekk hjá; menn með barnavagna
stígvélaðar konur á hraðferð

Þegar ég hrökk upp og lagði af stað heim
tók ég eftir því ég hafði fengið stöðumælasekt
fyrir að standa of lengi í innblæstrinum

Lopasokkar

Mamma þrjónar sokka
lopasokka
ættaða af íslensku sauðkindinni

Þetta dundar hún sér við yfir
ríkissjónvarpssnjónum

Sendir þá svo suður með næstu ferð
vafða inn í gamlan Mogga og
bundið um með gráu bandi

Ég bíð fótkaður á flísunum –
renni mér í sokkana og finn
fjárhúsylinn streyma um mig

Geng hlýjum fótum inn í nóttina
og dreymir bara gamla vini
sem hafa fylgt með í lopapráðunum suður:

Jag orkar inte mer, Karl Oskar! Jag dör!

21. júní 2000 og alltaf

Ég var staddur í miðnæturbliki
milli Gróttu og golfskálans
þegar sólin ákvað að
sökka frá mér

Þá kallaði ég örvæntingarfullur:
„Farðu ekki góða sól“
– gerði mér svo lítið fyrir og
söng hana aftur upp á himininn

Til hún héldist örugglega þar uppi
stal ég fiskitrönnum og sperrti undir
– svokallaðar sólstöður

Klæddi svo trönurnar með nautshúðum
og býð þér með í svett
meðan ekki hvessir

Í geisladrifinu

Í geisladrifinu er diskur.
Hann er fastur í drifinu

Diskur með smalaköllum

Ég hlusta á köllin
þekki kallana;
kofann í Hálfánartungum,
hávaðann í Stebba Hrólfs,
hlátrana og hringl í beislum

En ekki veit ég
hver hefur nennt að
burðast með upptökutæki
þarna frameftir!
– hef þó grun um að þar hafi
Jón Leifs verið á ferð með trektina –

Og það er haust í drifinu
ég losna ekki við köllin
haustköllin
þess vegna er svona mikið haust

Þess vegna er alltaf haust

Haukur Þorgeirsson

Hlíðarenda-Edda

Þessi stutta grein er tileinkuð minningu Kjartans
Ottóssonar, með þökk fyrir heilræðin.

Handrit Snorra-Eddu hafa verið rannsökuð nákvæmar og gefin út af meiri kostgæfni en flest önnur íslensk miðaldahandrit. Þannig eru til í ljósprentuðum og stafréttum útgáfum Konungsbók Snorra-Eddu, Trektarbók, Uppsalabók og Ormsbók. Eddubrotin sem oftast eru nefnd A, B og C eru einnig til í vönduðum útgáfum. Samanlagt gefa þessi handrit okkur býsna glögga hugmynd um texta Snorra-Eddu.

En eitt er það miðaldahandrit Eddu sem ekki hefur verið gefið út. Það ber safnmarkið AM 756, 4to og Kristian Kálund tímasetti það til 15. aldar.¹ Kálund hafði reyndar tilhneigingu til að ofmeta aldur handrita frá þessum tíma svo að ef til vill er ekki loku fyrir það skotið að það sé frá fyrri hluta 16. aldar.² Árni Magnússon fékk megnið af handritinu hjá Brynjólfi Þórðarsyni að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Mikið hefur týnst úr bókinni og þau 18 blöð sem eftir eru geyma aðeins hluta af texta Gylfaginningar og Skáldskaparmála. Handritið mun vera síðasta skinnhandrit Snorra-Eddu sem sigldi úr landi en Árni Magnússon komst yfir það 1705.³

Ástæða þess að handritið hefur ekki verið gefið út er að fræðimenn hafa talið það vera uppskrift á öðru varðveittu handriti, Ormsbók. Að vísu hafa fræðimenn fyrri tíðar stundum verið of fljótir að afgreiða handrit sem gagnslaus eftirrit og annað síðan komið á daginn en í þessu tilfalli held ég að lítið verði deilt um niðurstöðuna. Hlíðarendabók fylgir Ormsbók í næstum öllum lesháttum sem eru einkennandi fyrir það handrit, einnig þegar greinilegar villur og afbakanir eru í Ormsbók.

En það er vert að skoða sérstaklega kveðskapinn sem varðveittur er í Snorra-Eddu. Í Skáldskaparmálum er talsvert vísað í forn kvæði eftir nafngreind skáld, flest undir dróttkvæðum hætti. Í Gylfaginningu

¹ Kálund 1894:178.

² Kjartan benti mér á þetta. Sjá einnig Jón Helgason 1932:145.

³ Sverrir Tómasson 1996:6–9.

er hins vegar aðallega vísað í Eddukvæðin. Jón Helgason segir í útgáfu sinni á Eddukvæðum að í meginhandritum Snorra-Eddu séu stundum betri leshættir en hafi upphaflega staðið í texta Snorra. Þetta skýrir hann þannig að skrifarar handritanna hafi kunnað eitthvað í kvæðunum sem þeir skrifuðu upp og það hafi stöku sinnum haft áhrif á uppskriftina.⁴

Konungsbók, Ormsbók, Uppsalabók og forrit Trektarbókar hafa öll verið frá því um eða fyrir miðja 14. öld. En hvað með Hlíðarendabók frá 15. eða jafnvel 16. öld – getur verið að í henni reynist lesbrigði af þessu tagi? Ekki virðist Jón Helgason hafa verið trúður á það því að hann segir handritið ekki hafa neitt textafræðilegt gildi og tekur ekki nein lesbrigði úr því í útgáfu sína.⁵

En raunar er hægt að finna umhugsunarverða leshætti í Hlíðarendabók. Í Ormsbók er vísa úr Völuspá svona:

Skulu þar vaða
þunga straua
menn meinsvara
ok morðvargar.

Í Hlíðarendabók stendur hins vegar 'morðvarga' í síðasta vísuorði. Þetta minnir á texta Hauksbókar, en þar er vísan svona:

Sér hon þar vaða
þunga straua
menn meinsvara
ok morðvarga.

Hér gæti verið að ritari Hlíðarendabókar hafi kunnað vísuna í svipaðri mynd og hún er í Hauksbók og að það hafi haft áhrif á uppskriftina. Þetta er auðvitað ekki eina skýringin, hér gæti einfaldlega verið um pennaglöp að ræða. En lítum á annað dæmi og skýrara. Í Ormsbók er vísa úr Vafprúðnismálum svona:

Vígríðr heitir völlr
er finnast vígi at
Surtr ok hin svásu guð.

⁴ Jón Helgason 1962 I:ix.

⁵ Jón Helgason 1962 I:vii.

Hundrað rasta
hann er á hverjan veg,
sá er þeim völlr vitaðr.

Í Hlíðarendabók eru síðustu orð vísunnar *völlr of vitaðr*, skrifarinn hefur bætt við orðinu 'of'. Þessar línur eru skýrar og greinilegar í Ormsbók og þar er engin leið að mislesa 'of' inn í vísuna. Hérna virðist langlíklegast að sá sem hélt á pennanum hafi kunnað vísuna með 'of' í. Sú útgáfa er vísast gömul því að vísan er með sama hætti í Trektarbók. Einnig er svipað að orði komist í Hávamálum; *svá er þeim vilstígr of vitaðr*. Notkun fylliorðsins 'of' á undan lýsingarhætti þátíðar er algeng í fornum kvæðum og hefur sennilega verið regluleg á elsta stigi norrænu.⁶

Ef til vill má finna fleiri leshætti af þessum toga ef grannt er leitað. Þeir tveir sem hér eru sýndir skipta ekki miklu máli fyrir útgáfur á Eddukvæðum og þó væri rétt að geta þeirra í vönduðum textafræðilegum útgáfum. En hitt er líka athyglisvert í sjálfu sér að sá sem skrifaði Hlíðarenda-Eddu, e.t.v. um 1500, hafi kunnað eitthvað í Eddukvæðunum. Ekki verður vitað hvort sá lærdómur hefur komið úr bókum eða hvort kvæðin lifðu enn að einhverju leyti í munnlegri geymd. Það virðist ekkert ósennilegt við seinni möguleikann, til dæmis gætu vísur um ragnarök lengi hafa verið fólki minnisstæðar.

HEIMILDIR

- AM 242, fol (ljósmyndir á lýðnetinu)
AM 756, 4to (ljósmyndir á Stofnun Árna Magnússonar)
Edda Snorra Sturlusonar. Codex Wormianus. Am 242, fol. 1924. [Útg. Finnur Jónsson]. Kaupmannahöfn.
Edda Snorra Sturlusonar I–III. 1848–1887. [Útg. Sveinbjörn Egilsson, Jón Sigurðsson og Finnur Jónsson]. Kaupmannahöfn.
Jón Helgason. 1932. Nokkur íslensk handrit frá 16. öld. *Skírnir* CVI:143–168.
Jón Helgason. 1962. *Eddadigte I–III.* Kaupmannahöfn.
Kålund, Kristian. 1894. *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling.* Band 2. Kaupmannahöfn.
Kuhn, Hans. 1929. *Das Füllwort of-um im Altwestnordischen.* Göttingen.
Sverrir Tómasson. 1996. Nýsköpun eða endurtekning. *Gudamjöður og arnarleir.* Reykjavík:1–64.

⁶ Kuhn 1929:36, 70.

Konstantinos P. Kavafis

Tvö ljóð

Atli Harðarson þýddi

Myris – Alexandríu 340 e. Kr.

Þegar mér barst sú skelfilega frétt að Myris væri dáinn
fór ég heim til hans þótt ég forðist annars
að koma á heimili kristinna manna,
sérstaklega þegar þeir syrgja eða halda hátíðir.

Ég stóð á ganginum – kærði mig ekki um
að koma lengra inn því ég fann
að ættingjar þess látna horfðu á mig
með furðusvip og augljósri vanþóknun.

Þeir höfðu komið honum fyrir í stóru herbergi
og frá enda gangsins þar sem ég stóð var hægt
að sjá inn í hluta þess, allt lagt dýrum teppum
og pottar og kirnur úr silfri og gulli.

Ég stóð og grét í enda gangsins
og hugsaði um allar samkomur okkar og ferðir,
hvað þær yrðu lítils virði hér eftir, án Myrisar,
og ég hugsaði um að ég sæi hann aldrei framar
á dásamlegu og lostasömu næturgöltrí okkar,
fagnandi, hlējandi og mælandi fram vísur
með fullkominni tilfinningu fyrir hellenskri hrynjandi;
og ég hugsaði um hvað væri að eilífu glatað,
að fegurð hans væri að eilífu glötuð
þess unga manns sem ég tilbað af þvílíkum ofsa.

Rétt hjá mér voru gamlar kerlingar sem töluðu
í hálfum hljóðum um síðustu dagana sem hann lifði –
stöðugt með nafn Krists á vörum
og greiparnar spenntar um krossinn. –

Svo komu fjórir kristnir prestar
inn í herbergið og þuldu bænir
af tilfinningahita og ákölluðu Jesú
eða Maríu (ég veit ekki mikið um trú þeirra).

Við vissum auðvitað að Myris var kristinn.
Okkur var raunar kunnugt um það frá því fyrsta
þegar hann gekk í hóp okkar í hitteðfyrra.
En hann lifði að öllu leyti eins og við,
mesti nautnaseggurinn af okkur öllum;
sóaði peningum sínum óspart í skemmtanir.
Hann lét sig einu gilda hvað fólki fannst
og þegar hópurinn rakst fyrir tilviljun
á fjandsamleg gengi hellti hann sér
af ákafa í óeirðir næturinnar.
Hann talaði aldrei um trú sína.
Reyndar sögðumst við einu sinni
ætla að taka hann með okkur í Serapion.¹
Ég man það nú að það var eins og honum
líkaði ekki að við værum að gantast með þetta.
Og núna koma tvö önnur skipti líka upp í hugann:
Þegar við færðum Póseidoni dreypifórn
vék hann afsíðis og leit undan;
Þegar einn okkar sagði með ákefð,
megi félagsskapur okkar
njóta verndar og velþóknunar hins mikla,
hins alfagra Apollons – þá hvíslaði Myris
(hinir heyrdðu það ekki) „að mér undanskildum.“

Kristnu prestarnir báðu hárrí röddu
fyrir sál hins unga manns. –
Ég fylgdist með hve vandlega
og af hvílkri kostgæfni þeir gættu þess
að fylgja helgisiðum trúar sinnar
þar sem þeir undirbjuggu kristilega útför.
Og ég var skyndilega altekinn kynlegri

¹ Serapion var hof sem Ptolemaeus þriðji lét byggja á þriðju öld fyrir Krist. Það var stærst allra grískra helgistaða í Alexandríu og helgað guðinum Serapis sem talinn var verndari borgarinnar.

tilfinningu. Með óljósum hætti fannst mér
 eins og Myris hyrfi úr návist minni;
 Mér fannst eins og sá kristni sameinaðist
 sínum eigin og *ég yrði framandi, algerlega framandi*;
 Mér þótti líka einhver vafi lykjust um mig:
 Hafði ég ef til vill látið blekkjast af ástríðu minni
 og *alltaf* verið honum framandi. –
 Ég þaut út úr þessu skelfilega húsi, flýtti mér burt
 áður en kristindómur þeirra hrifsaði til sín
 og afskræmdi minninguna um Myris.

Einn af guðum þeirra

Þegar einn af þeim gekk yfir markaðstorgið í Selevkíu,
 um það leyti sem kvöld lagðist yfir, eins og unglungur,
 hár vexti og svo fagur sem mest getur verið,
 með gleði óförgengileikans í augunum
 og ilm í svörtum lokkum,
 þá litu vegfarendur upp
 og spurðu hver annan hvort nokkur þekkti hann
 og hvort hann væri sýrlenskur Helleni eða útlendingur.
 En fáeinir sem tóku betur eftir
 skildu hvers kyns var og viku til hliðar;
 og þegar hann hvarf undir súlnagöngin
 inn í ljós og skugga kvöldsins
 í átt að borgarhluta sem lifnar aðeins um nætur,
 þar sem er svall og munúð
 og hvers kyns ölvun og frygð, þá varð þeim
 umhugsunarefni hver af þeim hann gæti verið
 og hvaða grunsamlegu skemmtanir
 hann sækti niðri á götum Selevkíu, fjarri þeim
 dýrðlegu söllum sem mest eru í hávegum hafðir.

Úlfar Bragason

Mirsa-vitran

Rímur kveðnar af Hólmsfríði
Indriðadóttur á Hafralæk

Nausti' úr hrekst minn Kjalars knör,
hvernig tekst það reynslan skýrir;
hratt fram ekst hans ekki för
af því sextug kerling stýrir.

Eins mun fara um Fjalars drykk,
finnst hann spar í hyggjusjóði;
öld mig bara ætlar gíkk
ef eg Hjar[r]ands staupið ljóði.

Óð því syng eg sjálfri mér
sinnis ringa' ef mætti ama;
minn jafningi' ef einhver er
eyða þvingun kann við sama.

Skemmtin kvæði skapa ró,
skýr uppræðing yndi veldur,
betri' úrræði þurfum þó
þegar glæðist mótgangseldur.

Svo hefst þriðja ríma um *Mirsa-vitran* sem Hólmsfríður Indriðadóttir, húsfreyja á Hafralæk í Aðaldal orti þegar hún var um sextugt. „Ekki fer allt eftir aldrinum“, segir máltækið. Það sannaðist á Hólmsfríði en þegar hún setti saman rímurnar um *Mirsa-vitran* bjóst hún við að líf sitt væri á enda. Hún varð hins vegar allra kerlinga elst. Þegar hún lést komin á níraðisaldur árið 1885 hafði hún verið tekin í röð alþýðuskálda.¹ Hún hafði einnig innprentað nýrri kynslöð afkom-

¹ *Íslenskar æviskrár* (1978:376); Finnur Sigmundsson (1966:69).

enda sinna ást á kveðskap og sögum, gaf m.a. Sigurjóni Friðjónssyni, sonarsyni sínum, *Snorra-Eddu* útgáfu Sveinbjarnar Egilssonar í tannfé.

Hólmfríður var fædd á Grænavatni í Mývatnssveit 1802 en ólst upp í Baldursheimi og á Þverá í Reykjahverfi þar sem foreldrar hennar bjuggu. Þótt þau væru bjargálna mun Hólmfríður ekki hafa notið annarrar uppfræðslu en í lestri og barnalærdómi. Hún mun hins vegar hafa lært að skrifa fullorðin. Árið 1829 giftist Hólmfríður Jóni Jónssyni frá Hólmavaði. Voru þau hjónin fyrst í húsmennsku þar en bjuggu síðan um 26 ára skeið á Hafralæk. Þau áttu tíu börn en aðeins fimm náðu fullorðins aldri.²

Ung orti Hólmfríður ásamt Sigurlaugu, systur sinni, rímnaflokk eftir *Armanns sögu* (til í hdr.) og annan um Þorstein bæjarmagn (Lbs. 2747, 8vo). Þetta hafa þótt nokkur tíðindi því að í sóknarmannatali Grenjaðarstaðar í Suður-Þingeyjarsýslu stendur skrifað m.a. um húsvitjun á Þverá í Reykjahverfi 1837: „Dætur bóndans hafa orkt rímur af Ármans S. og Þorst. Bæarmagn.“³ Þá var prestur á Grenjaðarstað sá annálaði lærdómsmaður, Jón Jónsson (1772–1866), faðir Guðnýjar skáldkonu í Klömbur, og hefur honum þótt rétt að færa þennan fróðleik til bókar. Síðar á lífsleiðinni mun Hólmfríður hafa ort rímur um Parmes loðinbjörn og aðrar út af *Blómsturvalla sögu*.⁴

Í húsvitjun á Hólmavaði í Nessókn 1830 er Hólmfríði gefin sú einkunn að hún sé „lesandi“ og önnur kunnátta „í meðallagi“. Árið 1840 á Hafralæk er sagt, að hún sé skýr og „vel að sér“ og næsta ár prýðilega læs og gáfuð.⁵ Enn seinna er sagt að hún sé „vönduð, háskýr, vel að sér“.⁶ Sonarsonur Hólmfríðar sagði um hana að hún hefði verið „hæglát kona, skynsöm og skáldmælt.“ Hafi hún ort mikið af tækifærisvísium þrátt fyrir að hún hafi verið orðin gömul þegar hann mundi eftir henni og „kunni feiknin öll af kvæðum og versum, veraldlegs og trúarlegs efnis“.⁷

Hólmfríður og Jón, maður hennar, munu hafa búið við fátækt á Hafralæk. Guðmundur Friðjónsson á Sandi, sonarsonur Hólmfríðar, sagði í kvæðinu Amma mín sem hann orti um hana:⁸

² Indriði Indriðason (1969:261).

³ Sjá Úlfar Bragason (1973).

⁴ *Íslenskar æviskrár* (1978:376).

⁵ Sjá Úlfar Bragason (1973).

⁶ Sjá Konráð Vilhjálmsson.

⁷ Erlingur Friðjónsson (1959:108).

⁸ Guðmundur Friðjónsson (1955:191–93); sjá ennfremur Úlfar Bragason (2005).

Með ómagahóþinn við brjóst þitt og bak
þú barðist með hugrekki glöðu,
og undarlegt var það, hve upprétt þú stóðst
í einyrkja búkonu stöðu.

Hann minnst á *Ármanns rímur* þeirra systra en leggur mesta áherslu á að menntunarþrá ömmu sinnar hafi beinst að alheims áforminu og framtíðarlandinu:

Í hillingalandinu handan við gróf
var hugur þinn jafnan í förum,
og skáldmæltá sálin þín barnshuga-bljúg
með bænækni og mannást á vörum.

Í því ljósi má skoða rímur Hólmfríðar um *Mirsa-vitran*.

Rímurnar eru þrjár, varðveittar í tveimur handritum, sem bæði má rekja til niðja Hólmfríðar. Annað handritið skrifaði Halldór Friðjónsson (1882–1959), sonarsonur hennar, í kompu sína (HF). Hið er komið úr fórum Indriða Þórkelssonar (1869–1943), innbundið með sálmauppskriftum (IP). Kristín Friðlaugsdóttir (1875–1955), kona Indriða, var sonardóttir Hólmfríðar. Óvíst er hverjir hafi skrifað þetta handrit en a.m.k. þrjár hendur virðast á því. Ekki er vitað um sögu handritanna tveggja að öðru leyti eða samband þeirra. En líklega eiga þau rætur að rekja til sama forrits. Það vantar t.d. í mansöng fyrstu rímu á sama stað í báðum handritum, eina vísu eða fleiri. Texti rímnanna er að mestum hluta eins í þeim báðum nema þar sem mislesið hefur verið í öðru hvoru á nokkrum stöðum. Geta þau því bætt hvort annað upp. Mansöngur annarrar rímu er þó sex vísium lengri í IP. Rímurnar eru því alls 178 erindi í HF en 184 erindi í IP.

Eins og kemur fram í erindunum sem vitnað var til að framan segist Hólmfríður einkum yrkja sér sjálfri til hugarhægðar. Í 75. erindi þriðju rímu er þó sagt að Þorgerður Markúsdóttir hafi beðið um rímurnar. Líklegt er að þetta sé Þorgerður sú sem var húskona í Hafralækjargerði um það leyti sem rímurnar voru ortar en í 72. erindi segir að það hafi verið árið 1861 (á titilsíðu HF er sagt 1860). Eiginmaður Þorgerðar, Þorsteinn Þorsteinsson, lést á Hafralæk 1862 öreigi.⁹ Óvíst er hvers vegna Þorgerðar er getið sem rímnabeiddanda

⁹ Sjá Konráð Vilhjálmsson.

en ekki er ósennilegt að efni *Mírša-vitránar* hafi verið henni til hugarhægðar í lífsbaráttuni ekki ósvipað og Hólmsfríði.

Eins og vani var rímnaskálda beitti Hólmsfríður mismunandi háttum á rímurnar þótt það sé greinilega ekki aðalatriðið. Fyrsta ríma er ferskeytt hringhenda. Önnur ríma er undir braghenduhætti, bak-sneitt. En sú þriðja er hringhend nýhenda. Skáldamálið er heldur ekki flókið, algeng heiti notuð og helst að skáldskapurinn sé kenndur í mansöngshlutunum en karl og kona annars. Enda kemur það fram í mansöng þriðju rímu að það hefur verið stefna skáldins að yrkja „óflúrað“.

En það sem skipti skáldkonuna mestu var innihald *Mírša-vitránar*. Nú er ekki vitað hvar Hólmsfríður fann efni þessarar leiðslu. Langlíklegast er að hún hafi fylgt frásögn sem hún hafði lesið, svipað og þær systur gerðu þegar þær snéru *Ármanns sögu* í rímur og fylgdu þá sögunni nákvæmlega. Ekki er þó fyrir að synja að henni hafi vaxið ásmegin við vísnaverð frá því hún var ung. Efnið gæti einnig hafa verið henni hjartfólgna en í rímunum um Ármann eða aðra kappa enda sagt að hún hafi verið mjög trúuð kona.¹⁰ Hún hafi því ekki verið jafnbundin fyrirmyndinni og þegar þær systur ortu *Ármanns rímur*.

Breski rithöfundurinn Joseph Addison (1672–1719) skrifaði *The Vision of Mirzah* og birti í tímariti sínu *The Spectator*, 1. sept. 1711.¹¹ Þessu blaði var ætlað að færa þekkinguna úr kimum bókasafnanna, skólanna og lærdómssetrana til almennings í klúbbum, fundarherbergjum og kaffihúsum. Addison varð víðfrægur af hugunum sínum.¹² Áhrifa þeirra gætti víða í Evrópu, m.a. hjá Ludvig Holberg.¹³ Addison var einnig þekktur á Íslandi á dögum Hólmsfríðar þar sem brot af greinum hans um *Paradísarmissi* Miltons höfðu verið birt í Lærdómslistarfélagsritunum og Jónas Hallgrímsson hafði þýtt kvæði hans „Divine Ode“ en hvortveggja hafði upphaflega birst í *The Spectator*.¹⁴ Sagt er að Hólmsfríður hafi kunnað *Paradísarmissi* í íslenski þýðingu Jóns á Bægisá utan bókar svo að hún hefur líklega komist í rit Lærdómslistarfélagsins.¹⁵

¹⁰ Þóroddur Guðmundsson (1950:109).

¹¹ *The Spectator* (1965:121–26).

¹² *The New Encyclopædia Britannica* I (1985:91–93).

¹³ Jensen (1983:229).

¹⁴ Ringler (2002:415).

¹⁵ Þóroddur Guðmundsson (1950:109).

En þótt textinn, sem Hólmfríður Indriðadóttir að öllum líkindum lagði út af, geti hafa verið undir áhrifum frá hugun Addisons er það samt ekki hún sem skáldkonan fer eftir þótt efnið stefni að því sama – lýsa gæsku og syndum manna hér á jörð og framtíðarlandinu annars heims. Í leiðslu Addisons liggur leið manna yfir mikla brú sem margir falla af á leið til hamingjulandanna þar sem hinir hólpnu gista. Í rímum Hólmfríðar er ekki minnst á þessa brú heldur er Mirsa fylgt í draumi frá Efratfljóti yfir vötn, um dali og upp í fjöllin að miklu musteri þar sem honum eru leidd fyrir sjónir ill- og góðverk manna, snauðra og ríkra, og sannleikurinn um sælureit hinna hólpnu:

Flöt eg þá mjög fagra sá,
fögur ná þar blómin gróa,
tré mjög há og hunang á,
hvurt nam stráíð ilma og glóa.

Þrátt fyrir talsverða leit og eftirgrennsan erum við litlu nær hvaðan kerlingu á útnára í Þingeyjarþingi barst frásögnin úr gósenlöndum Vestur-Asíu. Efnisval hennar sýnir þó að ýmislegt rak á fjörur hennar. Þrátt fyrir aldur ýtir hún Kjalars knerri úr nausti með kímnisglampa í augum og sanna trú í hjarta. Ekki fyrr en búið er að grafa upp textann sem Hólmfríður snéri í ljóð verður fullvitað hver árangur erfiðis hennar varð.

Hér á eftir fylgja rímur Hólmfríðar Indriðadóttur um *Mirsa-vitran*. Farið er að mestu eftir handriti Halldórs Friðjónssonar (HF) en þó er textinn leiðréttur á stöku stað með hliðsjón af IP, þar sem um augljósan mislestur eða pennaglöp er að ræða, án þess að það sé tekið sérstaklega fram. Vísurnar sex, sem IP hefur umfram í mansöng annarrar rímu, eru teknar með og birtar innan hornklofa.

HEIMILDIR

FRUMHEIMILDIR:

Hólmfríður Indriðadóttir. *Mirsa-vitran*. Hdr. Halldórs Friðjónssonar, í einkaeign.

Hólmfríður Indriðadóttir. *Mirsa-vitran*. Hdr. úr eigu Indriða Þórkelssonar, í einkaeign.

AÐRAR HEIMILDIR:

Erlingur Friðjónsson. 1959. *Fyrir aldamót*. Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Reykjavík.

- Finnur Sigmundsson. 1966. *Rímnatal*. II. b. Rímnafélagið, Reykjavík.
- Guðmundur Friðjónsson. 1955. *Ritsafn*. V. b. Prentverk Odds Björnssonar, Akureyri.
- Indriði Indriðason. 1969. *Ættir Þingeyinga*. I. b. Helgafell, Reykjavík.
- Íslenskar æviskrár. 1978. Viðbætur við V. b. Jón Guðnason tók saman. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Jensen, Johan Fjord o.fl. 1983. *Dansk litteratur historie*. IV. b. Gyldendal, Kaupmannahöfn.
- Konráð Vilhjálmsson. *Þingeyingaskrá*. Ljósprentað hdr. Þjóðskjalasafn.
- The New Encyclopædia Britannica*. 1985. I. b. 15. útg. Encyclopædia Britannica, Chicago.
- Ringler, Dick. *Bard of Iceland*. 2002. University of Wisconsin Press, Madison.
- The Spectator*. 1965. Ritsstj. Donald F. Bond. II. b. Clarendon, Oxford.
- Úlfar Bragason. 1973. *Armanns rímur eftir Hólmsfríði og Sigurlaugu Indriðadætur*, BA ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Úlfar Bragason. 2005. „„Amma mín“: Kvæði Guðmundar Friðjónssonar á Sandi.“ *Heimur ljóðsins*. Ritsstj. Ástráður Eysteinnsson o.fl. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. Bls. 294–302.
- Þóroddur Guðmundsson. 1950. *Guðmundur Friðjónsson: Ævi og störf*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Hólmfríður Indriðadóttir

Rímur af Mirsa-vitran

Fyrsta ríma

46 erindi. Ferskeytt, hringhent

1

Hjals af *strindi* ýta óð
allri hryndi mæðu.
Það er yndi og unan góð
um að mynda ræðu.

[Hér vantar í skv. báðum hdr.]

2

Mín óhög skal mála grein
mansöngs bögu þagna.
Togast fögur frásögn ein
fram af drögum sagna.

3

Yndi brjála síst kann sál
sól þó nála ræði,
grein formála síst forsjál
sóns af skála flæði.

4

Lýðs til segir letrið þar
löstum megi dylja,
fagra um vegi forsjónar
fyrst þá ei kann skilja.

5

Einn um metinn *álma staf*
efnið getur kvæða,
Mirsa hét, en ætt hans af
ei vill letur fræða.

strind hjals: tunga
sól nála: kona
stafur álma: maður

6

Hér upp fræðist þjóðin þekk.
Þegninn ræðir tjáður:
„Eg um svæði eitt sinn gekk
af hugmæði þjáður.

7

Öll í blóma unun stár,
angurs dróma lúði.
Sinn kvöldljóma sólin klár
sendi *Óma brúði*.

8

Hennar glansi gaf til sanns
gleði stansa öngva.
Dýrin lands og fugla fans
frömdu dans og söngva.

9

Vatnsins bökkum Efrats á
af mér flökkun nærðist.
Ég geðklökkur einn var þá,
að kvöldrökkur færðist.

10

Mitt tók ræða *rænu ker*
Raunar færðir trega –
Oss vill mæðu mæðan hér
mikið hræðilega.

11

Von er þrengi þjóðum hér
þrauta strengir hörðu,

brúður Óma: jörð
ker rænu: munnur

fyrst að enginn umsjón lér
aumu mengi á jörðu.

12

Efnið smíðar ófögnuðs
á lífstíða vegi.
Séð hér fríða forsjón Guðs
fær til lýða eigi.

13

Illur sínar óskir hlaut,
er þeim þína fjærri.
Hinna dvínar þó ei þraut,
þeir tortýnast nærri.

14

Eg fékk sest við *silungs dý*,
særður mestum trega.
Þjóð af sést sú elfa í
Asíu vestarlega.

15

Pálmaviði vænum hjá
valdi bið ónauma.
Hryggðar kliðinn hefti þá,
að horfa' í iðu strauma.

16

Flest í kyrrð – að sínum sið –
setti óstirð um tíma;
þó eg yrði var ei við
vanginn byrgði *gríma*.

17

Með skyndingu' á *Miðjungs drós*
mýktust þvingun harma;
mig í kringum lýsti ljós
líkt óringum bjarma.

18

Hræðslu grandíð fljótt eg fann,
fljótt þó blandið gæðum

dý silungs: á
gríma: nótt
drós Miðjungs: jörð

Upplítandi eg sá mann
á skínandi klæðum.

19

Raust eg óma heyrði hátt,
hún svo róma náði:
„*Hvarma ljóma* lyftu upp brátt
lundur skjóma þjáði“

20

Dýrstan *hal* eg heyrði þá
hýrt án dvalar ræða:
„Eg er *sala sólar* frá
sikling, – skal þig fræða.

21

Hátt mér pund er himneskt léð,
hef ástundun fróma.
Helgri undrun hæstri með
hans ígrunda dóma.

22

Kvörtun þína heyrði hann,
hryggð því tyn með skyndi.
Þér að sýna sannleikann
segi' eg mín erindi.“

23

Himins smíðar hýr tók þjón
hönd í liðugt mína,
leiddi' án biðar létt um frón
ljúfur hlið við sína.

24

Dalur og fljótið faldist mér;
ferð var skjótleik búin.
Fjalls hjá rótum eg þá er,
ekki hótíð lúinn.

25

Frjó ei gæði fjallið bar,
furðu hæðin myndar;

ljómi hvarma: auga
lundur skjóma: maður
halur: maður
siklingur sólar sala: guð
smíður himins: guð

Oríons svæði eg sá þar
að þess næðu tindar.

26

Geisla sjós það blóma bar
björtu af ljósi stjarna.

Engill hrós með ununar
enn lét glósu hjarna:

27

„Yfir fara fjall ei neinn
frægð svo rara hefir,
utan *hari engla* hreinn
orku þar til gefi.

28

Fjalli' af háu heilagar
hans ráðs ályktanir,
eflaust sjáum umgirtar
Alvalds dásemd vanir.“

29

Nærðist yndi nú með dug
næsta í skyndi liðum;
eins og myndi fuglinn flug
frá því strindi' er biðum.

30

Var sem hræring hreyfðist sú
hægum blær í vindi,
sem léttfæri fuglinn nú
fjalls á bærisk tindi.

31

Efld mín sansa unun var.
Allt mig glansar kringum.
Stjörnum lands af ljóma þar
ljósa kransi óringum.

32

Meður fríðum fylgjara
fróns á víða eyri,
leið eg síðan léttfara
leit þar prýði meiri.

_____ *hari engla*: guð

33

Það frábæra fegurð bar
frón með skæra kjarna.
Ástand kærú eilífðar
eg hélt væri þarna.

34

„Aðgæt sannri álúð með,“
engill vann svo mæla,
„forlaganna færðu séð
flötinn þann inn skæra.“

35

Svo mér dró að sjónum nýtt,
samt á þróast vandi,
leið sér grófu um láðið frítt
lækir óteljandi.

36

Nú með sanni enn þá ein
undrun vann mig spenna,
þeir hver annars gegnum grein
gjörðu þannig renna.

37

Gang með snilli þreyttum þá
þessa um gyllivega;
blóma milli' og bekkja smá
bærðumst stillilega.

38

Lækir þéttir utan ef
iða um þetta svæði.
Rósa settum sem í vef
sjálega fléttast þræðir.

39

Straums eg iðu upprás sá
alla í miði dalsins,
umkring niðar allt þar frá
út til hlíða fjallsins.

40

Strauma fallið lagað lá,
– létt það galli meinast –
þeir svo allir iðað fá
inn í fjallið seinast.

41
Frægur sá er fylgd nam ljá
fótum þá að snéri.
Dýrri má á dýra lág
dýrðlegt sjá musteri.

42
Engill fróður fríða slóð
fögrum tróð að salnum;
skærri *móðu* mætri *glóð*
miðjum stóð í dalnum.

43
Saffirs á hann stólpum stóð
strjálaði frá sér ljóma,
allt eins þá og alskír rjóð
árla stáir blóma.

glóð móðu: gull

44
Slíka þrýði fann ei fyr,
firrtur kvíða stórum
opnast fríðar eg sá dyr,
inn þar síðan fórum.

45
Aftur lykja síðan sig.
Síst nam hika' inn fríði
inn þar stíkar lystilig
ljóss hvar blikar þrýði.“

46
Læt eg fríða halinn hér
hússins þrýði skoða.
Stirðan býð eg braginn þér
bríkin víðis roða.

brík víðis roða: kona

Önnur ríma

56 erindi. Braghent, baksneitt

1
Eg þess get að, *auðar hlið*, þig eftir langi
ljóða gígju eg stilli strengi,
stefja grein svo aðra tengi.

[Ljóða söngur lítið sá mun lífga yndi.
Nýráðs fugl sem náms í landi
nöldra vill minn hálfsofandi.

Mótgangs djúpi oft sér af þó ætti lyfta.
Smáa hér til hafi krafta
helst mér finnst hans eðli skapta.

Æðri krafta þar til þarf að þrykkist mæða.
Svo að njótum sannrar gleði
sem að getum drottin beðið.

hlið auðar: kona
fugl Nýráðs: skáldskapur

Ef oss vörpum uppsprettu til alls ins góða.
Þegar lífsins þrengir mæða
þýð upp rennur sólin gæða.

Sól forlaga lýsir oss í langri reisu.
Vegurinn sem verða kjósum,
verður yndis skreyttur rósum.

Byrgist þetta blíða skinið böls af éljum.
Mannsins reikna skuld það skulum
skeða af vorum hug hvikulum.]

2

Sælu hæða sunnu til ef sífellt mæna
sálar gjörir sjónin fína,
síst oss mundi huggun dvína.

3

Nábeðs vegi nokkur á þó neyð oss þreyti,
sálar hægðum síst það róti
sæl því eilífð brosir móti.

4

Styðji guðdóms styrkur oss þó stríð hér þreytum,
Kristí unda að svo njótum
og kórónu dýrðar hljótum.

5

Enda eg mansöng, eitthvað því nú ætti þvogla,
við svo Mönduls vakni hugla
vorsöngvana *Óðins fugla*.

6

Venda' að efni vil eg mína vísnasmíði.
Máske glaðri *menja heiði*
af masi þessu verði leiði.

vegur nábeðs: æviskeið
fugl Óðins: skáldskapur
heiður menja: kona

7

Bjóða áður *Hárs* eg hætti *hornaseyru*,
sem *reisendur* sóma stóru
sjálegt inn í húsið fóru.

8

„Hér nú læra skaltu skjótt að skynja hraður,“
Mírса segir, „mig við fróður
mál svo vakti reisubróður.

9

„Efasemdir allar þínar eru rangar
á Guðs forsjón, *eyðir hringa*,
er þig sjálfan gjörðu þvinga.“

10.

Snart mín augu síðan sá, en sjónin ringa
missti búans *sunnu sala[r]*,
sem var horfinn nú án dvalar.

11

Kristals undir klárri nam eg hvelfing vera.
Í húsinu eg sá dýra
altari með fegurð skýra.

12

Eg sá loga yfrið bjart á altarinu.
Ljósín skæru *lægis funa*
ljómuðu upp hvelfinguna.

13

Ótti og lotning líka fyllti lundu mína,
eg því hné með orku lina
altaris á fótскörina.

14

Bljúgur fyrir baðst eg þá, en brátt þó heyrði
til mín sætt með raustu skærri:
„Renn þú, Mírса, sjón frábærri.“

hornaseyra Hárs: skáldskapur
reisendur: ferðalangar
eyðir hringa: maður
salur sunnu: himnaríki
lægis funi: gull

15

Brá eg við og brátt á renndi *brúnasteinum*.
Sprund í björtum blóma fínum
 barn eitt vafði örmum sínum.

16

Pálmaviðar eik hjá er með unga soninn.
 Kærleik af sú *auðar reinin*
 ávallt leit á fagra sveininn.

17

Að hárlökkum lék sér hans með ljúfu geði.
 Höfgi svefns á *svinna* brúði
 seig, er hennar augu lúði.

18

Blysin sjónar byrgjast lætur *bróðir dauða*.
 Höfuð beygði *skorðin skríða*
 skæru að brjósti sveinsins prúða.

19

Hann upp rétti handlegg sinn um hálsinn móður,
 honum með kom halur fríður
 höggorm við, sem tréð upp skríður.

20

Hrökk úr trénu *gargan* greitt, en grimmd með stríða,
 barnið til hann bítur nauða
 beiskan svo það kenndi dauða.

21

Þegar sá eg svona deyja sveininn dýra,
 ýfast tók mín angurs bára,
 ekki gat eg bundist tára.

brúnasteinn: auga
sprund: kona
eik pálmaviðar: kona
rein auðar: kona
svinnur: ágætur
blys sjónar: augu
bróðir dauða: svefn
skorð skríða: kona
gargan: skrifli (hér: höggormur)

22

„Hvers mun gjalda saklaus sveinn?“ eg sögn nam laga
„Móðir skuli meður trega
missa hann svo hryggilega.“

23

Helga þá eg heyrði til mín hljóma raustu:
„Vend þér, Mirsa!, við og lestu
vel að gá með sinni hresstu.“

24

Við eg snérist, gætti glöggt þess gjöra skyldi.
Las eg þá og lítið dvaldi
letur eitt á brúnu spjaldi.

25

„Móðirin hlóð á höfuð barnsins hættum skaða:
syndinni, sem mest kann meiða
mann og allri gæfu sneiða.“

26

Of miklu með eftirlæti ást af sinni
gjört hún hefði svo með sanni
saklaust barn að vondum manni.“

27

Eg við snérist aftur þá og enn vil gæta
málverksins, sem mig nam þreyta.
Mér ei dugði þess að leita.

28

Annað komið í þess stað leit eg með hasti.
Aumstaddur með auðnu bresti
Afdalla, minn vinur besti.

29

Sárfátækur sínum hann á sóttarbedi
liggur nú og lúðist mæði
litverpur með tötrug klæði.

30

Eg hans fimm leit ungu börn hann allt í kringum.
„Okkur gefðu að eta svöngum.“
Æptu þau með hryggðarsöngvum.

31

Fríðleiki var farinn þeim og fegurð augna.
Engdu skorts og veiki vegna
vesöl sig með angist meгна.

32

Ekki gat eg á horft þeirra eynd með sanni.
Ásjónu hélt eg því minni
altaris að fótскörinni.

33

„Aftur, Mírsa!, upplít þú,“ nam andinn ræða.
„Dæmdu rétt og rýmdu kvíða.“
Reisti' eg mig og vildi hlýða.

34

Eg sá börn míns eðla vinar, öll nú stóðu
gröf hans kring með geði' óþjáðu
glöð á hana blómum stráðu.

35

Skrautbúin nú minntust mest á mennt og dáðir,
er faðir hafði þeirra þýði
þeim innplantað geðs um hlíði.

36

Gröfinni svo gengu frá með geðró þýða.
Frómum léði fylgd án biðar
fólksgrúi á báðar hliðar.

37

Lýðurinn veitti vinsemd þeim og viðkvæmustu
ástsemd, líka lotning bestu,
landsins eins og börnum mestu.

38

Sýn við þessa sorgarský mér sýndust farin.
Heil þá fundust hryggðar sárin
heit mín runnu gleðitárin.

39

Að spjaldinu hratt eg hugði hinu skæra,
leit eg á þess letur dýra,
las þau orð er þannig skýra.

40

„Brátt þíns hefðu besta vinar börnin góðu
drambsöm orðið auðinn viður
og því skorti hagað miður.

41

Þannig koma niður nær á niðjum fríðu,
dyggðin fagra dáða föðurs
dýrari' er en *sunna löðurs*.“

42

Meðan þessi skemmti skýr mér skoðun vina,
kristals eg í hvelfinguna
klára leit með hreyfing *muna*.

43

Tarik eg og Tírsa sá er tryggðum sættu.
Blíð með dyggða blómgar gnóttir
bróður sæla mín[s] var dóttir.

44

Hjartadyggðug hjón í sínu húsi dvöldu.
Gjafir þau með geði mildu
greiddu af helgri ástarskyldu.

45

Sex nýgift eg sá þar hjón með sjáleik ungum,
auð sem höfðu að hrósa ringum,
hin fyrrnefndu stóðu' í kringum.

46

Hjón ágæt, sem kærleiks kyntu kláran loga,
brúðhjónunum býttu' án trega
brúðargáfu ríkulega.

47

Degi' á blíða brúðkaups síns það bjuggu heiti.
Árlega að aðrir nyti
auðnu þeirrar sem þau hlyti.

48

Hratt svo allir héldu burt úr húsi dýru,
gláðir af þeim gjöfum stóru.
Gefendurnir eftir vóru.

sunna löðurs: gull
muni: hugur

49

Innir Tarik: „En hvað þú ert elskan blíða
yndisleg, sem geð með gæða
gefur besta skartið klæða.

50

En þú sjálf þau einföldustu í fer klæði,
eins og liljur lands um hlíði
ljós í færi sína þrýði.“

51

Tírta aftur Tarik við svo tigin ræðir:
„Mitt ert þú inn menntafríði
mæta skart og heiðursþrýði.“

52

Ansar Tarik: „Ei þarf rósín yndissama,
aðfenginn að öðlast [lj]óma
af því sjálf ert drottning blóma.“

53

„Æ, mér hældu ei svo mikið,“ *auðs* kvað *tróða*.
„Annað mér til yndis gæða
eg nú finn en skemmtan ræða.

54

Meir er fjólan lystileg er lít eg þarna
dalnum í með fegurð firna
frá sér leiða gjörir spyrna.

55

Frekt áhrifið fær mig hennar fegurð ofur,
rósa grösum hulið hefur
höfuð sitt og ilman gefur.“

56

Hér þó gjöri hjónin vænu hjalið lengja,
Herjans fugl ber orku öng[v]a
áfram gá með *hróðrar* söngva.

tróða auðs: kona
fugl Herjans: skáldskapur
hróður: frægð, lof

Þriðja ríma

76 erindi. Nýhent, hringhent

1
Nausti' úr hrekst minn *Kjalars knör*,
hvernig tekst það reynslan skýrir;
hratt fram ekst hans ekki för
af því sextug kerling stýrir.

2
Eins mun fara um *Fjalars drykk*,
finnst hann spar í hyggjusjóði;
öld mig bara ætlar gikk
ef eg *Hjar[r]ands staup*ð ljóði.

3
Óð því syng eg sjálfri mér
sinnis ringa' ef mætti ama;
minn jafningi' ef einhver er
eyða þvingun kann við sama.

4
Skemmtin kvæði skapa ró,
skýr uppfræðing yndi veldur,
betri' úrræði þurfum þó
þegar glæðist mótgangseldur.

5
Margoft sker oss mótgangs þrá;
margt til ber um lífsins vegu.
Erum hér, ef að skal gá,
í musteri tígulegu.

6
Eitt eg ræði altari
allra gæða helgidóminn,
vort líf glæðir vermandi
vísdóms hæða sólarljóminn.

knör Kjalars: skáldskapur
drykkur Fjalars: skáldskapur
staup Hjarranda: skáldskapur

7
Eg það viður altarið
auðmjúkt niður beygi sinni,
öðlast lið og æðstan frið
er oss styður í hörmunginni.

8
Ljóss til hæða' ef hugur nær
hefst, gæða ró svo fangi,
himnesk ræða huggað fær
hér á mæðu stirðum gangi.

9
Reynslu halda rétt eg vil
rúnaspjalds er fræðing gefur,
það ósjaldan sjónarspil
sett alvaldur Guð oss hefur.

10
Það eitt fann eg sæla sé,
sefar hann í þrauta standi
ef vor sanna umgengni
er á himnanna föðurlandi.

11
Sú burt stuggar sól yndis
sorgarskugga' og grafarkælu,
sá fer huggun síst á mis,
sviptur ugga, von um sælu.

12
Fleira mætti færa hér
fram í slætti hörpu ljóða,
sann-ágætt er sýnist mér,
sem nú hætti eg að bjóða.

13
Með óflúrað mærdar rugl
mun *gullsnúru* vilja *Gefni*,

Gefni gullsnúru: kona

horfinn lúr minn *Herjans fugl*
hjals af *múr* til sögu stefni.

14

Mín nam rýrast mærdar grein,
Mírса skýrir efnið kvæða,
þar sem hýr í húsi ein
hjónin dýru saman ræða.

15

„Nú eg meina minnst til fann,
mér ósein upp ganga réði
yndis hreina sól með sann,
sem mér skein af föðurgleði.

16

Sorgleg undur sá eg ný,
salsins hrundi loftið fína,
hjónin undir urðu því,
ævistundir hlutu dvína.

17

Harma skýin heldur fjótt
hyggju býinn yfir sigu;
hvarma nýir *skúrir* skjótt
við skoðun drýjast hræðilegu.

18

Eg þá viður altarið
andlit niður mitt nú beygði;
böls mér iðu ólagið
út á miðið sorgar fleygði.

19

Grét hástöfum, lengi lá,
lyndið eg ei friðar þáði,
Himna jöfurs þar til þá
þjónninn göfuglegur tjáði:

20

„Standa' upp, góði maður, mátt
mikla flóðið stemmdu tára.“

fugl Herjans: skáldskapur
múr hjals: raddferin
skúr hvarma: tár

Hlíða góðum gjörði' eg brátt,
greitt upp stóð með angist sára.

21

Sorgar meinin sefandi
sjónarsteina brá upp tjaldi;
letursgrein á lítandi
las þar hreinu svo á spjaldi:

22

„Skynsemd manns er skammsýn þrátt,
skaðafanns kann síst á giska;
vitund hans þó skal uppskátt.
Skaparans sér best alvíska.

23

Föðurland þitt saugar sig
synda blandi, menn þess gjalda;
hefnd því grandar hræðileg
hátt stígandi glæpir valda.

24

Alvalds dóminn alvísan
allir róma víst og sanna;
börn sín frámu frelsti hann
frá því grómi hörmunganna.“

25

Hvarma eg síðan *blysum* brá,
böls úr kvíða leystur dróma,
kristals friðu hvelfing á
konung líða sá inn fráma.

26

Nein ei skeði Niflung þrá,
nákvæmd með eg að nam hyggja;
vænum beði' inn vitri á
værar réði hvíldir þiggja.

27

Fagra sveina fékk eg séð,
er fældu meina óró sterka,
tólf þar einum *öðling* með
englar hreinir hans góðverka.

blys hvarma: augu
öðlingur: konungur

28

Mætir dvöldu *milding* hjá
með vindspjöldum svefninn væran
gjörðu völdum þessir þá
þjóða öldung, flestum kæran.

29

Konungs *arfi* að kom þar
ei til starfa góðra líkur,
andlits farfa blakkan bar,
beði' að djarfur föður víkur.

30

Ganginn þræðir fljótur frekt
firrtur gæða sýndist taugum
viðmóts æði viðbjóðslegt,
var sem glæður brynnu' úr augum.

31

Hann lét svartar höndurnar
hilmis bjarta kerid spenna,
banvæn-artað eiturnar
í óspart þar lætur renna.

32

Svefn við bikar *sjóli* skýr
svölun mikið girnast varma,
tók sinn bikar, drekkur dýr,
daudans strikar svo í arma.

33

Buðlungs veldur bani því
að beisk eg felldi tár að vana.
Ein mér seldist sjón á ný
sinnis hrelldur leit á hana.

34

Niflung lýða nýkrýndur
nú út ríða vann ótrauður;
heift með stríða herflokkur
hans vill níða fólk og hauður.

mildingur: konungur
arfi: erfingi, sonur
hilmir: konungur
sjóli: konungur

35

Milding sá á móti var
megnið knáa bar í stríði,
orustu stjá til ánaugar
alla þjáir borgarlýði.

36

Öldin móð við odda þín
óðum trúð til helveganna,
fóstur góða fold svo mín
flóði' í blóði óvinanna.

37

Hinir þá við *stýrjar* stjá
staðnum ná, og föðurbana
eik þeir háa hengdu upp á
Heljar sá í *skaut* réð flana.

38

Sína fjandmenn festu dvöl
frú á *Gandálfs*, blóði roðna;
heitt mér blandast hryggðar öl
að horfa' á land mitt fótum troðna.

39

Gjörðist hjartað gagntekið
gráts við svarta rigning skýja,
angurs svart réð afhroðið
yfrið hart á bjóstið knýja.

40

Pels um *grunn* ei geisla ber
gleðisunnu ljósið varma,
tárabrunnar tæmdust mér
títt því runnu *lækir hvarma*.

41

Angurs það ei af mér raun
er efldi skaðapressan þrönga,

stýr: ófriður
skaut Heljar: dauði
frú Gandálfs: jörð
grunnur pels: hugarfylgsni
lækur hvarma: tár

uns eg hraður vakna vann
við fagnaðar yndis söngva.

42

Mig allt kringum heyrði'eg hinn
hófst óringi gleðihljómur,
unaðs klingir ómurinn
eins og syngi margra rómur.

43

Lítt útmálast líkt og var
ljós hvað bálast yndis hlýja,
andarskálann uppljómar
eðlis sálar lífgun nýja.

44

Ört án dvalar eg við brá
eins og svala flugi beinir
kristals salar hvelfing á
hvarma alast *logar* hreinir.

45

Flöt eg þá mjög fagra sá,
fögur ná þar blómin gróa
tré mjög há og hunang á,
hvurt nam stráð ilma og glóa.

46

Fríð skaða fjörstíðar
fólk aldrað og hópur barna
efldi glaðværð ástsemdar,
allt í baðar rósum þarna.

47

Sanna íðil sælutíð
svipti kvíða lífið fráma,
dansar fríðir lífga lýð,
líka blíðir söngvar hljóma.

48

Frítt án biðar flugla lið,
er fögrum viðar hoppar á greinum,
söngva styður strengja nið
og strauma kliður í lækjum hreinum.

andarskáli: hugur
logi hvarma: augnaráð

49

Mætan Tarik Tirsu með
tignar rarast skart nam prýða,
fékk eg þar með sanni séð
sælunnar í landi fríða.

50

Ei þeim brjálást ástsemd enn
um þau strjálást ljós með fríði,
í laufaskála sátu senn
sem bar prjál af mirtusviði.

51

Hjarta manns allt glaðværð gaf
gleðistans þau engan fundu,
rósafans og fjólum af
fagra kransa sér nú bundu.

52

Kringum hresstu hjónin blíð
hópur sest þar barna valinn,
léku best með blómin fríð
blóma festu um þeirra salinn.

53

Heljargin þann glepti frí
góða vininn minn Afdalla
sæluskini sá eg í
sveiptan inum dýrsta mjalla.

54

Heiðurs glansa krýndur krans
konung lands míns föður blíða
sviptan vans með söng og dans
sá eg í kransi mætra lýða.

55

Þekkti fráma fleiri eg
feigðardröma reynt er höfðu,
er á sóma sönnum veg
sig nú blóma krönsum vöfðu.

Heljargin: dauði
feigðardrómi: dauði

56

Gladdi þjóðin sjáleg sig
sín við góðverk fyr iðjandi,
gleymdi móð er stríðs á stig
steypti óðum tárablandi.

57

Vann mér undrun vakna hjá,
vina fundi eftir langar;
breiddi út mundir báðar þá,
blíðu stundir vildi fanga.

58

Hvarf þá sælusjónin skær,
sem mig kælu firrti meina.
En indæla aftur kær
engils mælir raustin hreina:

59

„Dyggðin fyrst sín fullu laun
fær þá gisting heims vill dvína,
metnir lyst að liðinni þraut
ljóss í vist fá menn að skína.

60

Af skammsýni þó að þig
þróttinn dvíni' og mæði tregi
djörfung sín hún dylji sig
drottins fína' að lasta vegi.

61

Manns án vafa er viskan treg,
villt um skrafar inn réttvísa,
haltu' án tafar heim þinn veg,
hans ráðstafan skaltu prísá.“

62

Engils þýða orðaglaum
eg frá síðan náði vakna
sat við fríða fljótsins straum
fylgdar blíða mannsins sakna.

63

Geðs um þey hvort vitran veitt
var eða ei, mér gjörðist vafi,

þeyr geðs: hugsun

eða' um vegi ljóst fékk leitt
ljós úr megin visku hafi.

64

Inn í skála skilnings mér
skært fann sálar rósemd ljóma,
fjörs og mála fagran veg
fögru strjáli yndisblóma.“

65

Mirsa hættir frásögn fríð
flutt í þætti stírdum ljóða.
Þess skal gætt, eg greindum lýð
gjöri' ei þvætting lengri bjóða.

66

Eðalsteina brík um það
braga grein svo efnis fína,
veit eg ein hún þiggur það
þó ei reyni fleirum sýna.

67

Oft geðfróa magnar mér
– mikið þó ei skemmti öðrum –
ræðu þróa Þunds við ker
og þanka sljóu hreyfa fjöðrum.

68

Dreifist prýði dyggða hljóms
dæmin fríð þá öðlast hrósið,
kenning blíða kristindóms
kveiki lýðum besta ljósið.

69

Skemmtan vakist geti góð
greini' eg saklaust það að róma,
engum baka mun nú móð
minn þó kvaki fuglinn Óma.

skáli skilnings: hugsun
brík eðalsteina: kona
ker Þunds: skáldskapur
fjöður þanka: hugsun
fugl Óma: skáldskapur

70

Oft með ræðu óþarfri
ýmsir glæða skemmtun sína,
það ódæði segi' eg sé
svekkir gæða skemmtan fína.

71

Lífs við enda hugsun hér
hvar við lendir vont er stundum,
náð oss senda nota ber
náðarbending hverja grundum.

72

Áfram skundað tíð fær títt
tímans bundin reglum fríu,
ártal: hundrað átján víst
eitt þar grundast með sextíu.

73

Tímann lýð sá góður gaf
guðdóms blíðu ástar sinni,
leiði stríði leystum af
ljóssins fríðu í heimkynni.

74

*Jörð, sem fríð, ber fljóðið nafn
fræðasmíð er lasið samdi,
linna hliða laus við safn
lífsins stríð oft geðið kramdi.*

75

Ágæt hljóttu óðar blað
enda skjótt er finna verður
mjöls er gróttu mörk um það
Markúsdóttir nefnd Þórgerður.

76

Rýr við ljóðin rýri móð
refla slóð í gæða fríði.
Dýr sé þjóð og *fyrug* fljóð
falin góðum himnasmiði.

fríð jörð: Hólmsfríður
safn linna hliða: auðæfi
mörk gróttu mjöls: kona
slóð refa: kona
fyrugur: fjörugur

Þórður Helgason

Thekla leggur land undir fót

Árið 1799 lýkur þýska skáldið Friedrich Schiller við verk sitt *Wallenstein* „Ein dramatische Gedicht“, gríðarlangan þrileik, *Wallensteins Lager*, *Die Piccolomini* og *Wallensteins Tod*, sem vegna lengdar hefur sjaldnar en vera skyldi verið settur á svið en borið þó orðstír höfundar víða um lönd.

Í verkinu segir frá A.W. E. von Wallenstein (1584–1634), herstjóra yfir her hins heilaga rómverska ríkis í Þrjátíu ára stríðinu. Hann var ákaflega sigursæll í orrustum, svo mjög að Ferdinand 2. keisara ógnuðu vinsældir hans og sigurganga og grunaði hann um að undirbúa valdarán og leysti hann því frá störfum. Þegar seig á ógæfuhliðina í stríðsrekstrinum var Wallenstein enn kallaður til og sigurganga hans hófst að nýju. Enn lá hann þó undir grun um svik og lauk svo að hann var myrtur ásamt dyggustu herforingjum sínum. Þrátt fyrir þessa sagnfræðilegu umgjörð er öldungis ljóst að Schiller eru efst í huga þjáningar þeirra sem ekki eiga beinan þátt í stríði, kvenna, barna, foreldra, elskenda og vina.

Thekla er dóttir Wallensteins, ástfangin af Max Piccolomini, syni Ottarios sem situr á svikráðum við Wallenstein. Max dár Wallenstein og elskar Theklu en vill að vonum vera trúr föður sínum. Hann er þannig milli steins og sleggju en að lokum berst hann fyrir keisarann og fellur. Thekla fer að dæmi formæðra sinna margra og springur úr harmi. Verk Schillers er þannig hárómantískt; stórbrotnar tilfinningar leysast úr læðingi, hetjur blómstra, þjóðernisátök koma við sögu og svo mætti lengi telja.

Thekla

Í *Die Piccolomini*, 3. hluta, 7. atriði, er þessi sena, þar sem Thekla spilar og syngur er hún hefur misst ástvin sinn:¹

¹ Schiller (1969:115–116).

Der Eichwald brauset, die Wolken ziehn,
 Das Mägdlein wandelt an Ufers Grün,
 Es bricht sich die Welle mit Macht, mit Macht,
 Und ~~d~~W/singt hinaus in die finstre Nacht,
 Das Auge von Weinen getrübet.

Das Herz ist gestorben, die Welt ist leer,
 Und weiter gibt dem Wunsche nichts mehr.
 Du Heilige, rufe dein Kind zurück,
 Ich habe genossen das irdische Glück,
 Ich habe gelebt und gelieb~~t~~.

Hátturinn

Fimm lína háttur Shillers geymir fjóra bragliði í fjórum línnum en fær einkenni sitt fyrst og fremst með þriggja kveða lokalfínunni sem ekki rímar við hinar línurnar og eins og bindur enda á hugsunina, rýfur væntingar þess er les (hlustar) og stendur ein og áberandi án stuðnings. Síðast en ekki síst sker hún sig úr með því að enda á tvílið þar sem hinar fjórar ríma á stýfðum lið. Fimmta línan ber því megináherslu og undirstrikar þannig betur stemningu, eða rödd, ljóðsins. Hrynjandi háttarins er ójöfn þar sem skiptast á tví- og þríliðir, en forliðir eru í hverju vísuorði. Lokalfínurnar tengjast með rími sem bindur heildina saman.

Það vekur furðu að þessa háttar sést hvergi staður í ljóðagerð Norðurlandanna utan Íslands, a.m.k. getur Hallvard Lie hans ekki í sínu mikla verki um norræna bragarhætti.

Hátturinn berst til Íslands

Bjarni Thorarensen flytur Íslendingum þennan hátt í þýðingu sinni á þessum sorgaróði Theklu sem hann kallar „Der Eichwald brauset (eptir Schiller)“. Þýðingin virðist Jóni Helgasyni vera frá því snemma á skáldferli Bjarna.² Þýðing Bjarna er löskuð í handriti, þannig að talsvert vantar í fyrra erindið Hér á eftir fer seinna erindið:³

Tómur er heimur, en hjarta mitt dautt,
 í hönum að girnast ei framar er neitt,

² Jón Helgason. (1935:101).

³ Bjarni Thorarensen (1935:91).

þú heilög! því barnið þitt heimta í vist,
eg hefi nú veraldar lukkuna gist,
því eg hefi elskað og lifað.

Svo sem hér sést er þýðing Bjarna reglulegri en ljóð Schillers í því að þríliðir eru einráðir. Rómantísku skáldin úti í Evrópu höfðu mörg hver snúist gegn hinni reglulegu hrynjandi og valið sér gjarna blandaða hrynjandi og reyndu með því að forðast hina einhæfu sönglandi rödd sem regluleg hrynjandi ljóðanna bar gjarna með sér. Fafner telur þetta vera eitt þriggja megineinkenna rómantísku stefnunnar hvað form varðar er hún brýst undan klassískum formum. „En frigðrelse af verset fra de strenge gangarters herredømme – man kan nu slentre i stedet for at marchere – ...“⁴

Hins vegar setur Bjarni sína forliði frjálsglega og eftir atvikum og ekki lætur hann lokaorð erindanna tveggja ríma. Fyrri erindið endar á línunni „[og] hvarmaregn hrynur af augum.“ Meiri þunga setur Bjarni ljóslega á síðustu línuna með því að hafa hana inndregna. Vart telst það síðan gott að ríma saman í hálfrími dautt og neitt. Vera kann að Bjarni hafi alls ekki ætlað þessu verki að koma fyrir augu lesenda að sinni.

Kötlukvísl og Geir Vídalín

Bjarni Thorarensen beitir sama hætti síðar, um áramót 1823–24, í ljóðinu „Kötlukvísl“, tólf erinda ljóði, og fer nú nær hætti Schillers að því leyti að nú ríma saman lokalínur tvær og tvær, sex rímpör, en lætur sig forliði litlu varða sem fyrr og setur frjálsglega. Hátturinn er eins og í þýðingu hans á sorgaróði Theklu alveg reglulegur þríliða-háttur.

Bjarni geri hér að yrkisefni sínu Kötlugosið árið 1823 er þrír menn druknuðu í vatnavöxtum af völdum þess. Ljóð Bjarna er öðrum þræði eins konar erfiljóð eftir Þórarin Öefiord, sem var settur sýslumaður beggja Skaftafellssýslna, ungan að árum, náfrænda Bjarna sem auk þess var kvæntur systur hans. Tvö lokaerindin fara hér á eftir:⁵

Með Þórarin Öefiord í unnir þar hné
atgjörvi og ráðvendni jafnan í té,

⁴ Fafner (2000:35).

⁵ Bjarni Thorarensen (1935:129).

aldurtjón snillingur ungur þar beið,
en alséðan fósturjörð skaða þar leið –
Sá helzt til var harmurinn þungur!

Forðastu að ríða þann feigðar um sand,
í fjallinu Katla, og ætlar þér grand,
kaldhlátur dauða þar gellur í gjá,
en grátandi Skaptafells landvættir tjá
„Æ hví dó hann Öefjord svo ungur“!

Síðasta ljóðlínan birtir spurningu hinna huldu verndarvætta landsins sem undrast þau örlög er bestu menn landsins fá ekki að lifa þjóð sinni til gagns.

Jón Helgason bendir á að Sveinn Pálsson læknir hafi svarað þessari spurningu með tveimur vísum, og þær birtir hann – og Sveinn beitir náttúrulega sama hætti; hreinum þríliðahætti þar sem frjállega er farið með forliði, en rímar þó ekki lokalínurnar:⁶

Gegndi því duna frá Öræfa ás:
Vér ætlum sú muni hér forlaga rás,
að stjórnsemi lengi ei festi sinn fót
unz fremur á mörgu sé ráðin fyrst bót,
og því dó hann Öefjord svo ungur.

Bregður upp röddum úr ýmisri átt,
eldfjalla tindar þeim bergmála hátt,
er sem að hrikti í alheimsins grind,
en innanum þetta má heyra sem vind:
„Ó! látum oss halda burt héðan.“

Þess má og geta að Bjarni Thorarensen orti annað erfiljóð eftir þennan frænda sinn og mág. Það er saknaðarstef undir dróttkvæðum hætti:⁷

Viður var mér áður
vaxinn fríður að síðu,
vestan eg varði hann gusti,
varði hann mig austanblástrum,

⁶ Jón Helgason (1935:141–142).

⁷ Bjarni Thorarensen (1935:126).

vatsflóð hann rætti frá rótum,
 ráð eru færri en áður,
 skjól þó samt ekkert skýli
 skal ei vind hræðast svalan.

Og enn, stuttu eftir að Bjarni ljóðar eftir Þórarin, verður honum dauði annars manns yrkisefni, Geirs biskups Vídalín. Ljóðið er „Vorvísá við leiði Geirs biskups Vídalíns“. Enn beitir hann hættinum sem hann nam af Schiller. Ljóðið er fjögur erindi, að mestu reglubundið með þríliða hrynjandi, en forliðum frjállega skipað. Lokalínurnar dregur Bjarni inn sem fyrir en fórnar nú rími lokalínanna. Hér er síðasta erindi ljóðsins:⁸

Svo er nú í vor, og svo verður hvört vor,
 og viljir þú rekja að leiði því spor,
 að syrgja Geir biskup, þú gjöra það mátt
 að gráta hann liðinn, en þó ekki hátt,
 hann þoldi' aldrei heyra neinn gráta!

Jónas Hallgrímsson – Meyjargrátur

Árið 1843 birtist í *Fjölni* þýðing Jónasar Hallgrímssonar á ljóði Schillers „Des Mädchens Klage“. Schiller hefur nú tekið erindin tvö, sem Thekla flutti í Wallenstein, breytt þeim lítillega og bætt við öðrum tveimur, samið sjálfstætt verk og gefið því nafn. Þannig hljóðar nú harmljóð Theklu en í kjölfar þess er þýðing Jónasar birt:⁹

Des Mädchens Klage

Der Eichwald brauset, die Wolken ziehn
 Das Mägdlein sitzet an Ufers Grün,
 Es bricht sich die Welle mit Macht, mit Macht,
 Und sie seufzt hinaus in die finstre Nacht,
 Das Auge von Weinen getrübet.

„Das Herz ist gestorben, die Welt ist leer,
 Und weiter gibst sie dem Wunsche nichts mehr.

⁸ Bjarni Thoroddsen (1935:133–134).

⁹ Schiller (1953:135); Jónas Hallgrímsson (1989a:68–69).

Du Heilige, rufe dein kind zurück,
 Ich habe genossen das irdische Glück
 Ich habe gelebt und geliebt!“

„Es rinnet der Tränen vergeblicher Lauf,
 Die Klage, sie wecket die Toten nicht auf;
 Doch nenne, was tröstet und heilet die Brust
 Nach der süßen Liebe verschwundener lust,
 Ich, die Himmlische, wills nicht versagen!“

„Lass rinne_ der Tränen vergeblichen Lauf,
 Es wecke die Klage den Toten nicht auf!
 Das süsseste Glück für die trauernde Brust
 Nach der schönen Liebe verschwundener Lust
 Sind der Liebe Schmerzen und Klagen.“

Meyjargrátur

Dunar í trjálundi, dimm þjóta ský,
 döpur situr smámey hvamminum í;
 bylgjurnar skella svo ótt, svo ótt,
 öndinni varpar á koldimmri nótt
 brjóstið af grátekka bifað.

„Heimur er tómur og hjartað er dautt,
 helstirðnað brjóstið og löngunarsnautt.
 Heilaga! kalla mig héðan í frá,
 hef eg þess notið, sem jarðlífið á;
 því eg hefi elskað og lifað!“

„Tárin að ónýtu falla á fold,
 fá hann ei vakið, er sefur í mold;
 segðu, hvað hjartanu huggunar fær
 horfinnar ástar er söknuður slær;
 guðsmóðir vill þér það veita“

„Tárin að ónýtu falli á fold,
 fáí' hann ei vakið er sefur í mold.
 mjúkasta hjartanu huggunin er
 horfinnar ástar er söknuður sker
 á harminum hjartað að þreyta.“

Þessa nýju þýðingu les Jónas upp á fundi Fjölnismanna ásamt „Dag-rúnarharmi“ og „Alheimsvíðáttunni“, einnig eftir Schiller, en tekur fram um „Meyjargrát“ að hann hafi breytt hætti Schillers nokkuð „að hætti Bjarna Amtmanns“¹⁰ og hlýtur þá að eiga við að hátturinn sé ekki eins hvað varðar hrynjandi og forliði.

Áður hafði Jónas birt þýðingu sama kvæðis, og þá í „Grasaferð“ – og tengt merkilegu samtali systkinanna í sögunni um fagurfræði. Drengurinn í sögunni, sá sem hún er lögð í munn, segist hafa ort tvö ljóð en snúið öðrum tveimur og nú fýsir hann að leggja skáldskap sinn undir dóm systur sinnar. Það eru vandamál þýðandans sem hér skipta máli. Drengurinn sýnir systur sinni ljóð sem hann segist hafa snúið úr dönsku og notað til þess fornyrðislag, hátt sem nokkur hefð var komin á að þýða undir. Systurinni líst ekki á tiltækið: „„Ég þekki þessar vísur,“ sagði systir mín, „en þeim er ekki vel snúið, þú hefur ekki átt að hafa fornyrðislagið og ...““¹¹

Drengurinn tekur þessum dómi illa og fullyrðir að hefði hann beitt frumhættinum hefði verr farið. Systirin er viss í sinni sök og telur að leikinn maður geti haldið í senn bæði efni og upprunalegu formi; þegar snúið sé í annan bragarhátt muni ljóðið fá annan blæ. Strákur þylur henni þá þýðingu á ljóði Schillers – og sannast þá að systirin hefur þýtt það en vill ekki að það komist í hárnæli enda ekki prýði á kvenfólki að fást við slíka iðju! Hér er þýðing systurinnar, eða Jónasar, til samanburðar við lokagerðina:¹²

Dunar í trjálundi, dimm þjóta ský –
döpur situr smámey hvamminum í;
bylgjurnar falla svo ótt, svo ótt;
öndinni varpar á koldimmunótt
brjóstið af grátekka bifað.

„Heimur er tómur og hjartað, það deyr;
hvergi finnst neitt að eg æski þess meir.
Heilaga! kalla mig heim, ég er þreytt,
hef eg þess notið sem jörðin fær veitt,
því eg hefi elskað og lifað.“

¹⁰ Páll Valsson (2001:380).

¹¹ Jónas Hallgrímsson (1989a:291).

¹² Jónas Hallgrímsson (1989a:292–293).

„Tárin að ónýtu falla á fold,
fá hann ei vakið er sefur í mold.
Segðu hvað hjartanu huggunar ljær
horfinnar ástar er söknuður slær;
á hinnum þess hygg ég að leita.“

„Tárin að ónýtu falli á fold,
fái hann ei vakið er sefur í mold;
mjúkasta hjartanu huggun það ljær
horfinnar ástar er söknuður slær
hennar að minnast og harma.“

Ekki leynir sér að seinni gerðin er betri. T.d. er eftirtektarvert að seinni lokálnur 3. og 4. erinda ríma ekki í Grasaferðargerðinni.

Ekki verður skilist svo við Theklu að þess sé ekki getið að Schiller orti annað ljóð um harm hennar, ljóðið „Thekla. Einer Geisterstimme“, sex erinda ljóð undir öðrum hætti. En tengsl þess við fyrra ljóðið eru augljós; endalína fyrsta erindisins sker úr um það:¹³

Wo ich sei, und wo mich hingewendet,
Als mein flüchtger Schatte dir entschwebt?
Hab ich nicht beschloßen und geendet,
Hab ich nicht geliebt und gelebt?

Kristján Fjallaskáld leitaði eins og þeir Bjarni og Jónas til Schillers og örlaga Theklu. Eftir hann er þýðingin „Tekla. Eftir Schiller; snúið úr „Wallenstein““. Thekla hefur nú misst ástvin sinn og tregar mjög; lífið er henni einskis virði. Henni virðist einsýnt að hið fagra og góða í veröldinni verði eyðingunni að bráð: „ – Das ist das Los des schönen auf der Erde!“

Thekla flytur harmljóð sitt í frjálsglega rímuðum hætti með 4–5 bragliða línunum, en rímið fær fast form í lokin með parrími kalt/Gestalt, Pferde/Erde. Kristján leitar á náðir fornryðislagsins til þýðingar svo sem margir skáldbræður og -systur hans fyrr og síðar. Nægir þar að benda á fordæmi Jóns Þorlákssonar.

Hér verða tilfærðar lokálnur Schillers og þýðing Kristjáns á þeim:¹⁴

¹³ Schiller (1953:173).

¹⁴ Schiller (1969:269); Kristján Jónsson (1986:322).

– Das kommt das Schicksal – Roh und kalt
 Fasst es des Freundes Zärtliche Gestalt
 Und wirft ihn unter den Hufschlag seiner Pferde –
 – Das ist das Los des Schönen auf der Erde!

Eyddu þá örlög
 með ofríki
 hörð og köld
 hjartans gleði
 og vin ástríkan
 í val felldu.
 – Slík eru forlög
 hins fagra í heimi!

Móðurást

Víkur nú sögunni að því ljóði sem vafalítið tryggði hættinum sess í íslenskri ljóðagerð, ljóðinu „Móðurást“ eftir Jónas Hallgrímsson.

Kvæðið birtist árið 1837 í Fjölni, og þá undir nafninu „Grikkur“. Alþekkt er sagan af því hvernig „Móðurást“ varð til og verður hún ekki rakin hér – nema á það bent að sr. Árni Helgason, stiftprófastur í Görðum og ritstjóri *Sunnanpóstsins*, hafði ort ljóð (eða þýtt) út frá þeim atburði í Noregi að ung förukona hafði orðið úti en börn hennar, tvíburar, sem með henni voru, fundust heil á húfi. Kveðskapur Árna fór fyrir brjóstið á Jónasi sem raunar var von. Þetta telst vart boðlegt skáldi sem boðar nýjan smekk undir merkjum nýrrar fagurfræði.¹⁵

Tvíburar um háls móður hanga;
 henni verður megn um að ganga,
 fóta – kann ei framróa – árum,
 frosnum særíst þunn kinn af tárur.

Jónas yrkir kvæðið upp en hefur m.a. þetta að segja um tilraun Árna: „Hann hefur ekki varað sig á að það mundi verða viðbjóðslegt og styggja fegurðartilfinningu allra þeirra sem þess háttar tilfinning er nokkur í ...“¹⁶

Ljóst er að ljóð Jónasar ber nýjum smekk, nýrri skáldskaparstefnu, vitni og „Móðurást“ telst til öndvegisljóða þjóðarinnar. Hægt er að velta

¹⁵ Sjá Jónas Hallgrímssonar (1989b:127).

¹⁶ Jónas Hallgrímsson (1989b:126).

því fyrir sér af hverju Jónas velur sér háttinn sem Schiller beitti til að láta Theklu útmála harm sinn. Það er þó augljóst að bæði ljóðin lýsa djúpum tilfinningum, miklum harmi og tengjast bæði örlögum kvenna.

„Móðurást“ Jónasar er alls átta erindi. Lokalínur ríma tvær og tvær eins og hjá Schiller. Jónas lætur forliðina standa eftir atvikum, þeir eru raunar fáir, en þriliðakveðunum heldur Jónas til loka – nema á einum stað „svo ótt og ótt“ og undirstrikar þar með frávikinu örvæntinguna – eins og hann gerir einnig í Meyjargrati með sama hætti „svo ótt, svo ótt“ er hann þýðir Schiller: „mit Macht, mit Macht“. Hér birtast fyrstu tvö erindi Jónasar:¹⁷

Fýkur yfir hæðir og frostkaldan mel,
 í fjallinu dunar, en komið er él,
 snjóskýin þjóta svo ótt og ótt;
 auganu hverfur um heldimma nótt
 vegur á klakanum kalda.

Hvur er hin grátna sem gengur um hjarn,
 götunnar leitar, en sofandi barn
 hylur í faðmi og frostinu ver,
 fögur í tárur, en mátturinn þverr –
 hún orkar ei áfram að halda.

Jón Thoroddsen

Undir hætti Schillers, og vafalaust fyrir áhrif Jónasar, yrkir Jón Thoroddsen þrjú ljóð, „Úlfar“, „Til Þuríðar Sveinbjarnardóttur“ og „Helga Ragnhildur“.

Ljóðið „Úlfar“ er fjarska langt, 16 erindi, og greinir frá smáfugli sem villist frá landi sínu og flögrar örmagna yfir sollnum sæ en bjargast um borð í skip sem siglir með farm sinn milli landa – og sest á „sigluás“ en lendir þar í klóm sjómannsins Úlfars sem sér í fuglinum gömsætan málsverð. Fuglinn deyr en sál hans bjargast – en hann, eða máttarvöldin, hefnir sín grimmilega á skipverjum með gjörningaveðri og í því ferst skipið með manni og mús – utan Úlfari sem kemst í land en hittir þar fyrir mannætur sem í Úlfari sjá nú ljúffengan málsverð. Lýkur þar ævi hins miskunnarlausu manns er hann hlýtur sömu örlög og fuglinn, að verða étinn.

¹⁷ Jónas Hallgrímsson (1989a:75–76).

Tengslin við Jónas leynd sér ekki svo sem upphafserindið ber með sér:¹⁸

Hver er hinn litli sem flöktandi fer?
fitlaus, úr áttögum villtur hann er,
hyldjúpan sjóinn að athvarfi á,
ekkert sér land fyrir sármædda brá
og dauðþreyttur vængjunum veifar.

Jón heldur þríliðunum eftir fyrirmyndinni en lætur forliðina falla eftir því sem við á. Hins vegar sleppir hann rími lokaálmanna með öllu. Raunar má segja að þetta ljóð Jóns tengist tveimur ljóðum Jónasar. „Óhræsið“ er að minnsta kosti skammt undan.

Það þarf ekki að koma á óvart að háttur, sem svo mjög er tengdur trega og sterkum tilfinningum, verði kjörinn vettvangur erfiljóða og annarra ljóða sem ort eru eftir fólk. Árið 1851 missa þau hjónin sr. Eiríkur Kúld og Þuríður Sveinbjarnardóttir í Flatey ungan son sinn. Jón Thoroddsen tekur þátt í harmi móðurinnar í ljóðinu „Til Þuríðar Sveinbjarnardóttur“. Skáldið lætur hina harmi slegnu móður eiga orðið í fyrstu tveimur erindunum:¹⁹

„Hjarta mitt titrar, það harmurinn sker,
horfinn er ástkæri sonurinn mér,
sá sem til unaðs mér alfaðir gaf
eillífu miskunnar gnægðinni af,
liggur í kistunni liðinn.“

„Sá eg hinn fegursta blikna, sem blað
á blómstilk, sem frosta er snortinn af nað,
bað eg minn drottin að frelsa hans fjör,
en flúið er lífið af nábleikri vör
nú sem að kyssi eg kalda.“

Ljóðinu lýkur á huggun í harmi:

Og þegar húmar um haga og fjöll,
en himnanna smáblysin kveikt eru öll,

¹⁸ Jón Thoroddsen (1919:127).

¹⁹ Jón Thoroddsen (1919:214).

á ljósskýi engillinn líður, og sér
landið hið flata, og blíðlega tér:
„móðir, þú mátt ekki gráta!“

Sama ár yrkir Jón ljóðið „Helga Ragnhildur Kúld“, erfiljóð eftir unga stúlku, dóttur þeirra Eiríks og Þuríðar sem nú hafa misst tvö börn sama árið. Ljóðið er ort undir fornyrðislagi að öðru leyti en því að lokaerindið er undir Schillershættinum:²⁰

Blómið nú sefur í blíðhöfuga reit,
af beljandi stormum og kólgu ei veit,
þá alfaðir kallar, en hret dvína hörð
og hverfandi tími á nýskaptri jörð,
eilífðar vorblær það vekur.

Svo sem sjá má víkur Jón ekki frá hinni þríliða hrynjandi, en lætur sig lítt varða forliðið og lokalínurnar í fyrra ljóðinu ríma ekki.

Eftirtektarvert er að þessi tvö erfiljóð fjalla um börn og tengjast bæði hinu kvenlega, sorg móður og dauða stúlkubarns. Má þar vafalítið kenna „Móðurást“ Jónasar.

Steingrímur Thorsteinsson

Steingrímur Thorsteinsson beitir hættinum aðeins einu sinni, í ljóðinu „Björk“. Ljóðið er fjögur erindi og minnir í því á „Meyjargrát“. Ljóðið er reglulegt í þríliða hrynjandi og rími lokalínanna haldið. Forliðir setja mark sitt á ljóð Steingríms.

Ljóðið greinir frá örlögum bjarkarinnar sem nýtur um skeið sumars, sólar og fuglasöngs í greinum sínum og gleður skáldið:²¹

Björkin mín væna, í vatninu blá
Á vormorgni fögrum þig speglast eg sá,
Þá dögglitir fuglar á glitrandi grein
Gólu mót sólu, en í austrinu skein, –
Þá blíða mig dagdrauma dreymdi.

²⁰ Jón Thoroddsen (1919:161).

²¹ Steingrímur Thorsteinsson (1958:34).

Lokaerindið lýsir dauða bjarkarinnar – en um leið tengist það mannum sjálfum og örlögum hans; lífi, dauða og endurfæðingu:

Nú skelfurðu vetrar af hreggbyljum hrist
Og hver mun nú líta við barrlausum kvist?
Það fölnar í dag, sem var fagurt í gær,
En frosnum á barmi mitt vonarlauf grær,
Þig ljúfasta lít ég í dauða.

Matthías Jochumsson

Matthías Jochumsson frumsemur ekkert undir hætti Schillers, en í einum þætti „Bóndans“, gríðarlöngu söguljóði eftir Anders Hovden, sem hann þýðir, er fimm erinda kafli, „Þórir í Vík“, undir hættinum. Þannig er fyrsta erindið:²²

Ég veit þá mey, sem er mær og blíð
sem munarsólin í Bröttuhlíð,
og hún á augu svo unaðsgljúp
með æðri perlur en sjávardjúp.
Í skóginum ljúflingar leika.

Hér fer Matthías heldur frjállega með hátt Hovdens sem er frábrugðinn svo sem hér sést þegar sama erindi er tilfært:²³

Eg veit meg ei Gjenta so varm og blid
Som Morgensoli i Austerli.
Ho eig eit Par Augo, den Drosi glup,
Meir rike paa Perlur enn Havsens Djup.
Langt inni Skogen der leikar det.

²² Matthías Jochumsson (1958:157).

²³ Hovden (1902:41). Í formála þýðingar sinnar á „Bóndanum“ kallar Matthías skáldbróður sinn Andrés Höfða og hefur þetta að segja um hann: „Skáld þetta er maður hálf fimmtugur og er nafnkunnur ræðumaður, fríður maður sýnum, frjálslýndur og þó djúpvitur [!], allra manna skemmtilegastur. Svo þótti hann oss er hann heimsótti land vort í flokki skólakennaranna frá frændþjóðum vorum í fyrra“ (Hovden. 1907:3–5). Þess skal getið að eftir Hovden þennan voru fleiri ljóð þýdd, m.a. ljóðið „Til Íslands“ sem Bjarni frá Vogu þýddi (Bjarni Jónsson frá Vogu (1916: 53–54).

Lokalína Hovdens hefur fjóra bragliði, en ekki þrjá eins og í þýðingu Matthíasar. Hátturinn er því ekki hinn sami. Vandséð er nú af hverju Matthías bregður frá hætti frumtextans en hugsanlega hefur hann ekki kannast við háttinn en haft hátt Schiller á takteinum og látið slag standa.

Síðasta línan í ljóði Hovdens er óbreytt endurtekið stef allra erindanna og svo er einnig hjá Matthíasi. Hátturinn er hjá þeim báðum (utan síðustu línunnar hjá Hovden) nær hætti Schillers þar sem tvíliðir og þríliðir skiptast á og forliðir í nær öllum línunum.

Jón Árnason

Jón Árnason á Viðimýri beitir Schillerhættinum einu sinni, í ljóðinu „Til Þorbjargar systur skáldsins“. Það er tvö erindi, reglulegur þríliða-háttur þar sem lokalínurnar ríma, en forliðir eru settir eftir hentugleikum. Um ástæðu þess að Jón velur þennan hátt í kveðju til systur sinnar er erfitt að fullyrða, en benda má enn á tengsl háttarins við konur. Þannig er ljóð Jóns:²⁴

Líði þjer ávalt í öllu sem bezt
að óskað jeg get þó við lærðasta prest
jafnast eg fengi að umbiðja allt,
sem inndæli' er lífsins, ei stopult nje valt
af gæzkunnar gjafarans hendi.

Hann leiði þig ávalt um æfinnarbraut
andstreymi lífsins og sjerhverja þraut
burt frá þjer taki, en gæðin svo góð
gefi, sem manni hjá nokkurri þjóð
nokkurru sinni hann sendi.

Páll Ólafsson

Páll notar háttinn tvívegis. Ljóðið „Máninn og bróðir hans“ er sex erindi, reglulegur þríliðaháttur en forliðir eftir atvikum. Lokalínur ríma ekki.

²⁴ Jón Árnason á Viðimýri (1879:162–63).

Ljóðið greinir á tilfinningaþrunginn hátt frá mánanum sem líður einmana um kaldan geiminn í óþökk flestra sem heilsa honum með því að draga tjöld fyrir glugga. Þrátt fyrir það hefur hann einmitt komið mörgum villuráfandi mannum til bjargar. Skáldin sinna honum lítt.

Bróðir hans er dauðinn, kaldari og öflugri:²⁵

Einn veit ég kaldari og öflugri þér
 ekkert sem tjald eða járnloka ver.
 Í konunga höllum og hreysunum smá
 hnykkir við öllum er gesturinn sá
 ber eða guðar á gluggann,

Ljóðinu lýkur á því að Páll lýsir ferð þeirra bræðranna Vetrar og Dauða, um heiminn:

Oft ykkur samferða sá ég um nótt,
 í svartnætti og skammdegi læddust þið fljótt.
 Hann fór í skuggann og hendinni brá,
 þá hlóstu inn um gluggann að fölnuðum ná.
 Þá sá ég þið vóruð bræður.

Sagt hefur verið að Páll Ólafsson sé mesta ástarskáld Íslendinga fyrr og síðar og má það til sanns vegar færa. Í ástarljóði til Ragnhildar konu sinnar notar hann einmitt þennan hátt í ljóðinu „Heimkoman“, fimm erinda ljóði þar sem fjögur eru ort í dróttkvæðum hætti en eitt undir hætti Schillers:²⁶

Hvítur er snjórinn en hvítari ert þú,
 hyl djúpur sjórinn en dýpri er þó sú
 blessaða ást sem í augum þér sést,
 álnum og tölum þeir mæla nú flest
 en alls ekki ástina þína.

Hér er hátturinn enn reglulegur í þrífliða hrynjandi en forliður einungis í síðustu línunni.

²⁵ Páll Ólafsson (1984:35–36).

²⁶ Páll Ólafsson (1984:228).

Biblúljóðin

Á árunum 1896–1897 koma út *Biblúljóð* I og II Valdimars Briem. Verkið er stórvirki þótt á stundum megi efast um skáldskapargildið. Valdimar einsetur sér greinilega að beita sama hættinum ekki nema einu sinni og því er ljóst að hann situr um þá hætti sem fyrir liggja. Háttur Schillers hlaut því fyrr eða síðar að lenda á borði Valdimars. „Köllun Samúels“ er 17 erinda bálkur í fyrra bindi *Biblúljóðanna*. Háttur Valdimars er alveg reglulegur þríliðaháttur og forliðir eru á sínum stað eftir fyrirmynd Schillers. Þannig er fyrsta erindið:²⁷

Og sólin var hnigin í hafdjúpin köld
Og húmdökka nóttin út breiddi sín tjöld
Hún dró fyrir tunglið og tjaldaði svart,
Í tjaldbúðum guðs var þó skínandi hjart,
Því skært þar á lampa guðs logar.

Síðasta línan er stef sem gengur í gegnum allt ljóðið, en breytt frá erindi til erindis þannig að „... á lampa guðs logar“ er óbreytt en aðfaraorðin ný. Öðru erindinu lýkur þannig á þessari hendingu: „En stöðugt á lampa guðs logar.“

Jóhann Gunnar Sigurðsson

Jóhann Gunnar notar þennan hátt í tvígang á sinni stuttu ævi. „Raunabót“ er tveggja erinda ljóð tengt ástum. Ljóðmælandi er einn og dapur en minnst þeirrar einu veru sem gæti bjargað honum svo sem sjá má í seinna erindinu:²⁸

Og hjarta mitt bifast svo eirðarlaust, ótt,
og aldrei það hvílist um dag eða nótt,
því bæði að utan og innan frá mér
er ýmislegt beitt, sem mig stingur og sker,
– en þú getur læknað mig, ljúfa.

Lokalínurnar ríma ekki, en forliður fylgir hverri línu. Hrynjandin er regluleg með þríliðum.

²⁷ Valdimar Briem (1896:167).

²⁸ Jóhann Gunnar Sigurðsson (1943:38).

Jóhann Gunnar beitir hættinum og í stakri „Vísu“ þar sem hrynjandinn er óreglulegri og forliður í síðustu línu:²⁹

Gakktu varlega, vinur minn.
Vel getur skeð að fótur þinn
brotni, því urðin er ógurleg.
Enginn ratar um þennan veg,
því lífið er leiðin til dauðans.

Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi

Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi minnst árið 1904 systur sinnar Guðrúnar Sigurðardóttur í ljóði sem hann kallar einfaldlega „Guðrún Sigurðardóttir“. Ljóðið er sex erindi og skáldið lætur lokálnur ríma tvær og tvær eins og Schiller. Hátturinn er reglulegur þríliðaháttur en forliðir frjálsir. Þannig lýkur ljóðinu:³⁰

Lofsæl er minning, sorgin er sár,
söknuður þungur og brennheit vor tár!
Allir, sem kynntistu, unnu þér heitt
– eins og í draumi nú tíðin er breytt –
og óskuðu í för þín að feta.

Vér tregum þitt blíða og barnslega þel.
Blessaða systir mín, farðu nú vel!
Grafar í húmið nú hverfurðu á braut,
hulin þú leggst nú í fósturlands skaut,
en enginn vor gleymt mun þér geta.

Lokaorð

Vitaskuld er saga þessa háttar ekki fullsögð. Hér hafa einungis verið sýnd þau dæmi háttarins sem rekið hefur á fjörur þess sem þetta ritar. Sjálfsagt eru dæmin fleiri.³¹

Hátturinn í meðförum íslenskra skálda er nokkuð trúr upprun-

²⁹ Jóhann Gunnar Sigurðsson (1943:73).

³⁰ Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi (1972:45).

³¹ Í þessu verki hefur Bragi – óðfræðivefur verið ómetanlegur stuðningur. Í honum er að finna ljóðin sem höfundur þessarar greinar hefur fundið undir hættinum sem hér er til umræðu.

anum. Hann tengist gjarna konum og börnum, og venjulega harmi af ýmsum rótum. Athygli vekur að á Íslandi er hátturinn oft reglulegri en hjá Schiller í því að gjarna er um hreina þríliðahætti að ræða. Hins vegar kemur í ljós að notkun forliða er hjá skáldunum okkar oftast óregluleg enda hefur farið sem fyrr og síðar að áherslan á fyrsta atkvæðið í íslensku máli gerir forliðanotkunina erfiðari. Rími lokálnanna halda íslensku skáldin stundum en láta það fyrir róða annars. Fyrir kemur að lokálnan er inndregin til að leggja enn meiri áherslu en ella á sérstöðu hennar.

HEIMILDIR

- Bjarni Jónsson frá Vogu. 1916. *Úrval úr frumsömdum og þýddum kvæðum Bjarna Jónssonar frá Vogu*. Gunnar Sigurðsson frá Selalæk, Reykjavík.
- Bjarni Thorarensen. 1935. *Ljóðmæli*. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Bragi – óðfræðivefur. <http://ordab30.lexis.hi.is/bragi>
- Fafner, Jørgen. 2000. *Dansk verskunst II*, 2. Fra romantik til modernisme. C. A. Reitzels forlag A/S, København.
- Hovden, Anders. 1902. *Bonden*. Fortejling. 2. Upplag. Olaf Norlis Forlag, Kristiania.
- Hovden, Anders. 1907. *Bóndinn*. Ljóðabálkur. Matthías Jochumsson íslenskaði. Prentsmiðja D. Östlunds, Reykjavík.
- Jóhann Gunnar Sigurðsson. 1943. *Kvæði og sögur*. 2. útg. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.
- Jón Árnason á Víðimýri. 1879. *Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri*. Ólafur Bjarnason bjó undir prentun. B.M. Stephansson, Akureyri.
- Jón Helgason. 1935. Sjá Bjarni Thorarensen. 1935. *Ljóðmæli*. Síðara bindi. Jón Helgason bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi. 1972. *Ritsafi í bundnu og óbundnu máli*. Kristján Albertsson sá um útgáfuna. Helgafell, Reykjavík.
- Jón Thoroddsen. 1919. *Kvæði eftir Jón Þórðarson Þóróddsen*. 2. útg. aukin. Sigurður Kristjánson, Kaupmannahöfn.
- Jónas Hallgrímsson. 1989a. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* I. bindi. Ljóð og lausamál. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1989b. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. IV. bindi. Skýringar og skrár. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Kristján Jónsson. 1986. *Ljóðmæli*. Matthías Viðar Sæmundsson sá um útgáfuna. Almenna bókafélagið. Ljóðaklúbbur, Reykjavík.

- Matthías Jochumsson. 1958. *Ljóðmæli*. Síðari hluti. Þýdd ljóð. Ísafoldarprentsmiðja H.F., Reykjavík.
- Páll Ólafsson. 1894. *Kvæði*. Síðara bindi. Skuggsjá, Hafnarfirði.
- Páll Valsson. 2001. *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*. Mál og menning, Reykjavík.
- Schiller, Friedrich. 1953. *Schillers Werke*. In zwei Bänden. Erster Band. Droemercher Verlagsanstalt, München.
- Schiller, Friedrich. 1969. *Schillers Werke*. In fünf Bänden. Vierte Band. Aufbau-Verlag, Berlin und Weimar.
- Steingrímur Thorsteinsson. 1958. *Ljóðmæli*. Heildarútgáfa frumsaminnna ljóða. Prentsmiðjan Leiftur, Reykjavík.
- Valdimar Briem. 1896. *Bibliuljóð* I. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.

Stefán Snævarr

Sjö ljóð

Faðir kistulagður

Ennið ískalt
húðin bókfell
saga skráð
um birtu og yl.

Hver skráði?
Sá sem lukti
blindum augum?
Sá sem máði brosið burt?

Nei því ennið enn þá bjart
augun stafa geislum
brosið orðið ljós
sem skín mér
innst, allra innst.

Alltaf.

Fimmðægra

Þriðjudagur leið löturhægt uns kvöldsett var og týsnótt hvolfdist yfir stórð, nótt blóðs og járn. Svo rann upp miðvikudagur, kyrr og bjartur. En skuggarnir yfirbuguðu hann og óðinsnótt kom í öllu sínu veldi. Við skriðum inn um glugga og forfærðum dætur, stálum flöskum og læddumst út í bítíð. Þá tiplaði fimmtudagur inn út úr morgunroðanum, læsti okkur inni í hvunndagsskúrnum. Okkur létti er þórsnótt hófst og eldingarvararnir skulfu, það var sem hvini í vagnhjólum og himininn barinn með hamri og honum blæddi og

nóttinni lauk. Föstudagur var fastheldinn á þræla sína sem biðu í ofvæni frjórrar nætur, frjánætur. Þá ríkir jörvagleði, dreypifórnir færðar og ekið um í vögnum sem kettir draga, nei tígrar! Laugardagur lokadagur en engin Lokanótt. Ekki enn.

Óðinsdagur

Þetta var vikan
án miðvikudags,
vikan þegar Óðinsdagur
fyllti Ginnungagapið
milli þriðju- og fimmtudags.

Þetta var dagurinn
þegar við sátum
í Hliðskjálf stundanna
og sátum gegnum
holt og hæðir.

Þetta var dagurinn
þegar við hégum
í níu mínútur um nónbil
á trjágrein í hífandi roki
fórnir jafnt sem fórnfærendur.

Þetta var dagurinn
þegar við vorum blind
á öðru auga,
alsjáandi samt
og hattbörð slúttu
yfir ennin.

Þetta var dagurinn
þegar við fórum
á krá sem heitir Valhöll
þjóruðum og biðum
þess áköf
að Þórsdagur rynni upp,
dagur hins máttuga hamars.

En á slaginu tólf
gerðist ekkert
enginn dagur Mjölnis hófst
við vorum allt í einu ein,
stök handan drauma
og visku.

Bíðum samt Frjádags enn,
bíðum þess að gjallarhornið
hljómi.

Dráttarklár

Ekillinn vekur mig stundum
um óttubil
breytir mér í dráttarklár
spennir fyrir vagn sinn.

Hann lætur svipuna
dynja á mér
lætur mig lafmóðan hlaupa
út og suður
norður og niður
vestur fyrir mána
austur fyrir sól.

Verð svo ég sjálfur
(draumlendingur)
reyni að gleyma
kennileitum.

Kvöldar á Bergþórshvoli

Njáll og Bergþóra
eru farin í háttinn
hafa breitt sængina
upp yfir haus.

Skarphéðinn hallast
upp að gaffinum
glottinleitur, með sveittasta
móti.

Það hefur oft verið
svalara á bænum.

Úti á hlaði
stendur flokkur manna,
þeir Rambo, Rocky
og Darth Vader.

Þeir láta dólglega.

En hlējandi lækurinn
sittrar, skoppar,
hjarlar við stráinn
glöðum rómi
“Kári mun koma,
koma,
koma!”

Má trúá
síkviku silfri?

Nei.

Augun

Stundum hverf ég
eigin augum
fer burt - hvert?

Kem aftur með tár
í kúptri hendi.

Augu mín
stara á mig
lukt upp á gátt.

Fingraför

Íslensk handrit frá miðöldum eru
alþakin fingraförum enda hafa þau
verið lesin mikið í tímans rás.

Fingur sem
krepptust
um þrjóna
um penna.

Fingur sem
krepptust
um árar
um ljá.

Fingur sem
snertu hold.

Fingur
ljóstýra
baðstofa
bók.

Fingra
gull.

Jón B. Guðlaugsson og Kristján Eiríksson

„Smíður bæði á orð og verk“

Páttur af Gísla Gíslasyni Wium
beyki og skáldi

*Gísli Wium, garður vitur,
gjarn að stunda fræði merk,
smjæðursfrí í smíðju situr,
smíður bæði á orð og verk.¹*

Mitt verk er, þá eg fell og fer,
eitt fræ, mitt land, í duft þitt grafið

kvað Einar Benediktsson. Þó þarf hann síst að kvarta; fræ hans er síður en svo í duftið grafið – og verður líkast seint meðan íslensk tunga heldur velli. Það vill sumum mönnum til að þeir verða svo minnisstæðir samferðamönnum að minning þeirra lifir í rituðu máli og gæðir þá lífi og lit löngu eftir að spor þeirra eru máð orðin.

Svo virðist vera um hetju þessa pistils, skáldið, smíðinn og eflismanninn Gísli Gíslason Wium. Hans er allvíða getið í prentuðu máli, til að mynda í sagnaþáttum Sigmundar M. Longs, „Að vestan“, allvíða í Þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará og í safnrítnu *Austurlandi*, þar á meðal skrifum doktors Stefáns Einarssonar, *Austfirzk skáld og rithöfundar*. Aukinheldur er í sjómannaþláðinu *Víkingi*, 7.–8. tbl. 1984, að finna þessa þýðingu Einars Vilhjálmssonar fræðimanns og fyrrverandi tollvarðar á grein er birtist í danska vikurítnu *Illustreret Tidende* í maí 1885 þar sem Gísli er svo getið:

Gamli Gísli er skáld Seyðisfjarðar. Hann hefur mest ort sálma og andleg vers. Gísli gamli er grannur, hvítskeggjaður og býr í litlum torfkofa úti á Tanganum. Hann lifir enn í gamla

¹ Úr “Búaslag um Seyðisfjörð“ eftir Þorberg Snóksdal (1829–1875). Sjá Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. VIII, bls. 63.

sögutímanum og sagt er að í sláturtíðinni á haustin fari hann í heimsókn á stórbýlin uppi í dalnum. Hann gengur í bæinn og rekur ættir manna svo langt sem hann veit, kveður drápu yfir hinum sofandi. Úr þannig ferð kemur hann heim með pokann fullan af kæfu. Gísli er einnig leikinn í læknalistinni og er ómissandi, þar sem sex mílur eru til næsta læknis. Uppáhalds lyf hans er hvannarót í brennivíni og er með ólíkindum hve mikið læknað með þessu í firðinum.²

Ekki var það þó nein ofangreindra heimilda sem varð tilefni til skrifa um Gísla, heldur tvær fornlegar skræður frá hans hendi sem nú eru komnar í Þjóðarbókhöfðu. Er á þeim ærinn aldursmunur. Hin fyrri, hér nefnd *Dagblöð*, er frá árinu 1844, en hin síðari, *Póesiúþók*, skrifuð á árunum 1880–1882. Verður þeim lýst nánar síðar. En áður en að því kemur skulum við huga frekar að manningnum sjálfum og lífshlaupi hans.

Í þjóðsögum Sigfúsar „Sagna“ segir svo í þætti „Frá Evert sterka“:

Evert hinn sterki Wíum son Hans Wíums eignaðist Margrétu dóttur séra Halldórs að Desjarmýri; voru þau Evert og Margrét systrabörn. Þau eignuðust Húsavík austur með öllum hjáleigum, 66 hundruð að fornu mati. En eigi var þeim fjárhagur laginn. Margrét var forkunnar fögur sýnum. Evert þótti allþungur til vinnu. Um hann var gerð þessi vísa:

Karskur gerði kjúkuna
karl með huga fríum;
lagði niður lúkuna
langi Evert Wíum.

Þau Margrét sóuðu jarðeigninni og græddi hana úr höndum þeirra Ólafur Hallgrímsson að Nesi. Fóru þau Evert þá að Gunnlaugsstöðum í Skógum en Ólafur í Húsavík. Börn Everts og Margrétar voru þessi 7 er upp komust: Halldór, Niels, Jens, Brynjólfur er varð jarðyrkjumaður, fróður og víðförull en allundarlegur, Hans er varð barnakennari erlendis, fluggáfaður

² „Hinn stóri heimur víðsfjarri“. *Sjómannablaðið Víkingur*. 46. árgangur, 7.–8. tbl. 1984, bls. 57.

maður og líkur nafni í skapi,* Guðrún, Gísli er lærði til prests og hélt Þóroddsstað í Kinn um þrjá vetur, átti Álfheiði Einaradóttur Tómassonar, er varð aðstoðarprestur í Múla og druknaði þar í vatninu 1801. Séra Gísli dó 1826. Sonur hans var Gísli skáld Wíum er lærði trésmíði og var hinn mesti hæfileikamaður. Hann átti Ingibjörgu dóttur séra Snorra Sæmundssonar og bjuggu þau Gísli síðast á Fjarðaröldu í Seyðisfirði.

— — —

Ingibjörg kona Gísla var systir Lárúsar Árna Snorrasonar verslunarstjóra hjá Ásgeiri skipstjóra Ásgeirssyni í Ísafirði, nú-orðið kaupmanni þar. Börn Gísla og Ingibjargar voru Snorri verslunarstjóri í Seyðisfirði, Kristín verslunarkona þar, Þórunn, frú Lárúsar [Tómassonar] bankagjaldkera í Seyðisfirði.³

Hér er þá Gísli skáld Wíum kynntur allrækilega til sögu, ætt hans, kvonfang og kyn. En Sigfús bætir þó um betur á ýmsum stöðum í þjóðsagnasafni sínu og hermír þar ýmsar sagnir af og um Gísla. Þannig segir í þætti af Eyjólfri timburmanni:

Björn umboðsmaður Skúlason að Eyjólfstöðum á Völlum lét byggja timburhús og fékk til þess þá Eyjólf og Gísla Gíslason Wíum er var allra manna færastur að karlmennsku svo almennt var álituð að hann hamaðist. Hann var og fimleiksmaður við allt, hvatur og áráðinn; hann var skáld gott. Hann var snikkari og víða og oft við smíðar.⁴

Í kjölfarið fylgir svo frásögn af viðureign þeirra Eyjólf, en hann reið ekki feitum hesti frá atgangi sínum gegn Gísla. Sigfús fer frekari orðum um Gísla sem hann segir að hafi verið „skapmaður mikill og vanur harðskiptum. Var það álit manna að hann hamaðist því ef hann reiddist orkaði hann meiru en mönnum þótti náttúrulegt en varð svo lé magna á eftir sem sagt er um hamramma menn.“⁵

Virðist svo sem Gísli hafi svarið sig í áa-ættir um mannkosti en

* Hans Wíum Evertsson (1776–1827) er raunar í hópi þeirra er doktor Stefán Einarsson telur til „Austfirzkra skálda og rithöfunda“ í samnefndu riti. Hann segir einnig föður Gísla hafa verið skáldmæltan – nokkur kvæða hans munu varðveitt í Þjóðarboðklöðu – svo skáldaæðin á langar rætur að rekja hjá þeim Wíumsniðjum.

³ Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. VIII, bls. 63–64.

⁴ Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. VIII, bls. 173.

⁵ Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. VII, bls. 112.

Sigmundur Long (1841–1924) lýsir svo Hans Wium sýslumanni – langafa Gísla – í sagnaþáttum sínum að hann hafi verið „stór vexti og mikilmenni að burðum, hvatur, óvílsamur, allra manna orðfærastur og höfðingi í lund.“⁶ Hins vegar fer ekki miklum sögum af búfærni Gísla. Getum við, síðari alda Íslendingar, mæta vel skilið að ekki hafi öllum búleiknin verið til lista lögð en fyrir á öldum þótti hún nánast hið eina sem bjargvænlegt var mönnum til lifibrauðs og þeir litnir hornauga sem ekki tömdu sér hagfræði sauðkindarinnar. Má því vera að Gísli hafi átt sjálfur skilda þá lýsingu er hann setti svo fram þá er búslag Everts afa hans bar á góma⁷:

Embætti sér aldrei kaus
eða heppni stóra.
Oftast var hann iðjulaus
eins og kengilóra.

Fæðingu Gísla Wiums bar upp á 30. janúar 1824. Foreldrar hans, Álfheiður Einarsdóttir og Gísli Evertsson, voru þá búsett á Þóroddsstað í Köldukinn þar sem faðir hans var aðstoðarprestur en ekki skal hér fullyrt hvort sá reitur varð fæðingarstaður Gísla yngra. Eina systur átti hann er Guðrún hét. Er drengurinn komst á þroskaár tók hann að nema beykisið, fyrst hjá Þorsteini á Skipalóni en síðar í Reykjavík. Einnig lærði Gísli sund nyrðra og var það ekki algeng stúdía þá. Sigmundur Long segir frá því að félagi Gísla við sundnámið hafi heitið Þórður Gíslason frá Dalhúsum og Breiðavaði eystra og að Þórður þessi hafi verið „röskleikamaður“. Einn kalsamorgun hafi piltunum ekki þótt kleift að fá sér sundsprett sökum kulda en Þórður lýst slíkt kveifarskap og sagst skyldu fara, hvað sem aðrir gerðu. Mun þá Gísli hafa kveðið þetta⁸:

Þórður í ána þorði,
því hann bar huga frían.
Geitur það litið gátu,
sem gægðust að hans frægðum.
Kenndur að kappi á sundi
kallar hann á oss alla.

⁶ Sigmundur M. Long: *Að vestan*, bls. 75.

⁷ Sigmundur M. Long: *Að vestan*, bls. 76.

⁸ Sigmundur M. Long: *Að vestan*, bls. 79.

Úr flokk skal ég blauðum flakka
og fleygja mér sama veginn.

Ennfremur færir Sigmundur til ljóðaglettur þeirra Gísla og Sigurðar Breiðfjörðs en leiðir þeirra munu hafa legið saman í smíðum. Eitt sinn vantaði þá beykjana bor og hugðist Gísli fá hann í Bierings-verslun en hafði ekki erindi sem erfiði. Sagðist honum svo frá er hann náði fundi Sigurðar aftur⁹:

Andskotinn á engan bor
og ekki Biering heldur.

Sigurður botnaði:

Hamingjan styðji hvert þitt spor,
svo hvergi verðir felldur.

Að beykisnámi loknu réðist Gísli til ritarastarfa hjá Kristjání Kristjánssyni frá Illugastöðum (1806–1882) á því skeiði er Kristján gegndi sýslumannsstarfa í Skaftafellssýslu (1845–18%). Um 1845 leggur hann þó leið austur á land og sinnti smíðum. Er hann bendlaður við byggingu Heydalakirkju, er reist var 1856, þótt yfirsmíður við byggingu hennar hafi raunar verið Þorgrímur nokkur Jónsson.

Þar kom að Gísli staðfesti ráð sitt og hóf búskap. Brúðurin var – svo sem fyrr var frá greint – prestsdóttir frá Desjarmýri í Borgarfirði, Ingibjörg Snorradóttir (f. 9. maí 1830 – d. 2. maí 1903). Eignuðust þau allmörg börn er flest dóu ung. Þau sem upp komust voru þessi: Snorri, f. 1852, Kristín Álfheiður, f. 1857 og Þórunn, f. 1862.¹⁰ Er Ingibjörg í heimildum sögð hafa verið „þrifnaðarkona og hagsýn í hvívetna ... mikil mætiskona og börnin öll einkarvel gefin.“¹¹ Sigfús Sigfússon „Sagni“ kallar hana „gáfu- og fróðleikskonu.“¹²

Fyrst munu þau Gísli og Ingibjörg líkast til hafa reist bú í Brekkuseli í Hróarstungu þar sem þau dvöldu frá 1851–1855. Segir Eiríkur Eiríksson frá Dagverðargerði í *Ábúendatali* sínu að Brekkusel

⁹ Sigmundur M. Long: *Að vestan*, bls. 80.

¹⁰ Sigmundur Long nefnir einnig í sagnabáttum sínum Þorbjörgu, dóttur Ingibjargar og Gísla, er dáð hafi „uppkomin, ógift.“

¹¹ Sigmundur Long: *Að vestan*, bls. 83 og 85.

¹² Sigfús Sigfússon: *Íslenskar ljóðsögur og sagnir*. VIII, bls. 68.

hafi þótt léleg bújörð. Vitnar hann í jarðarlýsingu Páls skálds Ólafssonar svohljóðandi því til staðfestu:

Túnið þéttur þúfnakrans
það er eins og lófi manns.
Illa sprottið engi stundum,
allt í blautum mýrarsundum,
þegar skýja fellur fifa
fer þar stundum allt í gljá
það sem upp úr stendur strýta
stundum sauðir bæjum frá.¹³

Úr þessum sælureit lá leið fjölskyldunnar að Hnefildal á Jökuldal og töldust þau umskipti mikil framför því Hnefildalur er talinn með bestu jörðum í dalnum. Það kom þó Gísli og Ingibjörgu ekki að fullum notum því þau voru þar aðeins í einhvers konar húsmennsku-ábúð. Skilmálarnir virtust þó hinir bærilegustu; þau skyldu fá gott húsnæði til umráða, eldsneyti eftir þörfum, fóður, hagagöngu, hús og hirðingu fyrir búfénað, 50 ær, hest og kú. Til endurgjalds skyldi Gísli vinna að heyskap átta vikur um heyannir.

Allt hljómaði þetta þó betur á pappírnum en í raun reyndist. Kærði Gísli efndir fyrir sóknarprestinum og var heldur stirt heimilislíf á Dalnum uns þau Gísli voru keypt burtu.

Öllu lengur staðfestust þau Ingibjörg og Gísli að Rangá í Hróars- tungu þar sem þau fengu jarðarpart til ábúðar og bjuggu árin 1859 – 1868 en þá fluttu þau ásamt börnum sínum til Seyðisfjarðar og settust að, fyrst að Dvergasteini út með firðinum norðanverðum, síðan á Tanganum þar í bæ. Bjuggu þau þar fyrst í litlu og óásjálegu húsi er Neðri-Tangi nefndist en reistu sér svo önnur hífýli og veglegri á næstu lóð er enn standa. Svo segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaup- staðar er Þóra Guðmundsdóttir arkitekt hefur tekið saman. Sigmundur Long segir Wiumsfjölskylduna hins vegar hafa búið „í þurrabúð ... í húsi sem nefnt var Smiðja því að það var gjört upp úr smiðju sem Jón Árnason verzlunarstjóri hafði látið reisa þar.“¹⁴ Líkast til er hér þó

¹³ Eiríkur Eiríksson frá Dagverðargerði: *Ábúendatal í Kirkjubæjarsókn 1703 – 1900*: Hróarsstunga og Jökulsárhlíð – óprentað handrit.

¹⁴ Um búskap Gísla og veru á Seyðisfirði vísast til skrifa Sigmundar Long: *Að vestan*, bls. 82–83. Til staðfestu því að Gísli hafi búið í Smiðju má vísa til fyrrgreindrar vísu Þorbergs Snóksdal um Gísli: ... / *smjadhursfrí í smiðju situr, / smiður bæði á orð og verk.*

um eitt og sama húsið að ræða. Þar bjó skáldið og beykirinn Gísli Wium allt til dauðadags 8. október 1883. Fékkst hann í litlum mæli við verslunarstörf en vann einnig að smíðum meðan heilsan leyfði. Sigmundur segir efnahag hans ætíð hafa verið „óhægan“. Ennfremur segir Sigmundur – er mundi maðinn sjálfan :

Gísli Gíslason Wium var tæplega meðalmaður á vöxt, handsmár og útlimagrannur og væskilslegur á velli, holdskarpur en fastholda og hver taug sem spennt væri, rammur að affli og ef hann reiddist, var því líkast sem hann væri ekki einhamur, framúrskarandi fjörmaður og snarmenni, dökkhærður með jarpt skegg, smáeygður og hvasseygður og þungur á brún ef honum rann í skap. Hann var bráðskarpur, gott skáld og tölugur vel, örlyndur og greiðugur ef einhverju var að miðla; mun og hafa ætlazt til sama af öðrum. Hann var mesti æringi, kátur á yngri árum og oft lét hann fjúka í kviðlingum.

Gísli Wium var skáld gott, sem sagt hefur verið, hraðskældinn og lét lítt upp á sig standa í ákvæðum.

Í fyrsta sinn sem Gísli kom að Hjarðarhaga-drætti á Jökulsá á Dal, hann var þá í Hnefilsdal, kvað hann þetta:

Elfan með feigðarýlfri
 – útlitshrokkinn um skrokkinn –
 duldi sig í dalnum
 dökkum neðar bökkum.
 Glumdi Gjöll og rumdi,
 glamraði bjarg á hamri.
 Glóra var smá í gljúfri
 sem gein yfir hálum steinum.

Áin fellur þarna í ægigljúfri.¹⁵

Gísli valdist í flokk þeirra manna sem upp á kant komst við Pál á Hallfreðarstöðum og áttu þeir „í vísnaskaki“ – eins og það er orðað í „Sveitum og jörðum í Múlaþingi“¹⁶ – um 1860. Er það haft eftir Eiríki Eiríkssyni frá Dagverðargerði er bætir því raunar við í skrifum sínum um ábúendur í Kirkjubæjarsókn 1703–1900 að það muni „mest

¹⁵ Sigmundur Long: *Að vestan*, bls. 83–84.

¹⁶ *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, 1. bindi, bls. 349.

hafa verið gamanmál.“ Doktor Stefán Einarsson segir Gísli hafa kveðist á „í hálfkæringi“ við Pál og hefur eftir norðlenska fræðimanninum Ólafi Davíðssyni að kvæðastríð þeirra hafi kveikst út af bústýru Páls er Ástríður hét. Á Gísli að hafa átt upptökin:

Ástríður var úti og Páll,
Amors var á báðum gáll

...

Má frekar um þetta lesa í „Bókmenntasögu“ Stefáns.¹⁷ Einnig segir Sigfús Sigfússon sitthvað af þessari kvæðastælu þeirra Gísli og Páls í Þjóðsögum sínum og hefur beint eftir Gísli. Hann kemst þar svo að orði:

Jafnan voru vísur Páls mýkri í rími en eigi var Páll jafn hraðkvæður og Gísli. Því var það eitthvert sinn að Gísli kallaði til Páls og lést vilja tala við hann. Kom hann þar sem Páll átti tal við annan mann. Páll kastaði þá þessu fram:

Eg er að spjalla einn við mann
og engan kalla að vitnum.

Gísli greip orðið og bætti við, áður en Páll komst lengra:

Éttu allan andskotann
upp úr dalli skitnum!

Þegar Ameríkuferðir hófust kvað Páll:

Hér er kominn illur andi
inn í landið, segi eg þér;
strákar margir stökkva úr landi,
stelpu hefir hver með sér.

Gísli greip orðið frá honum og bætti við:

Ætli þær haldi að þeim standi
í Ameríku betur en hér?¹⁸

¹⁷ Stefán Einarsson: *Austfirzk skáld og rithöfundar*, bls. 162–164.

¹⁸ Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. XI, bls. 114.

Ekki eru þó bragerjur þeirra Páls og Gísla viðfang þessa pistils, heldur það sem eftir Gísla liggur. Doktor Stefán Einarsson segir kvæði hans varðveitt „í sex handritum á Landsbókasafni“. Í sumum þeirra eru þó aðeins eitt eða tvö kvæði eignuð honum en handrit þessi hafa annars ekki verið könnuð sérstaklega vegna þessarar greinar.

Ekki skal hér rakið fleira af þeim skáldskap Gísla er þegar hefur ratað á prent, heldur sjónum beint að þeim ljóðmálum hans sem varðveist hafa í áður nefndum skruddum tveimur sem ekki hafa verið dregnar fram fyrir almenningssjónir áður. Skal nú gerð nokkru nánari grein fyrir þeim:

Handritið sem hér er nefnt *Dagblöð* er lítið kver, kápulaust, 17 blöð í oktavobroti og stendur á saurblaði: „Dagblöð Gísla Gíslasonar birjuð í September 1844“. Fremst í kverinu eru skrifaðar ýmsar nótur til minnis með fljótaskrift. Þá taka við fjögur blöð (7–10) með snarhönd og er á þeim skáldskapur eftir Gísla. Á sex síðustu blöðin hefur verið skrifað langsum. Hönd Gísla er örugglega á blöðum 6–10 og líklega á öllu eða mestöllu öðru sem á kverinu stendur.

Síðara handritið, hér nefnt *Póesiubók*, er bundin bók, 33 cm á hæð og 10 cm á breidd, 188 tölusettar síður. Lítið er skrifað í bókina aftur að síðu 40. Á síðu 40–45 hefur skáldið ritað nokkur erindi. Þó hefur Gísli skrifað á síðum 7–18 upphaf vísna og ljóða sinna í stafrófsröð og skilið eftir löng bil, líklega til að geta fyllt þar upp í síðar. Þá eru síður auðar að mestu þar til á síðum 138–146 þar sem skrifaður er ýmis skáldskapur eftir Gísla. Síður eru svo að mestu auðar til 182 en á síðum 182–183 og 185–188 og á kápusíðu hefur Gísli skrifað ýmsan kveðskap og minnisgreinar um það sem borið hefur við í dagsins önn. – Bókin er öll með hendi Gísla, skrifuð á árunum 1880–1882, og er sumt í henni ort 1882, ári áður en Gísli deyr. Þá ber þess að geta að framan á þessari *Póesiubók* hans er áletrun sem að hluta er sótt í meint andlátsorð stærðfræðingsins Arkimedesar forðum: „Noli me tangere 1880“ – „Ekki snerta mig“ – og má því álykta að skrifin hafi hann aðeins ætlað sjálfum sér.

Hvort handrit um sig gefur sýnishorn af yrkingum eigandans á mismunandi aldursskeiðum, þótt sumt í *Póesiubók* sé eldra en bókin. Sumt af því sem Gísli hefur fært til blaða þeirra systurbóka er býsna forvitnilegt og tókum við okkur það Gíslaleyfi að birta það hér þrátt fyrir fyrrnefnd tilmæli á latínu. Vonum við að Gísli fyrirgefi okkur þá synd er við mætumst á efsta degi.

Fara hér á eftir örfá erindi úr *Dagblöðum* Gísla frá 1844:

Fyrst eru tvö erindi fyrirsagnarlaus en mættu vel kallast Vorvísur¹⁹:

Tinar skin á tindum,
teygir ofan í dali
fagrar geisla fingur
foldar ljósið dýra.
Blaktir hár á höfði
af hægum nætur kala
en senn kemur sólin að hrinda
þeim svala blæ dala.

Fagur skín röðull á rinda
og reyrðu frostböndin
leysir og ljúflega græðir
þau lemstruðu sárin
hávetrar höndin sem veitti
í hríméljagangi,
rísa nú blómstur úr beði
við blæ sumarheitan.

Á eftir fylgja sex vísur dróttkvæðar um hestinn Vin á sumri og vetri
og fara hér á eftir þrjár þær fyrstu til að sýna tók Gísla á hættinum²⁰:

Sumar

Sést nú förum fara
fagurgróinn haga
bróðir hesta besti
brunar um fold svo dunar
undir í jarðar urðum,
einatt steinar veina.
Veit eg vel að heitir
Vinur dýrið hýra.

¹⁹ *Dagblöð*, bl. 7r.

²⁰ *Dagblöð*, bl. 7v–8r.

Vetur

Vinur valla linur
vakur yfir akur
reiðar braut um breiða
bregður fæti gætinn,
lemur grjót og grýtir
grimmur í éli dimmu,
kennir villu valla,
vill ei bæja hylli
heldur ramur henda
holum klaka svolum.

Mæddur ei hót né hræddur
hendir möl og sendir
sér á kaldan klaka,
kærinn ei um færi,
ungur kletta, klungur,
kaskur á fæti vaskur,
fer þó ferðum herði
farar dýrið snara.

Nokkrar fleiri vísur eftir Gísla eru í *Dagblöðum* en heldur er fornlegur svipur á kveðskap hins unga skálds í þessari bók. Þó er ekki frítt við að finna megi þar andblæ Bjarna Thorarensen í einstöku bernskutilraunum Gísla, til dæmis í Vorvísum sem eru kveðnar undir bragarhætti sem Bjarni orti gjarnan undir.

Þess er kannsi ekki að vænta að skáldgáfa Gísla hafi þroskast mikið í búhokri og fátæktarbasli en greina má þó ýmsa nýja tóna í *Póesiubók* frá árunum 1880–1882. Fornhættirnir eru honum enn tamir og átakanlegar eru endurminningar hans frá unglingsárum undir fornryðislagi²¹:

Skáldið um sjálfan sig 14 ára

Sat ég í djúpum
dal umgirtum
og á stöðvum
illra vætta.

²¹ *Póesiubók*, bls. 40.

Heyrði ég þar harðar
heldísa raddir
og hræfuglaraust
yfir höfði mér.

Vildu þær villtu
verst þenkjandi
grímu gyltur
granda barni.
Hrun var í björgum
og hræddur var ég
minnar og sviptur
móðurhjarta.

Faðir miskunna
föðurlausum.

Nú koma líka fyrir glaðværar náttúrulýsingar undir nýjum háttum svo jafnvel minnir á Pál Ólafsson²²:

Hvar eru skýin og hvert fór hann vindur?
Hvar er hún hláka sem var hér í gær?
Í heiðskíru rúminu hreykir sér tindur,
hann af sér þokunnar faðmlögum slær,
vestan því gustur á vorsvölum degi
vatt sér í dalinn og heilsaði mér
en þokan í sveitinni vék sér úr vegi,
vorblóma móðirin hvar sem hún fer.

Og sömuleiðis er heldur létt yfir þessari veðurlýsingu Gísla frá 1881 þótt tíðin sé skáldinu andsnúin²³:

Nú er úti geðill gola,
gaman væri slíkt að þola
ef ég vissi upp á hár
tíðarfarið skjótt að skáni
og skaflapryðin burtu hláni
sem að lagðist á í ár.

²² *Póesíubók*, bls. 25.

²³ *Póesíubók*, bls. 140.

Annars eru minningarerindi og sorgarstef nokkuð algeng í vísum Gísla frá þessum síðustu árum hans. Og þannig kveður hann til dæmis undir fornum sálma- og helgikvæðahætti að því er virðist við leiði barns²⁴:

Fífillinn minn fríði,
föl er vinar kinn.
Faðirinn barna blíði
blessi legstað þinn
og geymi þína góðu sál
sem Guðs var eins að gjöf og ætt.
Hann gaf þér vit og mál.

Og annan saknaðaróð kveður hann um fífillinn fríða²⁵:

Man eg þig fífillinn fríði [svo]
og fráneyga vininn,
broshýra barnið mitt góða
sem blundar en lifir.
Með englum býr engillinn ljúfi
alsæll og glaður.
Faðmi þig frelsarinn lýða,
ég finn þig um síðir.

Gísli finnur huggun í trúnni og kveður undir það síðasta um börnin sín þrjú sem hann missti²⁶:

Þrjú á ég börnin geymd í gröf
en Guð hefur lofað þeirra vitja
eins og hinna sem eftir sitja
þegar liðin er þessi töf
sem við trúglaðir eigum una
og ævinlega til þess muna
þó forgangi bæði fold og höf
að fögur og blíð var þessi gjöf.

²⁴ *Póesíubók*, bls. 140.

²⁵ *Póesíubók*, bls. 144.

²⁶ *Póesíubók*, bls. 187.

Nokkur erfiljóð eru í „Póesiubók“ Gísla sem hann hefur kveðið fyrir aðra og vina sinna genginna minnst hann þar hlýlega. Kæti og lífs-
gleði speglast einnig víða í þessari kompu hans þótt langt sé liðið á ævi. Kemur það til dæmis fram í eftirfarandi erindi²⁷:

Vagn á ég ekki og vagga því sjálfur,
vinur minn, til þín um elleftu stund
en skjögra þá rétt eins og skjálíandi kálfur,
skítleg er þessi jarðneska stund.
Þó er ég kátur og það skal ég vera
þangað til drottinn af einskærri náð
lætur mig dauðan á börunum bera
burtu frá öllu sem veitt getur láð.

Þá yrkir Gísli talsvert um öl og vín og er sumt af því giska snoturt. Kvartar hann þá gjarnan um að sig vanti sárlega vín eins og skáld-
bróðir hans, Páll Ólafsson, gerði tíðum²⁸:

Mig langar nú mest í það
menn sem hvurgi finna
hér á þessum stóra stað,
stútinn kúta þinna.

Og þegar menn hafa þurft að bíða svo dögum skiptir eftir að skipin
kæmust með póstin og annan munað inn á höfnina á Seyðisfirði
vegna íss vorið 1881 skrifar Gísli í kompu sína²⁹:

Þriðji í páskum. Sama veður – póstur ókominn.

Búinn er mjöð og brennivín,
bænda þykir ævin hörð.
Skipin ættu að skammast sín
og skeinast inn á Seyðisfjörð.

Gísli getur þess síðan á næstu dögum að skipin komist ekki inn og er
greinilega farið að gæta mikillar óþreyju hjá gamla manningnum en svo
rætist loksins úr 15. maí:

²⁷ *Póesiubók*, bls. 183.

²⁸ *Póesiubók*, bls. 142.

²⁹ *Póesiubók*, bls. 144.

Nú er fjórði sunnud[agur] eftir páska – norðan kuldi og éljagáangur og fjögur skip sem legið hafa úti á Hánefsstaðaeyri koma nú inn á Kringluna, 2vö til Thomsen, 1tt að Lyverpól – 1tt er Norðmaður – því lagíshellan komst ekki út fyrr en í dag og er því mikill jakahroði hér eftir inn á Leirunni sem býður nú byrjar. Fyrir nokkrum dögum kom Eyrarskipið þar inn á höfn og nú búið að flytja upp úr því. Í gær giftist Finnbogi trésmiður.³⁰

Vonandi hefur einhver brjóstbirta flotið inn með Eyrarskipinu handa gestum í brúðkaupi Finnboga trésmiðs. Skyldi Gísli hafa verið þar?

Tvær vísur í Póesiúabók eru um ferðalög Gísla á hans efstu dögum³¹:

5ta janúar [1881] fór ég norður að Barðarstöðum. Þaðan kom ég 7da febrúar. Þann 8da var ég heima, þann 9da fór ég út á Búðareyri. Þar hef ég verið 4a daga því nú er 13di febrúar og sunnudagur fagur og heiður með hægu frosti. Í gær var hláka s[einni] p[artinn].

Arnastaða skreið ég skörð,
skíðin bar en stafinn dró.
Svellin voru hál og hörð,
hrapaði snjór af klettaþró.

Og nokkru seinna sýnist hann hafa verið á ferð um Eskifjörð og kveður þá til einhvers Bj. Jónssonar³²:

Áður heimi förum frá
fullir af norðanvindi
hvörnig líst þér á að á
undir Hólmatindi?

Margir kveðlingar Gísla frá þessum hans seinustu árum eru annars heldur tregablandnir og greinilegt að honum hafa þótt lífskjör sín þröng. Svo kveður hann um fátækt sína er hann sækir heim einhvern ríkismann, líklega á Seyðisfirði³³:

³⁰ *Póesiúabók*, bls. 144.

³¹ *Póesiúabók*, bls. 140.

³² *Póesiúabók*, bls. 142.

³³ *Póesiúabók*, bls. 143.

Þú ert ríkur, þundur fleins,
þitt er í að fara kot
en ég hef ekki neitt til neins,
nokkurn veginn bankarot.

Og vonbrigðum lífsins lýsir hann prýðilega í eftirfarandi vísu frá árinu 1881³⁴:

Skrýtilega vonin sína vini
flæmir út á flæ[ð]isker,
ég finn það best á sjálfum mér.

Þó skáldskapur Gísla rísi kannski ekki mjög hátt ber hann vott um laglega hagamælsku og minnir hann að því leyti sums staðar á skáldbóður sinn og sýslunga, Pál Ólafsson. Ljóst er þó að lífskjör Gísla hafa verið miklu þrengri eins og líka kemur fram í skáldskap hans.

HEIMILDASKRÁ

PRENTAÐAR HEIMILDIR

- „Hinn stóri heimur víðsfjarri“ (Grein þýdd úr *Illustreret Tidende*, maí 1885). *Sjómannablaðið Víkingur*. 46. árgangur, 7.–8. tbl. 1984: 56–57.
- Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. VII–VIII. Ný útgáfa. Grímur M. Helgason og Helgi Grímsson bjuggu til prentunar. Reykjavík 1986–1988.
- Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. XI. Ný útgáfa. Helgi Grímsson bjó til prentunar. Reykjavík 1993.
- Sigmundur M. Long: „Þáttur af Gísla Gíslasyni Wíum og ættmönnum hans“. *Að vestan*. Þjóðsögur og sagnir II. Sagnaþættir Sigmundar M. Long. Árni Bjarnason sá um útgáfuna. Akureyri 1955. Bls. 74–85.
- Stefán Einarsson: „Gíslí Gíslason Wíum“. *Austfirsk skáld og rithöfundar*. Austurland VI. Akureyri 1964. Bls. 162–164.
- Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, 1. bindi. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands 1974.
- Þóra Guðmundsdóttir arkitekt: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar*. Útg.: Safnastofnun Austurlands og Seyðisfjarðarkaupstaður. Seyðisfirði 1995.

³⁴ *Póesiubók*, bls. 142.

ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR

Dagblöð. Kompa úr eigu Gísla Wiums ársett 1844.

Eiríkur Eiríksson frá Dagverðargerði: *Ábúendatal í Kirkjubæjarsókn 1703 – 1900*: Hróarsstunga og Jökulsárhlíð – óprentað handrit.

Póesúðabók. Kompa úr eigu Gísla Wiums frá árunum 1880–1882.

Stephan G. Stephansson

„Eloi lamma sabakhthani!“

I

- 1 Svo lítil frétt var fæðing hans
í fjárhúsjötu hirðingjans,
að dag og ártal enginn reit,
um aldur hans ei nokkur veit.
- 2 Og jafnvel samtíð okkar enn
sér ekki sína beztu menn,
en bylting tímans birtir allt
og bætir sumum hundraðfalt.
- 3 Því mótmælt hefði hans eigin öld,
að afmælið hans sé í kvöld,
og tengt þann atburð ársins við,
að aftur lengist sólskinið.
- 4 Hann alla sína fræðslu fékk
á fátæklingsins skólabekk.
En sveit hans veitti sína gjöf,
þar sérhver hæð var spámanns gröf –
- 5 og skálda, er höfðu hegnt og kennt,
en heimska lýðsins grýtt og brennt.
Þar feður hjuggu hold og bein,
en hlóðu synir bautastein.
- 6 Þar birtist verkavitrún hans,
sem vitjar sérhvers göfugs manns,
það kall að hefja land og lýð
og lækna mein á sinni tíð.

- 7 Og margur sagði hugarhlýtt:
Sjá, hér er spámannsefni nýtt!
Og móðurástar ótti og von
sá undramann í kærum son.
- 8 Hann skildi glöggt, hvað gengi að –
og guðræknin ei fremst var það
né smædd né örbirgð ættarlands
og ekki kúgun Rómverjans.
- 9 Hann sá, að eiginelskan blind
var aldarfarsins stærsta synd
og þyngst á afl og anda manns
var okið lagt af bróður hans –
- 10 Sem grimmd og lymsku lengst til ver
að láta aðra þjóna sér,
sem aldrei sér, að auðna þín
er allra heill og sín og mín.
- 11 Hann kenndi, að mannást heit og hrein
til himins væri leiðin ein.
Hann sá, að allt var ógert verk,
sem ekki studdi mannúð sterk.
- 12 Um okurkarl og aurasöfn
hans orð ei vóru gælunöfn.
Hann tók í forsvar fallinn lágt,
sem féll af því hann átti bágt.
- 13 Og bókstafs þræl og kredduklerk
hann kærði fyrir myrkraverk,
sem þrá ei ljós né andans auð,
en yfirráð og stærra brauð.
- 14 Á orð hans hlýddu hrifnir menn
um hugsjón, sem þeir gleggðu ei enn,
því hugi fangar háleit sál,
þó hljómi rödd sem duliðsmál.

- 15 En allt, sem sjálfs hans sál var ljóst,
að sæju aðrir, við hann bjóst.
Hvern sannleik, þér sem auðsær er,
að aðrir skilji ei, byrgist þér.
- 16 Hve áhrifalaust orð hans lá
í anda lýðs, hann glöggvast sá,
er gagnstætt hverri hugsun hans
hann hylla vildu konung lands.
- 17 Og fjöldinn enn ei eftir tók,
að ekki er hugsjón „lærdómsbók“,
því flestir halda hún hlotnist send
í hugvekjum, sé lærð og kennd.
- 18 En hún er sál þín sjálfs með rök
in sömu, þrá og hugartök
sem hins, er stóð við hennar dyr,
þó hundrað öldum lifði fyrir.

II

- 19 Að geta ei friðað bræðra böll
varð beiskjan í hans dauðakvöl –
af slíkri ást og andans þrá,
hvað afdrifin þau virtust smá!
- 20 „Minn guð, hví yfirgafstu mig?“
frá gröf hans hljómar kringum þig,
er sérðu heift og hjátrú lands
sig hópa undir nafnið hans.

III

- 21 En alltaf getur góða menn,
og guðspjöll eru skrifuð enn.
Hvert líf er jafnt að eðli og ætt,
sem eitthvað hefur veröld bætt.

- 22 Og löndin eiga mikla menn.
Og menningin sér kemur enn
og geislar andans allir sér
í einnar sálar brennigler.
- 23 Og sama og hans er sumra mein
og sama þeirra dauðakvein:
Í smáum brotum byrjað fá
á blessun lands og hverfa frá.
- 24 Þá hugraun líður hetja sú,
sem hreinsa vildi sið og trú,
en deyr sem andstyggð almúgans
í útskúfun síns föðurlands.
- 25 Og þjóðskörungur böll það ber,
á banadægri er þreyttur sér,
að fólk hans loksins sveik sig sjálft
og sættum tók við minna en hálf.
- 26 Og skáldið hreppir hlutfall það,
sem hversdagslífið þrengir að,
sem hnígur undir önn og töf
með öll sín beztu ljóð í gröf.
- 27 Og sjálfur bóndinn veit það vel,
sem vildi græða kalinn mel,
en hnígur svo, að séð ei fær,
að sveitin af hans starfi grær.

Gunnar Skarphéðinsson

Um ljóðið „*Eloi lamma sabakhthani!*“ eftir Stefán G.

I Inngangur

Þegar Stefán Guðmundsson, sem seinna kallaði sig Stephan G. Stephansson, fluttist frá Íslandi vestur um haf til Kanada sumarið 1873 var hann tæplega tvítugur að aldri.¹ Hann var í hópi þeirra Íslendinga sem fyrst námu land vestanhafs. Landnemanna biðu margháttaðir erfiðleikar eins og jafnan fylgja því að brjóta nýtt land. En það var ekki eingöngu á hinu efnahagslega sviði sem við vanda var að kljást. Hið nýja samfélag þurfti sjálft að móta andlegar hugmyndir í siðgæðis- og trúarefnum. Ekki var til að dreifa arfhelgum stofnunum sem séð höfðu um þessa þætti eins og í heimalandinu. Íslendingarnir, sem fóru vestur um haf, játuðu langflestir lúterskan rétttrúnað en margt var einmitt mjög á hverfanda hveli í andlegum efnum um þetta leyti 19. aldar.

Miklar framfarir í ýmsum greinum náttúruvísinda urðu til þess að menn tóku að vefengja gamlar og grónar hugmyndir og má til dæmis nefna sköpunarsögu Biblíunnar sem endurmetin var gjörsamlega í ljósi nýrrar þekkingar. Charles Darwin gróf meira undan trú manna á guð en nokkur annar þegar hann setti fram þróunarkenningu sína í *The Origin of Species* árið 1859. Vantrúar tók því að gæta og guðs-afneitunar á seinni hluta 19. aldar, einkum meðal manna sem töldu að vit, skynsemi og rannsókn gætu brotið flestar raunhæfar gátur tilverunnar til mergjar. Hinu yfirmáttúrulega eða yfirskilvitlega var hins vegar hafnað á þeirri forsendu að það yrði ekki með höndum þreifað, krufið og rannsakað. Aukin bókstafstrú og kreddufesta spratt svo upp sem andóf þessa frjálshyndis og vísindaanda.

Þegar Íslendingar í Vesturheimi taka að ræða trúmál og hyggjast árið 1885 stofna eitt allsherjarkirkjufélag er einkum tekist á um þessi

¹ Ritgerð þessi er komin nokkuð til ára sinna, var samin hjá þeim ágæta kennara, Sveini Skorra Höskuldssyni, fyrir allmörgum árum. Hún er hér birt að heita má óbreytt en yfirlésin af Ólafi Víði Björnssyni, Vilhjálmi Árnasyni og nafnlausum yfirlesurum Sónar. Vil ég færa þeim bestu þakkir fyrir ómakið og góðar ábendingar.

andstæðu sjónarmið.² Safnaðarmál voru ekki einvörðungu þýðingarmikil í trúarlegu tilliti heldur höfðu þau meginþýðingu fyrir allt félagslíf og voru jafnframt sameiningartákn nýlendubúa. Ef málin eru skoðuð í þessu ljósi er auðvelt að skilja hvers vegna trúmáladeilur urðu svo miklu harðvítugri vestanhafs en hérna heima.

Stefán fellir sig ekki við þróun kirkjumála og þó svo hann taki nokkurn þátt í kirkjulegu starfi á fyrstu árum sínum vestanhafs er ljóst að hann lítur seinna á sig sem trúlausan mann og guðleysingja. Votta það bæði ljóð hans mörg og sendibréf. Trúardeilur settu mikinn svip á allt andlegt líf á frumbylíngsárum landnemanna og Stefán yrkir mörg ljóð þar sem hann deilir bæði á kirkju og kenningu. Hann taldi kirkjuvaldið vera afturhaldssamt og ádeilukveðskapur hans gegn kirkju og kirkjuvaldi nær hámarki með ljóðaflöknum *Á ferð og flugi* frá árinu 1898. Ljóðið, sem hér verður fjallað um, „*Eloi lamma sabakhthani!*“, er ort ári síðar, 1899. Ljóðið er ekki ádeiluljóð á trúarbrögð heldur fæst skáldið við að draga upp mynd af Kristi og kenningu hans og leggja út af efninu.³ Skal þá fyrst gerð nokkur grein fyrir þeim búningi sem efninu er fenginn.

II Ýmis ytri formseinkenni, bygging og þemu

Ljóðið er tuttugu og sjö erindi sem skipt er í þrjá kafla en misvægi er á milli þeirra þannig að sá fyrsti er lengstur, átján erindi, en sá í miðinu aðeins tvö. Lokakaflinn er sjö erindi. Helgast þessi skipting af efnistöknunum sem eru á þessa leið: Í fyrsta erindi segir frá fæðingu Jesú en þess minnst um leið að hún hafi ekki þótt annálsvæð á sinni tíð. Næsta erindi er innskot – hugleiðing skáldsins um þá umbun sem góðir menn hljóta hjá eftirkomendum þó svo að samtíðin vanvirði þá. Þriðja erindi tekur þráðinn upp að nýju; fæðingardagur Jesú er ákveðinn af seinni tíma mönnum og settur niður á ævafora vetrarsólhvarfahátíð.⁴ Í næstu fjórum erindum er sagt frá uppvexti Jesú og

² Óskar Ó. Halldórsson (1961:11–27).

³ Þess má geta hér til fróðleiks að í einu bréfa Stefáns kemur fram að hann áleit ljóðið „*Eloi, Eloi*“ í tölu sinna bestu ljóða. Í bréfi til Eggerts Jóhannssonar, sem dagsett er 12. desember árið 1907, tekur hann þannig til orða: „*Sigurður Tröll, Illugadrápa* og „*Eloi, Eloi*“ eru þau kvæði, sem ég vildi síður hafa skemmt, því ég veit það, séu hvergi „tök“ í þeim þá „hefi ég til lítills skrifað“, þá fækkar um boðleg kvæði hjá mér.“ Stephan G. Stephansson *Bréf og ritgerðir* (1938–1939, I:163).

⁴ Skilningur Stefáns á þessu atriði kemur heim við það sem menn þykja vita sannast í þessu efni og má til dæmis lesa um í bók Árna Björnssonar, *Jól á Íslandi* (bls. 17 – 21). Eftir hvaða leiðum Stefán hefur komist að þessari niðurstöðu skal ósagt látið

þeim áhrifum sem hann verður fyrir af helgum arfi gyðinga. Hann fyllist þeirri tilfinningu að honum sé hlutverk atlað og þykir spámannlegur. Þessu næst fara sex erindi sem birta þann kjarna sem Stefán sér í kenningu Krists. Síðan vîkur hann að viðtökum þeim sem orð Krists hljóta og fjalla fimm lokaerindi fyrsta kafla um þetta efni. Stefán gerir hvort tveggja í senn að lýsa röngum skilningi manna á kenningunni og skýra af hverju hann er sprottinn:

Og fjöldinn enn ei eftir tók,
að ekki er hugsjón „lærdómsbók“,
því flestir halda hún hlotnist send
í hugvekjum, sé lærd og kennd.

En hún er sál þín sjálfs með rök
in sömu, þrá og hugartök
sem hins, er stóð við hennar dyr,
þó hundrað öldum lifði fyrir.

Þá er komið að miðhluta ljóðsins. Í tveimur erindum túlkar Stefán orð Jesú á krossinum sem heiti ljóðsins er sótt til. Persónulegur skilningur hans á þeim myndar þann ás sem ljóðið hverfist um. Kristur örvæntir vegna þess að árangur af siðferðisbetrun hans virðist smár.

Í lokaerindunum sjö hugleiðir skáldið starf umbótamanna á öllum tímum og „afdrif“ þeirra.

Bygging ljóðsins er mjög rökvísleg og eitt rekur annað að kalla má í afar eðlilegri röð. Ljóðið rís hæst í lokaerindunum tveimur þar sem komið er að starfi skáldsins og bóndans og liggur ekki fjarri sá skilningur að Stefán meti þar sitt eigið lífsstarf á þessum tveimur sviðum:

Og skáldið hreppir hlutfall það,
sem hversdagslífið þrengir að,
sem hnígur undir önn og töf
með öll sín beztu ljóð í gröf.

Og sjálfur bóndinn veit það vel,
sem vildi græða kalinn mel,

en svo mikið er víst að guðspjöllin tilfæra enga eiginlega tímasetningu þó svo að klókir menn hafi reynt að búa hana til. Sýnir þetta á sinn hátt hve tamt Stefáni er að leita jarðbundinna eða „náttúrulegra“ skýringa í hverju máli.

en hnígur svo, að séð ei fær,
að sveitin af hans starfi grær.

Annað ris má segja að ljóðið öðlist þar sem lýkur að segja frá kenningu Krists. Þau erindi eru í senn vel kveðin og máttug og þar er eðlilega mestur siðferðislegur þungi. Þarna verða hvörf í ljóðinu og skáldið snýr sér að því að leggja út af lífssögu Krists og boðskap og að lokum annarra mannkynsvelunnara.

Stefán stillir stílbrögðum í hóf í ljóðinu og orðfæri er fremur einfalt og óbrotið. Höfuðáhersla hvílir á inntaki og boðskap og vitsmunaleg skírskotun og rökvísleg því skáldinu mest að skapi. Setningaskipun ber með sér að ákveðin útlistun er óhjákvæmileg og fyrir vikið er allmikið um undirskipaðar setningar, einkum tilvísunar- og skýringarsetningar. Þetta firrir ljóðið að vísu lýrískum þokka en styrkur þess liggur líka á öðru sviði, hinu vitsmunalega.

Stefán leitast oft í ljóðum sínum við að brjóta tiltekin mál til mergjar og ber still hans sterkan svip af þessu. Hann leiðir þá undirskipaðar setningar út frá aðalsetningu sem mynda svo röklega heild. Vitsmunir hafa einnig þótt aðalsmerki hans fremur en tilfinningar. Séra Matthías nefndi hann því réttilega *höfuð-skáld*.⁵ Um ljóð Stefáns hefur oft verið sagt að erfitt geti verið að skilja þau þar sem stúlum sé ábótavant. Þannig tekur Sigurður Nordal til orða um þetta atriði: „Skipun orða og tengsl setninga geta verið svo klúsud, að það sé ekki einungis til óprýði, heldur geri erfitt að komast að efni.“⁶ Stefáni var þetta sjálfum raunar fullljóst. Hann ræðir þetta til dæmis eitt sinn á skýran og eftirminnilegan hátt í sendibréfi og þar kemur fram að hann telur sig ‘aldrei hafa haft tíma til að hefла’ eins og hann kemst að orði.⁷ En í ljóðinu „*Eloi lamma sabakhthani!*“ má óhikað

⁵ Í bréfi til síra Valdimars Briem, sem dagsett er 1. jan. 1910, kemst Matthías Jochumsson svo að orði: „Ég hef stúderað hinn ramma Stephan G. í Klettafjöllunum. Ekki impónerar hann mér né fullnægir til lengdar – fremur en E. Ben. Hann er *höfuðskáld*, en *hjartaskáld* ekki.“ *Bréf Matthíasar Jochumssonar* (1935:453).

⁶ Stephan G. Stephansson (1939:xxxi–xxxii).

⁷ Í bréfi til Eggerts Jóhannssonar sem dagsett er 12. desember 1907. Um þessar mundir er verið að gefa út Andvökur Stefáns og hann hefur lagt mikla vinnu í að velja úr ljóðunum. Honum finnst erfitt að sleppa því sem eigi erindi en vill þó ekki taka neinn leirburð í safnið. Hann segir: „Tvær leiðir liggja til listar í formi, að láta orðin liðast saman, létt og mjúkt, eins og silkiþráð, eða greipa þau saman, sterk og tíguleg, eins og stuðlaberg. Ég hef þreytt hvort tveggja. En í æsku byrjaði ég á reglu Tómasar heitins Sæmundssonar, „að læra fyrst að hugsa, svo lærði maður að tala“. Ég kunni þá ekki spakmælið sjálf. En merki þess báru kvæði mín oft, og aldrei hafði ég tíma til að hefла.“ Stephan G. Stephansson *Bréf og rígerðir* (1938–1939, I:160).

telja að honum verði óvenjulítið á í þessum efnum. Ljóðið rekur skýrt eina meginhugsun, sem er að gera grein fyrir ævi Jesú og kenningu, og síðar hugleiðingum skáldsins og útleggingu eins og fyrir var rakið.

Stefán hagnýtir sér ekki til muna málfar guðspjallanna til þess að styrkja byggingu ljóðsins. Heiti þess er vitaskuld sótt þangað og hann kýs hinn hebreska texta. Hefur sennilega litið svo á að við það ykist þungi skírskotunarinnar. Þá er ein hending ljóðsins endurtekn-ing þessara orða á íslensku. Að öðru leyti verða ekki mörg orð fyrir sem rekja má til biblíulegs málfars. Hann umorðar kenningu Krists þannig að þar er aldrei um málfarslegar vísanir að ræða. Hins vegar nýtir hann sér greinilega orðið *hundraðfalt* sem kemur fyrir í dæmi-sögunni um sáðmanninn og hveitið sem ber ýmislegan ávöxt. (Mt. 13. 3 – 8.) Stefán vísar samt ekki til dæmisögunnar um sáðmanninn í heild sinni heldur á hann hér við þá umbun sem menn hljóta fyrir velgjörðir sínar meðal eftirkomendanna. Orðið vísar til hástigs þess ávaxtar sem menn geta borið. Fáein kristileg hugtök koma fyrir, svo sem *hugvekja*, *lærdómsbók* og *guðspjöll*. Það síðasta hefur augljóslega nýja merkingu, þ.e. ný rit sem á vorum dögum hafa siðbætandi áhrif. Sagnir eins og *grýta* og *lækna* geta átt rót sína að rekja til Biblíunnar og sömu sögu er að segja um orðin *konungur*, *spámaður* og *sfárhúsjata hirðingjans* og nokkur fleiri. Að öðru leyti er orðferið Stefáns. Málið er ljóst og auðskilið en hann fynir það örlítið eins og smekkur hans bauð honum oftast. Hann notar sögnina *að rita* (reit) og orðið *bauta-steinn* sem raunar kemur dulítið undarlega fyrir suður í Palestínu. Þá virðist Stefán hafa myndað nokkur samsett nafnorð þegar hann orti ljóðið: *duliðsmál*, *verkavitrun* og *hugartak* (-tök). Orðið *verkavitrun* er í senn einkar fallett orð og vel við hæfi þar sem um er að ræða köllun Krists. Orðið *afdrif* kemur fyrir á einum stað í ljóðinu og virðist hafa merkinguna ‘árangur’ eða ‘hvað verður úr e-m’ eða eitthvað í þeim dúr. En orðið merkir yfirleitt ‘úrslit’ eða ‘endalok’ eins og kunnugt er. Ef til vill hefur Stefáni verið þessi merking töm eða hann hefur þekkt hana af lestri fornrita en áþekk merking er kunn úr fornu máli.⁸

Um málið í heild má segja það sama og um stílinn: skáldið hefur lagt sig fram um að kveða ljóst. Líkingamál og stúlbrögð eru því ekki fyrirferðarmikil. Þó má finna nokkur dæmi slíks. Nafn Jesú er til

⁸ „[...] hann sá, at þat var bæði glæpska ok skaði, at þar dæi svá mannligt barn ok líkligt til stórra *afdrifa*...“. *Flateyjarbók I, Þáttur Þorsteins uxafóts* (1944:278).

dæmis aldrei nefnt né heldur orðið Kristur eða frelsari. Þetta eykur með sérstökum hætti mikilvægi Hans þar sem ekki er þörf á að láta nafnið uppi svo alþekkt er það. Stílblagðið, sem setur mestan svip á ljóðið, er meðferð andstæðna enda jafnframt eitt meginþema þess, það er þess, sem er, og hins sem menn kysu að væri. Þetta á bæði við um kenningu Jesú og starf umbótamanna sem getið er í lokaerindum ljóðsins.

Og bókstafs þræl og kredduklerk
hann kærði fyrir myrkraverk,
sem þrá ei ljós né andans auð,
en yfirráð og stærra brauð.⁹

Því er teft saman, sem mönnum ber að leggja sig eftir, og hinu sem hugur manna girnist ranglega. Í svipuðum andstæðum er einnig gerð grein fyrir því hver verður uppskera þess sem bæta vill veröldina:

Þá hugraun líður hetja sú,
sem hreinsa vildi sið og trú,
en deyr sem andstyggð almúgans
í útskúfun síns föðurlands.

Vert er einnig að gefa því gaum að í báðum dæmunum er beitt hliðstæðum: tveimur jákvæðum orðum er skipað á móti tveimur neikvæðum. Þetta stílblagð notar Stefán mikið og fær ljóðið við það retórískan þunga – orðin taka undir hvert við annað og hnykkt er á sömu hugsuninni:

Um okurkarl og aurasöfn
hans orð ei vóru gælunöfn.

Þetta tvennt, að tala í andstæðum og skipa saman orðum líkrar merkingar, einkennir stíl ljóðsins. Hvort tveggja er þekkt úr gömlum siðrænum og trúarlegum kveðskap þar sem boða þarf ákveðinn sannleik og gera glöggan mun góðs og ills. Þessi fornu stílblögð falla því sérlega vel að efni og boðskap ljóðsins.

Eitt erindi ljóðsins hefur sérstöðu þar sem meginhugsun þess er túlkuð með líkingu:

⁹ Auðkennt hér og framvegis með skálettri.

Og löndin eiga mikla menn.
 Og menningin sér kemur enn
 og geislar andans allir sér
 í einnar sálar brennigler.

Tvær seinustu hendingarnar eru án umsagnar og sennilega á að skilja sem svo að sögnin að koma sé þar undanfæld. Taka má þá upp: allir geislar andans koma sér saman í brennigler einnar sálar. Hugsunin er ljós af samhengi en teflt er á tæpt vað í meðferð málsins og hefur Stefáni stundum verið borið slíkt á brýn eins og fyrr hefur verið drepð á. Þar að auki hefjast þrjár fyrstu hendingarnar á og og fer ekki beint vel á því. Stefán lá ekki yfir því að sverfa ljóðin sín til og þetta erindi stendur til bóta. Má segja að honum verði víðar meira á í messunni hvað snertir setningafræðileg spjöll en í þessu ljóði þar sem þetta er nær eina dæmið um svo óljóst orðalag.

Bragarháttur ljóðsins er ferkvæður og hefst hvert vísuorð á forlið en þrír hnígandi tvíliðir fylla hendinguna en henni lýkur á stýfðum lið sem ber rímið. Þetta er karlrim og ríma saman fyrsta og annað vísuorð og þriðja og fjórða (aabb). Ljóðið öðlast ákveðna festu og þunga fyrir þessa meðferð rímsins – allt verður eins og niðurneglt og óvefengjanlegt. Sá afdráttarlausí tónn, sem einkennir ljóðið, fær ekki minnstan svip af því hvernig með rímið er farið. Hrynjandin eykur þessa tilfinningu að sínu leyti þar sem réttir, hnígandi tvíliðir eru ráðandi.

Það er vert að veita því eftirtekt að stuðlar falla á merkingarríkustu orðin í þeim erindum sem máttugust eru:

Þar birtist verkavitrun hans,
 sem vitjar sérhvers göfugs manns,
 það kall að hefja land og lýð
 og lækna mein á sinni tíð.

Í ljóðinu fæst Stefán við þrjú meginþemu: Í fyrsta lagi að lýsa kenningu Krists og taka undir við hana í aðalatriðum að guðstrú slepptri, þ.e. að draga fram siðferðisboðskapinn og bróðurkærleikann. Í öðru lagi að boða það að sérhver maður hljóti að glíma sjálfur við hinstu rök tilverunnar og geti í þeim efnum engan stuðning haft af kreddu. Í þriðja lagi beri hverjum göfugum manni að leitast við að bæta veröldina hið næsta sér og örvænta ekki um eftirtekjuna því hún muni um síðir efla hag heildarinnar þó svo að ekki sjái árangur fyrst í stað.

Sú athugun, sem hér fer á eftir, miðast einkum við fyrsta þemað. Það er einnig meginþema ljóðsins og leiðir skáldið hin tvö út frá því. Athugunin byggir á þeirri forsendu að það siðgæði, sem skáldið ætlar að Kristur boði, sé jafnframt það siðgæði sem það aðhyllist sjálf.

III Samanburður við guðspjöllin

Til þess að gera sér betur grein fyrir því, hvað Stefán hyggur mikilvægustu þættina í boðskap Krists og hvað hann dregur undan eða kýs að sleppa, skal þess freistað að bera nokkur erindi ljóðsins saman við guðspjöllin. Þau eru bersýnilega efniviður ljóðsins og athugasemdir Stefáns í því eintaki af *Andvökum*, sem hann átti sjálfur og nú er geymt í handritadeild Landsbókasafnsins, sýna það einnig. Við ljóðið hefur hann einungis skrifað: „Guðspjöllin í Nýjateamentinu“. Stefán var gjörkunnugur ritningunni og bera ljóð hans glöggvitni um það. Þekkingu hans í þeim efnunum þarf heldur ekki að undrast þegar eftirfarandi orð hans eru höfð í huga:

Í Víðimýrarseli lá ég í lánuðu skruddunum, hvenær sem ég komst að. Las t.d. „Grútar“-biblíu mína þrisvar alla einn vetur, út úr bókaskorti.¹⁰

Eins og kunnugt er eru guðspjöll Nýja testamentisins fjögur og eru þau þrjú, sem raðað er fyrst, oft nefnd samstofna guðspjöllin vegna náins efnisskyldleika og þess að þau birta áþekka mynd af Jesú og siða- og trúarkenningu hans. Þessi þrjú guðspjöll eru kennd við guðspjallamennina Matteus, Markús og Lúkas. Fjórða guðspjallið, það sem kennt er við Jóhannes, hefur greinilega sérstöðu. Á það jafnt við um efni þess og anda. Siðalærdómar Krists og kærleikskenningar hans birtast fremur í samstofna guðspjöllunum en í Jóhannesarguðspjalli er lögð rík áhersla á það að Kristur sé guðs eingetinn sonur og dýrð hans vegsömuð. Hann deyr vegna manna og þeir verða sáluhlópnir fyrir trú á hann og fyrir fórnfæringardauða hans.

Sumir hafa tekið svo til orða að samstofna guðspjöllin lýstu Jesú sem manni en Jóhannesarguðspjall sem guði en aðrir mótmæla þessu og tilfæra staði í samstofna guðspjöllunum þar sem guðdómur frelsarans kemur einnig fram.¹¹

¹⁰ Stephan G. Stephansson *Bref og ritgerðir. Drög til ævisögu* (1948, IV:91).

¹¹ Sjá í þessu sambandi til dæmis lokavers Matteusarguðspjalls.

Stefán sækir eðlilega mest til samstofna guðspjallanna þar sem bróðurkærleikur Krists og umvöndun hans og siðferðisbetrun er honum efst í huga. Hann sniðgengur kraftaverkin algjörlega og Kristur er augljóslega maður í augum hans en ekki guð. Hann er undramaður sem flytur háleitán boðskap sem setur mannást öllu ofar. Trúin á föðurinn, almáttugan guð, er ekki nefnd en orðasambandið *til himins* kemur fyrir í eftirfarandi erindi:

Hann kenndi, að mannást heit og hrein
til himins væri *leiðin ein*.
Hann sá, að allt var ógert verk,
sem ekki studdi mannúð sterk.

Þetta erindi má lesa saman við fjölmarga staði í guðspjöllunum en ekki síst Mt. 7.12.:

Allt hvað þér viljið að mennirnir gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra; því þetta er kjarni lögmálsins og spámannanna.¹²

Sjá má af þessu að skáldið skilur Krist svo að hann hafi bent á æðri leiðir en *leiðin ein* eða kjarni hennar er bróðurleg breytni. Þetta erindi sýnir hvað mönnum ber að gera en hin fimm, sem túlka kenningu Jesú, greina frá því hvað menn eigi ógjört að láta, hvað beri að upp-ræta og hverjum eigi að sýna miskunn.

Smælingjum á að sýna líknsemi en þyngra getur orðið fyrir fæti hjá þeim sem láta glepjust af þessa heims verðmætum:

Um okurkarl og aurasöfn
hans orð ei vóru gælunöfn.

Mt. 19.24. Og enn framur segi
ég yður, að auðveldara er
úlfaldanum að ganga í gegn
um nálar augað, en ríkum
manni inn í Guðs ríki.

Hann tók í forsvar fallinn lágt,
sem féll af því hann átti bágt.

Mt. 25.40. Sannlega segi ég
yður, að hvað þér gjörduð við
einn af þessum minnstu
bræðrum mínum, það hafið
þér mér gjört.

¹² Vitnað er til Hins Nýja Testamentis, Oxford 1863.

Alla kreddufestu ber að forðast og valdaffíkn er fordæmanleg:

Og bókstafs þræl og kredduklerk hann kærði fyrir myrkraverk, sem þrá ei ljós né andans auð, en yfirráð og stærra brauð.

Lúk. 11.43. Vei yður, þér Farísear, sem keppizt eptir efstu sætum í samkunduhúsum, og að yður sé heilsað á torgunum.

Eigingirnina þarf að uppræta:

Hann sá, að eiginelskan blind var aldarfarsins stærsta synd [...]

Lúk. 6.30. En gef þú hverjum, sem biður þig, og ef einhver tekur frá þér það, sem þitt er, þá kref þú þess ekki aftur.

Og áþjánin, sem á menn er lögð, er af völdum meðbræðra þeirra:

og þyngst á afl og anda manns var okið lagt af bróður hans –

Lúk. 11.46. Vei, yður líka þér skriptlærðir, því þér bindið mönnum lítt bærar byrðar, en sjálfir snertið þér þær ekki með einum fingri.

IV Hugmyndafræðilegar rætur

Þessar samsvaranir sýna að Stefán tekur undir mörg meginatriði í kenningu Jesú. Bræðralagshugsjónin er æðsta boðorð og samúð með lítilmagnanum en andúð auðsýnd ofríki og auðsöfnun. Þegar Jesús eitt sinn er spurður að því hvert sé hið æðsta boðorð í lögmálinu svarar hann á þessa leið:

Elska skaltu Drottinn Guð þinn af öllu hjarta, allri sálu þinni og öllu hugskoti þínu. Þetta er hið æðsta og helzta boðorð. Og þessu líkt er hitt: elska náunga þinn, sem sjálfan þig. (Mt. 22. 36-39)

Ekki verður betur séð en Stefán hylli það síðara en gangi fram hjá því fyrra. Siðfræðin stendur því eftir þó guddómnum sleppi.

Hannes Pétursson tekur svo til orða á einum stað í grein um ljóðið

Sigurð Tröllu eftir Stefán: „Lífsskoðun skáldsins er einmitt athyglisverð vegna þess, að hann er í senn aþeisti og móralisti.“¹³ Undir þetta virðist réttmætt að taka og jafnframt má bæta því við að siðaboðskapur skáldsins rís í öllum meginatriðum á kristilegum grunni. Segja má að Stefán sé kristinn maður án guðs eins og sagt var um Auguste Comte, heimspekinginn sem mótaði pósitívismann, að heimspeki hans væri „kapólska án guðs“.¹⁴ Stefán er í öllum verkum sínum ákafur móralisti í jákvæðum skilningi þess orðs og í höfuðdráttum tekur hann undir siðferðisboðskap kristindómsins. Hann gengur því á svig við eilífðarmálin og guðdóminn en hin kristilega breytni er honum eftir sem áður, og þó öllu fremur enn frekar en áður, þungamiðja í lífi mannsins, Mannsins með stórum staf, þar sem öll ábyrgð er nú lögð honum á herðar. Hin guðlega forsjón og handleiðsla, sem menn áður hlýddu og reiddu sig á, er augljóslega horfin. Í hennar stað virðist Stefán setja allt sitt traust á „framför“ meðal mannanna. Smátt og smátt vex þekking manna og þar með aukinn skilningur og þar af sprettur betri sambúð og samkomulag í mannheimi. Hann talar á einum stað í bréfi um „siðferðis-framförina“ sem „stríðið eilífa“.¹⁵ Undirrótin að þessum skilningi liggur sennilega að hluta til í því andlega lífi sem einkennir vestrænan heim á seinni helmingi 19. aldar. Andlegt líf 19. aldar var mikilfenglegra og flóknara en allra fyrri alda og það var margt sem því olli. Vísindin höfðu verið sífelld uppspretta nýjunga síðan á 17. öld en unnu enn nýja sigra, ekki síst á sviði landafræði, líffræði og líf-efnafræði. Véltaeknin á sviði framleiðslu varð til þess að þjóðfélagsgerðin breyttist gjörsamlega og olli því að menn litu mátt sinn og megin öðrum augum í átökum við náttúruöflin en fyrr. Hin djúpteka bylting, sem á sér stað jafnt í heimspekilegum sem pólitískum efnum, verður til þess að kollvarpa hefðbundnum hugmyndakerfum og stofnunum og hrindir af stað árásum á margt í trú og stjórn málum sem áður hafði þótt óumdeilanlegt. Margar arfhelgar og gamalgrónar hugmyndir verða að láta undan og brátt tekur að hrikta í viðteknum trúarhugmyndum. En ákveðinnar bjartsýni gætir þar sem menn sjá

¹³ Hannes Pétursson (1959:38).

¹⁴ Thomas Huxley segir í bók sinni *The Scientific Aspects of Positivism*: „Comte’s ideal ...is Catholic organization without Catholic doctrine, or, in other words, Catholicism minus Christianity.“ Tekið hér eftir Mary Pickering: *Auguste Comte. An Intellectual Biography*, Volume I: 16-17. Ég vil þakka Vilhjálmí Árnasyni fyrir að benda mér á þessa tilvitnun.

¹⁵ Stephan G. Stephansson í bréfi til séra Rögnvalds Péturssonar, 11. okt. 1926, *Bréf og ritgerðir* (1947, III:331).

hilla undir dagsbrún nýs tíma. Þó svo að menn verði að horfa á bak guði hefur maðurinn vaxið til þess hlutverks með tækni sinni og þekkingu að axla byrðina einn: standa Einn og óstuddur.

Franski heimspekingurinn Auguste Comte (1798–1857), sem fyrr var minnst á, upphafsmaður pósitívismans, sem stundum hefur verið nefndur raunspeki á íslensku, skrifaði flest verk sín á árunum á milli 1830–1855. Hann leit svo á að upp væri runnin vísindaöld sem táknaði endalok yfirnáttúrulegrar trúar. Það skeið, eða öllu heldur þau skeið tvö, þar sem maðurinn styddist við, fyrst trú sína en síðar frumspeki til þess að glöggva sig á tilverunni, væru að baki. Nú hlyti maðurinn að leita að raunhlítum, náttúrulegum orsökum með vísindalegum aðferðum. Í beinu framhaldi af þessu setti Comte síðan fram eins konar trúarkerfi sem hann kallaði mannúðartrúna. Maðurinn tekur sæti guðs sem hin æðsta vera (le Grand Être). Mönnum ber að lifa fyrir aðra og megináhersla hvílir á siðfræði og „siðferðis-framför“ sem hann álitur fylgja síaukinni þekkingu og bættri menntun. Comte reynir því að spyrða saman vísindi og trú – eða ef til vill öllu fremur að setta þetta tvennt. Hann hugði að á okkar stigi þróunarinnar, hinu jákvæða, vísindalega stigi iðnaðarsamfélagsins, yxi hin sanna þjóðfélagslega þekking manna svo að þeir þyrftu ekki framar að deila og berjast um trúarleg og stjórnmálaleg sjónarmið. Í augum hans leiðir því bætt siðferði og betri breytni óhjákvæmilega af bættri þekkingu og aukinni menntun.

Raunspekin átti miklu fylgi að fagna í hinum enskumælandi heimi. Einkum tóku John Stuart Mill (1806–1873) og Herbert Spencer (1820–1903) hana sér til fyrirmyndar. Fullyrða má því að það andrúmsloft, sem Stefán hrærðist í, hafi verið litað af þessum hugmyndum. Spencer lagði mikið af mörkum til þróunarkenningarinnar svonefndu, einkum í félagsfræðilegu tilliti, þótt kenningin sé nú á dögum aðallega eignuð Charles Darwin (1809–1882). Spencer varð til dæmis til þess að móta hið þekktu slagorð um „survival of the fittest“. Hann setti þróunarahugmyndir sínar í mjög vítt samhengi og þar á meðal tóku þær einnig til breytni mannsins sem þróunin myndi með tíð og tíma einnig gera göfuglyndari og réttisýnni þar sem með þeim hætti yrði hann líka hæfari og betri samfélagsvera. Lögmaál framþróunarinnar lytu beinlínis að því takmarki. Framtíðarsýnin er sú að menn verði að lokum svo fullkomnir að þeir þoli ekki að aðrir séu beittir ofríki eða yfirgangi.¹⁶

¹⁶ Í riti Ágústis H. Bjarnasonar *Nítjándi öldin* er ágætlega fjallað um þá Comte (bls. 195–198) og Spencer (bls. 333–347).

Auðvelt er að sjá að Stefán hefur hrærst í þessum hugmyndaheimi. Ljóð hans sýna það mörg glögglega en til frekari staðfestingar eru orð hans í *Drögum til ævisögu* þar sem hann ræðir um bóklestur sinn og kemst svo að orði:

Helzt hefi ég slægzt til að skilja stefnur, einkanlega minnar tíðar. Allt hefir það sjálfsagt haft einhver áhrif. T.d. maður kemst ekki hjá að kynnast ögn kenningum Herberts Spencers og Darwins, þó aldrei hafi maður lesið allt, sem þeir skráðu. Hugsunarháttur samtíðarbókanna er þrunginn þeirra anda með og mót, og þetta treðst í mann, þó ekki sé frá „fyrstu hendi“.¹⁷

Það þarf ekki að fara í grafgötur um það að „þróun“ og „framför“ eru lykilhugtök í augum Stefáns og það ekki eingöngu í efnislegu tilliti heldur jafnframt siðferðislegu. „Framförin er lífsins sanna sæla“, segir hann í samnefndu ljóði um *André Courmont* og gætu þau orð vel staðið sem einkunnarorð yfir verkum Stefáns.

V Niðurlag

Hér hefur einkum verið dvalið við að sýna að skáldið aðhyllist breytni í anda Krists en hafni guðstrú. Þessi afstaða byggir á þeim skilningi að hið góða í manningum, göfgi hans, sé fyrst og fremst háð viti mannsins og skynsemi. Vaxi þekking mannsins og þroski hann vitsmuni sína leiði af því kærleiksríkara samfélag. Siðferði þarf ekki lengur að spyrða saman við guðstrú og umbun sem menn hljóti annars heims – hana skuli þeir hljóta þessa heims í vel unnum verkum sínum sem bera ávöxt meðal niðjanna. Hugblær ljóðsins markast samt engan veginn af bjartsýni. Yfir því er miklu fremur angurværð og ákveðinn tregi – skáldinu er ljóst að gangan er löng. Þroskabraut mannsins er óendanleg.

Fimmtán árum eftir að Stefán orti þetta ljóð skall fyrri heimsstyrjöldin á og skók allan hinn siðmenntaða heim. Stefán andæfði því stríði af öllum mætti orðs síns og tungu. Það má skilja í ljósi mannhyggu hans hvílíkt áfall sá hildarleikur hefur verið honum. Hrikalegustu styrjöld sögunnar heyja þeir menn sem mesta hafa þekkinguna og bestum siðferðisþroska ættu að hafa náð. Heimsstyrjöldin

¹⁷ Stephan G. Stephansson *Bréf og ritgerðir. Drög til ævisögu*. (1948, IV:88).

fyrri og skelfilegar afleiðingar hennar bundu hjá öllum þorra manna enda á þá bjartsýnu trú að bætt almenn þekking og upplýsing yrðu til þess að bæta manninn sem siðferðisveru. Heimsstýrjöldin, sem Stefán taldi 'heimsins stærstu heimsku'¹⁸, mun þó ekki hafa breytt þeirri skoðun hans að þekkingin plægði smám saman jarðveginn fyrir batnandi menn enda lífsskoðun hans þá orðin mótuð á langri ævi.

Ljód skáldbóndans í Vesturheimi urðu fljótt kunn hér á landi eftir að þau tóku að birtast um og fyrir aldamótin 1900 og menn mátu þau að verðleikum. Það er einkum tvennt sem veldur því hversu mikill veigur Íslendingum hefur jafnan þótt í ljóðum Stefáns. Hann býr vel að gömlum arfi máls og bókmennnta og nær að kveikja þennan arf saman við þær hugmyndir og stefnur sem þróttmestar eru í samtíðinni. Einart skap og vitsmunir knýja hann til þess að leita svara við brýnustu spurningum aldarinnar. Öll umfjöllun hans ber vott um það viðhorf að vilja leiða mönnum fyrir sjónir, boða þeim ákveðin sannindi hvort sem það varðar veraldlega eða andlega velferð. Honum hefur svo sannarlega birst verkavitrun:

það kall að hefja land og lýð
og lækna mein á sinni tíð.

HEIMILDIR

- Ágúst H. Bjarnason. 1906. *Yfirlit yfir sögu mannsandans. Nítjándi öldin*. Bókaverzlun Guðm. Gamalielssonar, Reykjavík.
- Ágúst H. Bjarnason. 1908. *Yfirlit yfir sögu mannsandans. Austurlönd*. Bókaverzlun Guðm. Gamalielssonar. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Ágúst H. Bjarnason. 1924. *Siðfræði*. [s.n.], Reykjavík.
- Árni Björnsson. 1963. *Jól á Íslandi*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Björn Magnússon. 1951. *Orðabýkill að Nýja testamentinu*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Bréf Matthíasar Jochumssonar*. 1935. Forspjall eftir Steingrím Matthíasson.

¹⁸ Við lok fyrri heimsstýrjaldar var Stefán eitt sinn spurður hvort hann vildi ekki ferðast um vígvöllinn í Norðurálfu þegar stríðinu væri lokið. Hann svaraði svo:

Þó mér bjóðist braut og far,
býður mér við að koma þar,
sem heimsins stærsta heimiska var
háð, til mestrar bölvunar.

Stephan G. Stephansson (1998:228).

- Bókadeild Menningarsjóðs gaf út. Prentsmiðja Odds Björnssonar, Akureyri.
- Brown, Colin. 1973. *Philosophy and the Christian Faith*. Inter-Varsity Press, London.
- Encyclopedia of Philosophy*. 1967. Paul Edwards, editor in chief. Macmillan, New York og London.
- Flateyjarbók* I. 1944. Sigurður Nordal ritaði formála. Finnbogi Guðmundsson og Vilhjálmur Bjarnar. Flateyjarútgáfan, Prentverk Akraness H. F.
- Guðmundur Friðjónsson. 1912. „Lífsskoðun Stepháns G. Stepháns-sonar. Alþýðuerindi.“ *Skírnir*, 86. árg.:44–63. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, Reykjavík.
- Gunnar Dal. 1979. *Heimspækingar Vesturlanda*. Víkurútgáfan, Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1959. „Sigurður Tröllli.“ *Andvari*. Nýr flokkur. Sumar 1959. 84. árg.:31–43. Tímarit Bókaútgáfu Menningarsjóðs og Hins íslenska þjóðvinafélags, Reykjavík.
- Hið Nýja Testamenti*. 1863. Hið brezka og erlenda Biflíufélag, Oxford.
- Jón Helgason. 1904. *Sögulegur uppruni Nýja testamentisins*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Óskar Ó. Halldórsson. 1961. *Á ferð og flugi*. *Studia Islandica* 19. H.F. Leiftur, Reykjavík.
- Óskar Ó. Halldórsson. 1972. *Bragur og ljóðstill*. Hið íslenska bókmenntafélag. Fræðirit I., Reykjavík.
- Pickering, Mary. 1993. *Auguste Comte. An Intellectual Biography*, Volume I. Cambridge University Press. Printed in the United States of America.
- Russell, Bertrand. 1979. *History of Western Philosophy*. Unwin Paperbacks. Second edition. London.
- Steingrímur J. Þorsteinsson. 1950. „Íslenskar biblíuþýðingar.“ *Víðförli – tímarit um guðfræði og kirkjumál*, 1.–2. hefti, 4. árg.:48–85. Reykjavík.
- Steingrímur J. Þorsteinsson. 1953. „Stephan G. Stephansson. Aldarminning.“ *Skírnir* 127. árg.:18–69. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Stephan G. Stephansson. 1939. *Andvökur. Úrval*. Sigurður Nordal gaf út og ritaði formála. Mál og menning, Reykjavík.
- Stephan G. Stephansson. 1938–1948. *Bréf og ritgerðir* I.–IV. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.
- Stephan G. Stephansson: *Andvökur. Nýtt úrval*. Finnbogi Guðmundsson valdi. Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík 1998.
- Porkell Jóhannesson. 1956. „Við verkalok.“ *Nordæla. Afmæliskevja til Sigurðar Nordals sjötugs*: 218–226. Helgafell, Reykjavík.

Bjarni Gunnarsson

Níu ljóð

Tímamót

Manstu gamlárskvöldin
þegar rúður nötruðu og sál
hússins brann undan
klasasprenjum góðærisins

Fyrir köttinn og mig
var janúar tími áfallastreitu
og brostinna vona

En nú lýsa kossar þínir
upp himininn og ég veit ekki
annað en nýársdagur
færi börnunum ævintýri
undan snjónum

Óendanlega þakklátur
að hafa aldrei látið glepjast
af öðru en ástinni

Stundir

Hinum megin við götuna
stendur Land Róver
líklega 63-árgerð og jafnaldri
eiganda síns.

Sé þá út um gluggann
þaðan sem ég sit og raða
ljóðlínunum, þilla í orðalag
hnika til kommum.

Granninn labbar hringinn
í kringum jeppann
skrúfar lítið eitt, smyr hjarir
skiptir um peru.

Eflaust erum við báðir
með hugann við sveitina
fjallið, lækinn og heysátuna
tveir þöglir menn
með lausa stund.

Haustið 2008

Á hverjum morgni
duttu blöðin inn um bréfalúguna
töldu dagana frá því seinasti
auðmaðurinn flaug úr landi
þangað til jólasveinarnir
komu og gáfu okkur í skóinn

Löngu býið að éta alla molana
úr dagatali barnanna

Í Kringlunni

Hvar skyldi það búa
allt þetta fólk
sem stöðugt fyllir
marmaraganginn,
líður upp og niður
rúllustigann.

Hvar skyldi það eiga
sér líf af holdi og blóði,
eins margt af því
og ég hef sterklega
grunað um
að vera gínur.

Baksund

Ljúft að fljóta í vatninu
horfa á skýin og láta sig dreyma

Óhjákvæmilegt að synda
því annars sekkurðu

Ævinlega þessi beygur
að rekast á annan sundmann

Eða fá harða lendingu
hinum megin

Gallagripir

Við sem höfum haldið okkur til hlés í búðinni, annað hvort verið skilað eða ekki þótt hafa nægan þokka, getum glaðst núna. Tími háfættu fyrirsetunnar og súkkulaðidrengsins sem var alltaf að bjarga heiminum er liðinn. Nú elskum við öll þennan litla mjóa dökkhærða með skökku tennurnar sem sagði alltaf að þetta mundi fara svona. Nú er kominn tími til að elska galla sína og njóta þess að berjast fyrir lífinu.

Ekki

Að grúfa sig í barm
skotgrafarinnar
brjóstið titrandi
viti full af mold

Hlaða en vona
að skotin muni geiga
öll þessi meiðandi
orð

Reyna að þrauka
vera fyrirmynd litlu
fótgönguliðunum

Sá gamli

Gamli presturinn er löngu farinn á eftirlaun en leysir stundum unga prestinn af, sem reyndar er einnig farinn að eldast. Sá gamli skírir, fermir, giftir og jarðar – og alltaf predikar hann á nýársdag. Vissulega líður tíminn án mannlegrar íhlutunar en til ákveðinna verka er alveg bráðnauðsynlegt að hafa vana menn.

Lækning

Hann leitaði lengi að orði
nógu beittu til að skera
meinið burt

Var eiginlega hættur að leita
þegar það loksins hljómaði
látlaust en samt
svo máttugt:

Sættir

Kristján Árnason

Um formgildi og tákngildi íslenskra ljóðstafa

Margt og mikið hefur verið skrifað um norræna og germanska stuðla-setningu, uppruna hennar, eðli og hlutverk. Af einhverjum ástæðum lifði sú venja, sem tíðkaðist meðal germanskra fornþjóða mun lengur hér á landi en annars staðar. Reyndar benda nýlegar rannsóknir til þess að þótt grundvallarreglur hafi haldist að miklu leyti óbreyttar, hafi ekki alltaf allt verið meitlað í stein og að í sögu íslensks kveðskapar hafi átt sér stað ýmsar breytingar, brautin ekki alltaf verið bein og menn mis-kröfuharðir eftir tímabilum að fylgja hinum fornu reglum.¹

Í þessari grein verður hugað að því sem kalla má í nokkuð víðum skilningi **gildi** eða **hlutverk** stuðlasetningar sem stíl- og brageinkennis. Því er haldið fram að í eldri kveðskap hafi stuðlarnir vissulega gegnt mikilvægu formlegu hlutverki eða haft **formgildi** sem einkenni á bundnu máli og til að greina það frá óbundnu máli, ekki síst til að njörva bragformin niður og skilgreina einingar í bragformunum. Ljóðstafir voru þannig óaðskiljanlegur hluti af skilgreiningu bragformanna. En eftir því sem tímar liðu fram varð annað hlutverk þeirra ekki síður mikilvægt, nefnilega **tákngildi** þeirra sem einkennis á vönduðu „bundnu máli“ og ljóðum. Í því sambandi lætur nærri að stuðlarnir hafi orðið að helgidómi, sem hluti af hinu margfræga íslenska brageyra. Svo rammt kveður að þessu að sum seinni tíma skáld, sem sagt hafa skilið við hefðbundna formfestu, geta ekki hugsað sér að yrkja án ljóðstafa, eða þá að þeir leita „ósjálfrátt“ inn í textann sem hluta af eins konar hátíðarbúningi tungumálsins; þótt kveðskapurinn sé gjarna órímaður hjá þessum skáldum, er hann mun síður „óstuðlaður“.

Hér verður fyrst fjallað lauslega um eðlisþætti ljóðstafa og stuðlasetningar, uppruna þeirra og notkun í eldri kveðskap. Síðan er farið

¹ Sjá t.d. nýlega doktorsritgerð Rangars Inga Aðalsteinssonar (2010).

fljótt yfir sögu ljóðstafanna í yngri kveðskap og bent á athyglisverða breytingu á hlutverki þeirra og gildi sem menningarlegs fyrirbrigðis sem smám saman á sér stað. Rætt er um örlög þeirra í formbyltingunni í íslenskum kveðskap á 20. öld og vikið að notkun þeirra í dægurlagatextum.

I Ljóðstafir og frjálssir stuðlar

Stuðlasetning (*alliteration*) er vel þekkt fyrirbrigði vítt og breitt um heiminn, jafnt í bókmenntum sem annarri málnotkun. Alkunna er að föst orðasambönd og samstæður eru gjarna í stuðlum, eins og þegar sagt er að maður sé *fólur og fár* og að eitthvað sé *gott og gilt*. Talað er um *fjöll og firnindi*, og að búa í *sátt og samlyndi*. Einnig eru málshættir gjarna stuðlaðir: *oft kemur góður þá getið er, enginn verður óbarinn biskup*, og svona mætti lengi telja. Einnig er algengt að slagorð og fyrirsagnir í fjölmiðlum séu skreytt með stuðlum, eins og þegar *Flóru smjörlíki* er sagt vera *fyrsta flokks*.

Stuðlar eru einnig oft notaðir til skrauts í lausamáli í bókmenntum, og er gott dæmi um það að finna í eftirfarandi texta úr *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*:

Meður svo háleitri og heilagri hirðsveit, sem nú er greint, fer sá hagasti meistari drottinn Jesús um borgir og bæi, héruð og hálfur Jórðsalalands æ sem vitrasti veiðimaður, sendandi sitt net til vægðar og viðurhjalpar, þar sem hann mátti flesta draga af djúpi illskunnar til sinnar miskunnar og stöðugrar strandar eilífs fagnaðar.²

Sem málskraut eru stuðlar eins konar rím, þ.e. endurtekning á sömu hljóðum, og auðvitað er endurtekning og klifun mög víða notuð sem stílbragð í bókmenntum. Raunar hefur verið bent á að sérstök líkindi séu með stuðlasetningu og hendingum, ekki síst skothingum, sem einmitt eru fólgnar í endurtekningu samhljóða og samhljóðaklasa á tilteknum stöðum í braglfnum.³

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að greina annars vegar milli stuðlasetningar sem almenns stílbragðs í lausu máli og hins vegar sem kerfisbundins hluta af skilgreiningu bragforma. Í þeim anda hafa nor-

² *Postala sögur* (1874:547).

³ Sjá t.d. Þorgeir Sigurðsson (2001) og Kristján Árnason (2007a).

rænir fræðimenn, til að mynda Eva Lilja og Hallvard Lie,⁴ sem fjallað hafa um sænska og norska bragfræði, gert greinarmun á *alliteration* og *stavrim*. Fyrra hugtakið er almennt og vísar til þess þegar stuðlar eru notaðir til skrauts í lausu máli eða bundnu, en hið síðara vísar til kerfisbundinnar ljóðstafasetningar af þeirri gerð sem þekkist í hefðbundnum íslenskum kveðskap. Þetta er þörf aðgreining, og verður henni fylgt hér. Íslensk málvenja hefur hér verið nokkuð á reiki, en gera má þennan greinarmun án grundvallarbreytinga á íslenskri orðanotkun. Nota má orðið *stuðlar* eða *stuðlasetning* sem almennt heiti um hvers konar notkun upphafsríms í bundnu eða óbundnu máli. En þegar ástæða er til að vísa sérstaklega til notkunar stuðla í kveðskap (samsvarandi skandinavíska orðinu *stavrim*) má tala um *ljóðstafi* eða *bragstuðla*. Einnig má tala um *frjálsa stuðla* þegar stuðlunin fylgir ekki föstum reglum og þá *kerfisbundna stuðla* þegar fastar formúlur eru skilgreindar.⁵ En orðið *málstuðlar* tekur þá til sjálfra málformanna, þ.e. þeirra samhljóða og samhljóðaklasa sem taka þátt í stuðlavenslunum.⁶

II Formgildi ljóðstafa

Spyrja má, eins og áður segir, hvers eðlis þau hlutverk séu sem ljóðstafir (og eftir atvikum frjálsir stuðlar) gegna í bragformum og með hvaða hætti þeir fegra textann. Hvað varðar reglubundinn brag eru áhrif bragstuðla tvenns konar.

Annars vegar má hugsa sér að um sé að ræða almenn fagurfræðileg áhrif sem fylgja endurtekningu, enda hafa stuðlar verið taldir eitt af þeim klifunarmeðulum sem notuð eru í fagurbókmenntum.⁷ Endurtekning líkra hljóða er eyranu þægileg, jafnt í endarími sem í stuðlasetningu; það er þá með einhverjum hætti „(hljóð)fegurra“ að segja *góður og gegn* en *góður og finn* og *grænt og gróid* er á einhvern hátt betra eða þægilegra fyrir eyrað en *grænt og frjósamt*.

Á hinn bóginn gegnir regluleg ljóðstafasetning eins og sú íslenska (og reyndar rím líka) mikilvægu hlutverki við að skilgreina bragformin sem formúlur eða kerfi. Skýrar reglur gilda í íslenskum kveðskap um staðsetningu ljóðstafanna, og er meginreglan sú að þeir

⁴ Sjá Lie (1967:110) og Lilja (2006:99).

⁵ Sbr. Ragnar Inga Aðalsteinsson (2010:19–21).

⁶ Sbr. t.d. Kristján Árnason (2005:80 o.áfr.).

⁷ Sbr. Þorleif Hauksson og Þóri Óskarsson (1994:152–156).

binda saman braglínur og mynda pör, þannig að höfuðstafur stendur fremst í síðlínu, en í frumlínu standa einn eða tveir stuðlar sem kallast á við höfuðstafinn. (Í öðrum kveðskaparhefðum, svo sem fornírskum kveðskap eða í hinu finnska Kalevala, gilda aðrar en hliðstæðar reglur.) Ljóðstafirnir eru sem sé hluti af skilgreiningu bragformanna. Hvað íslenskan kveðskap varðar er hlutverk þeirra fyrst og fremst að hjálpa til við að skilgreina stofnhlutagerð kveðskaparformanna, þ.e. hvernig minni einingar raða sér og eru bundnar saman í stærri einingar. (Hér er auðvitað rökrétt að tala um „bundið mál“ eins og tíðkast hjá okkur og Þjóðverjum, sem tala stundum um kveðskap sem *gebundene Sprache*.)

Í ljósi þess sem hér var sagt samanstendur venjuleg íslensk ferskeytla af tveimur braglínupörum (fyrri parti og seinni parti). Braglínupörin tvö mynda stofnhluta í vísunni sem heild, og skiptast svo aftur niður í minni stofnhluta, braglínur, sem enn greinast í bragliði eða kveður. Stundum er talað um hálfínur eða „cola“, sem eins konar millistig milli línu og kveðu. Þannig er oft gert ráð fyrir að í löngum línur bragforma eins og hexameturs sé línur skipt í hálfínur, og svo er einnig um edduhætti, þar sem talað er um stuttlínur og langlínur, þannig að tvær stuttínur mynda eina langlínu. Næsta stig fyrir neðan í þessu stigveldi eru kveðurnar eða bragliðirnir. En í rímnaháttum er gerður greinarmunur á hákveðu og lágkveðu og má segja að sá greinarmunur bjóði upp á undirgreiningu ferkvæðra lína í tvær hálfínur. Út frá stigvenslum milli hákveðu og lágkveðu má skipta braglínur í tvær hálfínur sem hvor um sig hefur eina hákveðu og eina lágkveðu.

Grunnbygging ferskeytluformsins styðst þannig við hrynjandi, þ.e. endurtekna tvíliði samkvæmt því sem kallað hefur verið ferskeytlu-lögmál,⁸ en ljóðstafirnir undirstrika þessa stofnhlutagerð og segja má að þeir séu eins konar greinarmarki eða merki um það hvað hangir saman, og ef þeir eru ekki á sínum stað hrynur byggingin að mati fornra fræða. Ljóðstafirnir byggja á venslum, þannig að staðirnir, þar sem þeir standa, kallast á. Höfuðstafurinn í síðlínunni verður ekki ljóðstafur nema hann kallist á við einn eða tvo stuðla í þeirri fremri. Í íslenskum kveðskap má ekki vera of langt á milli þeirra, og bannað er samkvæmt ströngustu reglum að hafa fleiri málstuðla sem ríma við hina eiginlegu ljóðstafi í línuparinu. Þá er talað um ofstuðlun, sem telst braglýti.

Hægt er að kafa ögn dýpra í greiningu á eðli stuðlanna sem form-

⁸ Sbr. t.d. Kristján Árnason (2002, 2006).

þátta í kveðskapartextanum. Þannig hefur breski málfræðingurinn Nigel Fabb haldið því fram að textar geti búið yfir tvenns konar formum, sem hann kallar annars vegar **innbyggt form** (inherent form) og hins vegar **tjáð form** (communicated form). Hin innbyggðu form eru sjálf málformin, orðin og stofnhlutarnir (með sinn hljóð og merkingu) sem textinn byggist á, en á hinn bóginn eru einnig oft til staðar formeiningar, sem segja okkur til um einkenni textans sjálfs. Textinn veitir þá með einhverjum hætti upplýsingar um sjálfan sig.⁹

Um leið og það verður skylda samkvæmt þeim bragreglum sem textinn fylgir að hafa ljóðstafi á tilteknum stað, þýðir það að sá texti sem fylgir reglunum „kemur því til skila“ um sjálfan sig að hann sé kveðskapur, en ekki lausamál. Þannig „tjáir textinn sig sjálfur“ um eðli sitt, ef svo má segja, um það hvernig gerðar hann er, og viðtakandinn sem þekkir formin áttar sig á því hvað klukkan slær. Segja má, í þeim anda að í fagurbókmenntunum sé lögð megináhersla á það „hvernig“ hlutir eru sagðir og textinn dragi athygli að sjálfum sér og formi sínu, að þetta sé í samræmi við hugmynd Romans Jakobsons um hið skáldlega gildi (póetísku fúnksjón) skilaboðanna. Um leið eru ljóðstafirnir eins konar greinarmerki, auk þess sem þeir hafa að minnsta kosti óbein tengsl við hrynjandi og bragstyrk. (Raunar er það, eins og síðar mun vikið að, eitt af álitamálum í umræðu um ljóðstafi, hversu nán tengsl þeirra eru við hrynjandi kveðskaparins. Jón Helgason taldi að stuðlar þyrftu að bera sterka áherslu, en Helgi Hálfðanarson er á annarri skoðun eins og vikið er að hér á eftir.)

III Ljóðstafir í miðaldamálfræði

Pegar í hinum fornu málfræðiritgerðum kemur fram mat á hlutverki stuðlanna sem er í samræmi við það sem hér var sagt. Þannig segir Ólafur hvítaskáld í málskrúðsfræði sinni að stuðlar séu „... upphaf til kveðandi þeirar er saman heldr norrænum kveðskap, svá sem naglar halda skipi saman...“¹⁰ Samkvæmt þessum skilningi binda ljóðstafirnir


⁹ Sjá Nigel Fabb (1999) og Kristján Árnason (2007a). Samkvæmt Fabb gefa allir textar frá sér einhvers konar merki um það hvers eðlis þeir eru eða hvaða formi þeir fylgja. Þetta form kallar hann á ensku *communicated form*, og gildir það bæði um bundið mál og óbundið. Meðal tjáðra formþátta ritaðara texta geta verið greinar-skil og kaflamerkingar, en einnig stundum greinarmerki (kommur og punktar), sem aftur geta samsvarað ákveðnum þáttum í tónfalli talaðs máls. Ljóðstafasetning og rím eru hlutar af þessu tjáða formi kveðskaparins.

¹⁰ Ólafur Þórðarson (1927:70).

kveðskapinn saman, og séu þeir ekki á sínum stað fer allt úr skorðum. Og Snorri Sturluson tekur í sama streng í athugasemdum í Háttatali, þegar hann segir að stuðlafasetningin sé „... stafasetning sú er hætti ræðr ok kveðandi gerir, þat eru tólf stafir í eyrindi, ok eru þrír settir í hvern fjórðung. Í hverjum fjórðungi eru tvau vísuorð ... Í öðru vísuorði er settr sá stafr fyrst í vísuorðinu er vér köllum höfuðstaf. Sá stafr ræðr kveðandi. En í fyrsta vísuorði mun sá stafr finnast tysvar standa fyrir samstöfun. Þá stafi köllum vér stuðla.“¹¹

Sturlungar líta sem sagt á ljóðstafi sem eins konar burðarvirki í kveðskap, og er höfuðstafurinn mikilvægastur, enda staðsetning hans í upphafi síðari stofnhlutans, síðlínunni, grundvallarregla sem ekki má brjóta. Meira frelsi ríkir um staðsetningu stuðlanna, en í dróttkvæðum hætti (þeim hætti sem að mati Snorra var sá merkilegasti af norrænum háttum) geta þeir staðið næstum hvar sem er í forlínunni. Þetta „burðarvirki“ kveðskaparins má tákna eins og gert er í (1). Þarna myndar höfuðstafurinn eins konar ás, sem stuðlarnir styðja svo við. Ásinn getur ekki staðið einn og sér, án stuðningsins sem stuðlarnir veita.

(1)



Bæði Snorri og Ólafur virðast með öðrum orðum telja að ekkert geti verið skáldskapur (eða kveðskapur) nema það sé í ljóðstöfum. Og Snorri lítur svo á að staðsetning stuðla í frumlínu geti skipt háttum, þegar hann tekur til við að greina hin margbrotnu bragform sem hann sýnir í Háttatali.¹²

Fróðlegt gæti verið að velta því fyrir sér hvaðan sú hugsun er komin að ljóðstafasetningin sé svona mikilvægur þáttur í kveðskaparformum, og liggur þá beinast við að vísa til sögunnar. Ljóðstafirnir

¹¹ Snorri Sturluson (1999:8).

¹² Sbr. Kristján Árnason (2007a, 2007b).

eru sögulegur arfur, eins og sjá má af því að bragform sem líkjast edduháttum voru útbreidd meðal germanskra þjóða fyrir Íslands byggð. Ljóðstafir hafa þannig frá upphafi verið taldir sjálfsagðir í edduháttunum; þar eru þeir reyndar eina rímskrautið, og þaðan voru þeir teknir inn í dróttkvæði og önnur form sem hér þróuðust.

Að vísu má ráða af umfjöllun Snorra í Háttatali að hann og samtíðarmenn hans hafi talið dróttkvæða hætti vera „fínni“ form og slíkur kveðskapur hefur notið meiri virðingar en eddukvæði. (Þannig var dróttkvæður háttur t.d. notaður í mörgum lofkvæðum um konunga og einnig kristnum kveðskap þegar hann kom til sögunnar.) Og segja má að sem formmeðal hafi stuðlasetningin verið minna áberandi að tiltölu í skáldaháttunum (t.d. dróttkvæðum hætti, hrynhendu og töglaði). Hið ríkulegu formskraut dróttkvæðanna, hendingar, kenningar, orðaumröðun og fastari hrynjandi, skyggir óneitanlega á ljóðstafina og gerir þá hlutfallslega minna áberandi. En samt eru ljóðstafirnar það fyrsta sem þeir frændur Snorri og Ólafur nefna sem formþátt í kveðskap, dróttkvæðum jafnt sem öðrum formum.

Þetta allt má túlka þannig, að þótt tekin hafi verið upp nýrri formmeðul og e.t.v. „fínni“ bragform, hafi ljóðstafir notið fornarrar virðingar. Stungið hefur verið upp á því að einhver sérstök helgi hafi fylgt ljóðstöfunum í germanskri hefð, og að þeir hafi tengst heiðnum trúarathöfnum, og mætti þá kannski láta sér detta í hug að hið mikla álit Sturlunga á þeim tengist slíkri forneskju.¹³ Ekki virðist þó ástæða til að seilast svo langt til skýringa á þessari upphæfð ljóðstafanna. Stuðlasetning er afar eðlilegt stílskraut, ekki síst í málum þar sem orðáherslan er á fyrsta atkvæði, eins og víða í germönsku og í norrænu, og eðlilegt að hún festist í sessi sem bragmeðal, án þess að sérstök helgi eða dultrú fylgi henni. Og einnig mætti rekja þetta mat Sturlunga (og væntanlega annarra samtíðarmanna þeirra) á mikilvægi ljóðstafanna til hefðbundins lærdóms meðal skálda og bragfræðinga. Og þetta má enn tengja því að Snorri, sem var vissulega íhaldsmaður á norrænar hefðir, notar ljóðstafi (auk hendinga og annarra þátta) í bragskilgreiningum sínum í Háttatali. Að sama skapi má hugsa sér að ummæli Ólafs séu vísdómur sem miðlað hefur verið í hefðbundnum skáldskaparfræðum og hann tvinnað það saman við erlendan lærdóm í málskrúðsfræði sinni, sem er kennslubók.

¹³ Sbr. t.d. Jón Helgason (1959:3). Tekið skal fram að þótt Jón segi frá þessum tilgátum telur hann sjálfur að enginn viti hvort þessar skýringar séu „nokkuð annað en heilaspuni“.

Ef við gerum svo ráð fyrir að hendingarnar séu á einhvern hátt eðlisskyldar stuðlunum, eins og áður var minnst á, er við því að búast að Snorri noti þessi tvö einkenni sem greinimörk í skilgreiningum sínum á bragarháttum. En það er aftur á móti athyglisvert, eins og ég hef bent á á öðrum stað,¹⁴ að Snorri vísar ekki beint til bragliða eða hrynjandi þegar hann skilgreinir bragformin og er þar að því er virðist algerlega laus við evrópskar hefðir í greiningu á klassískum kveðskap.

IV Ljóðstafir í yngri kveðskap

Við gerum sem sé ráð fyrir að ljóðstafirnir eigi eins konar frumheimkynni í Edduháttum, sem eru fornlegastir íslenskra bragarháttar, eins og ráða má af því að þeir eiga margt sameiginlegt með fornþýskum og fornenskum formum kvæða eins og Bjólfskviðu og Hildibrandskviðu. Og miðað við þetta má segja að fyrstu nýir „landvinningar“ ljóðstafanna hafi einmitt verið í dróttkvæðum sem voru norræn nýjung. Einnig má halda því fram að tengsl stuðlanna við sjálfa frum-hrynjandi kveðskaparins sé nánari í edduháttum en í ýmsum öðrum háttum. Þannig er óhugsandi að stuðull standi annars staðar en í risi í fornyrðislagi og ljóðahætti, en staðsetning stuðla í dróttkvæðum frumlínum var býsna frjáls eins og fyrr var nefnt. Stuðlar gátu staðið næstum því hvar sem er í fimm fyrstu bragstöðum dróttkvæðrar frumlínu, og er ekki alltaf ljóst að mikill hrynrænn styrkur fylgi þeim, t.d. þegar stuðull stendur í fjórðu stöðu, í línugerðum eins og *betr unnum nú nýlja* (Hallfreður, lausavísa 3,7). Þótt vafalaust megi telja að einhver „upphefð“ fylgi því atkvæði sem stuðullinn lendir á, er fjórða staðan í dróttkvæðri línu oftast nær veik, og vafalaust að næsta staða á eftir, sú fimmta og næst-síðasta í línunni, er alltaf sterk. Það er til dæmis ófrávíkjanleg regla að þar standi þungt áhersluatkvæði og beri hendingu. Það að setja stuðul næst á undan öðrum stuðli í þessari stöðu, eins og í línunni sem nefnd var, myndi því skapa spennu milli tveggja nástæðra áherslna, ef stuðlum fylgdi alltaf ótvíræð áhersla. Þarna hefur væntanlega verið á ferðinni einhvers konar kontrapunktur í hrynjandinni, eins og síðar kemur fram hjá Hallgrími Péturssyni í Passúsálmunum.¹⁵ Og þar sem dróttkvæðin eru almennt séð svo

¹⁴ Kristján Árnason (2007b:81).

¹⁵ Sjá umræðu um þetta hjá Kristjáni Árnasyni (1991/2000:133–143) og Atla Ingólfssyni (1994).

margbrotin í formi, var þáttur ljóðstafanna í að skilgreina háttinn hlutfallslega minni en í edduháttunum.

Hvað sem þessu líður er staðreyndin sú, að ljóðstafasetning hélt velli í flestum þeim bragformum sem tekin voru upp hér á landi á miðöldum, oft að erlendri fyrirmynd að talið er. Þannig voru þeir teknir inn í hrynhendan hátt, og í formum sem flokkast sem runhendur (og eru raunar býsna margbreytileg hvað línulengd og hrynjandi snertir) eru ljóðstafir settir reglulega. Fljótlega mynduðust venjur um það hvar stuðlar gátu staðið í fjögurra rísa línunum (saman borið við þriggja rísa línur í dróttkvæðum). Reglan varð sú að annar stuðullinn átti að standa í þriðja rísi ferkveðinnar frumlínu, en hinn gat verið í hvaða annarri kveðu sem var. Þetta hefur einnig verið orðað svo að ekki megi vera of langt milli ljóðstafa og að ekki standi báðir stuðlar í lágkveðu. Svo virðist sem þessar reglur um staðsetningu stuðlanna í ferkveðnum frumlínunum hafi mótast þegar hrynhendan kom til sögunnar.¹⁶

Líkt og í hrynhendu urðu ljóðstafir óaðskiljanlegur þáttur í rímna háttum eins og ferskeytlu, þótt önnur formmeðul væru ekki síður áberandi, eins og í dróttkvæðunum. Og tengsl stuðlanna við hrynrænan styrk máls eða brags eru hér heldur ekki eins greinileg og í edduháttunum. Þannig er í rímum tekið að stuðla á tiltölulega veikum orðflokkum, eins og í þessu dæmi úr Bósa rímum (frá um 1500):

- (2) Frillu borinn sem fræðin tjá
frá eg hann Sjóður heitir.¹⁷

Hér er höfuðstafur á sagnmyndinni *frá* sem er tiltölulega merkingarlaus og mætti flokkast sem hjálparsögn. Þessi losun á tengslum ljóðstafa við bragstyrk og málstyrk atkvæða verður enn meira áberandi þegar fram í sækir. Þannig er það t.d. í Passíusálmum Hallgríms Péturssonar. Í sálmunum úir og grúir af dæmum þar sem stuðlað er á orðum sem hljóta að hafa verið áherslulítill. Nokkur dæmi eru sýnd hér á eftir úr níunda Passíusálmi:¹⁸

- (3) Án drottins ráða er aðstoð manns
í öngu minnsta gildi. (9:2)

¹⁶ Sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson (2010: 47–53).

¹⁷ *Bósa rímur* (1974:39).

¹⁸ Hallgrímur Pétursson (1995:64–66).

Lærisvein, sál mín, sjá þú þann
sem Jesú eftir fylgdi. (9:6)

Ávinning lát þig öngvan hér
í þeirra flokki binda. (9:6)

Hér hikar Hallgrímur ekki við að setja ljóðstafi á forsetningar eins og *án* og *í* og samtenginguna (eða tilvísunarfornafnið) *sem*, sem í eðlilegu tali bera litla áherslu. Raunar virðist það, eins og áður var minnst á, vera eitt af formlegum sérkennum sálmanna, að ljóðstafirnir myndi eins konar kontrapunkt við hrynjandina, bæði þannig að tiltölulega veik orð (bragfræðilega og málfræðilega) eru látin bera ljóðstafi og að eðlileg taláhersla togist á við hrynjandi bragformanna.¹⁹ Hallgrímur fylgir raunar með sínum hætti reglunum sem bragfræðilhefðin kennir um staðsetningu stuðlanna. Þannig er stuðullinn alltaf í „kallfæri“ við höfuðstafinn og aldrei er of langt milli ljóðstafanna (þ.e. fleiri en eitt óstuðlað ris). En um leið stillir Hallgrímur stuðlunum þannig upp að oftast en ekki leyna þeir á sér í lestri sem tekur mið af hrynjandi talmálsins og lesandinn lendir í eins konar „vandræðum“ ef hann vill láta stuðlana koma fram. Þannig gæti virst eðlilegt að lesa frumlínuna úr (9:2) svo að ekki komi áhersla á fyrri stuðullinn, þ.e.: *Án |drottins |ráða er |aðstoð |manns*, en hinn möguleikinn er vissulega fyrir hendi að leggja áherslu á forsetninguna *án*: *|Án drottins |ráða er |aðstoð |manns*. Með þessum hætti væri tryggt að áhersla kæmi á stuðlaorðin og ekki væri fleiri en eitt óstuðlað ris á milli ljóðstafanna, og í hinum forlínunum í (3) eru áhersluatkvæði í fyrstu stöðu: *|Lærisvein |sál ...; |Ávinning |lát ...*

Það má því segja, að ljóðstafir séu hér að vísu óaðskiljanlegur hluti bragformanna, en að þeir séu alls ekki einráðir sem bragskraut, og oft tiltölulega lítið áberandi í textanum miðað við eddukvæði. Og sem kunnugt er er einnig til kveðskapur þar sem ljóðstafir eru alls ekki notaðir, eða þá með býsna óreglulegum hætti. Hér má nefna sagnadansa eða fornkvæði eins og kvæðið um Ólaf Liljurós, þulur og ýmiss konar alþýðlegan kveðskap.²⁰ Saga ljóðstafanna er því ekki án tilbrigða, og dæmi danskvæðanna sýnir okkur að það er langt frá því

¹⁹ Fróðlega umfjöllun um þetta og aðra tengda hluti er að finna hjá Atla Ingólfssyni (1994), sjá einnig Kristján Árnason (1998, 2003).

²⁰ Sbr. *Íslenska bókmenntasögu* II (1993:352–368) og Óskar Ó. Halldórsson (1974:48–51).

að vera náttúruleg málgát, að ljóðstafir séu notaðir í íslenskum kveðskap, hvað þá kveðskap almennt.²¹

Meginreglan sem varð ofan á var að ljóðstafirnir yrðu notaðir í öllum „æðri“ íslenskum kveðskap. Og á öllum tímum gilda að breyttu breytanda hliðstæðar reglur um notkun þeirra, t.d. um jafngildisflokkka (hvað stuðlar við hvað) og það að bundin séu saman braglínupör, stuðlar séu (jafnan) tveir í forlínu og einn höfuðstafur í upphafi síðlínu.

Þótt tiltölulega litlar breytingar hafi orðið í tímans rás á íslenskum grunnreglum um ljóðstafasetningu, má lesa ýmislegt fróðlegt út úr því yfirliti sem rannsókn Ragnars Inga Aðalsteinssonar gefur okkur. Þannig má sjá að mis-mikill strangleiki ríkti á ólíkum tímum. Svo virðist til dæmis sem meiri lausung hafi ríkt á fjórtándu og fimmtándu öld og fyrri hluta þeirrar sextándu en bæði fyrir og síðar, sem meðal annars kom fram í því að þá var ofstuðlun tiltölulega algeng.²² Að einhverju leyti kann þetta að tengjast því að lengri braglínur komu fram með nýjum háttum eins og hrynhendu. Einnig er hugsanlegt að tengja þetta við almennari menningarþróun og „lausung“, enda eru þetta þeir tímar þegar óstuðlaður kveðskapur eins og sagnadansar eru upp á sitt besta.

Sú menningarsaga sem þarna liggur að baki þarfnast frekari rannsóknar, en telja má að einhvers konar endurreisn hafi átt sér stað í þessum efnum með siðaskiptum, húnámanisma og lærdómi. Þannig var það sem kunnugt er ein af hugsjónum Guðbrands Þorlákssonar að kristinn kveðskapur fylgdi fornum venjum um ljóðstafi og form. Á sinn hátt kemur til greina að tengja þetta þeim klassísisma sem tengja má umbótahugmyndum og mállhreinsun sem koma fram í ritum Arngríms lærða.²³

Þegar fram líða stundir taka menn til við fræðilegar rannsóknir á stuðlasetningu, og má hér nefna rit Jóns Ólafssonar úr Svefneyjum (1786), en þar mun vera að finna eina fyrstu fræðilega umfjöllun seinni tíma um norrænan kveðskap.²⁴ Í þessu riti lýsir Jón (sem var

²¹ En í öðrum löndum hafa ljóðstafir horfið úr kveðskapnun, sbr. t.d. Lilja (2006:145–285) um sænskan kveðskap og Lie (1967:108–112) um norskan. Í enskum kveðskap voru ljóðstafir nokkuð lífseigir og tíðkuðust fram á 14. öld, en voru þó lagðir af um síðir, sbr. t.d. Minkova (2003:9–21) og Baugh (1967:232–248).

²² Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2010).

²³ Sbr. Jakob Benediktsson (1953/1987), Kjartan G. Ottósson (1990) og Gottskálk Þór Jensson (2003).

²⁴ Jón Ólafsson (1786).

bróðir Eggerts Ólafssonar) býsna vel þeim reglum sem giltu í eldri kveðskap um ljóðstafasetningu, og leikur grunur á að þessi lærdómur kunnri að hafa haft áhrif á ýmis skáld á seinni öldum. Í þeim anda gerir Ragnar Ingi Aðalsteinsson greinarmun á því sem hann kallar „lærða stuðlun“ og eðlilega stuðlun samkvæmt brageyranu, sem nánar verður fjallað um hér á eftir. Þessi lærða stuðlun var meðal annars fólgin í því að einstök skáld tóku upp á því að nota svokallaða „s-stuðlun“ í kveðskap sínum, þ. e. að láta /s/ stuðla við sjálf sig, jafnvel þótt hljómsendur eins og /l/, /n/ og /m/ fylgdu á eftir. En hljóðkerfislegar forsendur þessarar stuðlunar höfðu brostið með tilkomu sníkjuhljóðs í klösum eins og /sl/ og /sn/ á 14. eða 15. öld.²⁵ Ástæða er til að benda hér sérstaklega á að þegar svo er komið að menn eru farnir að endurvekja gamlar reglur, sem ekki geta talist eðlilegar miðað við málstigið þegar ort er, er ljóst að ljóðstafasetningin hefur breytt um gildi. Hún virðist vera orðin meðvitaðri en hún var áður. Og stundum er lærdómurinn of mikill, þannig að bera tekur á ofvöndun.

V Brageyrið og pólitísk helgun ljóðstafanna

Talið hefur verið að Einar skáld Benediktsson hafi búið til orðið *brageyra*, þar sem hann segir í grein frá árinu 1916: „Einn gimsteinn, sem vér einir eigum fram yfir allar heimsþjóðir, er stuðlagáfan, kenndin á setning þess ríms sem á útlendu máli er kallað bókstafarím. Ég leyfi mér að kalla þessa rímvísi þjóðar vorrar brageyra.“²⁶

Oft er litið svo á sem þetta brageyra sé eins og inngróinn hluti af íslenskri menningarhefð, enda þótt nútíminn sé stundum talinn hafa spilt þessari tilfinningu, eins og mörgum fornum dyggðum. Í þessum anda segir Jón Helgason um ljóðstafina í frægri ritgerð,²⁷ að „hjá hverjum þeim sem fengið hefur brageyra sitt mótað af íslenskum kveðskap [sé] stuðlatilfinningin svo rótgróin að hann getur ekki hugsað sér að yrkja án þeirra ... mér er ekki til neins að reyna [að yrkja án stuðla], því að ég treysti mér blátt áfram ekki til að heyra hvort hljómfall íslenskrar vísu er rétt, sé hún óstuðluð.“ Og á öðrum frægum stað segir hann:²⁸

²⁵ Sbr. Ragnar Inga Aðalsteinsson (2010:44, 165–195).

²⁶ Einar Benediktsson (1916:2).

²⁷ Jón Helgason (1959:30).

²⁸ Í Árnasafni, Jón Helgason (1986:12).

- (4) hróðugur kvað ég þá stef mín í stuðlanna skorðum,
stofninn er gamall þótt lafið sé annað en forðum.

Og á enn öðrum stað segir hann:²⁹

- (5) Í salkynnum þessum var engin sál nema ein
sem agaði mál sitt við stuðlanna þrískiptu grein

Ragnar Ingi Aðalsteinsson lítur þetta svipuðum augum í áður nefndri ritgerð sinni. Hann telur að tilfinning fyrir rétttri ljóðstafasetningu sé líks eðlis og tilfinning fyrir réttu máli. Alist menn upp við kveðskap, fái þeir á tilfinninguna og heyri strax hvort rétt er ort eða ekki (jafnvel án þess að geta gert skýra grein fyrir því í hverju reglurnar séu fólgnar). Í samræmi við þetta gerir Ragnar, eins og áður segir, greinarmun á því sem hann kallar „lærða stuðlun“ og „eðlilega stuðlun“. Dæmi um lærða stuðlun er það sem áður var nefnt, þegar skáld á 19. öld (t.d. Steingrímur Thorsteinsson) nota s-stuðlun, sem vegna málbreytinga hafði horfið úr íslenskum kveðskap fyrir siðaskipti. Athuganir lærðra manna á eldri kveðskap höfðu sýnt að fornskáld stuðluðu þannig, og því tóku þeir meðvitað upp þennan sið.³⁰ Hér er komið að afar fróðlegu umhugsunarefni, sem er spurningin um það með hvaða hætti þau fagurfræðilegu viðmið sem gilda í kveðskapnum verka í huga skálda sem yrkja, og um leið þeirra sem njóta. Við erum lent á sviði hugfræði eða sálarfræði, þar sem lögmálin eru flóknari en svo að þau verði rakin hér eða skilin.

Þótt ekki sé ástæða til að hætta sér of mikið út í þessa sálma getum við leyft okkur að hugleiða stuttlega hvers konar þættir hafa áhrif á skynjun kveðskaparformanna og tilfinninguna fyrir því hvort rétt sé kveðið eða ekki. Vissar kenningar í málfræði (svo sem generatív málfræði, sem stundum er kölluð málkunnáttufræði) hafa raunar gert tilkall til þess að geta skýrt hvernig málhafar átta sig á muninum á reglubundnu og óreglubundnu formi, og tengt þessu hefur þróast aðferð við greiningu á bragformum sem kalla má generatíva bragfræði. Samkvæmt kenningunni gilda fastar reglur um það hvernig málleg form gegna kröfum bragformanna og hvaða skilyrðum texti þarf að fylgja til að góð og gild hrynjandi náist, og með hliðstæðum hætti eru skilgreindir jafngildisflokkar sem segja til um hvað stuðlar og hvað

²⁹ Ég kom þar, Jón Helgason (1986:16).

³⁰ Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2005, 2010:59-61).

rímar við hvað, og með þessu móti má greina íslenskan jafnt sem annan kveðskap.³¹

Svo dæmi sé tekið um takmarkanir sem gilda um samband máls og bragforms hvað varðar hrynjandi, þá er afar erfitt að greina afbökun eins og þá sem sýnd er í (6), sem rísandi tvíliði:

(6) Y|fir kal|dan ey|ðisand |fór

Hér eru sett ris á áherslulausu atkvæðin öfugt við það sem er eðlilegt. Kveðandi eins og sú sem lýst er hér virðist allsendis óhugsandi í íslensku kvæði. Það eru því takmarkanir á því hvað leyfilegt er í þessum efnum. En þótt þetta dæmi sé nokkuð skýrt, eru til mýmörg dæmi um að reglurnar séu teygðar, þannig að eins konar togstreita myndist milli bragformsins og textans, án þess að allt fari úr böndum. Eins og fram kom hér að framan (í fjórða kafla) er hrynjandi Passíusálma Hallgríms Péturssonar oft býsna flókin, eins og sjá má í (7):³²

(7) Sankti Páll skipar skyldu þá,
skulum vér allir jörðu á
kunngjöra þá kvöl og dapran deyð,
sem drottinn fyrir oss auma leið.
(1. sálmur, 2. erindi)

Hér er þriðja línan nokkuð flókin í meðförum og ekki fullkomlega ljóst hvar best er að setja áherslurnar í flutningi. (Eigum við að segja |kunngjöra eða kunn|gjöra o.s.frv.?) Af þessu má sjá að reglur um vörpun milli brags og texta eru ekki meitlaðar í stein, og oft er talað um „skáldaleyfi“ sem eins konar leyfi skáldanna til að teygja reglurnar eða móta þær að „þörfum“ skáldskaparins hverju sinni. Og hér vaknar auðvitað spurningin hvenær óreglan fer að „meiða brageyrað“ eða með hvaða hætti það gerist. Einnig hljóta hér að vakna spurningar um smekk og misjafnt feegurðarskyn. Eins og Atli Ingólfsson hefur bent á getur of einhæf og regluleg hrynjandi eða önnur föst bragmeiðul valdið leiðindum, þegar sífellt er hjakkað í sama farinu. Þetta kallar hann „segluvanda“.³³

³¹ Tilraun í þeim anda er bók mín (1991/2000); sbr. t.d. Fabb (2002) og Fabb og Halle (2008).

³² Hallgrímur Pétursson (1995:62–63), sbr. Kristján Árnason (2003, 1998).

³³ Atli Ingólfsson (1994:427 o.áfr.).

Hvað varðar notkun ljóðstafa er greinilega rúm fyrir misjafnan smekk meðal okkar bestu skálda. Þannig telur Jón Helgason að það sé lýti að hafa stuðla í tiltölulega veikri stöðu í brag eða máli, eða þegar lag fellur þannig að texta að stuðlarnir verða lítt áberandi.³⁴ En Helgi Hálfðanarson er á öðru máli; hann segir á einum stað að „[h]ið svokallaða „brageyra“ [sé] ekki aðeins í því fólgið að hafa ... brag-reglur á tilfinningunni, heldur einnig að skynja hvíllt snilldarbragð leynist í hinum íslensku stuðlareglum og þeirri tvöföldu hrynjandi sem þeir leggja til málanna”. Helgi segir enn fremur, að í löngum brag-texta sé ráðlegt að beita stuðlum hófsamlega, þannig að þeir falli á „orð sem teljast veigalítillar merkingar og eru að sjálfsögðu flutt samkvæmt því”.³⁵

Þótt það liggi e.t.v. ekki í augum uppi við fyrstu sýn má draga nokkuð merka ályktun af þessum ólíku skoðunum tveggja skáldmæringa um stöðu eða gildi ljóðstafasetningarinnar í kveðskapnum á þeim tíma sem um ræðir. Bara það að rætt skuli um ljóðstafina með þeim hætti sem Jón Helgason og Helgi Hálfðanarson gera sýnir okkur að komin eru upp á yfirborðið fagurfræðileg álitamál um það hvernig best sé að nota þá, og jafnvel um það hver sé hin „rétt“ notkun þeirra. Miðaldamálfræðingar ræddu að vísu um hlutverk stuðlanna og reglur um notkun þeirra í kveðskapnum, en umræðan var annars eðlis en hjá Jóni og Helga. Það var að mati Snorra og Ólafs ótvírætt að kveðskapur **var** samkvæmt eðli sínu settur í ljóðstafi. Lýsing þeirra er einfaldlega greinargerð um formþætti sem ekki er deilt um, eins konar lýsandi (deskriptív) málfræði (eða bragfræði). Það var engin ástæða fyrir þá að hafa á því skoðanir til eða frá eða að vanda um við þá sem kynnu að hafa aðrar meiningar um málið, frekar en það er nokkurt álitamál (hvað sem líður umræðum um „rétt“ mál eða „rangt“) að setningar hafa frumlag og umsögn eða að orð skiptast í atkvæði.

Tónninn hjá Jóni Helgasyni er boðandi (normatívvur). Hann hefur meiningar um það hvað sé rétt eða fögur notkun stuðlanna og gagnrýnir vonda siði sem honum þykja vera. Þessi umvöndunartónn minnir augljóslega á þann tón sem oft er í umræðu um málefni íslenskrar tungu um fagurt og „rétt“ mál eða ófagurt eða beinlínis „rangt“. Í slíkri umræðu eru tekin dæmi um málnotkun, sem talin er til fyrirmyndar eða óæskileg, og þar skiptast menn í íhaldsmenn og

³⁴ Jón Helgason (1959:28–29).

³⁵ Helgi Hálfðanarson (1989:15).

reiðareksmenn (þótt í báðum herbúðum séu sannir „vinir tungunnar“). Segja má að Jón Helgason sé strangtrúaður, en að Helgi Hálf-danarson sé eins og frjáslyndur eða umburðarlyndur tunguvinur, sem vill leyfa ljóðstöfunum að njóta sín með lausbeislaðri hætti en skáldbróðir hans. Þótt munurinn sem hér um ræðir á umfjöllun miðaldamálfræðinganna og skáldanna á tuttugustu öld láti kannski lítið yfir sér við fyrstu sýn, er hér um grundvallarmun að ræða, eins og betur mun rökstutt hér á eftir. Á tuttugustu öld hafa ljóðstafirnir fengið fagurfræðilegt og stundum allt að því pólitískt inntak. Þeir eru tákn-gerving íslenskrar bókmenntahefðar. Hið almenna hlutverk og staða stuðlanna í kveðskapnum hefur breytt um eðli, þótt formeinkenni ljóðstafasetningarinnar séu lík því sem var. Þeir eru helgidómur að mati margra.

Þeir Jón og Helgi eru ekki þeir fyrstu sem setja ljóðstafina á þennan stall. Áðurnefnd grein Einars Benediktssonar er til marks um þetta, og kannski má finna upptökin í þeirri pólitísku yfirlýsingu Guðbrands Þorlákssonar á sínum tíma að lúterskur kveðskapur skyldi fylgja lögmálum íslenskrar tungu, þar með talið standa í ljóðstöfum. Oft er talið að íslensk hreintungustefna eigi rætur að rekja til siðskiptamanna og húmanista eins og Guðbrands og Arngríms lærða, og þar koma ljóðstafir og formþættir kveðskaparins við sögu eins og á var minnst. Fyrir þessum mönnum var íslensk tunga og bókmenntir merkilegur arfur sem varðveita bar, og formþættir tungunnar höfðu gildi í sjálfum sér; það var hluti af umbótaviðleitni siðskiptatímans að sækja innblástur og fyrirmyndir aftur til hinnar fornu gullaldar.

Eins og áður er minnst á má gera því skóna að nokkurrar lausungar hafi gætt á seinni hluta miðalda, 14. og 15. öld, hvað varðar stuðlanotkun, en eftir siðaskiptin hafi menn aftur tekið að „vanda sig“ meira og orðið meðvitaðri um rétta stuðlasetningu, og jafnvel svo að sum skáld endurvöktu fornar reglur af lærdómi (t.d. s-stuðlun). Ljóst er að slík „lærð stuðlun“ byggist á meðvitaðri hugsun um notkun stuðlanna og ekki er loku fyrir það skotið að slík „öfvönduð“ ljóðstafasetning kunni á köflum að stangast á við þá inngrónu tilfinningu sem kennd hefur verið við brageyrað.

En kjarni málsins er að þegar menn leggja fagurfræðilegt mat og gera tilraunir til að stýra fagurri og „réttri“ notkun ljóðstafa og amast við smekklausri eða „rangri“, þá hafa formreglurnar fengið nýtt gildi eða inntak og gangast nú undir meðvitað gæðamat, allt að því pólitískt, eins og mörg almenn máleinkenni.

VI Stuðlar og módernismi

Sem kunnugt er áttu ljóðstafir og fleiri hefðbundin bragmeðul eftir að lenda í pólitískri orrahríð, sem tengdist módernisma á miðri 20. öld. Sú bylting sem oft er kennd við atómskáldin olli miklum sviptingum í íslenskrri menningarumræðu, og töldu margir að það væru eins konar helgisþjöll að yrkja án ljóðstafa eða ríms. Þannig segir Guðmundur Finnbogason, þegar hann fjallar um kveðskap Tómasar Guðmundssonar, sem hafði leyft sér að yrkja háttleysu, að „... [h]in ströngu lög stuðlasetningar í íslenskum kveðskap ættu að vera heilög og órjúfanleg landamæri milli ljóðs og lausamáls. Annars mun leir lausamálsins áður en varir flæða yfir grænar grundir ljóðlistarinnar og kæfa kynborinn gróður.“³⁶

Það voru reyndar ekki bara ljóðstafir sem blönduðust í baráttuna. Frægur er þessi staður í kvæðinu *Vér öreigar* eftir Jóhannes úr Kötlum:³⁷

- (8) Eins og ljóð vort er **einfalt** og **auðskilið**
og hirðir ekki um **rósfjötra rímsins**
né **fjólublá faguryrði** ...

Hér talar skáldið um „rósfjötra rímsins“, en minnst ekki á fjötra ljóðstafanna og eins og sýnt er með feitletrun notar hann stuðla. Og ljóðstafirnir voru lífseigari en svo að þeim yrði varpað fyrir róða á einni nóttu. Hins vegar urðu orðin „rósfjötrar rímsins“ fleyg, eins og formbyltingunni hafi fylgt frelsi og lausn úr gömlum viðjum.

Þau átök sem áttu sér stað í tengslum við formbyltinguna eru flóknari en svo, að þau snúist eingöngu um formþætti. Eins og Silja Aðalsteinsdóttir segir í *Íslenskrri bókmenntasögu V* stóð „styrinn um rím eða ekki rím í ljóðagerð á Íslandi á 5. og 6. áratug [tuttugustu] aldarinnar í raun og veru ... minnst um rím heldur nýjar hugmyndir, uppreisn gegn hefðbundnu gildismati – eða gildishrun – sem ekki þótti viðeigandi hjá skáldum þjóðar sem var nýbúin að endurheimta frelsi sitt eftir að hafa verið hjálenda í sjö hundruð ár.“³⁸

En þótt „baráttan“ hafi ekki eingöngu snúist um form virðast

³⁶ Guðmundur Finnbogason (1941:230), sbr. *Íslenska bókmenntasögu V* (2006:22).

³⁷ Jóhannes úr Kötlum (1949:278).

³⁸ *Íslensk bókmenntasögu V* (2006:31).

formsatriðin hafa yfirgæft umræðuna. Það gerist gjarna í skoðana- skiptum og deilum sem snúast um stór álitamál að til verða eins konar merkimiðar eða tákn, sem vísað er til þegar menn draga sig í flokka. (Þjóðfánar eru dæmigerð svona tákn, eða einkennislitir og merki stjórnmalaflokka og fótboltaíða.) Þetta urðu að hluta til örlög stuðla og ríms. Þannig má segja að þessir formþættir hafi fengið nýtt hlutverk, nýja merkingu sem tákngervi fyrir íhaldssemi og tryggð við gamlar hefðir, en aftur á móti var háttleysan, það að yrkja órímað, að einhverju leyti einkennismerki hinna.

Bókmenntaumoræðan, sem fram fór á þessum tíma, þar sem formþættirnir eru í brennidepli, á sér, eins og áður var bent á, hliðstæðu í umræðu um „rétt“ og „rangt“ mál, þegar takast á hollvinir tungunnar og reiðareksmenn. Málpolitík og umræða um málefni íslenskrar tungu snýst raunar um býsna flókin álitamál og hugmyndafræði, og oftast en ekki hafa þeir sem taka þátt í umræðunni ekki forsendur til að skilja alla þá þætti sem þar eru á ferðinni. Um er að ræða „stórpólitískt“ atriði sem tengist ekki síst stöðu tungunnar sem menningar- fyrirbrigðis í flóknum heimi nútímans, sem snýst oft upp í þras um það hvornig hún þróast eða á að þróast að formi til. Umræðan færast þá af málefnum, sem er gildi tungunnar fyrir íslenskt mannlíf, og yfir á sjálfan hlutinn, málformin. Þarna er þá, eins og oft vill verða, grip- ið til einfaldra merkimiða til að vísa til „góðrar“ eða „vondrar“ mál- notkunar, og þannig verða þeir sem segja *mér langar* taldir síðri mál- notendur og enginn sannur „vinur tungunnar“ getur verið þekktur fyrir að tala með þeim hætti. Þessi einfaldi formþáttur fær þannig félagslega og pólitíska skírskotun. Og svo eru hinir sem finnast nóg um strangleikann og íhaldssemina og benda á að fleira sé matur en feitt kjöt og að menn eigi að sýna „umburðarlyndi“ og frjálslýndi. Enn aðrir gerast málsvarar algers afskiptaleyfis og telja að öll málrækt sé af hinu illa.

Svipað virðist hafa verið uppi á teningnum í hinu bókmenntalega „stríði“ sem háð var um miðja tuttugustu öld. Þar tókust á róttæk „atómskald“ og módernistar og þeir sem héldu í hin gömlu gildi, þ.m.t. formfestu í kveðskapnum. Bylting átti sér stað, og þótt hún væri ekki bara formbylting, var formið og tjáningarmátinn í brenni- depli í umræðunni. Þannig er í *Íslenskri bókmenntasögu* haft eftir Andra Snæ Magnasyni (á Hugvísindapingi 1999) að með því að hafna hefð- inni hafi menn verið „að leggja niður heilan menningarheim og þeir sem tilheyrðu honum [hafi] jafnvel ekki [verið] læsir á nýja heiminn“. Og Andri Snær heldur áfram: „En ég held að það sem kæmist næst

því að vekja álíka viðbrögð og tilfinningar hjá fólki nú væri ef ungu skáldin tækju sig öll til, gæfu út bækur sínar á ensku og hrópuðu: nú er íslenskan loksins dauð.³⁹

En þótt mikil tíðindi hafi átt sér stað og gömlum siðum og gildum hafi verið kastað voru ljóðstafirnir ekki dauðir úr öllum æðum, því sum skáld héldu áfram að nota þá, þótt með breyttum hætti væri og „á frjálslegan hátt“. Þessi skáld hafa stundum verið kölluð „brúar-smiðir“, og eru Snorri Hjartarson og Hannes Pétursson þar helst nefndir til sögunnar.⁴⁰ Fyrsta ljóðið í fyrstu bók Snorra, *Kvæðum* (1944) ber heitið Í Úlfðöllum og í *Íslenskri bókmenntasögu* segir að það hafi á sínum tíma komið „flatt upp á lesendur“.⁴¹ Vert er að huga ögn að formi þessa kvæðis, en grunnþættir þess eru í raun afar hefðbundnir, og vísa til eldri bragforma. Vísurnar eru prentaðar í 8 línur (líkt og venja er á Íslandi með fornyrðislag), en stuðlum er þannig fyrir komið að þrjár stuttlínur eru bundnar saman með ljóðstöfum, en sú fjórða hangir með, fram að nýju ljóðstafasambandi. Þannig mynda fjórar stuttlínur, sem segja má að myndi tvær langlínur, þá formgerð sem stuðlarnir skilgreina. Og væri þetta prentað í langlínur, eins og stundum er gert með eddukvæði (og ensk og þýsk fornkvæði), verður hátturinn ferkveðinn, þannig að langlínupör mynda stuðlaeiningar, eins og sjá má:⁴²

- (9) Það |gisti |óður / minn |eyði|skóg
er |ófætt |vor / bjó í |kvistum,
með |morgun|svala / á |sólur|dyr
leið |svefninn / |ylfrjór og |góður.

Hér er reglulegt ferhenduform þar sem skiptast á fjögur ris í frumlínu og þrjú í síðlínu líkt og í ferskeytlu, eins og lóðréttu strikin sýna. Höfuðstafurinn er fremstur í síðlínunni, og tveir stuðlar í forlínu. En eins og sýnt er með skástríkunum skiptast þessar línur svo í minni einingar, stuttlínur eða „cola“. Þótt prentuppsetning skáldsins minni á fornyrðislag, og segja megi að ferhenduformið vitni til rímna, er hrynjandinn ekki hefðbundinn íslensk. Hún er ekki trókísk eins og í mörgum hefðbundnum íslenskum formum. Jambísk áhrif nást með

³⁹ *Íslensk bókmenntasaga* V (2006:43).

⁴⁰ *Íslensk bókmenntasaga* V (2006:94).

⁴¹ *Íslensk bókmenntasaga* V (2006:96).

⁴² Snorri Hjartarson (1992:182–183).

því að hafa forlið í hverri stuttlínu og enda á stúf í jöfnu línunum. En ef lesið er í langlínunum verður hrynjandinn daktílsk, því þríliðir myndast reglulega á mörkum stuttlínanna.

Ástæða er til að áréttu það að ljóðstafirnir gegna hér sínu hefðbundna hlutverki, þ.e. að mynda stofnhluta, línupör eða vísuhelminga.

Sem kunnugt er hefur Steinn Steinarr verið talinn fyrsti módernistinn í íslenskri ljóðagerð. En fram til ársins 1942, þegar *Ferð án fyrirheits* kom út, telur Silja Aðalsteinsdóttir í *Íslenskri bókmenntasögu*, að hann hafi „haft mun meiri áhuga á inntaki en formi“, enda notaði hann gjarna hefðbundin form framan af. Silja telur það raunar sérkennilegt, „hve lengi Steinn hélt út að yrkja um nýstárlegan og framandi hugmyndaheim að mestum hluta í háttbundnum brag og myndmáli sem ekki gekk þvert á venjuna“. Hún telur skýringuna að hluta þá „að honum eins og öðrum íslenskum skáldum á þessum tíma [hafi verið] hefðbundið ljóðform eðlilegt og inngróið.“⁴³ Reyndar eru mörg kvæði með frjálsu formi í elstu bók Steins, *Rauður loginn brann* (1934), t.d. lokakvæðið, Stiginn, sem síðar verður vikið að. En í *Ferð án fyrirheits* er talið að Steinn hafi tekið „að nostra við ytra borð ljóða sinna“ og „fundið upp nýja bragarhætti“.⁴⁴

Verðug úttekt á formþáttum kveðskaparins í *Ferð án fyrirheits* er meira verk en svo að það verði gert hér, en þó skal hér minnst á fáein atriði. Í bókinni skiptast á regluföst ljóð og ljóð með (að því er virðist) frjálsara formi. Flest formföstu ljóðin hafa fimmkveðnar línur, ýmist með daktílskri hrynjandi (t.d. Hugsað til Noregs) eða jambískri (Þjóðin og ég). Hér er ljóðstafasetning og endarím í föstum skordum. Hvað formin varðar hafa menn greint áhrif frá Tómasi Guðmundssyni, enda mun höfundur hafa sent Tómasi eintak með áritun um „þakk-læti fyrir lánið“.

En innan um kvæði með löngum háttbundnum braglínunum eru kvæði með styttri línunum og þá er eins og formið sé ögn óreglulegra. Dæmi um þetta er ljóðið *Haust* í Þjórsárdal:⁴⁵

- (10) **Einn** sat ég, **einn**
 hjá **alfaravegi**
 um **hádegi** í **haustrauðri sól**.

⁴³ *Íslensk bókmenntasaga* V (2006:32).

⁴⁴ *Íslensk bókmenntasaga* V (2006:32).

⁴⁵ Steinn Steinarr (1988:124-125).

Og stigháir fákar
með fjúkandi manir
fram hjá mér þutu
án myndar og hljóðs.

Og vitund mín gróf sig
í myrkur og moldu
með sóttheitum unaði
svita og blóðs.

Eins og sjá má, er hér ekki ljóðstafasetning í þeim skilningi að stuðlar og höfuðstafir séu settir á fyrirfram gefna staði, þá sömu í öllum erindum, en samt það reglulega að innan hvernar „vísu“ má finna a.m.k. eitt stuðlappar eða þrennd, þannig að tiltölulega sterk orð kalla hvert á annað. Vera kann að það sé einnig með vilja gert að láta /m/ í *manir* stuðla á móti /m/ í *myndar* síðar í sömu vísu, og þá má láta það kallast á við stuðlapparið í *myrkur og moldu* í síðustu vísunni. (Ef þetta á allt að hanga saman verður reyndar að gera ráð fyrir víxlstuðlun í miðvísunni, þar sem stuðlarnir í *manir* og *myndar* yrðu að kallast á yfir /f/-stuðlunina í *framhjá* og *fjúkandi*, en slík víxlstuðlun er afar sjaldgæf.)

Auk þessarar stuðlasetningar er hrynjandi textans nokkuð regluleg. Endurtekning er fólgin í því að í hverri línu má grípa með edlilegri setningahrynjandi tvær áherslur í upplestri. Oftast eru þetta tvíkvæð nafnorð eða sagnir, en stundum er um að ræða aukaáherslu, eins og í annarri línu fyrstu vísunnar. Hægt er að lesa orðmyndina *alfaravegi* með tveimur áherslum: |alfara|vegi. Og stundum er þessum áhrifum náð með tilbrigðum í orðaröð. Þannig má telja líklegt að í miðvísunni þjóni viðsnúningur orðaraðar þeim tilgangi að kalla fram tvö ris. Þar er forsetningarliðurinn (eða atviksliðurinn) *fram hjá mér* settur fram fyrir sögnina *þutu*, þannig að lesa má: |fram hjá mér |þutu. (Ef röðin hefði verið *þutu fram hjá mér* hefði edlilegasti lesturinn verið með einni áherslu: *þutu |fram hjá mér.*) Annað formmeðal sem notað er, en með afar hófstílltum hætti, er rím, þar sem síðasta orðið í síðustu vísu, *blóðs*, kallast á við síðasta orðið í miðvísunni, *hljóðs*. Í raun kemur til greina að segja sem svo að hér sé á ferðinni nýtt form, sem Steinn hefur búið til.

Silja Aðalsteinsdóttir telur í *Íslenskri bókmenntasögu*, að hjá Steini nái „[hin móðerníska] líffssýn mestri formlegri fullkomnun í ljóðaflökkn-

um Tímanum og vatninu“,⁴⁶ en hann kom fyrst út árið 1948 og er eitt af frægustu verkum Steins. Fróðlegt er að skoða hvað í þessari formlegu fullkornun felst. Reyndar sagði skáldið sjálf að í þeim kvæðum fælist engin formbylting, þetta væru „varíeraðar terzínur“. ⁴⁷ Dæmigert er þriðja ljóðið í flokknum, sem er svona og minnir að formi mjög á Haust í Þjórsárdal.⁴⁸

- (11) Gagnsæjum vængjum
flýgur vatnið til baka
gegn viðnámi sínu.

Hið rauðgula hnoða,
sem rennur á undan mér,
fylgir engri átt.

Handan blóðþyrstra vara
hins brennandi efnis
vex blóm dauðans.

Á hornréttum fleti
milli hringsins og keilunnar
vex hið hvíta blóm dauðans.

Í samræmi við lýsingu skáldsins eru hér þrjár línur í hverju erindi, og allsstaðar má finna stuðla sem kallast á, oftast milli „lína“, en stundum innan línu. Þetta mætti hugsanlega kalla ljóðstafasetningu, en samt er hún ekki regluleg, þannig að hún fylgi fastri forskrift eða sé eins í öllum vísunum. Við erum hér stödd, ef svo má segja, á mörkum frjálsrar stuðlunar og ljóðstafasetningar. Hrynjandin er svipuð og í Hausti í Þjórsárdal, því oftast nær má lesa hverja línu með tveimur áherslum í hverri línu: |Gagnsæjum |vængjum / flýgur |vatnið til |baka / |gegn |viðnámi sínu. Virðist þetta gilda um flest ljóðin í *Tímanum og vatninu*. En hér er ein undantekning í þriðja ljóði: Ekki virðist komist hjá því að lesa lokalínu þess, sem kallast á við síðustu línuna í erindinu á undan, með

⁴⁶ *Íslensk bókmenntasaga* V (2006:32).

⁴⁷ Steinn Steinar (1988:352). Raunar eru þessi form afar ólík hinni eiginlegu ítölsku terzínu, sem hefur fimm ris með reglulegri jambískri hrynjandi (sbr. t.d. Óskar Ó. Halldórsson (1972:76–77)).

⁴⁸ Steinn Steinar (1988:166).

þremur áherslum: *vex hið |hvíta |blóm |dauðans*. Í lokalinu næstsíðasta erindisins má komast af með tvær áherslur: *vex |blóm |dauðans*.

Í Tímanum og vatninu eru einnig ljóð sem ekki hafa stuðla, og skipulagið í þriggja lína erindi er heldur ekki fast bundið.

VII Frjálsir stuðlar eða ljóðstafir?

Hér að framan var greint á milli reglubundinna ljóðstafa sem hluta af skilgreindu formi bragarháttanna og frjálsari notkunar stuðla í óbundnu máli eða kveðskap, sem ekki hefur fastar reglur um þá. Hér vaknar þá auðvitað spurningin að hve miklu leyti stuðlanotkun skálda eins og Steins Steinars og annarra íslenskra skálda á síðari hluta 20. aldar ber að flokkast sem ljóðstafasetning. Greinilegt er að í þeim kveðskap Steins sem hér hefur verið tilfærður er komið að mörkunum sem liggja eða kunna að liggja milli frjálsrar stuðlunar og formskipaðra ljóðstafa. Áður er minnst á lokaljóðið í *Rauður loginn brann*, sem heitir Stiginn og er í *Íslenskri bókmenntasögu*⁴⁹ sagt vera „óreglulega stuðlað og hafn[a] rósfjötrum rímsins“.⁵⁰

- (12) Þessi stigi er sjálfsagt eins
og aðrir stigar
í öðrum húsum.
Hann liggur niður í kjallara
og upp á efstu hæð,
svona **auðmjúkur** og kurteis
gagnvart **öllum** mönnum,
sem **um** hann fara.
Og **hér** hefir hann verið
frá því **húsið** var byggt,
í **hálf**a öld eða jafnvel lengur,
og **heyrt** og séð allt, sem gerðist
í þessu **húsi**,
bæði á sumri og **vetri**,
vori og hausti.
Svona þögull og **alvarlegur**
eins og hann er í dag
hefir hann **alltaf** verið,

⁴⁹ *Íslensk bókmenntasaga* V (2006:25).

⁵⁰ Steinn Steinar (1988:40–41).

hvort sem börn eða gamalmenni
 gengu tröppur hans,
 hvort sem íbúar hússins
 héldu brúðkaup sitt
 eða voru bornir til grafar.
 Svona undarlegur
 er þessi stigi,
 svona óskiljanlegur
 í sínum einfaldleika,
 eins og lífið sjálf,
 eins og veruleikinn
 bak við veruleikann.

Fróðlegt er að bera þetta kvæði saman við, ekki bara formbundin ljóð Steins, heldur líka ljóðin sem hér hafa verið tilfærð úr *Ferð án fyrirheits* og *Tímanum og vatninu*. Ólíkt þeim kvæðum er þessu kvæði ekki skipt í erindi, og línulengdin er breytileg. Hér er ekki ástæða til að miða reglulega við tvær áherslur í línu í upplestri, og enn síður er ástæða til að tala um ljóðstafasetningu sem hluta af formgerð kvæðisins, heldur væri hér um að ræða frjálsa stuðlun.

VIII Tákngildi ljóðstafanna: hluti af „ljóðmálinu“

Áður er minnst á að Snorri Hjartarson hafi verið nefndur meðal „brúarsmiða“ á hinum órólegu tímum atómskáldskaparins. Það er eins með hann og Stein, að bókmenntarannsóknir virðast ekki hafa leitt af sér skipulega könnun á þeim formum sem hann notar, en þar virðist vera af nógu að taka. En þótt ekki hafi verið gerðar miklar rannsóknir, er vel kunnugt að hann yrkir gjarna dýrt og notar formfasta bragarhætti (sem ekki eru innlendir), svo sem sonnettu (Marz 1949, einnig nefnt Land þjóð og tunga) og sestínu (Við ána). Þessir hættir eru afar flóknir að formi, einkum sestínan, sem er sex erindi með jambískri hrynjandi, þar sem sömu rímorð og koma fram í fyrsta erindi eru endurtekin í seinni erindum samkvæmt fastri formúlu, og síðast eru þrjár línur, þar sem rímorðin eru endurtekin, tvö í hverri línu.⁵¹ Þótt dýrleiki þessa háttar sé ærinn fyrir, lætur Snorri sig ekki muna um að bæta ljóðstöfum inn í formið eftir íslenskum reglum.⁵²

⁵¹ Sjá Óskar Ó. Halldórsson (1972:72).

⁵² Snorri Hjartarson (1992:58).

- (13) Við ána stendur lítið **hús á heiði**:
hrörlegt og gneypt í þungum niði fljótsins
 horfir það á þig **dimmum dulum** glugga
 úr **djúpri** tótt í vari hrjúfra steina,
 en inni bak við **grjót** og **gisnar** hurðir
 er **grafarþögn** og rökkur fornra daga.
 O.s.frv.

En Snorri yrkir einnig með frjálssari formum, eins og kunnugt er. Dæmi um þetta er kvæðið Við sjó, sem birtist fyrst í bókinni *Lauf og stjörmur* 1966 og fer hér á eftir:⁵³

- (14) I
 Flýgur **tjaldur** yfir mynd sinni
 út blælygnan vog
 fljúga **tveir tjaldar**
 breiddum faðmi
 móti **hafi himni** hvor öðrum
 inn í sólhvíta þögn
 og **hillingar** langt út á firði.

II
Gulstirnd og **græn**
 breiðist muran um **grjótið**
 og hunangsflugur sveima
 milli stjarna.

III
 Undarleg **tákn**
 skráir **tildran** í sandinn
eilíf tákn
 sem enginn hefur ráðið
 nema **mjúk** aldan
 sem **máir** þau út.

Form þessa kvæðis fylgir ekki skilgreindum hætti, þótt hrynjandinn sé býsna áleitinn. Þannig kalla tvær fyrstu línurnar í II og III hluta fram fimmlíðahrynjandi sem minnir á elegískan hátt, þannig að lesa mætti

⁵³ Snorri Hjartarson (1992:182–183).

svona: |*Gulstírn* og |*græn* / |*breiðist* |*murán um* |*grjótið*; og: |*Undarleg* |*tákn* / |*skráir* |*tildran* í |*sandinn*, þ.e. með braghvöld á eftir „stúf“ í miðri línu, þar sem línuskil eru á prenti. Og stuðlarnir eru líka áleitnir í þessum línunum, þótt þeir fylgi ekki fastri reglu (og myndu þá varla mega kallast ljóðstafir samkvæmt skilgreiningunni sem sett var fram hér að fram- an). Í fyrra tilvikinu eru stuðlarnir þrír (og mætti þá ef til vill segja að sá síðasti sé höfuðstafur), en í því síðara eru þeir tveir. Enda þótt þessi „losarabragur“ sé á stuðluninni mætti líta svo á sem hlutverk stuðlanna sé þarna að tengja saman einingar í textanum eins og þegar hefðbundnir ljóðstafir binda saman línupör. En þetta gildir ekki almennt um þetta litla kvæði, og í fyrsta erindinu væri líklega nær að líta á stuðlana sem frjálst meðal til klifunar.

Hinn brúarsmiðurinn sem nefndur var hér á undan er Hannes Pétursson. Ekki virðist síður ástæða til að gera kerfisbundna rannsókn á formþáttum í kveðskap Hannesar en hjá Snorra Hjartarsyni. Hannes hefur verið talinn býsna þjóðlegur, og um fyrsta ljóð hans, sem birtist á prenti, Bláir eru dalir þínir, segir í *Íslenskri bókmenntasögu* að það „gæl[i] smekklega við brageyra lesanda“.⁵⁴ Eins og Snorri blandar Hannes saman frjálsum formum og bragbunduðum, en notar meðul eins og rím og stuðlasetningu með frjálslægum hætti. Sérstaklega virðast þó stuðlarnir sitja fast í ljóðum Hannesar. Í bókinni *Heimkynni við sjó* vikur hann að þessu berum orðum. Bókin er safn 60 númeraðra ljóða án titla, mest hugleiðingar um heiminn og stjórnmálin, sviðsett (að því er virðist) við heimili hans á Álftanesi. Kvæðin eru stutt og ekki með reglulegu risatali eða línulengd, en allt frá því fyrsta má greina stuðla, t.d. í ljóði nr. 2:⁵⁵

- (12) **Látínan mín**
liðaðist sundur í veðrum
eina tungumálið
sem tjaldurinn skilur.

Nú **horfumst** við í augu
hérna, niðurveið sjó
eins og tveir **steinar**
stakir, í sandinum.

⁵⁴ *Íslensk bókmenntasaga* V (2006:105).

⁵⁵ Hannes Pétursson (1980/1988:10).

Hér eru línupör, bundin saman af stuðlum. Annað dæmi er í ljóði nr. 5, sem hefur lengri línur:⁵⁶

- (13) Melgresið svignar í sólhvítum norðangjósti.

Héðan rær enginn oftar á gamalkunn mið.
 Þögnin, gráleit, grúfist nú yfir fjöru:
 sand, skeljar; svífandi stormfugl; möl.
 Enginn rær, enginn brýnir hér báti.

Huga minn fyllir fortíð sem angar af reyr.

Hér er engin lína óstuðluð, þannig að segja má að þær séu bundnar saman í samræmi við ummæli Ólafs Þórðarsonar um að ljóðstafirnir haldi kveðskap saman eins og naglar skipi. Og það er engu líkara en að Hannesi verði allt í einu ljóst, þegar hann hefur ort 10 kvæði með þessum hætti, hvað er á ferðinni og getur þá ekki orða bundist, heldur segir í ljóði nr. 11:⁵⁷

- (14) Stafir eddulegir
 einn í línu, eða tveir
 sjálfvaktir koma
 inn í kvæði þessi, rímlaus
 ljóðstafur í móti
 ljóðstaf, innan boga
 setningar, hugsunar –

eins og væri stuðlaður
 hver andardráttur minn!

Hannes er hér eins og fastur í ljóðstöfunum, líkt og Jón Helgason, þeir eru óaðskiljanlegur hluti af ljóðmálinu.

⁵⁶ Hannes Pétursson (1980/1988:13).

⁵⁷ Hannes Pétursson (1980/1988:19).

IX Ljóðstafir í dægurlagatextum

Tilkoma atómskáldskapar var ekki eina byltingin sem átti sér stað í íslenskri menningu á 20. öld. Dægurtónlist að erlendri fyrirmynd og beinn innflutningur á rokk- og popptónlist var ekki síður stór viðburður í menningarsögunni. Sem kunnugt er hafa áhrif enskunnar farið sívaxandi á seinni hluta tuttugustu aldar og það sem af er þessari, og mikill hluti íslenskra popptónlistarmanna kýs að nota ensku til að tjá sig. Og þykir mörgum nóg um. En einnig hefur orðið til mikill fjöldi íslenskra texta, sem sungnir eru við innlend eða erlend dægurlög. Hér er fróðlegt að huga að stöðu ljóðstafa. Ekki gefst hér rúm til að gera á þessu neina tæmandi athugun, en látið nægja að taka nokkur dæmi og reifa það mál hvaða gildi ljóðstafir hafa (eða hafa ekki) í dægurlagatextunum.

Um miðja öldina var algengt að samdir væru íslenskir textar við erlend rokklög og þau flutt af innlendum listamönnum. Oft fjölluðu þessir textar um íslenskan raunveruleika. Dæmigert umfjöllunarefni eru mót íslenskrar sveitameningar og dægurmenningar í þéttbýli. Minnisstæðir þeim sem ungir voru um miðja öldina eru textar eins og Bjössi á mjólkurbílnum og Óli rokkari. Einn af þessum gömlu vinsælu textum er Lóa litla á Brú, sem saminn var við lag sem Elvis Presley hafði gert vinsælt. Höfundur textans er Jón Sigurðsson (Jón í bankanum), en hann byrjar svo:

- (16) Lóa litla á Brú,
var laglegt fljóð
svo ung og glöð
og æskurjóð
Hún vildi fá
sér vænan mann
og vera alltaf svo blíð og góð við hann.

Og eitt sumarköld
ók einn Sveinn í hlað
á litlum bíl
og Lóu það
aka með
sér upp í sveit
o.s.frv.

Hér eru ljóðstafirnir greinilegir, og í þeirri uppsetningu sem hér er notuð eru líkindi við eddukvæðin, eða réttara sagt kviðhátt, sannarlega nokkur.

Annað dæmi sem hér má taka er eftirfarandi texti eftir Kristján Hreinsson:⁵⁸

(17) *Ég les í lófa þínum*

Ég les í lófa þínum
leyndarmálið góða
Ég veit það nú, ég veit og skil,
Það er svo ótalmargt
sem ætla ég að bjóða
Já, betra líf með ást og yl.

Hér eru ljóðstafir augljóslega settir meðvitað og stuðlun hefðbundin að því er virðist, þótt líkindi við eddukvæði séu ekki mikil. Og enn má taka dæmi frá Bubba Morthens.⁵⁹

(18) Hólmsteinsvísur (2010)

Hólmsteinn svæfir sjálfan sig
Syngur bónda sínum lof
Dreymir telpu eins og þig
Vill þér reisa hof

Æ! Æ! Æ!, segðu okkur meira
Æ! Æ! Æ! magnað er að heyra.

Hólmsteinn skritin skrifa bækur
Skeytir ey um heiður sinn
Kiljan setti í sínar brækur
Sagðist vera skaparinn

Æ! Æ! Æ!, segðu okkur meira
Æ! Æ! Æ!, magnað er að heyra

⁵⁸ <http://www.diggiloo.net/?2007is11>, 14. október 2010.

⁵⁹ http://www.bubbi.is/index.php?option=com_content&task=view&id=1112&Itemid=1, 14. október 2010.

Hólmsteinn fann upp frjálstan vilja
 Fyrstur manna á landi hér
 Aldrei hefur reynt að hylja
 Ást sína á sjálfum sér.

Æ! Æ! Æ!, segðu okkur meira
 Æ! Æ! Æ!, magnað er að heyra

Hólmsteinn vinnur í veiðikofa
 Í Brasilíu og brosir blítt;
 Fer seint á fætur og seint að sofa
 Aldrei er honum þar strítt

Æ! Æ! Æ!, segðu okku meira
 Æ! Æ! Æ!. magnað er að heyra

Hólmsteinn lenti í ljótu klandri.
 Látum sönginn enda hér
 Við segjum ekki frá því flandri
 Bjargað var frá sjálfum sér

Æ! Æ! Æ!, magnað er að heyra
 Æ! Æ! Æ!, ekki syngja meir

Hér eru stuðlar greinilega notaðir meðvitað, þótt þeim sem hefur næmt brageyra kunni að þykja eitt og annað athugasvert. En ef spurt væri hvers vegna ljóðstafir eru notaðir, gæti svarið orðið, að það sé við hæfi í „bundnu máli“.

Lokaorð

Það yfirlit sem hér hefur verið gefið um sögu stuðlanna er vissulega ágrípskennt, en virðist samt styðja þá túlkun sem stungið er upp á um breytingar sem orðið hafa í tímans rás á gildi ljóðstafa í íslenskum kveðskap. Ljóðstafirnir eru gamall sögulegur arfur, sem enn er líf í, þótt breyting hafi orðið á hlutverki þeirra. Jafnframt því að taka þátt í að skilgreina bragform og verka sem skraut er notkun þeirra að hluta til táknræn. Algeng fagurfræðileg afstaða meðal skálda og ljóðunnenda sem voru aldir upp við hefðbundinn kveðskap var að „geta ekki“ hætt að styðjast við ljóðstafi. Þótt ný form kæmu fram og

kveðskapurinn yrði jafnvel „frjáls“, í þeim skilningi að ekki væru notaðir hefðbundnir skilgreindir bragarhættir, voru ljóðstafirnir ómissandi fyrir mörg skáld. Önnur hafa horfið frá ljóðstafanotkun og ekki er ólíklegt að þar sé um að ræða kynslóðaskipti, sem verð eru frekari rannsóknar. Hjá sumum virðist það hafa verið allt að því trúaratriði að hafa ljóðstafi, og kannski er það hjá öðrum trúaratriði með öfugum formerkjum (meðvituð afneitan í ætt við guðleysi) að forðast ljóðstafanotkun. Þau tengsl eða líkindi við almenna málrækt og hreintunguhyggju, sem hér hefur verið ýjað að, eru líka athyglisverð. Hvað dægurlagatexta varðar virðist, a.m.k. hjá sumum, gildir sú gamla regla, að „bundið mál“, sem textarnir teljast víst vera, „eigi“ að standa í ljóðstöfum.

HEIMILDIR

- Atli Ingólfsson. 1994. „Að syngja á íslensku.“ *Skírnir* 168, bls. 1–36 og 419–59.
- Baugh, Albert C. 1967. *A literary history of England*, 2nd ed. Routledge & Kegan Paul, London.
- Bósa rímur*. 1974. Ólafur Halldórsson bjó til prentunar. *Íslenskar miðaldarímur III*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Einar Benediktsson. 1916. „Brageyra.“ *Þjóðstefna* 1. árg. 10. tbl. (22. júní 1916), bls. 2. Endurprentað í *Laust mál* (Steingrímur J. Þorsteinsson bjó til prentunar). Ísafoldarprentsmiða, Reykjavík, bls. 326–309.
- Fabb, Nigel. 1999. „Verse constituency and the locality of alliteration.“ *Lingua* 108, bls. 223–235.
- Fabb, Nigel. 2002. *Language and Literary Structure. The Linguistic Analysis of Form in Verse and Narrative*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Fabb, Nigel og Morris Halle. 2008. *Meter in Poetry. A New theory*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Gottskálf Þór Jónsson. 2003. „Puritas nostrae linguae.“ *Skírnir* 177, bls. 37–67.
- Guðmundur Finnbogason. 1941. „Ritdómur um Stjórnur vorsins eftir Tómas Guðmundsson.“ *Skírnir* 115, bls. 229–230.
- Hallgrímur Pétursson. 1995. *Passíusálmar*. Útgáfu annaðist Helgi Skúli Kjartansson. Hörpuútgáfan, Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1988. *Heimkynni við sjó*. 2. útg. Iðunn, Reykjavík. [1. útg. 1980].
- Helgi Hálfðanarson. 1989. „Lítið eitt um flutning bundins máls á leikritum Shakespeares.“ *Málfregnir* 6, bls. 3–15.

- Íslensk bókmenntasaga* II. 1993. Vésteinn Ólason ritstýrði. Mál og menning, Reykjavík.
- Íslensk bókmenntasaga* V. 2006. Guðmundur Andri Thorsson ritstýrði. Mál og menning, Reykjavík.
- Jakob Benediktsson. 1953/1987. „Arngrímur lærði og íslensk málhreinsun.“ *Afmæliskveðja til Prof. dr. phil. Alexanders Jóhannessonar háskólarektors 15. júlí 1953*. Reykjavík, bls. 117–138. [Endurprentað í Jakob Benediktsson. *Lærdómslistir*. 1987, bls. 47–68.]
- Jóhannes úr Kötlum. 1949. *Ljóðasafn*. Fyrri bindi. Heimskringla, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1959. „Að yrkja á íslensku.“ *Ritgerðakorn og ræðustúfar*. Félag íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn, Reykjavík, bls. 1–38.
- Jón Helgason. 1986. *Kvæðabók*. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Ólafsson. 1786. *Om Nordens gamle digtekonst, dens grundregler, Versarter, Sprog og foredragsmaade*. Kongelige Videnskabernes Selskab, Kaupmannahöfn.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit. Rit Íslenskrar málnefndar* 6. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 1991/2000. *The Rhythms of Dróttkvætt and other Old Icelandic Metres*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 1998. „Hugleiðing um rím, hrynjandi og flutning.“ Í Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson (ritstj.): *Greinar af sama meði helgaðar Indriða Gíslasyni*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík, bls. 61–78.
- Kristján Árnason. 2002. „Ferhend hrynjandi í fornyrðislagi og ljóðahætti.“ *Gripla* 13, bls. 33–60.
- Kristján Árnason. 2003. „Gegn oftrú á stuðlana.“ Í Matthías Viðar Sæmundsson og Bergljót Kristjánsdóttir (ritstj.): *Skorrdæla, gefin út í minningu Sveins Skorra Höskuldssonar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík, bls. 103–117.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð, Íslensk tunga I*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2006. „The rise of the quatrain in Germanic: musicality and word based rhythm in eddic metres.“ Í B. Elan Dresher og Nila Friedberg (ritstj.): *Formal Approaches to Poetry: Recent Developments in Metrics*. Mouton de Gruyter, Berlin, bls. 151–169.
- Kristján Árnason. 2007a. „On the principles of nordic rhyme and alliteration.“ *Arkiv för nordisk filologi* 122, bls. 79–116.
- Kristján Árnason. 2007b. „Um Háttatal Snorra Sturlusonar.“ *Gripla* 17, bls. 75–123.

- Lie, Hallvard. 1967. *Norsk verslære*. Universitetsforlaget, Oslo.
- Lilja, Eva. 2006. *Svensk metrik*. Svenska Akademin, Norstedts Forlag, Stockholm.
- Postola sögur*. 1874. Efter gamle haandskrifter udgivne of C. R. Unger. B. M. Bentzen, Christiania.
- Minkova, Donka. 2003. *Alliteration and sound change in early English*. Cambridge Univeristy Press, Cambridge.
- Ólafur Þórðarson. 1927. *Málhljóða- og málskrúðsrit. Grammatisk retorisk afhandling*, Udgiven af Finnur Jónsson. Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskab, Historisk-filosofiske meddelelser XIII, 2, Kaupmannahöfn.
- Óskar Ó. Halldórsson. 1972. *Bragur og ljóðstíll*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2005. „Ljóðstafurinn s í íslenskum kveðskap.“ *Són, tímarit um óðfræði* 3, bls. 59–85.
- Rangar Ingi Aðalsteinsson. 2010. *Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðla-setningar frá elsta þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans*. Doktorsritgerð, Háskóla Íslands.
- Snorri Hjartarson. 1992. *Kvæðasafn*. Mál og menning, Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1999. *Edda Háttatal*. Edited by Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research, London.
- Steinn Steinarr. 1988. *Kvæðasafn og greinar*. 4. útg. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Þorgeir Sigurðsson. 2001. „Rímstuðlar. Um tengsl ríms, atkvæðaskiptingar og stuðla í íslenskum skáldskap.“ *Íslenskt mál* 23, bls. 215–227.
- Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfraði*. Styrktar-sjóður Þórbergs Þórðasonar, Mál og menning, Reykjavík.

Iskra Peneva

Tvö ljóð

Kristian Guttesen þýddi

Andrúmsloftið í helvíti

Vegirnir að handan

I

Um óttubil
legg ég leið mína í þokunni
veginn heim
ég kem að gamla kastalanum
fer hægt
í horninu – könguló
hann heilsar mér
við tökumst í hendur
kyssumst
af ástríðu

II

Ormar í munnum
þeir eru vinir mínir
ef einhver mælir orð af vörum
breytast þeir í myglu
hún bragðast ekki eins og gómsætt epli

III

Ég er eldur
ævarandi varmi
ef einhver nálgast
sortnar andlit hans

IV

Í augunum skríða snákar
inn í djúpið
gljáandi
slímugir
eitraðir
hvæsa
kalla lævísri tungu
gnísta tönnum
ef einhver svarar þeim fullum hálsi
á þeirra eigin ógeðfældri tungu
munu glóandi örvar skjótast frá þeim

V

Við tókum öll höndum saman
sortnaðar beinagrindur
brennandi vegfarendur
rotnandi lík
grotnandi
förum í annan djöfullegan leik
í leikjum má fyrirgefa
hinum forvitna
saklausa
mikilvæga
og ávallt ofmettaða
og við erum ávallt á byrjunarreit
af því að nýir skrokkar
eru ekki betri en þeir gömlu

Kona dauðans

Ég klæðist svörtu
andstætt hugmyndinni um konu
kölluð dauðinn

Daginn sem þig ber að
stendurðu við hlið mér
staðfastlegur
eins og hermenn sem veifa
í kveðjuskyni

Þú horfir í augun mín
banvænlega
kreistir hönd mína
og kyssir mig þrisvar
á kinnarnar
án þess að mæla orð af vörum
sýnir vinnuhót
faðmar mig
hlýjar mér með handtaki þínu

Klæðist rauðu

Benedikt Hjartarson

Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefnunnar

Ótímabærar hugleiðingar
um hefðarvitund og nýsköpun¹

Í marsmánuði árið 2005 tók ég þátt í ráðstefnu sem efnt var til við háskólann í Gent í Belgíu undir yfirskriftinni „Avant-Garde Now!“ Upphrópunarmerkið fól í sér ótvíræða áskorun til mælenda, að skyggjast loks eftir birtingarmyndum framúrstefnunnar í menningarlegu landslagi samtímans. Spurningarmerkið mátti aftur á móti lesa sem tákni um efa og vísun í þá skoðun að tími framúrstefnunnar sé liðinn. Sé litið yfir titla og undirtitla nokkurra fræðiritna sem birst hafa síðasta áratuginn eða svo, virðist nærtækt að álykta, að þessi harmiblandna skoðun sé orðin nokkuð viðtekin: *Artists at the End of the Avant-Garde*, *The End of the American Avant Garde*, *Das Ende der Avantgarde*, *Avantgarde nach ihrem Ende*, *Requiem pour une avant-garde*, *Den sidste avantgarde*.²

Áherslan á upphöf og endalok, sem er svo áberandi í söguritun um framúrstefnuna, er vitaskuld ekki einsdæmi innan bókmennta- og listasögunnar. Víða má greina áherslu á söguleg skil af þessu tagi, sem ýmist gegnir því hlutverki að afmarka tiltekið tímabil eða upphefja viðfangsefnið með því að lýsa tilteknum listamanni eða hópi sem hinum fyrsta eða síðasta í röð margra. Hvort heldur litið er til rómantíkur, endurreisnar, natúralisma eða framúrstefnu, er sjaldgæft að rek-

¹ Ég vil hér nota tækifærið og þakka Guðna Elíssyni fyrir rækilegan yfirllestur á greininni.

² Sjá: Donald B. Kuspit. *Idiosyncratic Identities. Artists at the End of the Avant-Garde*. Cambridge, New York: Cambridge University Press, 1996; Stuart D. Hobbs. *The End of the American Avant Garde*. New York: New York University Press, 1997; Katharina Hegewisch. *Das Ende der Avantgarde. Kunst als Dienstleistung*. Düsseldorf: Richter, 1995; Marco A. Sorace. *Avantgarde nach ihrem Ende. Von der Transformation der avantgardistischen Kunst des 20. Jahrhunderts. Ein Beitrag zur theologischen Kunstkritik*. Freiburg: Karl Alber, 2007; Benoît Duteurtre. *Requiem pour une avant-garde*. Paris: Belles Lettres, 2006; Mikkel Bolt. *Den sidste avantgarde. Situationistisk Internationale hinsides kunst og politik*. Kaupmannahöfn: Politisk revy, 2004.

ast á bókatitla, þar sem tilteknum höfundum, listamönnum eða hreyfingum er lýst sem hinum næstfyrstu eða næstsíðustu. Yfirlýst upphöf og endalok er í raun nauðsynlegur þáttur í frásagnarbyggingu hinnar menningarsögulegu greiningar. Í tilviki framúrstefnunnar eru slíkar yfirlýsingar um endalok aftur á móti svo þrásæknar að hér virðist annað og meira vera í húfi. Yfirlýsingar um endalok eða jafnvel „dauda“ framúrstefnunnar helgast ekki síst af því að hugtakið hefur í meginatriðum þjónað sem hugmyndafræðileg kví í gagnrýni á þjóðfélagsgerð nútímans. Að lýsa yfir endalokum framúrstefnunnar felur um leið í sér yfirlýsingu um framhaldslíf hennar í annari mynd – eða meintan skort á slíku framhaldslífi – hvort heldur er innan nýrra bókmenntalegra og listrænna strauma eða innan fræðilegrar orðræðu. Hugmyndin um endalok framúrstefnunnar er nauðsynlegur þáttur í sjálfri hugmyndinni um framúrstefnu; það er vegna hinnar aðsteðjandi ógnar sem verkefni framúrstefnunnar og gagnrýnin vinna með arfleifð hennar verða aðkallandi.

Í lok áður nefndrar ráðstefnu í Gent fóru fram pallborðsumræður þar sem þeir fræðimenn, sem höfðu flutt erindi á þinginu, tóku þátt. Sascha Bru, sem stýrði umræðunum, setti í upphafi fram forvitnilega athugasemd, þegar hann benti á að ekkert okkar hafði snert með beinum hætti á spurningunni sem þó var sett fram í yfirskrift þingsins. Flutt höfðu verið margvísleg erindi um framúrstefnu á tuttugustu öld og rætt hafði verið um kenningar um dauda framúrstefnunnar, sem og breyttar aðstæður nýframúrstefnuhreyfinga á sjöunda og áttunda áratugnum, en enginn hafði tekið það skref að fjalla um framúrstefnu í samtímanum. Bru spurði hvort þetta væri til marks um að við teldum öll að tími framúrstefnunnar væri liðinn. Svarið var löng og vandræðaleg þögn. Hægt og rólega rann upp fyrir hópnum sem þarna sat, að ekkert okkar hafði í raun dirfst að takast á við þá ögrandi spurningu sem við höfðum þó verið kölluð saman til að ræða. Löng þögnin helgaðist án efa að einhverju leyti af slæmri samvisku okkar, sem höfðum ekki mikið litid í kringum okkur í leit að birtingarmyndum framúrstefnu í samtímanum. Þegar þögnin var orðin allt að því þrjúgandi, ákvað ég að höggva á hnútinn og sletta fram vanhugsaðri athugasemd. Ég benti á að þögnin um framúrstefnuna í samtíma okkar helgaðist af innbyggðum þverstæðum sjálfrar hugmyndarinnar um framúrstefnu. Framúrstefna eða „avant-garde“ væri að mörgu leyti varhugavert hugtak í umfjöllun um samtímann vegna innbyggðra tímalegra og hugmyndafræðilegra forsendna þess. Hugtakið

gæfi í skyn að hér væru á ferðinni listsköpun eða bókmenntir er færu á undan sínum tíma eða a.m.k. ný fagurfræðileg hugsun er myndaði rof frá hinu gamla og legði grunninn að einhverju nýju. Ég lagði jafnframt áherslu á aðferðafræðilega þverstæðu sem hér blasir við: skilgreining fræðimannsins á tiltekinni fagurfræði í samtímanum sem framúrstefnu fæli í sér stofnanavæðingu hennar. Sem fræðimenn kæmum við fram sem fulltrúar hefðarinnar, listastofnunarinnar og sögunnar og værum því ávallt í tvíbentri stöðu andspænis framúrstefnunni. Með því að skilgreina framúrstefnu í samtímanum sem framúrstefnu gerðum við hana á einhvern hátt að fyrirbæri fortíðar, með þeim afleiðingum að hún glataði (a.m.k. að einhverju leyti) þjóðfélagslegri og menningarlegri róttækni sinni.

Loks benti ég á að framúrstefnan er um margt skrýtin skepna. Líkt og Marjorie Perloff hefur bent á og Tania Ørum hefur minnt á í grein sem birtist í íslenskri þýðingu, hefur framúrstefnan hneigð til að birtast einmitt á „óvæntum stað, ekki sem framhald af eldri framúrstefnuhreyfingum“, heldur þar sem við hefðum síst búist við.³ Þetta býður þeirri hættu heim, að sá fræðimaður, sem kýs að ræða um framúrstefnu í samtíma sínum, kunni þegar fram líða stundir að reynast hafa verið sögulega rangstæður, vegna þess að þeir straumar í fagurfræði samtímans, sem hann kaus að beina sjónum að, reyndust þegar upp var staðið hreint ekki jafn fram-sæknir og honum virtist.

Athugasemdunum var varpað fram við þvingaðar aðstæður og þær birtu síður en svo niðurstöður áralangra rannsókna. Ég er þó enn sannfærður um að í þeim búi sannleikskorn, að því leyti að hugleiðingar um framúrstefnu í samtímanum krefjast sjónarhorns sem liggur í framtíðinni og eru þannig í eðli sínu ótímabærar. Þau aðferðafræðilegu vandamál, sem hér er vikið að, spretta af sérstöðu framúrstefnunnar, sem lítur á eigin fagurfræði sem brot úr framtíðinni er greini sig afdráttarlaust frá samtímanum. Líkt og Bernd Hüppauf hefur bent á, grundvallast verkefni framúrstefnunnar – eins og hún kom fram á fyrstu áratugum tuttugustu aldar – á hugmynd um hið ótímabæra sem rekja má aftur til Nietzsches. Nútímaleg tímavitund framúrstefnunnar liggur í flóttanum fram á

³ Tania Ørum. „Nýframúrstefna sem endurtekning – eða sviptingar framúrstefnunnar eftir síðari heimsstyrjöld.“ Þýð. Guðrún Jóhannsdóttir. *Ritid.* 1/2006, s. 141–157, hér s. 141.

við, í sköpun „ímyndaðs rýmis“ sem liggur í framtíðinni og myndar „andstöðu við samtímann“.⁴ Hið ótímabæra felst ekki aðeins í því hvernig framúrstefnan færir í orð þekkingu sem á hvílir einskonar bannhelgi í samtímanum, líkt og Nietzsche fullyrðir um „ótímabærar hugleiðingar“ sínar,⁵ heldur kallar þetta viðhorf á skilning sem aðeins er mögulegur í framtíðinni. Framúrstefnan skrifar sig m.ö.o. á skipulegan hátt inn í framtíð sem hún leitast við að gera að veruleika í samtímanum. Að glíma við möguleikann á framúrstefnu í eigin samtíma felur þannig í sér margbrotnar þverstæður sem greinandinn verður að vera sér meðvitauður um. Þetta sjónarmið má vita-skuld gagnrýna fyrir að ganga út frá tímalegum skilningi á framúrstefnu sem kemur fram á þriðja áratug tuttugustu aldar og verður ekki ríkjandi fyrr en á eftirstriðsárunum. Á hinn bóginn á hinn tímalegi skilningur á framúrstefnuhugtakinu sér langa hefð og hefur haft sterk áhrif á notkun þess um margra áratuga skeið, sem ekki verður komist undan.

Þótt mér hafi tekist að færa rök fyrir því að greining á framúrstefnu í samtímanum sé í grunninn ótímabært verkefni, hélt spurningin um stöðu framúrstefnunnar í samtímanum áfram að herja á mig eftir að umræddu málþingi lauk. Þegar frá leið urðu efasemdir mínar um réttmæti sjónarmiðanna, sem lýst var að framan, æ sterkari. Í þeim felst ekki aðeins varhugavert yfirlæti sem er í senn valdsmannlegt og föðurlegt (um þetta var ég raunar vel meðvitauður á þeim tíma sem ég setti athugasemdirnar fram á) heldur dyljast einnig í þeim fræðileg óheilindi. Í þeim býr einskonar fjarvistarsönnun fyrir fræðimanninn, sem getur fullyrt með ágætri samvisku að best sé að láta framúrstefnuna í samtímanum eiga sig, svo hún megi þroskast og dafna í stað þess að svipta henni inn í rými hefðar, fræða og sögu. Kannski má líta á þær rannsóknir á framúrstefnu í listsköpun samtímans, sem ég hef

⁴ Bernd Hüppauf. „Das Unzeitgemäße der Avantgarden. Die Zeit, Avantgarden und die Gegenwart“. *Der Blick vom Wölkenkratzer. Avantgarde – Avantgardekritik – Avantgardeforschung*, ritstj. Wolfgang Asholt og Walter Fähnders. Amsterdam, New York: Rodopi, 2000, s. 547–582, hér s. 554. Allar þýðingar á tilvitnunum í greininni eru mínar eigin nema annað sé tekið fram (BH).

⁵ Sjá: Friedrich Nietzsche. „Unzeitgemäße Betrachtungen. Erstes Stück. David Strauss, der Bekenner und der Schriftsteller“. *Kritische Studienausgabe*, 1. bindi: *Die Geburt der Tragödie. Unzeitgemäße Betrachtungen I–IV. Nachgelassene Schriften 1870–1873*, ritstj. Giorgio Colli og Mazzino Montinari. München: DTV, 1999, s. 157–242, hér s. 159–164.

fengist við á síðustu árum, og þá grein sem hér birtist,⁶ sem tilraun til að afsala mér þessari fjarvistarsönnun og reyna að vinna bug á þeim fræðilegu óheilindum sem leynast í þögninni um framúrstefnu samtímans. Í umfjölluninni sem fylgir mun ég í það minnsta ekki aðeins reyna að varpa ljósi á sögu hugmyndarinnar um dauða framúrstefnunnar, heldur mun ég einnig reyna að bregða ljósi á fagurfræðileg og mælskufræðileg einkenni framúrstefnu eins og hún birtist okkur í íslenskum samtíma.

Á síðustu árum hefur mátt greina aukinn fræðilegan áhuga á framúrstefnu í samtímanum. Þannig kann það að vera tímannna tákni að í september 2010 tók ég á ný þátt í pallborðsumræðum á alþjóðlegri ráðstefnu, að þessu sinni í Poznan, þar sem rætt var um stöðu framúrstefnunnar í samtímanum. Ráðstefnan var helguð sambandi hámenningar og lágmenningar í fagurfræði framúrstefnunnar en pallborðsumræðurnar báru yfirskriftina „The Future of Avant-garde Studies“. Í þetta skiptið spruttu upp fjörugar umræður um viðfangsefnið, þar sem tekist var á við breytta stöðu framúrstefnu og framúrstefnurannsókna á tímum hnattvæðingar. Deilt var um gildi breyttra markaðs- og þjóðfélagsaðstæðna og leitast við að lýsa möguleikanum (eða ómöguleikanum) á framúrstefnu á okkar tímum. Þá breyttu afstöðu sem hér mátti greina má án efa rekja að hluta til þess að samsetningin á hópi fræðimannanna var önnur – hér voru saman komnir einstaklingar sem höfðu fengist mun meira við samtímamann en á þinginu í Gent fimm árum fyrr. En breytt afstaðan kann einnig að benda til þess að umræðan um framúrstefnuna sé í auknum mæli farin að snúa að samtímanum.

⁶ Margar athugasemdir sem hafa ratað inn í þessa grein hef ég áður sett fram í fyrirlesturum um efnið. Hér má í fyrsta lagi nefna fyrirlesturinn „The Death of Which Avant-Garde?“ sem fluttur var á ráðstefnunni „Avant-Garde Now!“ við háskólann í Gent, í marsmánuði árið 2005. Í öðru lagi byggir hluti greinarinnar á fyrirlestri sem fluttur var á ljóðabingi Törfhildar 11. nóvember 2005 og bar heitið „Yfirlýsingagleði og nýframúrstefna. Um hefðarvitund og nýsköpun í íslenski samtímaljóðlist“. Einnig hafa ratað inn í textann ýmsar hugleiðingar sem ég viðraði fyrst í ritdómi um ljóðabókasyrpu Nýhils, Norrænar bókmenntir, en sjá ritdómur var fluttur í Víðsjá dagana 4. og 5. júlí 2006. Loks má nefna erindi sem flutt var á upplestrarkvöldi ungra íslenskra skálda í Iðnó, þann 23. apríl 2009, undir yfirskriftinni „Um nýjabrum, illgresi og kyrkingslegan gróður í íslenskum menningarjarðvegi. Tilraun til frjógreiningar á íslenski samtímaljóðlist“. Ég vil þakka öllum þeim sem brugðust við áður nefndum erindum með gagnrýnum hætti. Án þeirrar gagnrýni hefði margt verið verr ígrundað í þessari grein en raunin þó varð.

I Framúrstefnan er dauð! Lengi lifi framúrstefnan!

Kenningar um framúrstefnu á tuttugustu öld eru margbreytilegar og lítil sátt ríkir um megineinkenni hennar.⁷ Einn hópur fræðimanna (hér má nefna Peter Bürger og þá fræðimenn sem hafa fetað í fótpor hans) leggur megináherslu á lýðræðislega viðleitni framúrstefnunnar til að sameina list og lífshætti á meðan annar hópur fræðimanna (þ. á m. Clement Greenberg og José Ortega y Gasset) leggur áherslu á listrænan elítisma framúrstefnunnar.⁸ Walter Benjamin og fræðimenn, sem hafa byggt umfjöllun sína á kenningum hans, líta á framúrstefnuna sem rökvaðingu listarinnar, sem sé svipt trúarlegri áru sinni og gerð að virku þjóðfélagslegu afli, á meðan aðrir fræðimenn (þ. á m. John F. Moffitt, Celia Rabinovitch, Roger Lipsey og Linda D. Henderson) beina sjónum að tengslunum sem greina má á milli fagurfræði framúrstefnunnar og nýrra trúarhugmynda á sviði dulspeki á fyrri hluta tuttugustu aldar.⁹ Einn hópur fræðimanna (þ. á m. David Weir, Hubert van den Berg, Fernand Drijckoningin og Julia Kristeva) leggur áherslu á tengsl framúrstefnu við stjórnmálahugmyndir anarkisma og

⁷ Það yfirlit um ólíkar kenningar um framúrstefnu sem hér er sett fram byggir að nokkru leyti á samantekt Huberts van den Berg, sjá: „Kortlægning af gamle spor af det nye. Bidrag til en historisk topografi over det 20. århundredes europæiske avantgarde(r).“ Þýð. Claus Bratt Østergaard og Tania Ørum. *En tradition af opbrud. Avantgardernes tradition og politik*, ritstj. T. Ørum, Marianne Ping Huang og Charlotte Engberg. Hellerup: Spring, 2005, s. 19–43, hér s. 20–22. Sjá einnig: Fernand Drijckoningin. „Inleiding“. *Historische Avantgarde. Programmatische teksten van het Italiaanse Futurisme, het Russisch Futurisme, Dada, het Constructivisme, het Surrealisme en het Tsjechisch Poëtisme*, ritstj. F. Drijckoningin og Jan Fontijn. Amsterdam: Drie Grachten, 1982, s. 11–51.

⁸ Sjá: Peter Bürger. *Theorie der Avantgarde*. Frankfurt am Main: Suhrkamp, 1974; Clement Greenberg. „Avantgarde and Kitsch.“ *Art in Theory 1900-1990. An Anthology of Changing Ideas*, ritstj. Charles Harrison og Paul Wood. Oxford, Cambridge: Blackwell, 1992, s. 529–541; José Ortega y Gasset. „La Deshumanización del arte.“ *La Deshumanización del arte y otros ensayos de estética*. Madrid: Alianza, 1984, s. 11–54.

⁹ Sjá: Walter Benjamin. „Listaverkið á tímum fjöldaframleiðslu sinnar“. Þýð. Árni Óskarsson og Órnólfur Thorsson. *Fagurfræði og miðlun. Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, s. 549–587; John F. Moffitt. *Alchemist of the Avant-Garde. The Case of Marcel Duchamp*. Albany: State University of New York Press, 2003; Celia Rabinovitch. *Surrealism and the Sacred. Power, Eros, and the Occult in Modern Art*. Colorado, Oxford: Westview Press, 2004; Roger Lipsey. *The Spiritual in Twentieth Century Art*. Mineola, New York: Dover, 1988; Linda D. Henderson. *The Fourth Dimension and Non-Euclidian Geometry in Modern Art*. Princeton, New Jersey: Princeton University Press, 1983.

róttæka gagnrýni á allar myndir pólitískrar alræðishyggju, á meðan aðrir fræðimenn (þ. á m. Andrew Hewitt, Boris Groys og Thomas Hecken) greina í fagurfræði framúrstefnunnar spor pólitískrar alræðishyggju.¹⁰ Einn hópur fræðimanna sér í verkefni framúrstefnunnar röt-tækt rof frá fagurfræði sýmbólisma og estetisma (hér má aftur nefna Bürger og sporgöngumenn hans) á meðan annar hópur fræðimanna (þ. á m. Renato Poggioli, Hanno Ehrlicher og Ástráður Eysteinnsson) greinir mikilvæg tengsl hér á milli eða lítur á framúrstefnuna sem hluta af breiðara samhengi módernískrar fagurfræði á tuttugustu öld.¹¹ Upptalninguna mætti lengja til muna í því skyni að draga enn skýrar fram þversagnirnar sem blasa við þegar litið er yfir skrif fræðimanna um framúrstefnuna.

Hvað sem líður öllum þversögnum má þó greina ákveðna sátt í flestum þeim ólíku kenningum sem hér um ræðir: framúrstefnan er dauð, tími hennar er á einhvern hátt liðinn, verkefni hennar er komið í þrot, hún stefnir í átt til glötunar, í það minnsta er hún stödd í áður óþekktri kreppu sem hún þarf að takast á við. Hið fræðilega viðhorf byggir vitaskuld á ólíkum forsendum og vert er að hafa í huga að á meðan sumir fræðimenn fagna endalokum framúrstefnunnar, harma aðrir þetta hlutskipti og telja það til vitnis um harmræn örlög fram-sækinnar listsköpunar og jafnvel gagnrýnnar hugsunar á okkar síðkapítalísku tímum. Einnig er vert að undirstrika að grundvallar-munur er á því hvort lýst er yfir endalokum framúrstefnunnar (sem liðins tímabils sem þá er hægt að sækja til með margvíslegum hætti), verkefni hennar er talið hafa misheppnast (þannig að hægt sé að taka upp þráðinn og reyna aftur við breyttar þjóðfélagslegar aðstæður) eða

¹⁰ Sjá: David Weir. *Anarchy and Culture. The Aesthetic Politics of Modernism*. Amherst: University of Massachusetts Press, 1997; Hubert van den Berg. *Avantgarde und Anarchismus. Dada in Zürich and Berlin*. Heidelberg: Winter, 1999; Fernand Drijkoningen. „Surréalisme et anarchisme entre les deux guerres.“ *Anarchia*, ritstj. F. Drijkoningen og Dick Gevers. Amsterdam, Atlanta: Rodopi, 1989: 40–66; Julia Kristeva. *La Révolution du langage poétique. L'Avant-garde à la fin du XIXe siècle. Lautréamont et Mallarmé*. Paris: Seuil, 1974; Andrew Hewitt. *Fascist Modernism. Aesthetics, Politics, and the Avant-Garde*. Stanford, California: Stanford University Press, 1993; Boris Groys. *Gesamtkunstwerk Stalin. Die gespaltene Kultur in der Sowjetunion*. Þýð. Gabriele Leupold. München: Hanser, 1996; Thomas Hecken. *Avantgarde und Terrorismus. Rhetorik der Intensität und Programme der Revolte von den Futuristen bis zur RAF*. Bielefeld: Transcript, 2006.

¹¹ Sjá: Renato Poggioli. *The Theory of the Avant-Garde*. Þýð. Gerald Fitzgerald. London: Belknap Press, 1968; Hanno Ehrlicher. *Die Kunst der Zerstörung. Gewalthphantasien und Manifestationspraktiken europäischer Avantgarden*. Berlín: Akademie Verlag, 2001; Ástráður Eysteinnsson. *The Concept of Modernism*. Ithaca: Cornell University Press, 1990.

lýst er yfir dauða hennar (og henni þannig svipt í eitt skipti fyrir öll inn í fortíðina sem hugmyndafræðilegri arfleifð liðins tíma).

Hugmyndin um „dauða“ framúrstefnunnar er sérstakrar athygli verð, enda er hún róttækasta birtingarmynd þeirrar gagnrýni sem oft er áberandi í umfjöllun um framúrstefnuna. Athygli vekur að jafnvel í þeim textum, sem lýsa því yfir að framúrstefnan sé enn á lífi, getur hún birst sem svipur fortíðar. Dæmi um þetta má finna í grein eftir Dirk von Petersdorff sem birtist í sérhefti tímaritsins *Neue Rundschau* árið 1995, en heftið bar þá lýsandi yfirskrift „Ende der Avantgarden?“ Petersdorff lýsir því yfir að „framúrstefnan lifi enn“ en kemst síðan að þeirri niðurstöðu að „framúrstefnumenn hafi sveimað eins og afturgöngur um nítjándu og tuttugustu öldina“ – vofa Marx virðist hér ekki langt undan, enda er Petersdorff uggandi yfir ástandinu sem hann lýsir og hann vill framúrstefnuna feiga af hugmyndafræðilegum ástæðum.¹²

Dauði framúrstefnunnar hefur í raun vofað yfir henni frá upphafi. Allt frá því fyrstu evrópsku framúrstefnuhreyfingarnar stigu fram á sjónarsviðið á fyrstu áratugum tuttugustu aldar, hafa gagnrýnendur keppt við að lýsa yfir endalokum hverfullar fagurfræði hennar. Slík viðhorf grundvallast oft á því að lítið er á framúrstefnuna sem birtingarmynd nútímalegrar siðmenningar er stefni til glötunar – og jafnvel er lítið á fagurfræði hennar sem eins konar hinsta andvarp þessarar siðmenningar. Róttæk viðhorf af þessu tagi birtast ekki síst í þýskri menningarumræðu tímabilsins, sem rekja má til átakakenndrar og stuttrar sögu þýska þjóðríkisins sem og þess lykilllutverks sem hugmyndin um þýska menningu gegnir á þessum tíma í umræðunni um þýskt þjóðerni.¹³ Lýsandi dæmi má m.a. finna í riti eftir Edgar Jung frá árinu 1930: „Höfrungahlaup hinnar andlegu einangrunarstefnu, sem leiddi að lokum inn í dadaismann, er í raun örvæntingarfyll hreyfing stéttar sem er orðin að hópi rótlausra og ístöðulausra bóhema, sem í fullri einlægni gátu ekki orðið annað en útnýttir í eigin augum. „Bókmenntavítarnir“ spruttu upp sem visin vafningsjurt þeirrar menningar er tærir upp sjálfa sig.“¹⁴ Það myndmál visnunar og dauða sem hér má greina er um margt einkennandi fyrir ríkjandi

¹² Dirk von Petersdorff. „Das Verlachen der Avantgarde. Rückblick auf eine ästhetische Prügeley.“ *Neue Rundschau*, 4/1995, s. 69–73, hér s. 69 og s. 73.

¹³ Sjá nánar: Georg Bollenbeck. *Tradition, Avantgarde, Reaktion. Deutsche Kontroversen um die kulturelle Moderne 1880–1945*. Frankfurt am Main: Fischer, 1999.

¹⁴ Edgar Jung. *Die Herrschaft der Minderwertigen. Ihr Zerfall und Ablösung durch ein neues Reich*. Berlín, 1930, s. 110. Hér vitnað eftir: Bollenbeck, sama rit, s. 223.

orðræðu þýskrar Þjóðernishyggi á tímabilinu, þar sem greina má upphafningu hins lífræna á kostnað tæknilegs nútíma er leiði til firringar, visunar, rótleysis og dauða. Orðræðan sem hér er vísað til kemur m.a. afdráttarlaust fram nokkrum árum fyrr í áhrifamiklu riti Oswalds Spengler um hnignun vestrænnar menningar, þar sem titið er á „kvikmyndina, expressjónisma, guðspeki, hnefaleika, negradansa, póker og veðmál“ sem ótvíræð teikn um „ófrjósemi hins siðmenntaða manns“ – þótt Spengler komist raunar að þeirri niðurstöðu að allar þessar birtingarmyndir nútímans „megi þegar finna í Róm til forna“.¹⁵ Keimlík viðhorf má greina í menningarumræðu annars, þriðja og fjórða áratugarins víða innan Evrópu, þ. á m. í Englandi, Frakklandi og Hollandi, þar sem gagnrýnin varð þó ekki jafn harkaleg og raunin varð í Þýskalandi.¹⁶

Hér er þó ástæðulaust að leita langt yfir skammt. Jafnvel á landfræðilegum útkjálka evrópsku framúrstefnunnar hér á Íslandi skeiðuðu gagnrýnendur fram á ritvöllinn á þriðja áratugi tuttugustu aldar og lýstu yfir bráðbúnun dauða íslenskrar framúrstefnulistar, jafnvel áður en hún hafði titið dagsins ljós eða hafði í mesta lagi látið á sér kræla í mynd fósturvísis.¹⁷ Gagnrýni úr þessari átt má m.a. finna í grein eftir Magnús Á. Árnason frá 1921, þar sem fullyrt er að hinar fjölmörgu hreyfingar er hafi komið fram í Evrópu á síðustu árum muni þegar upp er staðið „alt vera augnabliksbólur, sem hjaðna í súgi árána“, og í skrifum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal, sem fullyrðir að nái framúrstefnan að skjóta rótum hér á landi sé „íslenzk list dauðadæmd og íslenzk endurreisn hugarburður og blaðahjal“.¹⁸ Í grein Magnúsar kemur fram viðhorf sem er nokkuð áberandi í skrifum íslenskra menntamanna á þriðja áratugnum og kenna má við „loftbólukeninguna“. Samkvæmt þeirri kenningu er framúrstefnan dauðadæmt stund-

¹⁵ Oswald Spengler. *Der Untergang des Abendlandes. Umriss einer Morphologie der Weltgeschichte*. München: DTV, 1990, s. 678–679.

¹⁶ Hér má benda á greinargóða úttekt Gillis J. Dorleijn, þar sem hann ber gagnrýni á framúrstefnuna í hollenskum dagblöðum og tímaritum á þessu tímabili saman við menningarumræðuna á hinu þýska málsvæði: „Weerstand tegen de avantgarde in Nederland.“ *Avantgarde! Voorhoede? Vernieuwingsbewegingen in Noord en Zuid opnieuw beschouwd*, ritsjt. H. van den Berg og G.J. Dorleijn. Nijmegen: Vantilt, 2002, s. 137–155.

¹⁷ Um þetta efni hef ég fjallað nánar á öðrum vettvangi, sjá: Benedikt Hjartarson. „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrstefnu á Íslandi“. *Ritið* 1/2006, s. 79–119.

¹⁸ Magnús Á. Árnason. „Um listir alment“. *Einreiðin*, 1921, s. 67–78, hér s. 72; Guðmundur Einarsson frá Miðdal. „Listir og þjóðir“. *Íðunn*, 1928, s. 267–276, hér s. 275.

arfyrirbæri, einskona rúskubóla sem er dæmd til að hverfa í þoku gleyskunnar. Slík viðhorf afmarkast ekki við skrif þeirra sem forðæma fagurfræði framúrstefnunnar, því ummerki þeirra má einnig sjá í greinum þar sem tónninn er hlutlausari og jafnvel í skrifum þeirra sem eiga þátt í að kynna framúrstefnuna hér á landi.

Í grein eftir Svein Sigurðsson frá árinu 1925 – þar sem ritstjóri *Eimreiðarinnar* ver útgáfu tímaritsins á „Unglingnum í skóginum“ eftir Halldór Laxness – er ismunum líkt við „sápubólur“ er hafi komið upp „í ölduróti stríðsáranna og hjaðna áður en varir“. ¹⁹ Annað forvitnilegt dæmi má finna í grein eftir Jón Björnsson, rithöfund og blaðamann, sem birtist í *Morgunblaðinu* árið 1919. Í greininni, sem er elsta þekkt dæmið um nokkuð ítarlega umfjöllun um evrópsku ismana hér á landi, fjallar Jón um ítalska fútúrismann og endursegir í megindráttum innihald stofnunarýfirlýsingar hans frá 1909. Undir lok greinarinnar kemst höfundurinn að eftirfarandi niðurstöðu: „Hver ný stefna gengur eins og regnskúr yfir löndin, döggar mannsandann flytur honum ný þróunarefni, lifir stutt og hrynur í rústir, sem önnur stefna rís upp af.“ ²⁰

Grundvallarmunur er á samtímaorðræðu „loftbólukeningarinnar“ og síðari tíma fræðiumræðu, þar sem endalokum eða dauða framúrstefnunnar er lýst sem sögulegri staðreynd. Segja má að „loftbólukeningin“ geri ekki annað en að endurtaka frá gagnrýnu sjónarhorni orðræðu framúrstefnunnar sjálfar, þar sem jafnan er lögð áhersla á að hin nýja fagurfræði sé bundin sögulegu andartaki sínu og henni sé ætlað að rýma fyrir nýjungum framtíðarinnar. Þessi orðræða hverfulleikans (sem rekja má aftur til sýmbólismans og einkum skrifa Charles

¹⁹ Sveinn Sigurðsson. „Við þjóðveginn“. *Eimreiðin*, 3/1925, s. 193–201, hér s. 195.

²⁰ Jón Björnsson. „Futurismi. (Yngsta listastefnan)“. *Morgunblaðið*, 5. ágúst 1919, s. 2. Velta má fyrir sér orsökum þess að Jón Björnsson kys að rita umrædda grein um fútúrismann árið 1919. Líklegast verður að teljast að hér sé um að ræða viðbragð við þeirri miklu umræðu um evrópsku framúrstefnuna sem átti sér stað á meðal danskra menntamanna á þessum tíma (sjá nánar: Torben Jelsbak. *Ekspressionisme. Modernismens formelle gennembrud i dansk malerkunst og poesi*. Hellerup: Spring, 2005). Lýsing í endurminningum Vilhjálms Finsens, starfsfélaga Jóns á þessum tíma, bendir ótvírætt í þessa átt – og jafnframt til þess að áhuga Jóns hafi mátt rekja til fremur hversdagslegra aðstæðna: „Jón var besti náungi, var skáld og rithöfundur, en bar ekkert skyn á daglega blaðamennsku og var ákaflega ósýnt um hana. Samvinna okkar Jóns var samt hin þrýðilegasta, en ég gafst fljótlega alveg upp á því að kenna honum blaðamennsku. Jón var við *Morgunblaðið* þegar ég yfirgaf það og var aðalstarf hans þá að þýða neðanmálssögur og greinar sem við stálum úr skandinavískum blöðum.“ (Vilhjálmur Finsen. *Alltaf á heimleið*. Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1953, s. 283).

Baudelaire)²¹ kemur m.a. skýrt fram í stofnunaryfirlýsingu ítalska fútúrismans frá 1909, sem oft hefur verið lýst sem einskona- stofnskrá evrópsku framúrstefnunnar. Í textanum lýsir Filippo Tommaso Marinetti þeirri eindrægu ósk fútúrista að „yngri menn og vaskari“ megi „kjósa að fleygja okkur í pappírskörfuna einsog einskisnýtum handritum þegar við verðum fertugir.“²² Í orðræðu „loftbólunnar“ endurómar þannig á öfugsnúinn hátt sú hringrás dauða og endurfæðingar sem er undirstaða sögusýnar framúrstefnunnar sjálfrar.

Umræðuna um að tími framúrstefnunnar tilheyri liðnu söguskeiði má aftur á móti rekja til upphafs fræðilegrar umræðu um starfsemi hennar. Hugtakið „avant-garde“, líkt og hið íslenska systurhugtak „framúrstefna“, verður ekki að viðteknu heiti yfir þá fjölmörgu röt-tæku isma, sem komu fram á fyrstu áratugum tuttugustu aldar, fyrr en í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari.²³ Líkt og þýski rithöfundurinn Hans Magnus Enzensberger bendir á, í áhrifamikilli grein frá árinu 1962, er innbyggð í ímynd framvarðarsveitarinnar tímaleg rökvisi sem leiðir til þess að ekki er hægt að skilgreina fyrirbærið nema í sögulegu endurliti:

Það líkan sem liggur í mynd framvarðarsveitarinnar [Avant-garde] til grundvallar er ótækt. Framrás listanna í sögunni er hugsuð sem línuleg og einhliða hreyfing sem hægt er að hafa yfirsýn og heildarsýn yfir, hreyfing þar sem hver og einn getur tekið sér stöðu að vild, ýmist í broddi fylkingar eða í fylgdarliðinu. Horft er framhjá því að þessi hreyfing liggur frá hinu kunna yfir til hins ókunna, að það eru aðeins dratthalarnir sem geta sagt til um hvar þeir eru [...] Í framvarðarsveitarinnar býr þversögn, það er aðeins hægt að finna því stað *a posteriori*.²⁴

²¹ Í þessu samhengi má einkum vísa til ritgerðar Baudelaire's, „Le Peintre de la vie moderne“ [„Málari hins nútímalega lífs“] frá 1863, þar sem segir m.a.: „Nútíminn er hið skammvinna, hið hverfula, hið ófyrirséða, annar helmingur listarinnar, en hinn helmingurinn er hið eilífa og hið óumbreytanlega.“ (Ch. Baudelaire. „Le Peintre de la vie moderne.“ *Œuvres complètes*, 2. bindi, ritstj. Claude Pichois. París: Gallimard, 1976, s. 683–724, hér s. 695.)

²² Filippo Tommaso Marinetti. „Stofnun og stefnuyfirlýsing fútúrismans“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Yfirlýsingar. Evrópska framúrstefnan*, ritstj. Benedikt Hjartarson, Ástráður Eysteinnsson og Vilhjálmur Arnason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001, s. 97–106, hér s. 104.

²³ Sjá nánar umfjöllun mína um sögu framúrstefnuhugtaksins í greininni „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum“, s. 86–95.

²⁴ Hans Magnus Enzensberger. „Die Aporien der Avantgarde“. *Einzelheiten II. Poesie und Politik*. Frankfurt am Main: Suhrkamp, s. 50–80, hér s. 63.

Í þessum skilningi er framúrstefnan alltaf fyrirbæri fortíðar – og máli skiptir að hugtakið „avant-garde“ festist ekki í sessi sem fræðilegt og sögulegt greiningarhugtak fyrr en með tilkomu þeirra nýframúr-stefnuhreyfinga sem koma fram eftir heimsstyrjöldina síðari. Það er ekki fyrr en með þessum hreyfingum sem myndast einhvers konar (her)fylking sem gerir kleift að líta á sögulegu framúrstefnuna sem framvarðarsveit er hafi lagt grunninn að listsköpun framtíðar – framtíðar sem skyndilega verður sýnileg með nýframúrstefnunni. „Avant-garde“ eða „framúrstefna“ verður með öðrum orðum til og mótast sem sögulegt flokkunarhugtak á eftirstríðsárunum. Mikilvægt er að hugtakið tilheyrir í senn orðræðu þeirra nýju listhreyfinga sem kjósa að sækja inn á brautir er fyrri hreyfingar höfðu rutt og þeirri fræðilegu umræðu sem hefst með ritun á sögu ismanna. Þannig mætti í raun hafa endaskipti á röksemdafærslunni sem sett var fram í aðfarar-orðum þessarar greinar: fræðileg umræða um framúrstefnu í samtímanum felur ekki í sér stofnanavæðingu hennar, heldur er það einmitt sá fræðilegi gjörningur sem felst í að svipta framúrstefnunni inn í stofnanabundið rými sögu og hefðar sem gerir hana að framúr-stefnu, ljær henni þá menningarlegu róttækni og framsækni sem gefur henni gildi fyrir samtímann.

*II Er framúrstefnan dauð –
eða lyktar hún bara dálítið skringilega?*

Þegar rætt er um dauða framúrstefnunnar stendur eftir áleitin spurning: hvernig stendur á því að stöðugt er verið að lýsa yfir dauða framúrstefnunnar en ekki annarra strauma í evrópskri lista- og menningarsögu, s.s barokks, klassíkur eða rómantíkur?²⁵ Vissulega er jafnan lítið á þessa strauma sem fagurfræði liðins tíma, hitt er þó sjaldgæft að fræðimenn lýsi yfir dauða þeirra. Ein meginástæðan er sú að hugtakið framúrstefna hefur þjónað innan fræðilegrar umræðu sem hugmyndafræðileg kví, sem skírskotar til róttækra fagurfræðilegra hugmynda um þjóðfélagslega virkni listarinnar, fremur en sem hefðbundið menningarsögulegt eða flokkunarfræðilegt hugtak. Hér skiptir einnig máli að hin fræðilega orðræða um framúrstefnuna hefur

²⁵ Sjá: Hubert van den Berg. „The Life and Death of the Avant-garde on the Battlefield of Rhetoric – and Beyond“. *Forum. The University of Edinburgh Postgraduate Journal of Culture and the Arts*, 1/2005, s. 1–10, hér s. 3. Rafrænt tímarit: <http://forum.llc.ed.ac.uk/archive/01/index.php> (sótt 18.10.2010).

í veigamiklum atriðum verið fangin í mælskulist framúrstefnunnar sjálfar.

Myndin, sem oft er brugðið upp af dauða framúrstefnunnar, á að nokkru leyti rætur í fagurfræðilegri hugmyndafræði hennar sjálfar, þar sem myndmál fæðingar og dauða hefur gegnt lykilhlutverki allt frá útgáfu stofnunarýfirlýsingar ítalska fútúrismans. Þar lýsir Marinetti því hvernig fútúristarnir lenda í bílslysi en skriða loks endurfæddir upp úr „móðurlegri skoru“ verksmiðjuskurðar og njóta þess að „þamba styrkjandi eðju“ hans, sem minnir höfundinn á „helgan og svartan spena súdanskrar brjóstmóður [s]innar“.²⁶ Í framhaldinu fullyrðir Marinetti að listamenn framtíðar muni „anda að sér ilminum af rotnandi anda okkar sem þegar verður helgaður grafhvelfingum bókasafnanna“.²⁷ Dauðinn sem hér er lýst er þó á einhvern hátt tvíbentur – fútúristarnir lýsa yfir fæðingu hinnar nýju menningar þar sem þeir „standa á aldanna ystu nöf“²⁸ og því er jafnframt lýst hvernig þeir munu að lokum brenna verk sín í vitund um eigin yfirburði. Dauði einnar framúrstefnuhreyfingar getur af sér möguleikann á fæðingu annarrar – staða fútúristanna á „aldanna ystu nöf“ undirstríkar aftur á móti að hér er komið að einhverskonar sögulegum endalokum. Þannig reynist hugmyndin um að engin framúrstefna sé möguleg eftir tíma sögulegu framúrstefnunnar á vissan hátt fangin í goðsagnasmíð framúrstefnunnar sjálfar. Á hinn bóginn reynist einnig hugmyndin um hringrás, þar sem ein hreyfing hrekkur upp af til að ný megi fæðast, eiga uppsprettu sína í sögulegri rökvisi framúrstefnunnar. Á þversagnakenndan hátt felur yfirlýsingin um dauða framúrstefnunnar í sér að goðsögn hennar er haldið á lífi. Dauði framúrstefnunnar er mælskufræðileg nauðsyn, sem gerir þeim sem lýsir dauða hennar yfir kleift að taka yfir hlutverk hennar. Jafnvel mætti ganga lengra í að leggja út af þessari mælskufræðilegu þverstæðu og benda á að þegar sá tími renni upp að menn hætti að lýsa yfir dauða framúrstefnunnar sé hún endanlega úr sögunni. Dauði framúrstefnunnar er hluti af goðsögn hennar; hún hrörnar og hrekkur loks upp af en reynist með einhverjum hætti alltaf vera fær um að „lifa af eigin líkbrennslu og rísa endurfædd úr öskunni, líkt og fuglinn Fönix“, svo vitnað sé í orð Renatos Poggioli.²⁹

²⁶ Marinetti. „Stofnun og stefnuýfirlýsing fútúrismans“, s. 99.

²⁷ Sama rit, s. 104.

²⁸ Sama rit, s. 101.

²⁹ Poggioli. *The Theory of the Avant-garde*, s. 93.

Hér er gagnlegt að beina sjónum nánar að samhengi eftirstríðs-áranna. Sú sátt, sem áður hefur verið nefnt að ríki um dauða eða endalok framúrstefnunnar, kemur fram með einkar skýrum hætti í þeim margvíslegu kenningum sem lögðu grunninn að fræðilegri umræðu um framúrstefnuna á sjöunda og áttunda áratugnum. Í þessu samhengi nægir að nefna skrif höfunda á borð við Roland Barthes, Peter Bürger, Hans Magnus Enzensberger, Arnold Gehlen, James S. Ackerman og Robert Hughes.³⁰ Í grein frá árinu 1963 kemst Gehlen svo að orði að öll umræða um framúrstefnu eða framvarðarsveitir [Avantgarde] sé orðin „hlægileg“ og „úrelt“, því „hreyfingin beinist alls ekki lengur fram á við, heldur er um að ræða viðbætur og uppbyggingu á staðnum“.³¹ Á svipaðan hátt bendir Ackerman, í grein frá 1969, á að framúrstefnumenn hafi glatað stöðu sinni sem spámenn eða „utangarðsmenn“, þeir hafi verið sviptir sjálfsmynd sinni sem menningarleg „framvarðarsveit“ þar sem menningaríðnaðurinn og í raun fjöldasamfélagið í heild hafi náð að elta framúrstefnuna uppi.³² Hughes gengur jafnvel svo langt, í grein sem birtist rúmum áratug síðar, að fullyrða að „framúrstefnan sé orðin að slíkri tuggu að orðið sjálft hafi nú yfir sér pínlega áru“.³³ Slíkar yfirlýsingar um endalok framúrstefnunnar beinast að þeirri hugmyndafræðilegu arfleifð sem hún er talin standa fyrir. Litið er á framúrstefnuna sem birtingarmynd hamslausrar framfarahyggu er hafi einkennt hugmyndina um nútímann fram á fyrri hluta tuttugustu aldar eða sem afurð þeirrar alræðishugsunar er hafi leitt til hörmunga tveggja heimsstyrjalda – eða jafnvel sem hvort tveggja í senn. Gagnrýni af þessu tagi beinist að hvers kyns tilraunum til að vinna úr arfleifð framúrstefnunnar og gera hana að virku afli í nýju menningarlegu samhengi. Fagurfræði framúrstefnunnar er brennimerkt sem fyrirbæri fortíðar er eigi ekkert erindi við nýjan tíma.

³⁰ Sjá: Roland Barthes. „À l'avant-garde de quel théâtre?“ *Essais critiques*. París: Seuil, 1964, s. 83–86; P. Bürger, *Theorie der Avantgarde*; H.M. Enzensberger, „Die Aporien der Avantgarde“; Arnold Gehlen. „Über kulturelle Kristallisation“. *Kulturphilosophie*, ritstj. Ralf Konersmann. Leipzig: Reclam, 1996 [1963], s. 222–242; James S. Ackerman. „The Demise of the Avant-Garde. Notes on the Sociology of Recent American Art“. *Comparative Studies in Society and History*, 2/1969, s. 371–384; Robert Hughes. „The Decline and Fall of the Avant-Garde“. *Idea Art. A Critical Anthology*, ritstj. Gregory Battcock. New York: E.P. Dutton, 1973, s. 184–194.

³¹ Gehlen. „Über kulturelle Kristallisation“, s. 234.

³² Ackerman, „The Demise of the Avant-Garde“, s. 379.

³³ R. Hughes. „The Rise of Andy Warhol.“ *Art after Modernism. Rethinking Representation*, ritstj. Brian Wallis. New York: New Museum of Contemporary Art, s. 45–57, hér s. 53.

Hugmyndin um endalok eða „dauða“ framúrstefnunnar er ekkert einsdæmi í því umróti sem jafnan er kennt við '68. Líkt og Tania Ørum hefur bent á var sjöundi áratugurinn tímabil „heimsrofavona“ sem báru í sér draumsýn um endalok ríkjandi skipanar og fæðingu nýrrar menningar er sprytti af nýrri hugveru, nýju tungumáli, nýrri samfélagsgerð, nýrri tækni.³⁴ Umræðan um dauða framúrstefnunnar er þannig samofin þeirri fræðilegu umræðu tímabilsins sem birtist m.a. með skýrum hætti í skrifum Michels Foucault um endalok mannsins og Rolands Barthes um „dauða höfundarins“. Í umræðu sinni um dauðayfirlýsingar sjöunda áratugarins beinir Ørum sjónum sérstaklega að kenningu Bürgers um að verkefni sögulegu framúrstefnunnar hafi misheppnast og bendir á að sú kenning er samofin vonbrigðunum sem örlög '68 byltingarinnar ollu. Í riti Bürgers má að hennar mati greina skýlaus vonbrigði sem brjótast fram í yfirlýsingum um „dauða hvers kyns útópískra eða framsækinna hreyfinga. Og þar sem framúrstefnan var að miklu leyti hluti af þeim upp-
tendruðu tilfinningum sem ríktu á sjöunda áratugnum, eru aðferðir framúrstefnunnar óumflýjanlega felldar undir þann dauðadóm.“³⁵ Raunar þarf ekki að leita langt yfir skammt til að greina skýr tengsl á milli kenningar Bürgers og þessa sögulega baksviðs, því höfundurinn fullyrðir í eftirmála sínum að annarri útgáfu verksins, að ritun þess hafi spröttið af „vanda tiltekinna sögulegra aðstæðna, sem fylgdu í kjölfar atburðanna í maí 1968 og misheppnaðs ætlunarverks stúdenta-hreyfingarinnar í upphafi áttunda áratugarins.“³⁶

Þegar fengist er við yfirlýsingar um dauða framúrstefnunnar er vert að hafa í huga hvaða hagsmunir kunna að vera í húfi. Lykilspurningin er þessi: hver lýsir þessum dauða yfir og hvaða hag hefur hann af því að gefa út dánarvottorðið? Til hægðarauka má skipta þeim sem lýsa yfir dauða framúrstefnunnar í þrjá hópa. Í fyrsta lagi eru íhaldssamir (og að hluta til afturhaldssamir) gagnrýnendur sem eru andsnúnir framúrstefnunni og vilja óðir og uppvegir veita henni náðarhöggið. Í þennan flokk falla jafnt skrif fræðimanna og listamanna sem sjá verk framúrstefnunnar sem ögrun við hefðartengslin, sem séu uppspretta allrar þróttmikillar listsköpunar, og skrif gagnrýnenda sem fordæma hugmyndina um framúrstefnu sem arfleifð fyrri tíma (oft vegna þeirrar forræðishyggju eða alræðishyggju sem

³⁴ Ørum. „Nýframúrstefna sem endurtekning“, s. 149.

³⁵ Sama rit, s. 152.

³⁶ Bürger. *Theorie der Avantgarde*, s. 134.

þeir telja einkenna þá hugmynd). Í öðru lagi eru hreyfingar sem kenna má við nýframúr stefnu. Í þeim tilvikum tengjast yfirlýsingar um dauða framúr stefnunnar hugmyndinni um hringrás sem áður er nefnd: nýjar hreyfingar lýsa yfir dauða þeirra sem á undan fóru til að stíga fram sem löggiltir talsmenn framúr stefnu á nýjum tímum. Í þriðja lagi má hér nefna þann hóp gagnrýnenda sem lokar framúr stefnuna af í fortíðinni í því skyni að halda sjálfir uppi merkjum hennar. Framúr stefnan er gerð að arfleifð fortíðar sem fræðimennirnir sjálfir leitast við að halda á lífi í sögulegum túlkunum og róttækri þjóðfélagsgreiningu. Þessi þriðji hópur er sérstakrar athygli verður þegar leitast er við að gera grein fyrir hugmyndinni um dauða framúr stefnunnar, enda hefur hann verið fyrirferðarmestur í þeirri umræðu.

Skýrt dæmi um gagnrýni af þessu tagi má finna í riti Bürgers, *Theorie der Avantgarde*. Að hans mati misheppnaðist það ætlunarverk framúr stefnunnar að „upphefja hina sjálfstæðu list, í þeim skilningi að listin renni saman við lífshætti“, vegna þess að „[þ]etta hefur ekki átt sér stað og getur ekki átt sér stað í borgaralegu þjóðfélagi nema í mynd falskrar upphafningar á sjálfstæðri list“.³⁷ Viðbrögð menningaríðnaðarins fela að mati Bürgers í sér, að litið er „á andóf sögulegu framúr stefnunnar gegn listastofnuninni *sem list*“ – sjálf atlagan að hinu borgaralega listhugtaki verður að viðteknum listgjörningi og listin verður „ekki tæki til frelsunar heldur undirgefni“.³⁸ Lýsing Bürgers á verkefni sögulegu framúr stefnunnar mótast í andstöðu við nýframúr stefnuna í samtíma hans – hann tekur sér fyrir hendur að varðveita hið upprunalega verkefni framúr stefnunnar andspænis útþynntum tilbrigðum og innantómri gagnrýni nýframúr stefnunnar, sem „upp-rætir ekki hugmyndina um sköpunargáfu einstaklingsins heldur staðfestir hana“.³⁹ Fræðimaðurinn stúkar framúr stefnuna af í fortíðinni og gerist sjálfskipaður talsmaður verkefnis hennar – leiðin liggur ekki frá sögulegu framúr stefnunni til nýframúr stefnunnar heldur frá sögulegu framúr stefnunni inn í fræðilega orðræðu um framúr stefnuna.

Kenning Bürgers er lýsandi dæmi um hneigð sem greina má í víðara samhengi fræðanna. Hugmyndin um dauða framúr stefnunnar er tengd stofnanavæðingu hennar í þjóðfélagi síðkapítalismans og

³⁷ Peter Bürger. „Sjálfstæði listarinnar og vandi þess innan borgaralegs samfélags“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Ritið*, 1/2006, s. 227–250, hér s. 249.

³⁸ Sama rit, s. 248 og s. 250.

³⁹ Sama rit, s. 248.

bent er á hvernig róttæk listsköpun hennar tekur sér stöðu sem hver annar varningur – sem nýjasta nýtt – á markaðstorgi menningar- iðnaðarins.⁴⁰ Þannig fullyrðir t.a.m. Matei Calinescu, á ólíkan en þó skyldan hátt, að harmræn örlög framúrstefnunnar tengist á írónískan hátt „undraverðum en óviljandi árangri hennar“, þegar hún hafi orðið ein „mikilvægasta godsögn menningarinnar á sjötta og sjöunda áratugnum“.⁴¹ Í þessu samhengi má einnig benda á greiningu Andreas Huyssen á því hvers vegna „framúrstefnan hafi glatað menningarlegum og pólitískum sprengikrafti sínum“.⁴² Á nostalgískum nótum ræðir Huyssen um þá „einingu pólitískrar og listrænnar brjóstfylkingar [avant-garde⁴³] sem nú sé glötuð“ og verði ekki endurlífguð.⁴⁴ Samkvæmt Huyssen einkennast áratugirnir eftir stríð af því að framúrstefnan er innlimuð í menningariðnaðinn. Brugðið er upp mynd af sögu hennar sem hnignunarferli er liggur frá fæðingu ósvikinnar, kraftmikillar og byltingarkenndrar framúrstefnu til hnignunar og loks dauða í síðmenningu síðkapítalismans (hér verður vart hjá því komist að greina kaldhæðnislegan enduróm frá lífrænni söguskoðun í anda Spenglers). Hér má glögglega sjá hvernig frásögnin af dauða framúrstefnunnar er tengd gagnrýnu sjónarhorni fræðimannsins á samtímamann. Með því að lýsa yfir dauða framúrstefnunnar skapar menningargagnrýnandinn sér rými þaðan sem hann getur greint þjóðfélag samtímans utanfrá – hann gengur inn í ímyndað rými upprunalegrar framúrstefnu fyrir tíma menningariðnaðar og stofnana- væðingar. Í texta Huyssens verður framúrstefnan að útópísku rými sem er stúkað af í fortíðinni sem neikvæð spegilmynd þeirrar samtímamenningar sem hann gagnrýnir.

⁴⁰ Um hugtakið menningariðnaður, sjá nánar: Max Horkheimer og Theodor W. Adorno. „Menningariðnaður. Upplýsing sem mágsefjun“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Afþangar í kvikmyndafraeðum*, ritsjtj. Guðni Elísson. Reykjavík: Forlagið, 2003, s. 234–271.

⁴¹ Matei Calinescu. *Five Faces of Modernity. Modernism, Avant-Garde, Decadence, Kitsch, Postmodernism*. Durham: Duke University Press, 1987, s. 120–121.

⁴² Andreas Huyssen. *After the Great Divide. Modernism, Mass Culture, Postmodernism*. Bloomington, Indianapolis: Indiana University Press, 1986, s. 6.

⁴³ „Brjóstfylking“ er hér notað sem þýðing á hugtakinu „avant-garde“ með hliðsjón af upprunalegri merkingu þess, sem vísar til framvarðarsveitar eða brjóstfylkingar í hernaði. Sögu orðsins innan hernaðar má rekja aftur til tólfstu aldar, en hugtakinu er fyrst beitt til að lýsa nýjum straumum í bókmenntum og listum á fyrri hluta nítjándu aldar, í skrifum útópískra sósíalísta. Sjá nánar um sögu hugtaksins: Benedikt Hjartarson. „Inngangur“. *Yfirbýsingar. Evrópska framúrstefnan*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001, s. 9–86, hér s. 20–33.

⁴⁴ Huyssen. *After the Great Divide*, s. 6–7.

Söguskoðun af þessu tagi er ekki óalgeng í umfjöllun um framúr-
stefnuna, þar sem hinar sögulegu hreyfingar eru oft sveipaðar hetju-
ljóma en nýframúrstefnuhreyfingar eftirstríðsáranna verða að hjákát-
legum og á einhvern hátt tímaskökkum eftirhreytum eða tálmyndum
er berjast við ofurvald hins síðkapítalíska þjóðfélags – líkt og Hal
Foster hefur bent á má t.a.m. finna skýr ummerki slíks ferlis hjá
Bürger, þar sem nema má bergmál frá orðum Marx um stórviðburði
og endurtekningar sögunnar: framúrstefnan birtist „í fyrsta skipti sem
harmleikur, það seinna sem farsí“.⁴⁵ Þótt lýsa megi eftirstríðsárunum
að nokkru leyti sem aðlögun á fagurfræði framúrstefnunnar að lög-
málum menningariðnaðarins, er slík andstæðumyndun, sem byggir á
þjóðfélagslegri róttækni framúrstefnunnar fyrir stríð annars vegar en
markaðsvæðingu hennar á eftirstríðsárunum hins vegar, um margt
vafasöm. Líkt og Robert Jensen hefur bent á fylgja hugtök eins og
„sjáandi“ eða „spámaður“ framsækinni listsköpun ekki aðeins allt frá
síðari hluta níjtjándu aldar, heldur búa þau allt frá upphafi yfir mögu-
leikum til markaðssetningar, þar sem hið framsækna listaverk er gert
að fýsilegri fjárfestingu til framtíðar. Þannig þjónar „markaðsorðræðan
sem hugmyndafræðileg málsvörn *bæði* fyrir fagurfræðilegan módern-
isma og framúrstefnu [...] allt frá fæðingu þeirra til andláts“⁴⁶ – og jafn-
vel ímynd utangarðsmannsins eða „misskilda snillingsins“ getur í slíku
samhengi orðið að öflugum markaðstæki. Hið sögulega samhengi fram-
sækinnar listsköpunar, róttækrar þjóðfélagsgagnrýni og markaðsvæð-
ingar er mun flóknara og margbrotnara en hefðbundin frásagnarlíkön
sem lýsa þróun hennar sem samfelldu hnignunarferli gefa í skyn.

Þegar litið er til framúrstefnunnar og framhaldslífs hennar er rit
Pauls Mann, *The Theory-Death of the Avant-Garde* frá árinu 1991, enn
fært um að varpa fram ögrandi spurningum um hlutdeild fræði-
mannsins í „dauða“ framúrstefnunnar. Líkt og Mann bendir á er
„orðræðan um dauða framúrstefnunnar“ um leið „orðræða um end-
urheimt hennar“.⁴⁷ Upphaf hinnar fræðilegu umræðu um framúr-
stefnuna markar í senn endalok hennar sem fagurfræðilegs verkefnis
og upphaf framhaldslífs hennar innan fræðanna, þar sem gildi þessa
verkefnis er skorðað af veggjum hinnar akademísku umræðu – enda

⁴⁵ Hal Foster. „Hver er hræddur við nýframúrstefnuna?“ Þýð. Steinunn
Haraldsdóttir. *Ritið*, 1/2006, s. 251–282, hér s. 264.

⁴⁶ Robert Jensen. *Marketing Modernism in Fin-de-siècle Europe*. Princeton, New Jersey:
Princeton University Press, 1994, s. 10.

⁴⁷ Paul Mann. *The Theory-Death of the Avant-Garde*. Bloomington, Indianapolis:
Indiana University Press, 1991, s. 15.

jafngildir innlimun framúrstefnunnar í fræðaheiminn dauða hennar, líkt og titillinn á riti Manns undirstrikar. Andspænis þessu gagnrýna sjónarhorni má varpa fram þeirri spurningu hvort viðleitnin til að drepa framúrstefnuna ljái henni ekki einmitt þá byltingarkenndu orku sem er nauðsynleg til að hún gagnist við gagnrýni á okkar eigin samtíma. Hér komum við aftur að þverstæðunni sem einkennir hugmyndina um framúrstefnu: yfirlýsingin um dauða hennar er leið til að halda í henni lífi. Annað atriði vegur þó þyngra í þessu samhengi. Yfirlýsingar fræðimanna um endalok framúrstefnunnar fela jafnan í sér gagnrýnið viðbragð við nýjum listhreyfingum, sem gera arfleifð framúrstefnunnar að virkum og lifandi þætti í eigin starfsemi. Lítið er á hina fræðilegu umræðu og starfsemi nýrra framúrstefnuhreyfinga sem andstæða póla, þar sem unnið er með hefð framúrstefnunnar á ólíkum forsendum. Þannig verður hið sögulega sjónarhorn að tæki til að hafna framúrstefnu samtímans sem farsakenndri endurtekningu á hetjulegri starfsemi framúrstefnunnar á fyrri tímum.

Frjórri leið er að beina sjónum að þeim aðferðum sem nýjar hreyfingar beita í úrvinnslu sinni á hefð framúrstefnunnar. Þessu mati liggur til grundvallar sú forsenda, að notkun framúrstefnuhugtaksins í greiningu á liststraumum samtímans hafi aðeins gildi ef horft er til samræðu þeirra við hefð framúrstefnunnar. Að ræða um strauma í samtímanum *sem framúrstefnu* felur í sér að þeir eru skoðaðir í ljósi þeirrar hefðar, í því skyni að varpa ljósi á samhengi, rof og sviptingar í sögu framsækinnar listsköpunar frá upphafsárum tuttugustu aldar til samtímans. Þegar rætt er um nýframúrstefnu er sjónum beint að úrvinnslu nýrra hreyfinga á hefðinni, þar sem ýmist er sótt til hinnar pólitísku víddar eða fagurfræðilegra aðferða og listrænnar tækni sem finna má í verkum fyrri framúrstefnuhreyfinga – eða hvoru tveggja í senn. Sjónarhornið krefst sögulega ígrundaðrar greiningar á birtingarmyndum samræðunnar við hefð framúrstefnunnar og þeim aðferðum sem ólíkar hreyfingar beita við endursköpun sína á verkefni framúrstefnunnar á ólíkum tímum. Lykilatriði hinnar sögulegu umræðu snýr að grundvallarþverstæðu sem hefur fylgt hugmyndinni um framúrstefnu frá endalokum heimsstyrjaldarinnar síðari: framúrstefnan og digurbarkalegar yfirlýsingar hennar um endalok hefðarinnar eru orðnar að hefð. Með hliðsjón af lýsingu Enzensbergers á því hvernig framúrstefnan getur ekki orðið til fyrr en í sögulegu endurliti má í raun fullyrða að þessi þversögn hafi fylgt framúrstefnunni allt frá upphafi: framúrstefnan verður til sem hefð og sem slík kallar hún á endursköpun og gagnrýna úrvinnslu.

III Um endurfæðingu framúrstefnunnar og yfirlýsingaformsins í íslenskum samtíma

Þær hugleiðingar um dauða og endurfæðingar framúrstefnunnar sem settar hafa verið fram að framan eru gagnlegar þegar kemur að því að lýsa nýjum straumum í íslenskri ljóðagerð. Þegar litið er yfir skrif margra af yngri ljóðskáldum samtímans má sjá skýr ummerki enn einnar endurfæðingar framúrstefnunnar. Hér er ekki átt við að einhver skonar afdráttarlaus skil hafi átt sér stað í sögu íslenskrar ljóðlistar, heldur er gengið út frá því að endurfæðing framúrstefnunnar felist í að litið sé aftur til hefðar hennar og gengið inn í mælskulist hennar með yfirlýsingum um að tími nýrrar fagurfræði sé runninn upp. Í þeim athugasemdum um íslenska samtímaljóðlist sem fylgja er síður ætlunin að kanna hvort einhver slík skil hafi í raun og veru átt sér stað en að fjalla um gildi slíkra yfirlýsinga og virkni þess gjörnings sem felst í að endurvirkja mælskulist framúrstefnunnar í nýju sögulegu umhverfi. Sjónum verður beint að verkum þess hóps skálda sem kenndur er við Nýhil. Vinna með arfleifð framúrstefnunnar í íslenskum samtíma afmarkast vitaskuld ekki við verk þessa hóps en óhætt er að fullyrða að hann hafi gegnt mikilvægu hlutverki í þeirri úrvinnslu á arfleifð framúrstefnunnar sem hefur sett sterkan svip á íslenska ljóðmenningu á síðustu árum. Í brennidepli eru prógrammatískir textar höfunda sem tengjast hópnum, þar sem greina má skipulega úrvinnslu á hefð *manifestósins*, þeirrar bókmenntagreinar sem hefur þjónað sem drifkraftur verkefnis framúrstefnunnar frá upphafi tuttugustu aldar. Í umfjölluninni verður leitast við að varpa ljósi á það fagurfræðilega og menningarlega hlutverk sem yfirlýsingum Nýhil-hópsins er ætlað að gegna. Greining á birtingarmyndum framúrstefnu í ljóðagerð hópsins liggur að mestu utan ramma umfjöllunarinnar. Þessar áherslur helgast af veigamiklu hlutverki prógrammatískra yfirlýsinga í starfsemi Nýhil-hópsins, textarnir eru veigamikill þáttur í þeirri viðleitni hópsins að veita nýjum straumum inn í íslenska ljóðagerð og sækja aftur til hefða sem lítið hefur borið á hér á landi.

Í grein eftir Viðar Þorsteinsson frá árinu 2006, sem ber þann lýsandi titil „Nýhil, eða vandi hins nýja“, má sjá augljós merki þess hvernig Nýhil-hópurinn gengur inn í mælskulist framúrstefnunnar. Viðar lýsir Nýhil ekki aðeins sem „helsta fjöregg[i] nýsköpunar í skáldskap á Íslandi“, heldur fullyrðir hann í niðurlagi greinarinnar að „félagskapurinn“ muni „standa vaktina sem fæðingardeild hins nýja

í íslenskum bókmenntum“.⁴⁸ Lýsingin á fæðingu hins nýja virðist vísa ótvírætt til upphafs nýs tíma, en þegar lítið er til hefðar framúrstefnunnar reynist myndmálið sem hér er gripið til eiga sér langa sögu. Á þversagnakenndan hátt felur yfirlýsingin um fæðingu hins nýja í sér endurvinnslu fyrirliggjandi hefðar og í raun má lýsa yfirlýsingunni sem aldargamalli tuggu. Hér blasir það við, sem Ástráður Eysteinnsson hefur bent á, í umfjöllun um ljóðabækur ársins 2005, að „framúr- stefna þessa gustmikla hóps byggir einnig á hefð“ og sú spurning vaknar hvort „flestir eða jafnvel allir [yrki] með hefðbundnu móti í byrjun nýrrar aldar?“⁴⁹ Þeirri spurningu er erfitt að svara öðruvísi en játandi á okkar póstmóðernu tímum. Lykilsurningin hlýtur þó að snúa að því *hvæða hefð* hér er byggt á, sem og virkni hennar í íslenskum samtíma. Hér vaknar einnig sú spurning hvers vegna mælskulist framúrstefnunnar er endurtekin í grein Viðars með þessum hætti, þannig að yfirlýsingar hans hljóma eins og orð uppvaknings. Freistandi virðist að túlka endurtekninguna sem birtingarmynd innantómrar gagnrýni er gegnsýri fagurfræði nýframúrstefnunnar og leiði til þess að bókmenntirnar verði „ekki tæki til frelsunar heldur undirgefni“, svo aftur sé vísað til orða Bürgers.⁵⁰ Við nánari athugun reynist þó annað og meira búa að baki.

Áður en lengra er haldið er gagnlegt að bregða upp mynd af þeirri hefð framúrstefnu sem Nýhil-hópurinn sækir til í starfsemi sinni. Safnrítið *Af steypu*, sem gefið var út af Eiríki Erni Norðdahl og Kára Páli Óskarssyni árið 2009, veitir glögga innsýn í þessa hefð og forsendurnar sem liggja úrvinnslu hennar til grundvallar. Rítið er helgað „konkretljóðum, myndljóðum, hljóðljóðum“ og „öðrum tegundum „efnislegrar“ ljóðlistar“ þar sem „[e]indir tungumálsins [...] og rökvísi eindanna eru í öndvegi“.⁵¹ Auk erlendra fræðigreina og verka eftir íslenska höfundu má hér finna hlið við hlið texta úr samhengi sögulegu framúrstefnunnar (þ. á m. eftir Guillaume Apollinaire og Gertrude Stein), verk úr samhengi konkretljóðlistar, Oulipo og annarra nýframúrstefnuhreyfinga eftirstríðsáranna (þ. á m. eftir Eugen

⁴⁸ Viðar Þorsteinsson. „Nýhil, eða vandi hins nýja“. *Skírnir*, vor 2006, s. 207–211, hér s. 209 og s. 211.

⁴⁹ Ástráður Eysteinnsson. „Orðin send á vettvang. Um ljóðabækur 2005“. *Tímarit Máls og menningar*, 3/2006, s. 6–17, hér s. 17 og s. 7.

⁵⁰ Bürger, „Sjálftæði listarinnar“, s. 250.

⁵¹ Eiríkur Örn Norðdahl og Kári Páll Óskarsson. „Formáli: Tvíradda: Syngjandi: Vei!“ *Af steypu*, ritstj. Eiríkur Örn Norðdahl og Kári Páll Óskarsson. Reykjavík: Nýhil, 2009, s. 7–17, hér s. 9–10.

Gomringer, Mary Ellen Solt og François Le Lionnais) og verk eftir alþjóðlegan hóp samtímaskálda (þ. á m. Derek Beaulieu, Kenneth Goldsmith, Jessicu Smith og Jean-Michel Espitalier). Yfirlýst markmið ritsins er ekki aðeins að gefa yfirsýn um nýja strauða í alþjóðlegri samtímaljóðlist heldur einnig innsýn í þá hefð sem hún tilheyrir, að sýna að „það er nefnilega samhengi í listasögunni“ og „hinar fjölmörgu framúrstefnuhreyfingar tuttugustu aldar [bera] óvænta ávæxti“ þegar „yngri samtímahöfundar finna í þeim hin nytsamlegustu tól“.⁵² Brugðið er upp mynd af órofinni hefð tilraunaljóðagerðar sem teygir sig frá upphafi tuttugustu aldar (með þráðum sem rekja má mun lengra aftur) til samtímans. Í ritinu má raunar einnig finna sýnisdæmi þess sem ritsstjórnir kalla „vísi að hefð fyrir konkret- eða myndljóðlist“⁵³ hér á landi (þ. á m. ljóð eftir Ásgeir Kristin Lárússon, Óskar Árna Óskarsson, Ísak Harðarson, Gyrði Elíasson og Anton Helga Jónsson) en megináherslan er á verk erlendra ljóðskálda. Lagður er grunnur að samræðu við alþjóðlega hefð tilraunaljóðsins í því skyni að brjóta upp ríkjandi íslenska ljóðhefð og veita inn í hana nýjum fagurfræðilegum straumum. Hliðstæða aðferð má sjá í þýðingasafninu *131.839 slög með bilum* sem gefið var út af Eiríki Erni árið 2007. Safnið hefur að geyma sýnisdæmi alþjóðlegrar framúrstefnuljóðlistar, þar sem megináhersla er lögð á samtímaverk (eftir ljóðskáld á borð við Leevi Lehto, Sharon Mesmer, Christian Bök o.fl.) en einnig eru birtar þýðingar á eldri ljóðum (m.a. eftir Charles Bukowski, e.e. cummings og Hans Magnus Enzensberger), þar sem merking tungumálsins er „rifin og teygð, og fýsiskir eiginleikar þess (hljóð og mynd) rifnir og teygðir“.⁵⁴ Einnig má hér benda á safnrítið *Af ljóðum* frá 2005, sem hefur að geyma texta eftir íslenska og erlenda höfunda, en það leggur grunninn að samræðu íslenskrar og erlendra samtímaljóðlistar. Loks má í þessu samhengi nefna ljóðahátíðir Nýhils, sem haldnar hafa verið árlega frá 2005 og hafa þjónað sem mikilvægur vettvangur slíkrar samræðu, þar sem margvíslegar nýjungar í alþjóðlegri ljóðagerð hafa verið kynntar inn í íslenskt bókmenntakerfi.

⁵² Sama rit, s. 12.

⁵³ Sama rit, s. 9.

⁵⁴ Eiríkur Örn Norðdahl. „Þú ert pípa“. *131.839 slög með bilum*, ritsstj. og þýð. Eiríkur Örn Norðdahl. Reykjavík: Nýhil, 2007, s. 5–13, hér s. 6. Varðandi tengsl Nýhils og alþjóðlegrar framúrstefnuljóðlistar samtímans má hér einnig benda á umfjöllun Eiríks Arnar um *slarf*ljóðlist og ljóðagerð Christians Böks, Kenneths Goldsmith og Leevi Lehto: „Fjórar gerlaprúfur úr framandi framúrstefnuljóðlist“. *Tímarit Máls og menningar*, 2/2006, s. 37–49.

Tengsl Nýhil-hópsins við hefð framúrstefnunnar birtast þó ekki síst í endurfæðingu yfirlýsingaformsins. Hópurinn hefur sent frá sér nokkurn fjölda prógrammatískra texta þar sem tekin er skýr afstaða til íslenskrar ljóðhefðar og settar eru fram herskáar kröfur um róttæka endurnýjun hennar. Í textunum brýst víða fram frekjuleg rödd, tónninn er sjálfbirgingslegur og aðgangsharður og honum er vísvitandi ætlað að ögra lesendum (eða a.m.k. hluta þeirra). Lýsandi dæmi um þessa mælskulist má finna í texta Eiríks Arnar, „Dánarrannsóknir og morðtilraunir“, frá árinu 2004. Höfundurinn setur fram harða gagnrýni á íslenska samtímaljóðlist og fjallar um dauða ljóðsins sem er myndgert sem dauðvona sjúklingur í öndunarvél. Meinsemdirnar sem herja á ljóðið eru útlistaðar í ýtarlegu máli. Skáldin eru sögð „gegnskýkt af vemmilegheitum, ljóðandi út úr sér lífinu eins og lífið lifi í eyðunum“⁵⁵ og lækni sem tekur til máls í frásögn textans, sem er sviðsett á sjúkrahúsi, fullyrðir:

[L]jóðið er vart með lífsmarki. Hefur ekki sagt neitt markvert í árafjöld, stamar upp úr sér Tímanum og vatninu á góðum degi – stundum held ég það sé hreinlega ekki með réttu ráði – auk þess er höfuð þess þyngra en svo að herdeildir sjúkraliða fái lyft. Það ku nefnilega hellt fullt af myrkri.⁵⁶

Spjótunum er beint að hefðarveldi íslenskrar nútímaljóðlistar með kaldhæðnislegum vísunum í Stein Steinarr, Sigfús Daðason og Jóhann Sigurjónsson. Gegn þeirri ljóðhefð sem byggir á ögun, fágun og vandvirkni er beint ljóðlist komandi kynslóðar sem iðar af lífi og kallað er eftir „ljóð[i] með rafmagnsgítar“, með „tunguna út í loftið“ og „krúttkynslóðar-lopahúfu og iMac“.⁵⁷ Loks lýsir mælandinn yfir: „Þegar við hrópum „RÆS!!!“ viljum við engar mannleysur um borð. Enga geispa upp á dekki, þakka þér fyrir. Engin andvörp.“⁵⁸

Í texta Eiríks Arnar kveður við dólgsglegan tón sem ekki hefur verið áberandi í íslenskri bókmenntaumræðu. Mælskulistin er þó kunnugleg úr samhengi evrópskrar framúrstefnu og hér má greina skýran enduróm þeirrar hefðar yfirlýsinga eða *manifestóa* sem hefur

⁵⁵ Eiríkur Örn Norðdahl. „Dánarrannsóknir og morðtilraunir – vaðið á ljóðum á skítugum skónum“. *Tímarit Máls og menningar*, 3/2004, s. 39–48, hér s. 40.

⁵⁶ Sama rit, s. 40.

⁵⁷ Sama rit, s. 39.

⁵⁸ Sama rit, s. 43.

gegn lykilhlutverki í starfsemi framúrstefnunnar allt frá útgáfu stofn-
unaryfirlýsingar ítalska fútúrismans árið 1909. Hér er ekki aðeins átt
við þau skörpu kynslóðaskil sem dregin er upp mynd af í textanum
og lýsingu Eiríks Arnar á andstæðingunum sem „mannleysum“ er
lítt dugi á sjó, þar sem greina má bergmál af þeirri upphafningu
æskuþróttar, manndóms og karllegra gilda sem setur skýran svip á
stefnuyfirlýsingar ítalska fútúrismans og margra annarra hreyfinga,
heldur einnig það myndmál sjúkleika, rotnunar og dauða (sem og
undirliggjandi fæðingar) sem sótt er í yfirlýsingahefð framúrstefn-
unnar.⁵⁹ Myndmálið – sem vissulega hefur yfir sér nokkuð sér-
íslenskan blá – er komið í beinan karllegg frá sögulegu framúrstefn-
unni og uppreisn hennar gegn þeirri hefð sem hún taldi þjakaða af
dauðaprá, rotnun og getuleysi „menningarlegra geldinga“, svo vitn-
að sé í yfirlýsingu eftir serbneska zenitistann Ljubomir Micić frá
1924.⁶⁰ Skáldleg sviðsetning átakanna, þar sem átökum hins hefð-
bundna og hins nýja er lýst á allegórískan hátt sem baráttu lífsorku
og dauðaprár, sækir einnig í þessa hefð, líkt og sjá má með skýrum
hætti í yfirlýsingunni „Drepum tunglskinið“, eftir Marinetti, frá
1909.⁶¹ Tengslin við yfirlýsingahefð sögulegu framúrstefnunnar
koma þó skýrast fram í þeirri aðferð að beina gagnrýninni að til-
teknum verkum, stofnunum og nafngreindum einstaklingum. Skot-
spænir gagnrýninnar í þessum texta Eiríks Arnar eru m.a. Kristján B.
Jónasson, Njörður P. Njarðvík, Hallgrímur Helgason og Kristján
Þórður Hrafnsson, sem teflt er fram sem fulltrúum þeirrar hefðar
sem þurfi að yfirstíga. Það eru ekki síst slíkar árásir á nafngreinda
einstaklinga (sem má finna víða í textum Eiríks Arnar) sem virðast
hafa stuðað lesendur, er þótti gagnrýnin vera dregin niður á svið per-
sónulegra illdeilna og jafnvel skítkastis. Afstaða til aðferðarinnar sem
hér er beitt getur vitaskuld verið mismunandi (og vissulega má segja

⁵⁹ Um mælskufræðilega hefð yfirlýsinganna hef ég fjallað ítarlega á öðrum vettvangi, sjá: Benedikt Hjartarson. „Myths of Rupture. The Manifesto and the Concept of „Avant-Garde““. *Modernism*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson og Vivian Liska. Amsterdam, Philadelphia: John Benjamins, 2007, s. 173–194. Um samband stríðs-
dýrkunar, ofbeldis, kynjahyggju og yfirlýsingaformsins í skrifum Marinettis, sjá
m.a.: Cinzia Sartini Blum. *The Other Modernism. F. T. Marinetti's Futurist Fiction of
Power*. Berkeley: University of California Press, 1996.

⁶⁰ Hér hefur verið stuðst við þýska þýðingu textans sem birtist sama ár: Lioubomir
Mitzitch. „No Made in Serbia. Zenitosophie, oder Energetik des schöpferischen
Zenitismus“. Þýð. Nina-Naj. *Der Sturm*, 4/1924, s. 219–226, hér s. 221.

⁶¹ Sjá: F.T. Marinetti. „Tuons le clair de lune“. *Futurisme. Manifestes – Proclamations –
Documents*, ritstj. Giovanni Lista. Lausanne: L'Âge d'homme, 1973, s. 105–112.

að dónaskapur verði engu virðulegri þótt hann hafi verið viðhafður innan bókmenntanna í rúma öld), en nauðsynlegt er að hún taki mið af þeirri mælskufraðilegu hefð sem slíkar yfirlýsingar byggja á. Persónulegar árásir af þessu tagi eiga sér langa sögu innan framúrstefnunnar, sem rekja má aftur til ítalska fútúrismans – og þær mynda í raun einn meginþáttinn í þeirri „list stefnuyfirlýsingagerðar“ sem Marinetti lýsir í skrifum sínum. Í bréfi sem Marinetti skrifaði belgíska skáldinu Henry Maassen árið 1909 lýsir hann ekki aðeins „ofbeldinu og nákvæmninni“ sem undirstöðuatríðum hinnar fútúrisku stefnuyfirlýsingar, heldur leggur hann um leið áherslu á mikilvægi hinnar „hnitmiðuðu ásökunar“ og „hinnar skýrt skilgreindu svívirðingar“ sem beint sé gegn tilteknum verkum, stofnunum og nafngreindum einstaklingum.⁶² Mælskulist hinnar hnitmiðuðu svívirðingar er undirstöðubáttur yfirlýsingaformsins allt frá upphafi, enda mikilvægt að hafa í huga að um er að ræða tjáningarmiðil sem ekki stefnir að samræðu eða sátt, heldur þvert á móti bókmenntagrein sem skapar og herðir andstæður og leggur grunn að átökum – svo vísað sé til lýsingar Janet Lyon: „Yfirlýsingin tekur afstöðu; yfirlýsingin hafnar samræðum eða umræðum, yfirlýsingin elur á óvild og fyrirliður sættir. Hún er ótvíræð, einhliða, einhuga.“⁶³

Grein Eiríks Arnar frá 2004 er eitt róttækasta dæmið sem finna má í skrifum Nýhil-hópsins um úrvinnslu á þeirri yfirlýsingahefð sem rekja má frá sögulegu framúrstefnunni um starfsemi nýframúrstefnunnar til samtíma okkar. Mælskulist yfirlýsingaformsins er mikilvægur þáttur þeirrar alþjóðlegu framúrstefnuhefðar sem tengd er „heimtufrekju orðanna“⁶⁴ í skrifum Nýhil-hópsins og stillt upp sem heilnæmu mótvægi við þá upphafningu kyrrðar, ögunar og yfirvegunar sem sögð er einkenna íslenska ljóðagerð. Gagnrýnin beinist að hinni viðteknu hugmynd um vandvirkni og kæfandi hlutverki hennar innan íslenskrar ljóðmenningar. Eiríkur Örn fullyrðir að krafan um vandvirkni hneppi sköpunargáfuna í hlekki og feli í sér útilokun hefðar er rekja megi um framúrstefnuna aftur til sýmbólismans: „[Þ]að er misskilningur að öll góð ljóð séu ort af vandvirkni, ekki get

⁶² Filippo Tommaso Marinetti. „Lettre de F. T. Marinetti au poète belge Henry Maassen [fin 1909].“ *Le Premier manifeste du futurisme*, ritstj. Jean-Pierre A. de Villers. Ottawa: Éditions de l'Université d'Ottawa, 1986, s. 143.

⁶³ Janet Lyon. *Manifestoes. Provocations of the Modern*. Ithaca, London: Cornell University Press, 1999, s. 9.

⁶⁴ Slagorðið „heimtufrekja orðanna“ sækir Eiríkur Örn í texta eftir Jóhann Hjalmarsson – sjá: „Dánarrannsóknir og morðtilraunir“, s. 47.

ég ímyndað mér vandvirkan Rimbaud, eða Tristan Tzara, vandvirkan Allen Ginsberg eða Jack Kerouac.⁶⁵ Yfirlýsingaformið gegnir mikilvægu hlutverki í hinni ljóðrænu uppreisn, líkt og endurspeglast í öðrum textum Nýhil-hópsins þar sem unnið er með hefð þess. Hér má m.a. benda á hóp greina sem birtist í bókinni *Af ljóðum*. Í texta með heitinu „Yfirlýsing“ fullyrðir Kristín Eiríksdóttir að „[t]ilraunir [séu] nauðsynlegar“ og „[l]istamenn verð[i] að vera hafnir yfir almennan smekk á fegurð“, auk þess sem hún lýsir yfir: „Óvinir eru nauðsynlegir, ef þeir eru ekki til staðar er eins hægt að fara í skuggabox.“⁶⁶ Kristín Svava Tómasdóttir lýsir því yfir að skáld séu „feimin og hrokafull, aldrei neitt þar á milli“ og fullyrðir í framhaldinu að það sé „ekkert nýtt í íslenski ljóðlist“.⁶⁷ Í greininni „Reikað um ofgnóttarauðnir ljóðsins“ fjallar Björn Þorsteinsson um þær forsendur sem liggja afstöðu Nýhil-hópsins til íslenskrar ljóðhefðar til grundvallar. Hann lýsir því hvernig skáldin sem tengjast hópnum leitast við að rjúfa það ofríki þagnarinnar sem hafi verið ríkjandi í skáldskaparfræði nútímaljóðsins. Ólíkt þeirri fagurfræði sem liggur til grundvallar verkum ljóðskálda á borð við Paul Celan og Sigfús Daðason, vill hin nýja kynslóð skálda „[e]kki læðast, ekki gufuna úr hvernum, ekki þennan hver sem er, heldur ryðjast, brjóta, mölva. Láta á það reyna hvort enn sé hægt að segja nokkuð. Taka slagorðasmíðina í bólinu, snúa orðum þeirra upp í roð sem fari undið oní hundskjafinn á þeim.“⁶⁸ Sú skáldskaparfræði þagnarinnar sem kristallast í orðum Sigfúsar, „Orð, ég segi alltaf færri og færri orð“, kann að hafa búið yfir ákveðinni róttækni sem tilraun til að hafna rökvaðingu tungumálsins og þeim tækisbundna skilningi á tungumálinu sem leiddi til Auschwitz,⁶⁹ en í okkar íslenska samtíma er hún orðin að þrúgandi hefð sem hin nýja kynslóð skálda rís gegn.

Mælskulistin sem brýst fram í yfirlýsingum Nýhil-hópsins er lýsandi fyrir einkenni sem greina má víða í tilraunakenndri ljóðlist hans.

⁶⁵ Eiríkur Örn Norðdahl. „Dánarrannsóknir og morðtilraunir“, s. 48.

⁶⁶ Kristín Eiríksdóttir. „Yfirlýsing“. *Af ljóðum*, ritstj. Eiríkur Örn Norðdahl. Reykjavík: Nýhil, 2005, s. 101–104, hér s. 102.

⁶⁷ Kristín Svava Tómasdóttir. „Af skáldum“. *Af ljóðum*, s. 85–87, hér s. 86.

⁶⁸ Björn Þorsteinsson. „Reikað um ofgnóttarauðnir ljóðsins“. *Af ljóðum*, s. 26–29, hér s. 27.

⁶⁹ Hér má sjá vísun í þá alræmdu fullyrðingu Theodors W. Adorno að það sé „villimennska“ að yrkja ljóð eftir Auschwitz og arfleifð þeirrar fullyrðingar innan vestrænnar ljóðhefðar. Sjá: Theodor W. Adorno. „Kulturkritik und Gesellschaft“. *Gesammelte Schriften*, 10. bindi, fyrri hluti: *Kulturkritik und Gesellschaft I*, ritstj. Rolf Tiedemann. Frankfurt am Main: Suhrkamp, 1997, s. 11–30, hér s. 30.

Ríkjandi ljóðlist er sagt stríð á hendur – svo vísað sé til uppruna *avant-garde* hugtaksins í hernaðarmáli – og stefnt að afdráttarlausu rofi frá ríkjandi hefð. Skáldskaparfræðin sem vísa á veginn til nýs tíma grundvallast á galgopahætti, yfirlýsingagleði og glannaskap, sem stefnt er gegn ríki þagnar, fágunar og ládeyðu. Forvitnilegt er að líta til þeirrar gagnrýni sem víða hefur komið fram á skrif Nýhil-skáldanna með hliðsjón af mælskulist framúrstefnunnar og hefð hennar. Óskað hefur verið eftir að menn „fjall[i] á málefnalegan hátt um bókmenntir í stað skotgrafahernaðar“,⁷⁰ skáldin hafa verið gagnrýnd fyrir að „tapa [...] sér í stælum annað slag“⁷¹ og skrif Eiríks Arnar hafa verið sögð einkennast af „hroka“, en tilgangurinn virðist vera „einmitt sá að fá mann til að hlæja að vitleysunni sem veltur upp úr honum“.⁷² Slík gagnrýni fer á mis við grunnforsendur og markmið skrifanna, sem eru knúin áfram af „skotgrafahernaði“, „stælum“ og „hroka“ sem mælskufræðilegri aðferð – ekki til að knýja fram breytingar, heldur til að skerpa á andstæðum og hvetja til átaka á vettvangi íslenskrar ljóðlistar. Markmiðið er ekki samræða heldur flokkadrættir. Hér er einkar forvitnilegt að líta til niðurlags greinar um ljóðabækur íslenskra ungskálda, eftir Hjalta Snæ Ægisson, sem birtist hér í *Són* árið 2005:

Samskipti [íslenskra ungskálda] virðast oft snúast upp í skítkast og háðglósur og enginn gerir tilraun til að læra neitt af kollegum sínum [...] Flestar tilraunir til uppreisna og föðurmorða enda úti í móa því það kemur sjaldnast neitt í staðinn fyrir það sem á að ryðja burt. Ungskáld virðast ekki alveg vita hvernig eigi að gera hlutina en vita hins vegar nákvæmlega hvernig á ekki að gera hlutina. Það er því óskandi að landið smáfari bráðum að rísa aftur. Allir geta notið góðra ljóða en nöldur höfðar ekki nema til sumra. Góðar bókmenntir verða ekki til nema þeim fylgi alvöruumræða.⁷³

Gagnrýnin sem hér er sett fram beinist ekki síst að starfsemi Nýhil-hópsins, sem Hjalti Snær fjallar nokkuð ítarlega um í grein sinni (á

⁷⁰ Gunnar Randversson. „Gróska í íslenskri ljóðagerð“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 9. apríl 2005, s. 10.

⁷¹ Úlfhildur Dagsdóttir. „Ljóð og flóð. Ljóðabækur ársins 2007“. *Tímarit Máls og menningar*, 3/2008, s. 64–82, hér s. 70.

⁷² Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Ljóð 2005“. *Són*, 2006, s. 141–167, hér s. 163.

⁷³ Hjalti Snær Ægisson. „Um ljóðabækur ungskálda frá árinu 2004. Nokkrar glæfrægar athugasemdir“. *Són*, 2005, s. 141–159, hér s. 158.

mun jákvæðari hátt en niðurlagsorð greinarinnar kunna að gefa í skyn). Umfjöllun Hjalta Snæs er allrar athygli verð, enda er grein hans ein fyrsta markverða tilraunin til fræðilegrar umræðu um ljóðagerð Nýhil-hópsins.

Í samhengi umræðunnar um nýframúr stefnu eru það þó einkum þau viðhorf til framúr stefnu sem hér birtast sem eru athyglisverð, sem og forsendurnar sem þau byggja á. Í fyrsta lagi ber að nefna ákallið eftir „alvöruumræðu“, en líkt og lýst hefur verið að framan beinist sjálf hugmyndin um framúr stefnu í eðli sínu gegn hugmyndinni um samræðu. Í stað uppbyggilegrar umræðu stefnir nýframúr stefnan að mótun átakavettvangs, er geti þjónað sem uppspretta kröftugrar ljóðmenningar sem geymir ólíka og að hluta til andstæða strauma og hefðir. Fagurfræði nýframúr stefnuhreyfinga eins og Nýhil-hópsins byggir á höfnun hugmyndarinnar um samræðu, þróun eða þroska á sviði menningarinnar og þessi höfnun birtist hvergi jafn afdráttarlaust og í yfirlýsingaforminu. Hugmyndin um hið nýja, sem er drifkrafturinn í mælskulist framúr stefnunnar, byggir á fagurfræði föðurmorðsins, háðsglósunnar, nöldursins og niðurrifsins. Skítkastið er skáldleg aðferð sem beitt er á skipulegan hátt í því meðvitaða „vanhugsaða föðurmorði“⁷⁴ sem framúr stefnan stefnir að leynt og ljóst. Stefnumið nýframúr stefnunnar býr í sjálfu andartaki niðurrifsins. Í starfsemi sögulegu framúr stefnunnar má greina ummerki alræðishyggju, þar sem stefnt er að sköpun menningarlegrar útópiu sem sprettur af hinni nýju fagurfræði, en nýframúr stefnan segir skilið við slíkar útópískar hugmyndir. Í samhengi nýframúr stefnunnar eiga þau augljósu sannindi sem Úlfhildur Dagsdóttir hefur lýst – með sérstakri skírskotun til Nýhil-hópsins – ekki við: „Augljóslega hlýtur öll andspyrna gegn fagurfræði ævinlega að hverfast í það að verða að nýrri fagurfræði, líkt og er nú orðið áberandi í verkum sumra Nýhil skálda; þegar skáldleikanum er hafnað svo ákaft verður einfallega til nýr skáldleiki.“⁷⁵ Lykilatriðið sem hér er horft framhá er sú gagnrýna írónía sem hefur verið drifkraftur framúr stefnunnar frá og með sögulegum skilum heimsstyrjaldarinnar síðari.

⁷⁴ Eiríkur Örn Norðdahl. „Dánarrannsóknir og morðtilraunir“, s. 46.

⁷⁵ Úlfhildur Dagsdóttir. „Ljóð og flóð“, s. 70.

IV Að vera framúrstefna og vera ekki

Það kann að virðast tímaskekkja að gefa út stefnuyfirlýsingar á okkar póstmóðernu tímum. Sú hugmynd virðist raunar vera nokkuð viðtekin að *manifestóid* sé dauð – að það hafi dáíð með framúrstefnunni og endalokum þeirra hugmynda sem oft eru kenndar við „leiðarsagnir“ eða „stórar frásagnir“ nútímans, með skírskotun til kenninga Jeans-François Lyotard.⁷⁶ Og Birgit Wagner kemst svo að orði í grein frá 1997 að „stefnuyfirlýsingin sé dauð“ og sé nú í mesta lagi „tiltæk sem írónísk tilvitnun“.⁷⁷ Ekki þarf þó að líta lengi í kringum sig til að koma auga á að bókmenntagreinin stendur enn í blóma. Enn eru gefin út *manifestó* á ólíkustu sviðum, jafnt á vettvangi bókmennta, lista, pólitíkur, fræðiumræðu og jafnvel matseldar. Á síðustu árum hafa verið gefnar út „stefnuyfirlýsing kapítalismans“, „stefnuyfirlýsing dulrænnar listar“, „stefnuyfirlýsing matmannsins“, „stefnuyfirlýsing Jesú“, „stefnuyfirlýsing saltsins“ og „stefnuyfirlýsing fátæklinganna“, svo aðeins séu tekin nokkur dæmi af handahófi.⁷⁸ Stefnuyfirlýsingar samtíma okkar eru vitaskuld margbreytilegar að gerð og ýmist er unnið úr hinni pólitísku og hinni fagurfræðilegu yfirlýsingahefð á meðvitaðan eða síður meðvitaðan, staðfestandi, gagnrýnan eða írónískan hátt. Sé litið á titlana sem vitnað er til að framan virðist nærtækt að álykta að stefnuyfirlýsingin hafi verið innlimuð í rökvísi menningariðnaðarins og greinarheitinu sé nú helst beitt sem markaðstæki er vísi á írónískan hátt til horfinnar mælskuhefðar nútímans. Á hinn bóginn má greina skýr ummerki þess í samtíma okkar að yfirlýsingaformið dafni áfram innan sviðs fagurfræðinnar, þar sem það tengist tilraunum til nýsköpunar á

⁷⁶ Jean-François Lyotard. *Hið póstmóðerníska ástand. Skýrsla um þekkinguna*. Þýð. Guðrún Jóhannsdóttir. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008.

⁷⁷ Birgit Wagner. „Auslöschten, vernichten, gründen, schaffen. Zu den performativen Funktionen der Manifeste.“ „Die ganze Welt ist eine Manifestation“. *Die europäische Avantgarde und ihre Manifeste*, ritstj. Wolfgang Asholt og Walter Fähnders. Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft, s. 39–57, hér s. 55.

⁷⁸ Andrew Bernstein. *The Capitalist Manifesto. The Historic, Economic and Philosophic Case for Laissez-Faire*. Lanham: University Press of America, 2005; Alexander Graeff. *Manifest der okkulten Kunst. Avantgarde – Synthese – Okkultismus*. Leipzig: Bohmeier, 2005; Michael Pollan. *In Defense of Food. An Eater's Manifesto*. London: Penguin, 2008; Leonard Sweet og Frank Viola. *Jesus Manifesto. Restoring the Supremacy and Sovereignty of Jesus Christ*. Nashville: Thomas Nelson, 2010; Mark Bitterman. *Salted. A Manifesto on the World's Most Essential Mineral, with Recipes*. Berkeley: Ten Speed, 2010; Francisco Van der Hoff. *Manifeste des pauvres. Les Solutions viennent d'en bas*. Paris: Encre d'orient, 2010.

sviði bókmennta og lista. Við nánari athugun reynist írónían sem tengist hinu fagurfræðilega yfirlýsingaformi í samtímanum eiga sér allnokkra hefð. Líkt og Janet Lyon, Ralf Grüttemeier, Martin Puchner og aðrir fræðimenn hafa bent á, verða grundvallarbreytingar á bókmenntagreininni um miðja tuttugustu öldina.⁷⁹ Gagnrýni nýframúrstefnunnar á innbyggðar hugmyndafræðilegar forsendur *manifestósins* leiðir síður til þess að tími þess líði undir lok en að tekið sé að vinna með hefð þess á írónískan og gagnrýninn hátt. *Manifestóinu* er ekki kastað fyrir róða, en í starfsemi nýframúrstefnunnar má greina gagnrýna fjarlægð á þá alræðishyggju sem talin er vera samofin bókmenntagreininni. Upp úr miðri tuttugustu öld verða *manifestó* framúrstefnunnar m.ö.o. að írónískum tjáningarmiðli – í textunum brýst fram írónísk rödd sem grefur undan hefðbundinni mælskufræðilegri virkni bókmenntagreinarinnar.

Írónían sem hér er vísað til afmarkast ekki við form yfirlýsingarinnar. Hún tekur til þeirrar stöðu sem öll framúrstefna í listsköpun hefur þurft að takast á við frá og með eftirstriðsárunum og helgast af gagnrýninni fjarlægð nýframúrstefnunnar á fagurfræðilegan útópisma sögulegu framúrstefnunnar. Að halda áfram verkefni framúrstefnunnar felur í senn í sér samsömun við það verkefni og endurskoðun á hugmyndafræðilegum forsendum þess. Til að varpa ljósi á það sem hér hefur verið nefnt gagnrýnin írónía nýframúrstefnunnar er gagnlegt að beina sjónum að inngangi Eiríks Arnar að textasafninu *Af ljóðum*. Þar ræðir Eiríkur Örn um undirliggjandi þverstæður er hafi komið fram í viðtökum á ljóðabók hans *Nihil obstat* árið 2003. Hann bendir á hvernig flestir og í raun allir þeir ritdómar sem birtust hafi gagnrýnt að „bókin væri of orðmörg, of kaotísk, of ringlandi, of mikil blanda af gömlum framúrstefnum, of mikið „reykspólað“ í hringi og svo framvegis“.⁸⁰ Í framhaldinu fullyrðir hann að enginn ritdómar-

⁷⁹ Sjá: Lyon. *Manifestoes*, s. 168–202; Ralf Grüttemeier. „Das Manifest ist tot – es lebe das Manifest! Über die poetologische Dimension der Debatte um postmoderne Manifeste“. *Manifeste. Intentionalität*, ritstj. H. van den Berg og R. Grüttemeier. Amsterdam, Atlanta: Rodopi, 1998, s. 367–383; Martin Puchner. *Poetry of the Revolution. Marx, Manifestos and the Avant-Gardes*. Princeton, Oxford: Princeton University Press, 2006, s. 241–258.

⁸⁰ Eiríkur Örn Norðdahl. „Formáli. Nokkrar sundurlausar hugsanir um ljóðlist“. *Af ljóðum*, s. 4–21, hér s. 11. Eiríkur Örn virðist hér vísa sérstaklega til ritdóms Skafta Þ. Halldórssonar, sem lýsir því m.a. yfir í niðurlagi sínu að hann vilji gjarnan sjá höfundinn „aka upp úr farvegi aldargamals módernisma í leit að einhverju nýju í stað þess að spóla í hjólförum endurframleiddrar framúrstefnu“. (Skafti Þ. Halldórsson. „Í hjólförum endurframleiddrar framúrstefnu“. *Morgunblaðið*, 29. ágúst 2003, s. 24.)

anna hafi hugleitt að það „væri merking í orðafjöldanum, og sandstormi (skýjaborgum?) tilraunamenskunnar, notkun gamalla framúr-
stefnuáttavita“.⁸¹ Forvitnilegt væri að beina sjónum nánar að mælsku-
listinni sem hér er beitt og því hvernig allir ritdómarnir sem birtust um
verkið eru settir í sama flokk sem táknmynd hefðarinnar, sem höf-
undurinn sjálfur – og Nýhil-hópurinn í víðara samhengi – rís gegn.
Annað atriði vegur þó þyngra í samhengi umræðunnar um nýframúr-
stefnu. Í gagnrýni sinni beinir Eiríkur Örn sjónum að því hvernig
jafnan er litið á endurvinnslu á hefð framúrstefnu sem ógilda orðræðu
og eftiröpun á því sem þegar hafi verið gert – um hefð framúrstefn-
unnar virðast að þessu leyti gilda önnur lögmál en t.a.m. um hefð
klassíkur eða rómantíkur, þar sem skáld eru þvert á móti vegsömuð
fyrir ríka hefðarvitund:

[Í]haldsöflum í listum hefur tekist að koma þeirri hugmynd að
listamönnum að framúrstefna sé ekki gild nema a) hún sé alger
bylting, nálgunin sé *fullkomlega ný*, a.m.k. fyrir þeim öflum sem
velja hvað er ferskt og frískt, og hvað er eftirlíking, gamalt og
kæst og b) hún sé einungis gild í takmarkaðan tíma. Það er að
segja: popplíst dó með Andy Warhol. Beat-ið með Allen
Ginsberg. Súrrealisminn með Breton. Pönkið með Sex Pistols.⁸²

Orðunum er beint gegn þeirri tegund gagnrýni sem felur í raun í sér
höfnun á framúrstefnunni sem slíkri, röddum þeirra gagnrýnenda
sem vilja kveða draug framúrstefnunnar niður í eitt skipti fyrir öll.
Leyfilegt er að sækja í flestar aðrar hefðir, en að sækja í hefð framúr-
stefnunnar er hrein eftirlíking, dreggjjar út dauðrar orðræðu. Grein
Eiríks Arnar varpar ljósi á það hvernig gagnrýni á þá sem vinna úr
hefð framúrstefnunnar beinist oftar en ekki að sjálfri viðleitninni til að
varðveita arfleifð hennar og blása í hana nýju lífi (svo beitt sé mynd-
máli sem gengur inn í goðsögulega rökvísi framúrstefnunnar).
Viðbrögð gagnrýnendanna helgast síður af „fæðingu“ hins nýja, sem
þeir „óttast [...] sem pestina sjálfa“ líkt og Viðar Þorsteinsson fullyrðir
í grein sinni,⁸³ en af kennd óhugnaðar í skilningi Freuds. Um er að
ræða viðbragð við annarlegum en þó gamalkunnugum svip úr for-

⁸¹ Eiríkur Örn Norðdahl. „Formáli. Nokkrar sundurlausar hugsanir um ljóðlist“, s. 11.

⁸² Sama rit, s. 14–15.

⁸³ Viðar Þorsteinsson. „Nýhil, eða vandi hins nýja“, s. 211.

tíðinni, einhverju „sem hefur átt að fara leynt og vera falið, en hefur komið fram í dagsljósið“.⁸⁴

Veigameiri en gagnrýnin, sem hér er lýst, er þó þverstæðan sem kraumar undir texta Eiríks Arnar en hvergi er vikið að berum orðum. Að ganga inn í framúrstefnuna sem hefð er augljóslega þverstæðu-kenndari gjörningur en að ganga inn í aðrar hefðir, enda byggir hefð framúrstefnunnar á hugmynd um andhefð, þar sem lýst er yfir dauða hefðarinnar og fæðingu hins nýja. Írónían sem hér skín í gegn setur mark sitt á starfsemi allrar nýframúrstefnu. Höfundar og listamenn sögulegu framúrstefnunnar gátu lýst því yfir digrum rómi að „maður geti ekki dröslast með hræið af pabba sínum út um allt“,⁸⁵ svo vitnað sé í orð Apollinaires – en nýframúrstefnan er með annað lík í eftirdragi, sem er jafnvel erfiðara að losa sig við: framúrstefnuna sjálfa. Sú staðreynd að framúrstefnan er orðin að hefð býr innra með verkum nýframúrstefnunnar sem írónísk vitund um gildi endurtekningarinnar. Hugmyndafræðileg þverstæða nýframúrstefnunnar felst í því að hún heldur í þrá fyrri framúrstefnuhreyfinga eftir sköpun nýs menningarlegs rýmis en byggir um leið á vitund um að þessi útópía er ávallt handan við sjóndeildarhringinn. Þessari gagnrýnu íróníu hefur sitúasjónistinn Guy Debord lýst með skýrum hætti í riti sínu um „sýningarsamfélagið“ frá 1967:

Á tíma upplausnar sinnar er listin, sem neikvæð hreyfing er leitast við að yfirstíga listina í sögulegu samfélagi þar sem sagan er ekki enn lifuð, í senn list breytinga og hrein tjáning þess að breytingar eru útilokaðar. Því stórfenglegri sem krafa hennar er, þeim mun fjarlægari er möguleikinn á að gera hana að veruleika. Þessi list er óhjákvæmilega *framúrstefna* og hún er *ekki*. Framúrstefna hennar er hvarf hennar.⁸⁶

Nýframúrstefnan viðheldur því útópíska verkefni sem miðar að sköpun nýrrar fagurfræði. Í yfirlýsingum hennar um sköpun hins nýja felst þó ekki lengur hefðarrof heldur hefðarvitund, þar hljóma eins og bergmál horfinnar raddar en eru meðvitaðar um eigin íróníu

⁸⁴ Sigmund Freud. „Hið óhugnanlega“. Þýð. Sigurjón Björnsson. *Listir og listamenn*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004, s. 191–233, hér s. 200.

⁸⁵ Guillaume Apollinaire. *Les Peintres cubistes*, ritstj. L.C. Breunig og J.-Cl. Chevalier. París: Hermann, 1965, s. 46.

⁸⁶ Guy Debord. *La Société du Spectacle*. París: Gallimard, 1992, s. 185.

og hjákátleika. Útópían er orðin að meðvitaðri tálsýn en þjónar sem drifkraftur breytinga.

Nýframúrstefna í bókmenntum og listum hefur engar aðrar leiðir til að koma fram *sem framúrstefna* en að ganga inn í aldargamla hefð. Hún hefur engin færi á að sneiða fram hjá íróníunni og þeirri hjáróma rödd sem er miðill verkefnis hennar. En einmitt í þessari íróníu býr róttækni nýframúrstefnunnar, sem felst í endurvinnslu á þeirri hefð höfnunar og neikvæðis sem á uppsprettur sínar í starfsemi sögulegu framúrstefnunnar. Endurtekningin gegnir hér lykilhlutverki: með því að setja verkefni framúrstefnunnar í nýtt samhengi gerir nýframúrstefnan hefð hennar að virku afli í gagnrýninni á ríkjandi menningu. Þessi íróníska virkni endurtekningarinnar kemur fram með forvitnilegum hætti í texta eftir Val B. Antonsson frá árinu 2005. Í upphafsorðum textans, sem ritaður var í tilefni af myndlistarsýningunni *Föðurmorð og nornatími*, lýsir Valur yfir: „Upp er komin ný hugsun. Nýtt ástand hefur skapast.“⁸⁷ Hér virðist blasa við gagnrýnislaus endurframleiðsla á þreyttri mælskulist framúrstefnunnar. Við nánari athugun reynist yfirlýsingin þó vera hlaðin af íróníu, sem verður sýnileg ef við leyfum okkur að skipta henni út fyrir aðra: „Enn á ný er komin upp gamalkunnug hugsun. Enn á ný hefur skapast kunnuglegt ástand.“ Innra með orðunum býr sérkennilegur írónískur snúningur: að lýsa yfir fæðingu nýrrar hugsunar er að lýsa yfir fæðingu hugsunar sem er í raun og veru gömul en er þess virði að hún sé tekin upp aftur. Vitundin um þessa íróníu kristallast í umræðunni sem fylgir í grein Vals, þar sem bent er á að „svona hefði manifestó listasýningar getað hljómað fyrir tæpum hundrað árum, en ekki í dag, því slíkur texti vekur hjá okkur hlátur“.⁸⁸ Líkt og upphafsorð textans sýna, er hér gengið inn í mælskufræðilega hefð sem síðan er hafnað: íróníunni er beitt sem aðferð. Framúrstefnumenn á fyrstu áratugum tuttugustu aldar gátu lýst því yfir fullum hálsi að þeir væru „hinir nýju menn nýs lífs“.⁸⁹ Í skrifum nýframúrstefnunnar endurómar þessi mælskulist – þegar boðberar hennar lýsa því yfir að þeir séu „menn nýs tíma“ ganga þeir inn í tvíradða orðræðu endurtekningar: þeir eru „gamalkunnugir menn við kunnuglegar aðstæður“. Um orð þeirra berst

⁸⁷ Valur B. Antonsson. „Föðurmorð og nornatími.“ *Föðurmorð og nornatími*. Reykjavík: Norræna húsið, 2005 [án blaðsíðutals].

⁸⁸ Sama rit.

⁸⁹ David Búrljúk o.fl. „Dómaragildra“. Þýð. Árni Bergmann. *Yfirlýsingar*, s. 184–186, hér s. 186.

okkur rödd hins liðna – gjörningur endurtekningarinnar beinir sjónum að því að þær hefðir sem framúrstefnan á fyrri hluta tuttugustu aldar reis gegn hafa, ef eitthvað er, fest seigar rætur sínar enn frekar í menningarlegum og þjóðfélagslegum jarðvegi okkar tíma.

Hugmyndin um hið nýja birtist í nýframúrstefnu Nýhil-hópsins sem hefðarvitund. Leitin að hinu nýja liggur í samræðunni við framúrstefnu fortíðar, sem sótt er til í andófi gegn ríkjandi ljóðhefð. Samræðan tekur á sig ólík gervi í ljóðagerð hópsins. Þannig er t.a.m. reginmunur á ljóðabókum Kristínar Eiríksdóttur, sem byggja á hefð súrrealismans og sækja til hennar aðferðir við sköpun á sérstæðum, fantasíukenndum myndheimi á mörkum hins martraðarkennda, og þeim gáskafulla leik sem birtist í samræðunni við hefð myndljóðsins og hljóðljóðsins víða í ljóðabókum Eiríks Arnar. Á sama hátt má sjá skýran greinarmun á leikrænni endurvinnslu Kristínar Svövu Tómasdóttur á lykilverkum íslenskrar ljóðhefðar og þeirri endurvinnslu á hefðinni sem finna má t.a.m. í ljóðum Jóns Arnar Loðmfjörð, Ingólfs Gíslasonar, Arngríms Vídalín og Eiríks Arnar, þar sem unnið er með rafrænar aðferðir og tölvuforrit við endursköpun hefðarinnar eða sótt er í myndheim tölvuleikja og afþreyingarmenningar. Loks er skýr munur á þeirri vinnu með hefð *líþógrammsins* (tilfallandi hömlur sem notkun tungumálsins eru settar við ljóðagerð) sem finna má í verkum Óttars M. Norðfjörð og þeirri vinnu með hefð bókverksins sem sjá má í ljóðabókum Ófeigs Sigurðssonar.

Sú uppstilling andstæðra birtingarmynda samræðunnar við hefðina sem hér er sett fram er að nokkru leyti handahófskennd, en hún vísar veginn til þátta sem vert er að hafa í huga við greiningu á skáldskaparfræði Nýhil-hópsins. Kerfisbundin greining á þessum ólíku þráðum liggur utan ramma þessarar greinar, sem er fyrst og fremst hugsuð sem framlag til að skýra þær forsendur sem slík greining getur byggt á.⁹⁰ Í starfsemi sinni hefur Nýhil-hópurinn innleitt í íslenskt bókmenntakerfi nýja (og gamla) straua, sem að hluta til greina sig afdráttarlaust frá íslenski ljóðhefð, og stuðlað að mótun bókmenntakerfis sem getur þjónað sem opinn átakavettvangur ólíkra ljóðhefða. Sé leitað að sameiginlegum einkennum á þeim ólíku verkum hópsins sem sverja sig í ætt við nýframúrstefnu, virðast þær einkum liggja í fagurfræði endurvinnslunnar, sem sækir efnivið jafnt í íslenska ljóðhefð og hefð alþjóðlegrar framúrstefnuljóðlistar. Leitað er skerandi ljóðmáls sem speglar samtímamann og getur gert skáldskapnum kleift að kveða sér

⁹⁰ Efninu hyggst ég gera skil í annarri grein áður en langt um líður.

hljóðs á nýjum tímum. Í þessu starfi lifir hin útópíska von framúrstefnunnar um annars konar menningu sem vitund um rústir hins liðna, líkt og endurspeglast í vonstola orðum ljóðmælandans í ljóðinu „ofurmennisþrá“ eftir Val B. Antonsson:

ekkert land er ónumið,
hvergi nýtt að finna⁹¹

Í vitundinni um eigin upplausn lifir sú von framúrstefnunnar sem kannski má kalla messíaníska með skírskotun til söguspeki Walters Benjamin, því „hver sú mynd fortíðarinnar er óafturkræf sem á það á hættu að fara forgörðum með hverri þeirri samtíð sem kom ekki auga á erindi hennar við sig“.⁹² Í niðurbroti hinnar útópísku hugsýnar ómar vonin um nýja fæðingu – og röddin sem berst úr iðrum jarðar vekur nýja líkgrafara sem búa sig undir að taka enn eina gröfina. En í hópnum verða einnig þeir sem sjá hér færi á að stunda sín glaðværu vísindi, leggja þunga sinn á skófluna í þeirri vissu að einnig þessi greftrun framúrstefnunnar er kviksetning og ávísun á fjöruga reimleika.

⁹¹ Valur B. Antonsson. „ofurmennisþrá – á milli punkts og stjarna“. *Ofurmennisþrá*. Reykjavík: Nýhil, 2004, s. 24–27, hér s. 24.

⁹² Walter Benjamin. „Um söguhugtakið. Greinar um söguspeki“. Þýð. Guðsteinn Bjarnason. *Hugur*, 2005, s. 27–36, hér s. 29.

